

ALICE A. BAILEY

BRÉF UM DULFRÆÐILEGA
HUGLEIÐINGU

Steinunn S. Briem
Þýddi úr ensku

ÚTGEFENDUR:
NOKKRIR ÁHUGAMENN UM DULFRÆÐI

REYKJAVÍK 1968

Nafn bókarinnar á frummálinu:
LETTERS ON OCCULT MEDITATION

BÓKIN ER TILEINKUÐ
TÍBEZKA FRÆÐARANUM
SEM SKRIFAÐI ÞESSI BRÉF
OG LEYFÐI BIRTINGU ÞEIRRA

EFNISYFIRLIT:

1. bréf bls. 13
Samtenging persónuleikans og æðri vitundar
1—Samtenging þriggja lægri líkamanna
2—Samtenging við orsakalíkamann
3—Aðferðin til samtengingar
4—Stórheimsleg og smáheimsleg samtenging
2. bréf bls. 20
Mikilvægi hugleiðingar
1—Hún leiðir af sér snertingu og samtengingu við sálina
2—Hún skapar jafnvægisástand
3—Hún staðgar sveiflutíðnina
4—Hún stuðlar að hækkun vitundarstillingarinnar
3. bréf bls. 25
Atriði til athugunar við kennslu hugleiðingar
1—Geisli sálarinnar eða æðra sjálfsins
2—Geisli persónuleikans eða lægra sjálfsins
3—Karmískt ástand hins þrígreinda manns
4—Ásigkomulag orsakalíkamans
5—Þörf yfirstandandi tímabils og tækifæri mannsins til þjónustu
6—Innri og ytri heildi sem hann er tengdur
4. bréf bls. 60
Notkun orðsins helga í hugleiðingu
1—Nokkrar helztu frumhæfingar
2—Skapandi áhrif orðsins helga
3—Eyðandi áhrif orðsins helga
4—Framsögn og notkun orðsins helga
5—Áhrif þess á orkustöðvarnar og hvert starfstæki
5. bréf bls. 96
Hættur sem varast ber í hugleiðingu
1—Hættur í sambandi við persónuleikann
2—Hættur af karmískum orsökum
3—Hættur frá annarlegum öflum

6. bréf bls. 147

Formnotkun í hugleiðingu

- 1—Formnotkun til að hækka vitundina
- 2—Launspækileg og dulfræðileg formnotkun
- 3—Sérhæf form
- 4—Samheildarleg formnotkun

7. bréf bls. 210

Litanotkun í hugleiðingu

- 1—Upptalning litanna ásamt nokkrum athugasemdum
- 2—Litirnir og samsvörunarlögmálið
- 3—Áhrif lita
- 4—Hagnýting lita og framtíðarnotkun þeirra

8. bréf bls. 257

Samband við meistarana í hugleiðingu

- 1—Hvað eru meistararnir?
- 2—Hvað samband við meistara felur í sér: —
 - a—Frá sjónarmiði nemans
 - b—Frá sjónarmiði meistarans
- 3—Aðferðir til að nálgast meistarann með hugleiðingu
- 4—Fimm merki þess, að samband hafi náðst

9. bréf bls. 299

Hugleiðingarskólar framtíðarinnar

- 1—Stofnskólinn eini
- 2—Þjóðernislegar deildaskiptingar hans
- 3—Staðsetning, starfslið og byggingar skólanna
- 4—Deildir, stig og bekkir

10. bréf bls. 334

Hreinsun starfstækjanna

- 1 —Jarðlíkamans
- 2 —Geðlíkamans
- 3—Huglíkamans

11. bréf bls. 340

Þjónustulífið sem er ávöxtur hugleiðingar

- 1—Tilhvatir þjónustu
- 2—Kröfur til þjónenda
- 3—Viðhorf að verki loknu

INNGANGUR

Eftirfarandi bréf voru móttækin á tímabilinu frá og með 16. maí 1920 til og með 20. október 1920, að undanteknum tveim bréfum sem voru móttækin árið 1919. Með leyfi höfundar hefur þeim verið safnað saman til útgáfu.

Þau eru gefin út óstytt eins og þau voru þegar tekið var á móti þeim, að undanskildum ákveðnum köflum sem eru algerlega persónulegs eðlis, sem fjalla um ákveðinn dulspækiskóla, eða innihalda spádóma eða innrætt efni sem ekki er leyfilegt að birta nú.

Þess er vænzt að þeir sem lesa þessi bréf muni leitast við að gera tvennt:

1. Að lesa ætíð með opnum huga, og hafa í huga að sannleikurinn er marghliða demantur, og hinir mismunandi hliðar hans koma í ljós á mismunandi tímum, eftir því sem leiðbeinendur mannkynsins sjá þörf sem verður að uppfylla. Margar bækur um hugleiðingu hafa verið skrifaðar, sumar þeirra eru of torskildar og sumar of yfirborðslegar til að fullnægja hinum almenna menntaða manni. Höfundur þessara bréfa hefur augljóslega gert tilraun til að bæta úr þörf fyrir stutta en jafnframt vísindalega greinargerð um grunnforsendur hugleiðingar og hefur lagt áherslu á markmiðið framundan og þau skref sem stíga verður til að ná því.


2. Að dæma bréfin eftir þeirra eigin verðleikum en ekki eftir fullyrðingum gerðum fyrir hönd höfundarins. Af þessum ástæðum hefur hann kosið að viðhafa nafnleynd og hefur beðið viðtakanda bréfanna að gefa þau út undir dulnefni sínu.

Ef efni bréfanna hefur eitthvert gildi munu þau vekja andsvar frá lesendunum og þjóna þeim tilgangi að hjálpa einhverjum áfram í átt að markinu og sanna fyrir fjöldanum þann innblástur og hjálp sem þau hafa nú þegar verið mörgum.

Alice A. Bailey.

New York, 1922.

SJÖ SVIÐ SÓLKERFIS OKKAR



INNRI GERÐ MANNSINS

Innri gerð mannsins er þríþætt í meginatriðum, sem hér segir:

I. *Mónadinn eða hreinn andinn, hinn himneski faðir.*

Þessi meginþáttur speglar þrjá meginþætti Guðdómsins:

1. Vilja eða mátt.....Föðurinn
2. Kærleika-vizku.....Soninn
3. Virka vitsmuni.....Heilagan anda

Samband við andann næst aðeins við lokavígslurnar og þegar maðurinn nær þeim áfanga að verða fullnumi.

Mónadinn, andinn, endurspeglast síðan í:

II. *Sálinni, æðra sjálfínu eða einstaklingsvitundinni.*

Þessi meginþáttur er:

1. Andlegur vilji.....Atma
2. Innsæi.....Búddhi, kærleikur-vizka, Kristspátturinn
3. Æðri hugur.....Æðri manas

Sálin byrjar að gera vart við sig hjá þroskuðum mönnum og síðan í æ ríkara mæli á braut reynslunemans, þar til stjórn æðra sjálfsins á hinu lægra er fullkomnuð við þriðju vígsluna og æðsti meginþátturinn byrjar að gera vart við sig.

Sálin endurspeglast í:

III. *Persónuleikanum, lægra sjálfínu, mannum í efnisheiminum.*

Þessi meginþáttur er einnig þríþættur:

1. Huglíkami.....Lægri manas
2. Geðlíkami..... Astral-líkaminn
3. Efnislíkami.....Þétti efnislíkaminn og eter-líkaminn

Það er því markmið hugleiðingarinnar að koma mannum í meðvitað samband við sálarþáttinn og láta hann stjórna lægra eðlinu. Þetta er markmið það sem liggur fyrir hverjum venjulegum manni.

1. BRÉF.

SAMTENGING PERSÓNULEIKANS OG ÆÐRI VITUNDAR.

- 1—Samtenging þriggja lægri líkamanna.
- 2—Samtenging við orsakalíkamann.
- 3—Aðferðin til samtengingar.
- 4—Stórheimsleg og smáheimsleg samtenging.

1. BRÉF.

SAMTENGING PERSÓNULEIKANS OG ÆÐRI VITUNDAR.

Sunnudagur 16. maí 1920

Hið raunverulega hlutverk sálarinnar eða æðra sjálfsins í hverri einstakri jarðvist verður því aðeins af hendi leyst, að hin þrjú starfstæki, jarðlíkaminn, geðlíkaminn og lægri huglíkaminn, séu samtengd innan ummáls orsakalíkamans og stöðguð þar með viljabeitingu. Hinir miklu hugsuðir mannkynsins, hinir sönnu fulltrúar lægri hugarins, eru þeir sem hafa þessa þrjá líkami samtengda; þ.e.a.s. hjá þeim er það huglíkaminn sem drottnar yfir hinum tveim. Huglíkaminn er þá í beinu sambandi við efnisheilann án nokkurra tálmana.

Þegar samtengingin er fjórföld og hin þrjú fyrrnefndu starfstæki tengd sálinni, hjúpi æðra sjálfsins, þá koma fram hinir miklu leiðtogar mannkynsins, þeir sem ná valdi yfir tilfinningum og huga meðbræðra sinna. Þá geta innblásnir rithöfundar og dreykendur náð tökum á skynjunum sínum, og þá geta hugsendur á sviði samfjöllunar og óhlutbundinnar hugsunar flutt hugsýnir sínar niður í heim formsins. Aðalatriðið er ævinlega, að farvegurinn sé hindranalaus. Hugsíð ykkur í þessu sambandi líkamlega samstillingu, takið síðan geðræna stöðgun, og þegar þetta tvennt kemur saman vinna starfstækin tvö sem ein heild. Þegar samstillingin nær orðið einnig til huglíkamans fer persónuleikinn, hið þrígreinda lægra sjálf, að nálgast sitt hástig og hefur aflokið mestallri reynslu sinni í veröld formsins.

Síðar kemur að því, að samstillingin við æðra sjálfíð verður orðin fullkomin, og liggur þá beinn farvegur milli þess og heilavitundarinnar, einna líkastur torfærulausum göngum ef ég má orða það svo. Þangað til næst beint samband aðeins örsjaldan. Þegar persónuleiki mannsins er vel samstilltur hafa hinar fjórar minni orkustöðvar heilans náð hárrí sveiflutíðni; þegar samtenging sálarinnar og lægri líkamanna er skammt undan eru heilaköngullinn og heiladingullinn í þroskun; og þegar þeir starfa með gagnvirkri samsvörun (því stigi er náð um það bil sem þriðja vígslan er tekin), þá eykst sveiflutíðni þriðju eða „alta major“ orkustöðvarinnar sem fram að því hefur verið hægt. Þegar fimmta vígslan er tekin er gagnverkun hinna þriggja orkustöðva fullkomnuð og samtenging líkamanna í réttum rúmmyndunar formum — þá kemur fram hið fullkomnaða ofurmenni í fimmfaldri samtengingu.

Hjá venjulegum manni er þessi samtenging fátítt fyrirbæri og gerist einungis á stundum þungrar streitu eða þegar hann leggur sig allan fram í þarfri mannkynsþjónustu eða þegar þrá hans til hins æðra verður sem áköfust. Viss hæfni í óhlutbundinni hugsun verður að vera fyrir hendi áður en sálin fer að beina samfelldri athygli að persónuleikanum eða lægra sjálfinu.

Þegar óhlutbundinn skilningur er grundvallaður í huganum, nær einnig til tilfinningalífsins og snertir efnisheilann, þá er samtengingin komin á byrjunarstig.

Af þessu stafar gagnsemi hugleiðingarinnar, því að hún leiðir til skilnings á óhlutbundnum veruleika og leitast við að vekja abstrakt vitund bæði í tilfinningalífinu og huganum.

Samtenging og sveiflutíðni.

Gleymið ekki, að þetta snertir mestmegnis efnið og sveiflur þess. Þrjú efstu þreplög hugræna sviðsins eru óhlutbundin og er hið neðsta þeirra nefnt þriðja sviðsdeildin. Eins og ég hef áður skýrt fyrir ykkur, á hver sviðsdeild sér samsvörun á aðalsviðunum. Þegar þið hafið greytt í líkami ykkar — jarðlíkamann, geðlíkamann og huglíkamann — efni þriðju sviðsdeildar hvers þessara þriggja aðalsviða, þá getur æðra sjálfið farið að nota persónuleikann sem starfstæki sitt, vitandi vits og í síauknu samfelldi. Eða ef til vill væri betra að snúa þessu við og segja, að það sé ekki fyrr en starfstækin innihaldi vissan hundraðshluta af efni þriðju sviðsdeildarinnar, að persónuleikinn sem meðvituð heild verði var við æðra sjálfið og taki að hlýðnast boðum þess.

Þegar því stigi er náð þarf maðurinn að greypa í líkami sína efni tveggja efstu sviðsdeilda jarðneska og geðræna sviðsins. Þess vegna verður leitandinn að berjast við að hreinsa og aga jarðlíkama sinn og ná valdi yfir geðlíkamanum. *Hreinsun og ögun* — þessi tvö orð lýsa verkinu sem vinna þarf. Við það er lægri hugurinn notaður, og þannig samtengjast þrjú lægri starfstækin.

Þá fer sveiflutíðni óhlutbundnu þreplaganna að gera vart við sig. Minnizt þess, að þar hlýtur orsakalíkaminn, starfstæki æðra sjálfsins, jafnan að vera tengiliður og flestir orsakalíkamir eiga aðsetur sitt í þriðju sviðsdeild hugræna sviðsins. Þessu atriði hefur ekki verið nægilegur gaumur gefinn.

Sönn óhlutbundin hugsun er ekki möguleg fyrr en farvegurinn milli sálarinnar og persónuleikans er orðinn nokkurn veginn hindranalaus og það verður hann ekki fyrr en persónuleikinn hefur náð sömu sveiflutíðni og sálin, jafnvel þótt ekki sé nema um stundarsakir. Þá byrja abstrakt hugmyndir að síast niður, fyrst sárasjaldan, en síðan æ tíðar, og loks taka glampar raunverulegrar uppljómunnar að birtast, innsæisleiftur frá andlegu þrenndinni eða hinni sönnu þrígreiindu sál.

Samhljómur sálarinnar.

Hvað á ég við þegar ég tala um „sömu sveiflutíðni“? Ég á við aðlögun persónuleikans eða lægra sjálfsins að sálinni eða æðra sjálfinu. Geisli sálarinnar verður geisla persónuleikans yfirsterkari, og tónar þeirra blandast. Frumlitur æðra sjálfsins blandast litblæ lægra sjálfsins þar til fegurð er fengin.

Í fyrstu gætir misræmis, litirnir eiga illa saman, og hið lægra stríðir gegn hinu æðra. En í rás tímans og síðar með aðstoð meistarans skapast samræmi í lit og ómi (sem er eitt og hið sama) unz fenginn er hinn rétti frumtónn efnisins, þrúund hins samtengda persónuleika, fimmund sálarinnar og að lokum hinn fullkomni samhljómur mónadsins eða andans.

Fyrir fullnumastigið leitum við fortónsins, en áður hinnar fullkomnu þrúundar persónuleikans. Í hinum ýmsu jarðvistum leikum við aðrar nótur tónstigans á víxl, og stundum eru líf okkar í dúr og stundum í moll, en ávallt stefna þau að auknum sveigjanleika og fegurð. Í fyllingu tímans finnur hver tónn sinn rétta hljóm - samhljóm andans - hver hljómur er hluti af stefi, og hvert stef er sjöundi hluti heildarverksins. Þegar hinir sjö hlutar koma saman er

fullgerð sónata þessa sólkerfis - og hún er hluti af þríþættu meistaraverki Logossins eða Guðs, tónsnillingsins mikla.

2. júní 1920

Smáheimsleg og stórheimsleg samtenging.

Í dag langar mig að víkja aftur að sálar samtengingu og sýna ykkur með hliðsjón af samsvörunarlögmálinu hvernig hægt er að heimfæra hana upp á alheiminn. Grundvöllinn má finna í rúmmálsfræðinni eða tölum og táknum.

Takmark mannglegrar þróunar í hinum þrem heimum persónuleikans - jarðheiminum, geðheiminum og hugheiminum - er samtenging hins þrígreinda persónuleika við orsakalíkamann unz öll starfstækin mynda eina heild.

Hvert jarðlíf persónuleikans birtist undir lokin sem einhvers konar flatarmálsform. Í fyrri jarðvistum mannsins eru þessi form flókin og óljós og útlínur þeirra ógreinilegar, en formin sem mótuð eru af venjulegum þroskuðum manni af núverandi kynslóð eru hins vegar skýr og ákveðin í dráttum. Þegar hann stígur inn á braut lærisveinsins bíður hans það hlutverk að umbreyta hinum mörgu línunum formsins í eina, og smám saman tekst honum það til fullnustu. Sá er meistari sem hefur umbreytt öllum línunum fimmgreindrar þróunar fyrst í þrjár og loks í eina. Sexarma stjarnan verður fimmarma, ferhyrningurinn verður að þríhyrningi, og þríhyrningurinn verður að hinum eina. Og við lok hinnar stærri hringrásar verður hinn eini að miðdeplinum í hring raunbirtingarinnar.

Af þessum sökum er áherzla lögð á að kenna öllum leitendum einfaldleika grundvallaðan á hinum þrem megingansindum og brýna fyrir þeim að ávinna sér einhygli.

Hvert líf leiðir til aukinnar stöðgunar, en þó er enn sjaldgæft, að hinn þrígreindi persónuleiki tengist sálarvitundinni. Það gerist aðeins stöku sinnum og þá örstutta stund, oftast þegar þrá mannsins til hins æðra verður hvað áköfust og tilgangur hans er óeigingjarn. Að jafnaði er geðlíkaminn í slíku tilfinningaróti eða haldinn svo miklu eirðarleysi, að ómögulegt er að samtengja hann æðri starfstækjunum. Og sé unnt að kyrra hann um hríð er hætt við að huglíkaminn verði að farartálma og hindri niðurstreymið að ofan, þannig að það nái ekki til efnisheilans.

Það útheimtir mörg líf örðugrar viðleitni að kyrra geðlíkamann og móta huglíkama sem verkar eins og sía en ekki tálmun. Og jafnvel þegar þessu marki er að nokkru leyti náð, geðlíkaminn orðinn stöðugur og endurspeglun hans hrein og huglíkaminn farinn að taka við æðri sannindum, sía þau, sundurgreina og skýra - já, jafnvel þá þarf strangan aga og mörg líf stöðugrar viðleitni til að tengja þá báða *samtímis*. Og þegar komið er á það stig er enn eftir að ná stjórn á efnisheilanum og samtengja hann endanlega öllum hinum starfstækjunum, þannig að hann geti verkað sem beinn viðtakandi og miðlari veittrar fræðslu og endurspegli flekklaust hina æðri vitund.

Í hverju er þá hin stórheimslega samsvörun fólgin? Og hvar er hin sólkerfislega hliðstæða?

Ég gef ykkur aðeins vísbendingu. Guðleg samtenging verður að veruleika þegar vissar plánetur í þróunarrás þessa kerfis samtengjast hver annarri og sólinni. Hugsíð um þetta, en einu vil ég samt vara ykkur við. Reynið ekki að mynda ykkur kenningar um samtengingu plánetna efnisheimsins. Þar komið þið ekki að sannleikanum. Aðeins þrjár af efnisplánetunum (og þær þrjár úr etersku efni) koma við sögu í lokasamtengingunni þegar Logosinn nær marki

sínu og öðlast alheimslega sálarvitund. Jörðin er ekki ein þessara þriggja plánetna, en Venus samsvarar þar hinum geðræna frumkjarna eða varanlega atómi.

Enn lengra getum við haldið í samlíkingum okkar: - til hins órafjarlæga markmiðs er sólkerfi okkar tengist sólkerfi Síriusar. Langur tími mun líða unz sá atburður gerist, en hann geymir leyndardóm hinnar stærri hringrásar.

2. BRÉF.

MIKILVÆGI HUGLEIÐINGAR.

- 1—Hún leiðir af sér snertingu og samtengingu við sálina.
- 2—Hún skapar jafnvægisástand.
- 3—Hún staðgar sveiflutíðnina.
- 4—Hún stuðlar að hækkun vitundarstillingarinnar.

2. BRÉF.

MIKILVÆGI HUGLEIÐINGAR.

3. júní 1920

Í dag langar mig að víkja nánar að hugleiðingu og iðkun hennar. Það er að nokkru leyti framhald af því sem ég talaði um í gær og 16. maí.

Fyrst og fremst er hugleiðing iðkuð í því skyni að stuðla að samtengingu og snertingu við æðra sjálfið. Til að gera efnið aðgengilegra ætla ég að skipta því niður í flokka undir þessum fyrirsögnum:

- 1—Mikilvægi hugleiðingar.
- 2—Atriði til athugunar við kennslu hugleiðingar.
- 3—Notkun orðsins helga í hugleiðingu.
- 4—Hættur sem varast ber í hugleiðingu.
- 5—Formnotkun í hugleiðingu.
- 6—Litanotkun í hugleiðingu.
- 7—Samband við meistarana í hugleiðingu.
- 8—Hugleiðingarskólar framtíðarinnar.
- 9—Hreinsun starfstækjanna.
- 10—Þjónustulífið sem er ávöxtur hugleiðingar.

Í dag skulum við taka til athugunar fyrsta atriðið: — Hvers vegna er hugleiðing mikilvæg?

Þegar neminn hefur gert sér grein fyrir nauðsyn þess, að sálin nái stjórn á persónuleikanum, skilur hann hvers vegna áherzla er lögð á mikilvægi hugleiðingar.

Nútímamaðurinn hefur margt fyrir stafni og kringumstæður hans gera að verkum, að vitundarstilling hans er algerlega bundin lægra sjálfinu, þ.e.a.s. annað hvort í geðlíkamanum eða huglíkamanum.

Eitt athyglisvert atriði vil ég benda á: — meðan maðurinn er vitundarstilltur í jarðlíkama

sínum eða geðlíkama finnur hann ekki hjá sér neina þörf til hugleiðingar. Jafnvel eftir að huglíkaminn er orðinn virkur lætur engin slík löngun á sér bæra fyrir en maðurinn hefur öðlast margháttða reynslu og lifað mörg æviskeið, bergt á bikar sælu og þjáningar jarðvist eftir jarðvist, þrautreynt hvern þátt í lífi lægra sjálfsins og komið að þeirri niðurstöðu, að þar sé ekki fullnægingu að finna.

Þá fyrst beinir hann athygli sinni í aðra átt og tekur að þrá hið óþekkta, skynja innra með sér lögmál gagnstæðnanna og uppgötva innan vitundar sinnar möguleika og hugsjónir sem hann hefur aldrei áður órað fyrir. Hann kemst á það stig að hljóta í vöggugjöf velgengni, vinsældir og margs konar hæfileika, en það veitir honum enga ánægju. Innri hvöt knýr hann linnulaust áfram þar til þjáning hans verður svo nístandi, að þráin til hins æðra, til að kynnast og ná tökum á einhverju og einhverjum ofar honum sjálfum, vinnur bug á öllum hindrunum. Maðurinn snýr sér inn á við og tekur að leita uppsprettu sinnar. Hann byrjar að hugleiða, brjóta heilann og hækka sveiflutíðni sína unz hann uppsker í fyllingu tímans ávexti hugleiðingarinnar.

Fernt sem hugleiðing hefur í för með sér:

1—Hún gerir iðkandanum fært að ná sambandi við æðra sjálfið og samtengja þrjá lægri líkamina.

2—Hún kemur iðkandanum í jafnvægisástand sem er hvorki fyllilega móttækilegt og óvirkt né fyllilega virkt, heldur mitt á milli. Á þann hátt gefst sálinni og síðar meistarannum tækifæri til að rjúfa þetta jafnvægisástand og stilla hægar sveiflurnar á hærri nótu í tónstiganum; að hækka sveiflutíðni vitundarlífsins þangað til það nær snertingu við andlegu þrenndina. Með stöðugri þjálfun í þessu flyzt jafnvægispunkturinn smám saman upp á við unz að því kemur, að lægstu sveiflurnar snerta ekki lengur jarðlíkamann, geðlíkamann eða huglíkamann (og jafnvel ekki orsakalíkamann), og þaðan í frá er vitundarstilling mannsins bundin æðra eðli hans.

Á þeim tímamótum tekur hann fjórðu vígsluna. Og eftir þá vígslu er fullnumanum frjálst að skapa sér líkama til raunbirtingar - hann er ekki lengur háður neinu í hinum þrem heimum persónuleikans, og þróun hans ákvarðast ekki af lögmáli orsaka og afleiðinga í efnisheiminum.

3—Hún staðgar sveiflutíðnina í sviðsdeildum geðræna og hugræna sviðsins. Hún byrjar á því verki að stilla sveiflur sjálfsins til samræmis við sveiflutíðnina í þriðju sviðsdeild hvers hinna þriggja lægri sviða og hættir ekki fyrir en valdi er náð á efni þessara þriggja sviðsdeilda. Næsta viðfangsefnið er það að samfasa aðra sviðsdeildina.

Hástigi persónuleikans í þessari hringrás er náð þegar maðurinn getur starfað vitandi vits í fjórðu sviðsdeildinni og samfasað sig sveiflutíðni hennar. Við gætum kallað fjórðu sviðsdeild jarðneska, geðræna og hugræna sviðsins *deild hins fullkomnaða persónuleika* í hluthæfri merkingu orðsins og frá hinum lægra sjónarhóli. Fyllsta tjáning lægra sjálfsins kemur fram í þeirri jarðvist er persónuleiki mannsins er samtengdur og starfar samtímis í öllum fjórðu sviðsdeildum hinna þriggja lægri heima. Þá hefur maðurinn náð líkamlegri fullkomnun, tilfinningalíf hans er öflugt og hugurinn ofurmáttugur.

Að því loknu hefst nýr þáttur þróunar hans: - hann verður að hækka sveiflutíðni sína upp á svið æðra sjálfsins og stilla persónuleikann eða þriundina við fimmund sálarinnar.

4—Hún stuðlar að flutningi vitundarstillingarinnar úr einum af frumkjörnum persónuleikans í samsvarandi frumkjarna andlegu þrenndarinnar. Þetta skal ég skýra betur seinna.

Af þessu sjáið þið hver er hinn raunverulegi starfsvettvangur hugleiðingarinnar og hvernig hún verður iðkuð með skynsemi, alvöru og ástundun.

Snemma á reynslubrautinni, eftir að maðurinn hefur notið alls hins bezta sem lægra eðlið getur veitt, byrjar hann að hugleiða. Í fyrstu eru tilraunir hans reikular, og stundum líða mörg

jarðlíf milli þess sem æðra sjálfíð þvingar persónuleikann til umþenkingar og alvarlegrar hugleiðingar. En þessi hugleiðingartímabil verða æ tíðari, og loks eyðir maðurinn nokkrum æviskeiðum í launspekilega hugleiðingu og innri þrá sem nær venjulega hámarki í jarðvist sem er algerlega helguð slíkum iðkunum. Það er hástíg hinnar geðrænu innri leitar. Og eftir það hefst hin sanna dulfræðilega hugleiðing þegar huglíkaminn er orðinn virkur og lögmálinu fylgt vísindalega.

Öll þið sem starfið undir handleiðslu einhvers meistaranna eigið að baki tvö líf slíkra hátinda: — líf hins veraldlega hástígs persónuleikans og líf hinnar sterkustu launspekilegu hugleiðingar á hinni geðrænu-innsæislegu leið. Leitendur tengdir meistarar Jesú og lærisveinum hans hafa lifað þetta æviskeið háleitustu launspekilegrar hugleiðingar í einhverju af klaustrum Mið-Evrópu, en nemar meistarans Morya eða meistarans Koot Hoomi hins vegar á Indlandi, í Tíbet eða Kína.

Nú eigið þið fyrir höndum nokkur jarðlíf sem verða hin þýðingarmestu sem þið hafið lifað, og hinir fyrri hátindar voru aðeins undirbúningur þeirra. Þeir sem komnir eru á brautina munu ná lokamarki sínu í einhverri af næstu jarðvistunum með iðkun skipulegrar dulfræðilegrar hugleiðingar samkvæmt lögmálinu. Einstöku nemar munu ef til vill ná markinu í þessu lífi eða því næsta, en aðrir eftir fáeinjar jarðvistir. Og nokkrir eiga enn fram undan hástíg hinnar launspekilegu hugleiðingar sem síðan verður grundvöllur hinnar dulfræðilegu eða hugrænu aðferðar.

3. BRÉF.

ATRÍÐI TIL ATHUGUNAR VIÐ KENNSLU HUGLEIÐINGAR.

- 1—Geisli sálarinnar eða æðra sjálfsins.
- 2—Geisli persónuleikans eða lægra sjálfsins.
- 3—Karmískt ástand hins þrígreinda manns.
- 4—Ásigkomulag orsakalíkamans.
- 5—Þörf yfirstandandi tímabils og tækifæri mannsins til þjónustu.
- 6—Innri og ytri heildi sem hann er tengdur.

3. BRÉF.

ATRÍÐI TIL ATHUGUNAR VIÐ KENNSLU HUGLEIÐINGAR.

4. júní 1920

Við höfum þegar fjallað um mikilvægi hugleiðingar, og ég nefndi fjórar ástæður af mörgum fyrir því að ákjósanlegt væri að iðka hana. En eins og sakir standa meðan mörg ykkar æfa hugleiðingu án leiðsagnar kennara sem fylgist með ykkur á jarðneska sviðinu er ekki hægt að gera meira en fá ykkur í hendur þjálfunarkerfi sem er í senn altækt og hættulaust.

Þegar kennarinn er viðstaddur geta nemarnir fylgt hver sinni aðferð sem miðuð er við þarfir einstaklingsins, skaplyndi hans og greiðustu leiðina milli efnisheila persónuleikans og vitundar orsakalíkamans.

Þegar myndað er hugleiðingarkerfi þarf að taka viss atriði til greina, og þau mun ég nú

telja upp. Ég hef ekki í hyggju að láta ykkur í té hugleiðingarform eða aðferðir til að fara eftir. Ég bendi aðeins á frumreglur þær sem kennarinn styðst við þegar hann velur kerfið er bezt hæfir hverjum nema. Seinna munuð þið sjá hvort reglur þessar eru grundvallaratriði eða ekki — þegar kennarinn kemur og birtir hina vísindalegu leið sem notuð er til að velja einstaklingsbundin kerfi. Ég fæ ykkur aðeins frumreglur og undirstöðuatriði. Hitt verðið þið að læra af eigin reynslu með dómgreind ykkar að leiðarljósi og hugrekki og þrautseigju sem mátarstoðir.

Ef við lítum eingöngu á aðalatriðin sem kennarinn þarf að hafa í huga þegar hann velur nemum sínum hugleiðingarkerfi eru þau sex talsins. Og nú skulum við athuga þau:

- 1—Geisli sálarinnar eða æðra sjálfsins.
- 2—Geisli persónuleikans eða lægra sjálfsins.
- 3—Karmískt ástand hins þrígreinda manns.
- 4—Ásigkomulag orsakalíkamans.
- 5—Þörf yfirstandandi tímabils og tækifæri mannsins til þjónustu.
- 6—Innri og ytri heildi sem hann er tengdur.

Og nú skulum við taka þau til umræðu hvert um sig:

1—*Geisli æðra sjálfsins.*

Geislinn sem orsakalíkami mannsins er á, sálargeislinn, ræður vali hugleiðingarkerfis fyrir hvern nema. Geislarnir útheimta hver sína aðferð, en allar liggja leiðirnar að sama marki, því að tilgangur hugleiðingar er ætíð sameining við Guðdóminn. Á núverandi stigi er markmiðið sameining við andlegu þrenndina sem hefur lægstu endurspeglun sína á hugræna sviðinu. Ég skal útskýra þetta betur í stuttu máli:

Þegar sálargeislinn er það sem nefnt er *fyrsti* eða *máttargeislinn*, er aðferðin fólgin í beitingu viljaorkunnar að lægri starfstækjunum. Þá næst tilætlaður árangur með sterkri einbeitingu, algerrri einhygli sem ryður úr vegi öllum hindrunum og hreint og beint sprengir opin göngin milli persónuleikans og æðra sjálfsins.

Þegar sálargeislinn er *annar* eða *kærleika-vizkugeislinn* er greiðasta leiðin þensla eða stigvaxandi umlykjan. Aðferðin er þá ekki fólgin í að ryðjast áfram, heldur að þenjast út smátt og smátt frá innri miðkjarna og umlykja félaga, umhverfi, tengdar sálir og nemaheildi einhvers ákveðins meistara unz vitundin felur allt þetta í sér. Þegar þessi þensla eða umlykjan nær hámarki við fjórðu vígsluna sprengir hún takmörk orsakalíkamans. Aðferð máttargeislans — að ryðjast áfram og þvinga sig upp á við — hefur áþekkar afleiðingar: þá flæðir orka eða eldur frá andanum niður opnaðan farveginn og eyðir orsakalíkamanum.

Þegar sálargeislinn er *þriðji* eða *athafnar-aðlögunargeislinn* er aðferðin að nokkru frábrugðin hinum tveim. Hún er ekki fólgin í að ryðjast áfram og ekki í að þenjast út stig af stigi, heldur kerfisbundinni aðlögun allrar þekkingar og allra leiða sem að markinu liggja. Það má eiginlega segja, að það sé nýting hinna mörgu í þágu hins eina. Maðurinn safnar nauðsynlegu efni og eigindum til að geta hjálpað heiminum og viðar að sér þekkingu með kærleika og dómgreind, og á þann hátt splundrar hann að lokum orsakalíkamanum.

Á þessum þrem „eðlisgeislum“ eða geislum guðlegrar tjáningar ef svo mætti segja, splundrast orsakalíkami fyrsta geisla mannsins þegar hann notar kraft viljaorku sinnar til að víkka farveginn og annars geisla mannsins þegar hann þenur út lægra áríska eggid eða orsakalíkamann með umlykjunarhæfni kærleika-vizku-geislans, en þriðja geisla maðurinn rýfur ummálshring hans með samsöfnunarhæfni og kerfisbundinni nýtingu aðlögunargeislans.

Þessar þrjár tilbrigðilegu aðferðir bera allar sama árangur og eru í rauninni aðeins mismunandi þættir í hinni einu megináferð sem beitt er í þróun kærleika eða vizku — lokamarki þessa sólkerfis.

Við höfum *viljapáttinn* sem knýr manninn fram til fullkomunar með því að læra að þekkja hið æðra, og árangurinn verður þjónusta máttarins með kærleika í athöfn. Og við höfum *vizku-kærleika-páttinn* sem knýr manninn fram til fullkomunar með því að læra að þekkja einingu við allt sem anda dregur, og árangurinn verður þjónusta kærleikans með kærleika í athöfn.

Og loks höfum við *athafnar-aðlögunar-páttinn* sem knýr manninn fram til fullkomunar með því að nýta allt í þjónustu við mannkynið. Í fyrstu nýtir hann allt í eigin þágu, síðan stig af stigi í þágu fjölskyldu sinnar og ástvina, féлага og starfsbræðra og þannig í sívikkandi hring þar til hann nýtir allt í þjónustu mannkynsins.

Þegar sálargeislinn er *fjórði* eða *samræmisgeislinn*, er aðferðin fólgin í að fylgja leið innri skilnings á fegurð og samræmi. Þá er það þekking á tónum og litum og splundrandi áhrifum hljóðsins sem hefur í för með sér eyðingu orsakalíkamans.

Á þeirri leið lærir maðurinn að þekkja tóna sólkerfisins og tóna einstaklinga innan þess, og hann leitast við að stilla sálartón sinn til samræmis við aðra. Þegar sálartóninn er ómaður í samræmi við aðrar sálir splundrast orsakalíkaminn, maðurinn losnar frá lægra eðli sínu og öðlast fullkomnun.

Fjórða geisla menn þroskast á leiðum tónlistar, hljóðfalls og myndlistar. Þeir leita inn á við til að læra að skilja hina lífrænu hlið formsins. Það sem við nefnum list er raunbirting þessarar lífrænu hliðar í hinum ytra heimi. Miklir listmálarar og tónsnillingar ná oft marki sínu á leið fjórða geislans.

Þegar sálargeislinn er *fimmti* eða *geisli vísinda eða þekkingar*, er aðferðin mjög áhugaverð. Hún er í því fólgin, að maðurinn beitir hluthæfa huganum af alefli til að leysa eitthvert vandamál sem veldur mannkyninu örðugleikum. Hann þrautnýtir hverja eigind hugarins og nær stjórn á lægra eðli sínu, og með einni allsherjar kraftraun brýzt hann gegnum múrinn sem hindrar niðurstreymi æðri þekkingar. Að sjálfsögðu kemur viljapátturinn einnig við sögu þarna, og árangurinn verður sá, að hin þráða vitneskja er dregin með valdi úr uppsprettu allrar þekkingar.

Með þessari aðferð er ummálshringur orsakalíkamans rofinn svo oft, að um síðir leysist hann sundur og maðurinn öðlast frelsi. Það er hugeðlið sem knýr hann fram til fullkomunar og þvingar hann til að nýta alla þekkingu í kærleiksríkri þjónustu við meðbræður sína.

Þegar sálargeislinn er *sjötti* eða *trúarhollustugeislinn*, er aðferðin fólgin í að beita öllum kröftum sálar og líkama við hugleiðingu af kærleika til einhvers manns eða hugsjónar. Sjötti geislinn er fyrst og fremst geisli fórnarinnar. Maðurinn lærir umlykjan með því að elska einstakling eða hugsjón, og hann notar alla sína hæfileika og hlífir sér ekki við neinni áreynslu til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til hans. Að lokum hika hann jafnvel ekki við að varpa orsakalíkama sínum á altariseldinn sem fórnfæringu fyrir þennan einstakling eða hugsjón.

Þetta er leið hins guðlega ofstækis sem telur allt annað en sýnina sjálfa einskis virði og fórnar um síðir persónuleikaheildinni með gleði. Orsakalíkaminn eyðist í eldi, og hið frelsaða líf svífur upp í ríki andans í guðlegri alsælu.

Þegar sálargeislinn er *sjöundi* eða *siðalögmálsgeislinn*, geisli kynnginnar, er aðferðin fólgin í að öðlast skilning á þýðingu formsins og gera það dýrlegt á nálgunarleiðinni. Eins og áður er getið, er tilgangur allra hugleiðingarkerfa sá að nálgast guðsneistann innra með

einstaklingnum og síðan Guðdóminn sjálfan.

Aðferðin er því fólgin í að ná lögmálsbundinni stjórn á hverri lífshæringu í öllum þrem lægri starfstækjunum og móta innan orsakalíkamans form sem þenst út jafnt og þétt unzt það sprengir hann utan af sér. Helgidómurinn er byggður eftir vissum reglum sem dvalarstaður *Shekhinah* (hinnar guðlegu návistar), og þegar andlega ljósið blossar upp, riðar musteri Salómons, hristist og hrynur til grunna. Maðurinn rannsakar lögmálið og lærir að skilja hvernig og hvers vegna það er notað. Síðan beitir hann þeirri vitneskju til að gera orsakalíkamann þarflausan og splundrar honum með þeim hætti. Árangurinn er sá, að hann losnar úr fjötrum hinna þriggja heima persónuleikans.

Um þessar mundir fæðast margir dulfræðingar á sjöunda geislanum til að halda áfram að losa sig úr þeim fjötrum. Þessi aðferð leiðir manninn til frelsisins þegar hann lærir að skilja og nota lögmálið skynsamlega bæði í eigin lífi og til að bæta ástand mannkynsheildarinnar, og þannig gerist hann þjónandi meðbræðra sinna.

Þetta er nóg í dag.

5. júní 1920

2—Geisli persónuleikans.

Nú höfum við fjallað að nokkru leyti um fyrsta atriðið sem kennari þarf að taka til athugunar þegar hann velur nemum sínum hugleiðingarkerfi, sem sé sálargeislann. Í dag skulum við snúa okkur að öðru atriðinu, persónuleikageislanum. Eins og þið vitið, er hann alltaf ein af geislagreinum andlega geislans, en það er oftast skipt um persónuleikageisla en sálargeisla. Þroskaðar sálir eins og ýmsir af hugsendum mannkynsins og mikilhæfir starfendur á sviði heimsmála skipta þrúfaldlega um persónuleikageisla í hverri jarðvist, þannig að hvert líf hefur sinn ákveðna tón og sinn sérstaka litblæ. Með því móti er fljótlegra að fullgera mótun orsakalíkamans.

Þegar endurfæðingareiningin er komin á það stig að geta valið sér tjáningarform vitandi vits byrjar hún á að rifja upp fyrri líf sín áður en hún fæðist til nýrrar jarðvistar, og val hennar stjórnast af vitneskjunni sem hún öðlast með þessum hætti. Hún ómar sálartón sinn til að heyra hvar hann skortir fyllingu og hvar gætir misræmis, og síðan ákveður hún í hvaða tónhæð bezt sé að hafa sveiflutíðni næsta persónuleika síns.

Stundum er heil jarðvist notuð til að óma einhvern sérstakan tón og staðga ákveðna sveiflutíðni. Tónninn verður að hljóma og sveiflutíðnin að staðgast undir margs konar kringumstæðum. Þar af leiðir nauðsyn hinna tíðu breytinga í lífi leitenda og lærisveina, og þetta er skýringin á þeim glundroða og ringulreið sem oft virðist einkenna tilveru þeirra.

Þegar misræmið hefur verið leiðrétt og sveiflutíðnin er orðin stöðug og óhagganleg er hinu nauðsynlega starfi lokið. Sálin getur dregið aftur til sín orkuna sem hún hefur sent frá sér og farið að safna kröftum fyrir næsta stig þeirrar viðleitni sinnar að fullgera orsakalíkamann og mynda með hreinum og skærum tónum hinn fullkomna samhljóm. Þið skiljið nú hvers vegna þarf að aðlaga hugleiðingarkerfið hverjum persónuleika og samfasa það jafnframt geisla sálarinnar.

Dæmi til skýringar:

Nú skal ég gefa ykkur dæmi til skýringar, því að það er æskilegt, að þið skiljið sem bezt hvað ég er að fara.

Við skulum taka einhvern ákveðinn mann sem við getum kallað A. Setjum svo, að sálargeisli hans sé kærleika-vizku-geislinn, en persónuleikageisli hans fimmti eða geisli vísinda eða þekkingar. A hefur birt kærleika í undanförunum lífum sínum og komizt talsvert

áleiðis með aðferð annars eða samfjöllumargeislans, þ.e.a.s. umlykjan. Hann er ástríkur að eðlisfari og á tiltölulega auðvelt með að umlykja í vitund sinni sæmilega stóran hluta umhverfis síns. En þótt greind hans sé fyllilega í meðallagi skortir hann staðgandi sveiflutíðni fimmta geislans. Hann er ekki gæddur þeirri fasthygli sem þvingar fram árangur, og hann þarf á grundvelli *staðreyndanna* að halda áður en óhætt er og hyggilegt, að hann komizt öllu lengra áfram.

Vitur kennari gerir sér þetta ljóst og velur þensluaðferð sálargeisla nemans til að þroska huglíkama hans. Með skynsamlega völdu hugleiðingarkerfi nýtir hann hæfileikann til umlykjanar (sem fram að þessu hefur aðeins verið notaður á leið kærleikans) með því að beita honum í þágu viðleitninnar til að þenja og víkka hugann í þekkingaröflun.

Undir því líkum kringumstæðum kann að virðast sem öll orka persónuleikans (í þessari sérstöku jarðvist) beinist að þroskun hugarins og vísindalegri þekkingarleit. Í augum áhorfandans sem aðeins sér yfirborðið er ef til vill alltof mikil áherzla lögð á þróun vitsmunanna, en þetta er gert samkvæmt ósk innri stjórnandans, og það er ekki fyrr en í næstu jarðvist á eftir sem í ljós kemur hversu hyggileg ákvörðun sálarinnar var.

Vitræn þensla hefur sem sé náðst með því að nýta eigindir annars geislans í fimmta geisla starfi. Skiljið þið nú við hvað ég á? Mig langar að gera ykkur það ljóst, af því að þessi þáttur hugleiðingarinnar hefur mikla þýðingu fyrir marga.

Og þið munuð sjá ef þið lesið með athygli, að því meira sem maðurinn veit, þeim mun minna dæmir hann. Vel má vera, að kærleikseðli einhvers persónuleika sé háþroskað, þótt það komi ekki greinilega fram í einhverri sérstakri jarðvist þar sem öll áherzla virðist lögð á vitræna þroskun, Hygginn áhorfandi myndar sér ekki skoðun í fljótfærni, vegna þess að hann hefur enn ekki öðlast innri sýn sem sér litblæinn né heldur dulheyrn þá er nemur tóninn.

7. júní 1920

Karmískt ástand hins þrígreinda manns.

Í dag skulum við taka til umræðu þriðja atriðið af þeim sem snerta val hugleiðingarkerfis, þ.e.a.s. karmískt ástand hins þrígreinda manns og stöðu hans á þróunarbrautinni. Það er afar mikilvægt þegar taka þarf ákvörðun um hvaða aðferð bezt hæfi einstaklingnum.

Við byrjuðum á að tala um mikilvægi hugleiðingar. Síðan vikum við að þætti sálargeislans í vali hugleiðingarkerfis, og þá benti ég á atriði sem hingað til hefur ekki verið mikill gaumur gefinn, sem sé að hinn raunverulegi tilgangur hugleiðingar sé að brjóta, splundra og uppleysa smátt og smátt orsakalíkamann eða sálarlíkamann. Við sáum, að hverjum geisla hæfði sérstök aðferð til þess. Loks snerum við okkur að samstarfi persónuleikageislans og sálargeislans og komumst að raun um, að með hliðsjón af þeim báðum væri hægt að finna hyggilega aðferð.

Nú skulum við taka fyrir þátt *tímans*. Karma og tími eru nánast samheiti frá vissu sjónarmiði. Iðkun dulfræðilegrar hugleiðingar og frelsun einstaklingsins úr fjötrum orsakalíkamans er ekki hægt að hefja að neinu ráði fyrr en ákveðnu þroskastigi hefur verið náð og stærð og þyngd orsakalíkamans uppfylla sérstakar kröfur. Sú framvinda er lögmáli háð, en ekki einungis háleitri þrá og göfugum óskum, eins og margir ímynda sér. Athugið nú vel hvað ég var að segja. Þegar ég tala um karmískt ástand hins þrígreinda manns og stöðu hans í þrepstiga þróunarinnar tek ég sérstaklega fram þrjú atriði, og þau eru þessi:

a—Þroskastig mannsins.

b—Þyngd orsakalíkamans.

c—Stærð orsakalíkamans.

Seinna ætla ég að ræða við ykkur um hugræna sviðið og þrjár efstu sviðsdeildir þess þar sem sálin hefur aðsetur sitt. Þá tölum við um stöðu orsakalíkamans í þessum sviðsdeildum og samband hans við aðra líkami á sama sviði. En í þessu bréfi læt ég nægja að fjalla um hin þrjú ofangreindu atriði. Ég ætla að tala um orsakalíkamann sjálfan, vitund sálarinnar og samband hennar við lægra sjálfið. Síðar mun ég tala um þessa sömu vitund á sínu eigin sviði og samband hennar við aðrar sálar og helgistjórn hnattarins.

Gerid ykkur ljóst, að núna er umræðuefni mitt þroskun sálarvitundarinnar *innan persónuleikans*. Ruglið ekki saman þessu tvennu.

Eða við gætum orðað það öðruvísi: — ég ætla að tala um samband æðra sjálfsins við hinn þrígreinda lægri mann og hvernig það samband verður smám saman sterkara þegar hugleiðing er iðkuð. Þar koma ofangreindu atriðin þrjú einnig til greina, og nú skulum við gera þeim skil í rétttri röð.

Þroskastig mannsins.

Segja má, að líf persónuleikans á þróunarbrautinni skiptist í fimm áfanga. Þróun okkar er einmitt fimmgreind, og líf mannsins (sem mannveru fram að tímamótum fimmtu vígslunnar) líkist fimm þrepum í stiga. Hvenær hann er tilbúinn að stíga upp á næsta þrep þá ákvarðast af birtu hins ídveljandi andlega loga. Frá sjónarmiði helgistjórnar hnattarins erum við *mæld eftir ljósi okkar*.

Fyrsti *áfanginn* á þróunarbrautinni hófst þegar manndýrið þróaðist úr dýri í mann og gerðist hugsandi vera. Og honum lýkur þegar geðlíkaminn vaknar til meðvitaðs lífs og tilfinningarnar eru orðnar mestu ráðandi. Hann samsvarar lemúríska tímabilinu og æskuskeiði Atlantis.

Á þessu tímabili er maðurinn vitundarstilltur í jarðlíkama sínum og lærir smám saman að lúta stjórn geðlíkamans eða líkama tilfinninganna. Hann á engar óskir aðrar en þær að svala líkamlegum girndum sínum; hann lifir fyrir jarðneska eðlið og hugsar ekki um neitt því æðra. Þessi áfangi er hliðstæður lífi barnsins frá eins til sjö ára aldurs. Hinir áhorfandi vegleiðendur mannkynsins sjá ídveljandi logann sem örsmáan depil, og vitundarstillingin er í jarðneska frumkjarnanum.

Aðstoðar fræðaranna gerist ekki þörf, því að eðlislæg orka æðra sjálfsins sér um framvinduna, og hin virku öfl þróunarinnar bera manninn fram á við til fullkomunar.

Í *öðrum áfanganum* er vitundarstillingin að mestu leyti í geðlíkamanum, og langanir lægri hugarins enn í þroskun. Hann samsvarar síðari hluta atlantíska tímabilsins. Girndirnar eru ekki lengur einskorðaðar við jarðlíkamann, vegna þess að hugurinn er að byrja að gegnsýra tilfinningalífið líkt og ger sem myndar hreyfingu og fær deig til að lyfta sér. Maðurinn verður sér meðvitandi um óljósar þrjár sem eiga ekkert skylt við jarðlíkama hans. Hann skynjar innra með sér djúpa ást til fræðara og leiðtoga sem eru honum sjálfum vitrari, og taumlausa órökvísa hollustu í garð einstaklinga í samfélagi sínu, eða hann finnur til álíka taumlausrar og órökvísrar óbeitar eða haturs, því að jafnvægi það sem meðvituð hugsun leiðir af sér skortir hann algerlega. Hann þjáist af öfgasýki.

Vitundarstilling hans er nú í geðræna frumkjarnanum, en á þessu stigi þróunarinnar hvarflar ljósið milli frumkjarnanna tveggja sem vitundarstillingin hefur beint að: hins geðræna og hins jarðneska.

Ég vil leggja áherzlu á, að vitundarstillingin hefur á þessu stigi enn ekki beint að hugræna frumkjarnanum, heldur er hún bundin þeim geðræna, og þar af leiðandi er grundvallarmismunur á hverri frumeind. Elektrónísku flokkanirnar innan atóms sem

vitundarstilling hefur beinst að eru flatarmálsfræðilega séð öðruvísi en þær sem ekki hafa fengið þá reynslu. Það eru áhrifin frá lífi sálarinnar er leikur um efni atómsins og veldur ýmsum nálægum og fjarlægum sem eru óþekktar í frumeind er aldrei hefur verið vitundarstillt. Þetta er torskilið mál og flókið.

Þessi áfangi er hliðstæður lífi barnsins frá sjö til fjórtán ára aldurs. Á þeim árum tekur gelgjuskeiðið við af bernskunni, og barnið öðlast þroska sem er ávöxtur samtengdrar geðrænnar og jarðneskrar vitundarstillingar. Nú er orðið auðvelt að samtengja jarðlíkamann og geðlíkamann. Vandinn er að samtengja þá huglíkamanum og síðar sálarlíkamanum. Hinir áhorfandi vegleiðendur mannkynsins veita því athygli, að hinn ídveljandi logi eða ljós er nú orðinn örlitlu stærri en áður, þótt enn sé depillinn naumast greinanlegur. En áður var það jarðneski frumkjarninn sem ljósið stafaði frá, og nú er það hinn geðræni. Af því sjá fræðararnir, að verkinu miðar áleiðis.

Tímalengdin sem þetta útheimtir er gífurleg, því að framfarirnar á þessu skeiði eru ólýsanlega hægar. Þegar ég tók lemúrisku og atlantísku kynstofnana til samanburðar átti ég aðeins við, að unnið hefði verið að hliðstæðu markmiði þar, en ekki að tímalengdin hefði verið hliðstæð.

Þriðji áfanginn markar mikilvægustu tímamótin á þróunarbraut mannsins. Þá tekur við þroskun hugarins og flutningur vitundarstillingarinnar upp í hugræna frumkjarnann. Ef við lítum á málið frá sjónarhóli sólkerfisins og hugsum okkur mannkynið sem einingu, getum við sagt, að frumkjarnar mannanna myndi sameindirnar í hliðstæðum alheimslegum frumkjarna, og þá er starfsemin komin á það stig, að vitundarstilling alheimsins hefur flutzt úr jarðneska frumkjarnanum upp í þann geðræna. Lengra er það ekki komið. Alheimslegi hugræni frumkjarninn í líkama Logossins mun ekki öðlast vitundarstillingu fyrr en í sjöundu umferð hinnar stærri hringrásar þegar sólkerfið líður aftur út í myrkvan og hverfur úr heimi raunbirtingarinnar. Öðru hverju tekst einstaklingum að ná þessu marki sem einingum innan heildarinnar, og þannig sýna þeir hvað bíður hinna.

Þessi áfangi er hliðstæður lífi mannsins milli fjórtán og tuttugu og átta ára aldurs. Það er lengra tímabil en hin fyrri, því að mörgu þarf að áorka. Tveir frumkjarnar hafa verið vitundarstilltir, og nú er komið að hinum þriðja. Hér er brautin hálfnuð. Ljósið tekur að hvarfla milli frumkjarnanna þriggja sem mynda þríhyrning persónuleikans. En brennidepillinn flyzt smám saman lengra inn í hugræna frumkjarnann, og orsakalíkaminn víkkar út og nær réttum hlutföllum.

Maðurinn hefur náð stjórn á jarðlíkamanum og mótar sér hæfara starfstæki í hverri nýrri jarðvist. Kröfur geðlíkama hans eru orðnar fágæðri; hann fer að gera sér grein fyrir unaðssemdu vitsmunalífsins og leitast stöðugt við að betrubæta huglíkama sinn; þrár hans leita upp á við en ekki niður og ummyndast í þrá til hins æðra — fyrst hugræna sviðsins og síðar frekari óhlutlægni og samfjöllunar. Ídveljandi logi eða ljós sálarinnar geislar nú frá innra miðbiki út til ummálshringsins, lýsir upp orsakalíkamann og virðist sem eldhaf. Hinni áhorfandi helgistjórn dylst ekki, að guðlegi eldurinn gegnsýrir nú, hitar og geislar um allan orsakalíkamann, og að sálin verður æ meðvitaðri á sínu eigin sviði og áhugasamari um líf persónuleikans. Efnisheili persónuleikans skynjar enn ekki muninn á ásköpuðum hugrænum hæfileikum sínum og hnitmiðaðri fjarmiðlun hinnar ídveljandi sálar, en það eru miklar breytingar fram undan og þróunin hröð. Fjórði áfanginn er skammt undan.

Hér vil ég taka fram, að þessir áfangar eru ekki aðskilin hólf ef svo má að orði kveða. Þróunin rennur sína rás eins og í stærra kerfinu, en áfangarnir samtvinna og blandast eftir áhrifum geisla andans eða mónadsins, tímaskipta og aldahvarfa, margvíslegra afla sem leika frá stjörnumerkjum og einatt óþekktum alheimsorkustöðvum á iðandi lífið innan

frumeindanna.

Í fjórða áfanganum er samstilling persónuleikans orðin fullkomin og maðurinn kemur til sjálfs sín líkt og glataði sonurinn í hinu fjarlæga landi og segir: „Ég vil taka mig upp og fara til föður míns.“ Þetta er árangur hinnar fyrstu hugleiðingar. Frumkjarnarnir þrír eru orðnir virkir, og maðurinn bæði hugsar og finnur til. Hann öðlast fyllingu persónuleikalífsins, og eftir það hefst *meðvitaður* flutningur vitundarstillingarinnar úr persónuleikanum upp í sálina. Hann stendur á braut lærisveinsins eða reynslunemans eða nálgast hana óðum. Hann byrjar á verki ummyndunarinnar og þvingar vitund sína upp á við og út á við með erfiðleikum, striti og aðgæslu. Hann er fastráðinn í að ná valdi á þrem lægri sviðunum og geta starfað á þeim frjáls og óhindraður, hvað sem það kann að kosta. Honum er ljóst, að sálin verður að ná fullkominni tjáningu — jarðneskri, geðrænni og hugrænni — og hann leggur allt í sölurnar til að geta rutt hinn nauðsynlega farveg. Hann vekur athygli fræðaranna.

Á hvern hátt? Orsakalíkaminn tekur að geisla frá sér hinu ídveljandi ljósi. Samsetning hans er orðin svo fíngerð, að hann er næstum gegnsær, og þar sem sálin nær snertingu við þrenndina birtist logi Ljósið er ekki lengur undir mælikerinu, heldur blossar það skyndilega upp, og eftirvæntingarfull augu meistarans veita því tafarlaust eftirtekt.

Þessi áfangi er hliðstæður lífi mannsins frá tuttugu og átta til þrjátíu og fimm ára aldurs. Á því tímasteiði finnur hann sjálfan sig, uppgötvar hvaða starfsvettvangur hæfir honum best og hvað hann er fær um að gera, og frá veraldlegu sjónarmiði tekur hann við því sem honum ber.

Í fimmta áfanganum rýfur loginn smátt og smátt ummálshring orsakalíkamans, og „braut hins réttláta ljómar æ bjartar unz hinn fullkomni dagur rennur upp.“ Það er í fjórða áfanganum sem hugleiðingin er hafin - launspekilega hugleiðingin er leiðir í fimmta áfanganum til þeirrar dulfræðilegu hugleiðingar sem ber verulegan árangur, vegna þess að hún er iðkuð samkvæmt lögmálinu og aðferð geisla mannsins.

Það er í hugleiðingu sem persónuleikinn þreifur fyrir sér um sveiflutíðni sálarinnar og leitast við að hefja sig upp á svið hennar og draga sálarvitundina lengra og lengra niður þangað til hún umlykur vitandi vits jarðneska sviðið. Það er í hugleiðingu eða með því að leita inn á við sem maðurinn lærir að þekkja mikilvægi eldsins og beina honum að öllum líkömum unz ekkert er eftir nema hann. Það er í hugleiðingu eða með því að hefja sig frá hinu hlutbundna til hins óhlutbundna sem komizt er inn í orsakavitundina, og maðurinn verður — í þessum lokaáfangi — æðra sjálfið, en ekki lengur persónuleikinn.

Í fimmta áfanganum (vígslubrautinni) flyzt vitundarstillingin fyrir fullt og allt úr persónuleikanum upp í sálina þangað til maðurinn öðlast hina endanlegu lausn við lok þessa tímabils. Þá skynjar hann jafnvel orsakalíkamann sem takmörkun, og eftir að sú takmörkun hverfur er hann loks algerlega frjáls. Vitundarstillingin flyzt hærra upp í þrenndina, en flutningurinn þangað hefst við þriðju vígsluna. Jarðneski frumkjarninn hverfur, og vitundarstillingin flyzt upp í æðri hugann, geðræni frumkjarninn hverfur, og vitundarstillingin verður innsæisleg, hugræni frumkjarninn hverfur, og vitundarstillingin verður andleg. Þá er maðurinn orðinn einn af meisturum vizkunnar og hinn táknræni aldur hans fjörutíu og tvö ár, stig fullkomins þroska í þessu sólkerfí. Eftir það hefst áfangi sem er hliðstæður lífi mannsins frá fjörutíu og tveggja til fjörutíu og níu ára aldurs. Þá er sjötta vígslan tekin og síðan hin sjöunda, en sá áfangi snertir ekki lesendur þessara bréfa

9. júní 1920

Þyngd orsakalíkamans.

Þessi fræðsla um orsakalíkamann fær hugsandanum kappnóg efni til íhugunar. Hinar raunverulegu tölur og víddarlínur get ég ekki talað um hér, vegna þess að þær heyra undir leyndarmál vígslunnar, en vissar hugmyndir má bera fram áhugasömum lesendum til fróðleiks.

Við skulum nú snúa okkur að samsetningu orsakalíkamans.

Á innþróunarleiðinni höfum við það sem kallað hefur verið hópsál eða heildissál, þ.e.a.s. samsafn af þrenndum hjúpuðum þrefaldri blæju úr efni mónadsviðsins. Á þróunarleiðinni höfum við samsvarandi heildi orsakalíkama sem eru líkt samsettir eða í þreföldum hjúpi.

Orsakalíkaminn er samsafn þriggja frumkjarna sem sveipaðir eru hjúpi úr hugrænu efni. Hvað gerist þegar manndýrið verður að manni, hugsandi veru? Þá er það hugurinn sem tengir saman sjálfið og ekki-sjálfið, því að maðurinn er „sú verund er samtengir í sjálfri sér hinn æðsta anda og hið grófasta efni fyrir atbeina vitsmunanna.“

Hvað á ég við með þessu? Það sem þurfti að gerast áður en andinn (sem hafði myndað sér frumkjarna á hugræna sviðinu) gat stigið niður í efnið og tekið stjórn lægri starfstækjanna í sínar hendur, var þetta: Manndýrið varð að ná vissu þroskastigi. Jarðlíkami þess varð að vera hæfilega samstilltur. Tilfinningalífið eða girndaeðlið varð að vera nógu sterkt til að mynda tilverugrundvöll og hvatirnar til að vera leiðarljós. Og frjóangi hugeðlisins varð að vera nægilega rótfastur til að skapa ósjálfrátt minni og samtengdar hugmyndir, þessa eiginleika sem við sjáum hjá venjulegum húsdýrum.

Þegar þessu marki var náð komu logadrottnarnir til aðstoðar og sáu um flutning vitundarstillingarinnar úr lægri frumkjarna þrenndarinnar niður í lægsta frumkjarna persónuleikans. Og jafnvel þá gat ídveljandi loginn ekki komið lengra niður en í þriðju sviðsdeild hugræna sviðsins. Þar mættust helmingarnir tveir og urðu að einni heild, og þannig varð orsakalíkaminn til. Allt í náttúrunni er gagnháð og tengt hvað öðru, og án aðstoðar lægra sjálfsins getur innri hugsandinn ekki náð stjórn á þrem lægri sviðunum. *Líf fyrsta Logossins verður að samtvinnast lífi annars Logossins og grundvallast á athöfn þriðja Logossins.*

Þess vegna sjáum við þegar séreðlismyndunin á sér stað (stundin þegar hópsálin greinist í aðskildar einingar) ljósdepil myndast í þriðju sviðsdeild hugræna sviðsins. Þessi ljósdepil er sveipaður hjúpi úr hugrænu efni, og innan hans eru þrír frumkjarnar.

Næsta verkefni er þá tvíþætt:

1—Ljósdepillinn þarf að verða að loga, og það gerist með því að glæða stöðugt neistann og örva eldinn.

2—Orsakalíkaminn þarf að breytast úr litlausum eggлага hjúpi sem sálin hvílir í líkt og eggjarauða í skurn, þenjast út og víkka þar til hann er orðinn undrafagur og ljómandi í öllum litbrigðum regnbogans. Með tímanum tekur hann að titra af innra lífi, og logaglóðin í hjarta hans teygir sig frá miðbikinu út að ummálshringnum. Síðan rýfur loginn smám saman hringinn, og orsakalíkaminn, þessi ávöxtur þúsunda af jarðlífum viðleitni og þjáninga, er aðeins eldsneyti á bálið. Hann eyðist í eldi, og loginn stígur upp í þrenndina, sameinast henni og hverfur á ný inn í andlegu vitundina, en nú ber hann með sér — ef við notum hita sem tákun — blossandi eld sem áður skorti. Eða við getum sagt litauði eða hærri sveiflur.

Af þessum sökum er hlutverk persónuleikans — við verðum að líta á hlutina frá hans sjónarhóli unz við öðlumst yfirsýn sálarinnar — í fyrsta lagi að fegra, móta og þenja orsakalíkamann og í öðru lagi að greypa í hann allt sem jákvætt er í lífi persónuleikans, sjúga það sem gott er úr hinu persónulega lífi og koma því fyrir í líkama sálarinnar. Þetta mætti kalla

eins konar guðlegan blóðsuguhátt — því að gott og illt eru aðeins tvær hliðar á sama peningi, og hver neikvæð eigind á sína jákvæðu gagnstæðu. Þegar þessu er lokið er eldurinn borinn að orsakalíkamanum sjálfum og horft á fagnandi meðan eyðing hans fer fram og loginn — hinn lifandi innri maður og andi hins guðlega lífs — hlýtur frelsið, stígur til hæða og sameinast uppsprettu sinni. Það er þyngd orsakalíkamans sem ákvarðar lausnarstundina og hvenær telja skuli bygginguna tilbúna, musteri Salómons fullgert. Helgistjórnin gerir vissar kröfur um þyngd orsakalíkamans (í dulfræðilegum skilningi, og sú þyngd fer eftir efnasamsetningu hans). Þá tekur eyðingarstarfið við, og lausnin nálgast. Vorið er liðið, grænka sumarsins tók við, og nú kemur að upplausnarorku haustsins — á hugræna sviðinu í þetta sinn, en ekki hinu jarðneska. Öxin heggur rætur trésins, en líf þess varðveitist í hinni guðlegu birgðaskemmu.

Innihald orsakalíkamans er allt hið góða úr hverri jarðvist, samsafnað hægt og sígandi. Í fyrstu gengur byggingarstarfið seinlega, en þegar fáar endurfæðingar eru eftir — á braut reynslunemans og vígslubrautinni — nær það miklum hraða. Musterið hefur verið reist og hver steinn sóttur í námu persónulega lífsins. Á brautinni — í hinum tveim áföngum hennar — er það fegrað og fullgert, og verkið sækist æ betur.

Áður en við snúum okkur að næsta atriði vil ég benda á, að ummál orsakalíkamans er misstórt eftir því um hvaða sálgerð og geisla er að ræða. Sumir sálarlíkamir eru hringlagaðri en aðrir, sumir egglegaðri og sumir lengri. Það sem máli skiptir er innihaldið og sveigjanleikinn og þó umfram allt hversu gljúpt lægra áríska eggíð er í dulfræðilegum skilningi. Það er þessi gljúpleiki sem gerir því kleift að komast í snertingu við aðrar sálir og samhæfast meðbræðrum sínum án þess að glata sínum einstaklingseinkennum; drekka í sig allt sem ákjósanlegt er án þess að missa nokkru sinni sína eigin lögun.

16. júní 1920

Ásigkomulag orsakalíkamans.

Í dag skulum við víkja að fjórða atriðinu sem hafa ber í huga við val hugleiðingarkerfis, og það er ásigkomulag orsakalíkamans.

Við höfum þegar talað um samband orsakalíkamans við persónuleikann eða lægra sjálfið og sýnt fram á gagnvirk tengsl þeirra og gagnhæði. Við komumst að raun um, að þetta samband verður æ nánara og farvegurinn á milli greiðari og hagkvæmari ef iðkuð er reglubundin dulfræðileg hugleiðing, lægri hugurinn smátt og smátt róaður og tillit tekið til bæði sálargeislans og persónuleikageislans þegar hugleiðingarkerfi er valið. Árangurinn verður sá, að vitundarstillingin flyzt úr grófari starfstækjunum upp í þau fínni og hlýtur loks endanlega lausn frá þeim öllum — og þaðan í frá er miðhverfingin í andlegu vitundinni. Við fjölluðum um málið frá lægra sjónarhólnum og sáum það með augum mannsins í hinum þrem heimum persónuleikans.

Í dag skulum við aftur á móti fjalla um það frá sjónarhóli æðra sjálfsins og taka til athugunar samband þess við helgistjórnina, aðrar sálir og andann. Ég get aðeins tæpt á þessu, af því að margt sem ég gæti sagt myndi fólk ekki skilja nema að litlu leyti og annað er of dulfræðilegt til að óhætt sé að birta það almenningi.

Þrennt get ég þó sagt ykkur, og það þrennt getur leitt til uppljómunar, sé það hugleitt viturlega:

- 1 — Á sínu eigin sviði er sálin fyllilega vitandi um samband sitt við meistarann og reynir að miðla persónuleikanum af þeirri vitund.
- 2 — Á sínu eigin sviði er æðra sjálfið ekki háð takmörkunum tíma og rúms, og með því að það þekkir framtíðina eins vel og liðna tíð reynir það að ná hinu þráða marki sem fyrst.
- 3 — Á sínu eigin sviði hefur æðra sjálfið eða sálin beint samband við aðrar sálir á sama

geisla og á samsvarandi hlutbundnum eða óhlutbundnum geisla, og þar eð því er ljóst, að framfarir miðast við heildisþróun, starfar það við að liðsinna meðbræðrum sínum á sálrænu þreplögnum.

Nemar hafa þegar öðlast nokkurn skilning á þessum staðreyndum, en ég get ef til vill útskýrt þær betur með því að víkja nánar að þeim.

Samband sálarinnar við helgistjórnina.

Á þessu stigi er sálin fyllilega vitandi um samband sitt við einhvern af meisturunum, og sjálf er hún að þroskast í rás þróunarinnar. Eins og okkur hefur verið sagt, fyrirfinnst sextíu milljarðar vitundareininga innan þróunar hinnar mannlegu helgistjórnar. Þessar vitundareiningar eða andar eiga aðsetur sitt á orsakareplögnum, en þær eru ekki alveg eins margar núorðið vegna þess að einstaka sálir taka fjórðu vígsluna á ýmsum tímum, og við það fækkar orsakalíkömunum. Sálirnar á orsakasviðinu eru misjafnar hvað þroska viðvíkur, en allar eru þær tengdar mónad sínum, anda eða „hinum himneska föður“ á svipaðan hátt og persónuleikinn er tengdur þeim, nema hvað það er í finna efni.

Allir mónadarnir eru undir stjórn eins af plánetuöndunum eða réttara sagt þáttur í vitund hans. Á sálrænu þreplögnum er líkt ástatt um sálirnar. Umsjón með þróun þeirra annast fullnumi á sama geisla og þær, en hann hefur samskipti við þær sem *heildi*, ekki einstaklinga. Þegar heildi þessi eru mynduð er tekið tillit til þriggja atriða:

- a—Geislagreinar sálargeislans.
- b—Hvenær séreðlismyndunin eða inngangan í ríki mannsins átti sér stað.
- c—Þroskastigsins sem náð hefur verið.

Fullnumi geisla þeirra annast almenna yfirumsjón með þeim, en undir stjórn hans starfa meistarnir, hver á sínum geisla og hver með sitt heildi sem tengt er meistara sínum af karmískum eða tímabilsbundnum ástæðum eða vegna áþekkrar sveiflutíðni. Undir stjórn meistarans starfa lærisveinar sem hafa öðlast orsakavitund og geta því unnið á þreplögum æðra sjálfsins og liðsinnt þar sálum sem hafa vanþróaðri orsakalíkami en þeir sjálfir.

Allt hlítir þetta ákveðnu lögmáli, og þar eð þroskun orsakalíkamans er háð þeim framförum sem hinn þrígreiindi persónuleiki tekur nýtur sálin aðstoðar tveggja lærisveina á neðri þreplögnum. Annar þeirra starfar á geðræna sviðinu og gefur hinum skýrslur um framfarir þar. Hinn vinnur að þroskun hugræna starfstækisins og fer með skýrslur sínar til lærisveins þess er hefur orsakavitund, en sá lærisveinn gefur síðan meistarunum skýrslur. Og þetta er allt unnið í samstarfi við ídveljandi vitundina innan orsakalíkamans.

Af þessu sjáið þið, að það eru fimm aðilar sem liðsinna sálinni á þróunarferli hennar:

- 1—Fullnumi geisla hennar.
- 2—Meistari heildis hennar.
- 3—Lærisveinn með orsakavitund.
- 4—Lærisveinn á hugræna sviðinu.
- 5—Hjálpandi á geðræna sviðinu.

Fjölmargar jarðvistir líða án þess að sálin hafi nema óljósa vitund um tilveru persónuleikans. Að vísu er segulmagnaður tengiliður milli þeirra, en það er allt og sumt þangað til líf persónuleikans er komið á það stig að geta eitthvað lagt af mörkum til forðabúrs orsakalíkamans. Sá líkami er upphaflega lítill, litlaus og fáfengilegur. En þar að kemur, að fyrstu steinarnir berast fullslípaðir úr námu persónulega lífsins og fyrstu litrákirnar eru málaðar af mannum: byggjandanum og listamanninum. Þá tekur athygli sálarinnar að vakna, fyrst örsjaldan, en síðan æ tíðar unz svo er komið, að hún eyðir lífi eftir líf í að ná valdi yfir

lægra sjálfínu, víkka miðlunarfarveginn milli þeirra og þrýsta inn í vitund efnisheilans þeirri vitneskju, að tilvera hennar sé staðreynd og hvert markmið hennar er.

Þegar því verki er lokið og rýmra orðið um rás innra eldsins er nokkrum lífum eytt í að staðga þessa fjarmiðlun og gera innri vitundina að þætti meðvitaða lífsins. Loginn teygir sig æ neðar unz lægri starfstækin fara að samtengjast og maðurinn er kominn á braut reynslunemans. Enn er honum ekki ljóst hvað fram undan er, þótt hann skynji innra með sér taumlausa þrá til hins æðra og guðlega. Honum er umhugað um að standa sig vel, hann þráir vitneskju og dreymir sífellt um einhvern eða eitthvað sjálfum sér æðra. Og að baki öllu þessu býr sú djúpa sannfæring, að með því að þjóna mannkyninu nái hann marki sínu, vonir hans rætist, sýnin verði að raunveruleika og innri þrá ummyndist í þekkingu.

Nú tekur helgistjórnin að skerast í leikinn, og þjálfun mannsins er háttað sem fyrr segir . .

Fram að þessu hafa fræðararnir látið sér nægja að fylgjast með og leiðbeina án þess að hafa bein samskipti við persónuleikann. Athygli meistarans hefur einskorðast við sálina á sínu eigin sviði, og henni hefur verið falið að vinna verkið.

Sálin hlífir sér hvergi við að hækka sveiflutíðnina og þvinga uppreisnargjörn grófari starfstækin til að andsvara og veita viðtöku hinni hraðvaxandi orku. Það er fyrst og fremst eldurinn eða hitinn sem eykst og jafnframt getan til að hrinda af stað hraðari sveiflum. Sálræni eldurinn glæðist jafnt og þétt þar til verkinu er lokið og hreinsunareldurinn er orðinn að sól uppljómunarinnar. Íhugið þessa staðhæfingu nánar.

Sem hið efra, svo hið neðra. Á hverju þrepi stigans endurtekur sama sagan sig, og við þriðju vígsluna tekur mónadinn sjálfur að verða var við sálina. Eftir það gengur allt hraðar, bæði vegna þess hve fíngert efnið er og af því að hvergi er veitt viðnám nema í hinum þrem heimum persónuleikans.

Þar af leiðir, að meistarinn hættir að finna til þjáningar. Þ.e.a.s. þjáningar í jarðneskum skilningi, en hún er mestmegnis *þjáning í efni*. Þjáningin sem fólgin er í skilningi en ekki viðnámi er skynjuð af hinum æðstu — já, jafnvel Logosinn sjálfur finnur til hennar. En þetta kemur ekki málinu við, enda er það næstum óskiljanlegt fyrir ykkur sem enn eruð í fjötrum efnisins.

Hvernig sálin vinnur að sinni eigin þroskun.

Á þrjá vegu leitast sálin við að ná hinu þráða marki:

1—Með ákveðnu starfi á óhlutbundnu þreplögnum. Hún leitast við að snerta og umlykja frumkjarnann og snýr sér þannig í fyrsta sinn beint að þrenndinni.

2—Með ákveðnu starfi í sambandi við liti og tóna með það fyrir augum að örva og lífmagna. Þetta starf er unnið í heildum og undir leiðsögn meistarara.

3—Með tíðum tilraunum til að ná stjórn á lægra sjálfínu. Það starf er sálinni hvítleitt, því að tilhneiging hennar er að láta sér nægja að sækjast eftir vitund á sínu eigin sviði ásamt þrá til hins æðra.

Þið megið ekki gleyma, að sálin sjálf hefur sitthvað við að glíma. Tregðan til að holdgast fyrirfinnst ekki eingöngu á andlegu þreplögnum, heldur einnig á sviði sálarinnar. Ennfremur stefnir sálin að vissum tegundum þróunar í sambandi við tíma og rúm (eins og menn skilja þau hugtök í hinum þrem heimum persónuleikans), svo sem útpenslu orsakalíkamans, og í því skyni leggur hún stund á guðleg fjarhrif og sólkerfislega sálfræði og lærir að þekkja lögmál eldsins.

Samband sálarinnar við aðrar sálir.

Hér er tvennt sem við þurfum að hafa hugfast:

Tímabilsskipting. Sálir sem eru í holdgun og sálir sem eru utan holdgunar eru sérgreindar og inna ekki sams konar störf af hendi. Þær sálir sem hafa skugga í holdgun eru takmarkaðri en hinar sem svo er ekki ástatt um. Þegar sálin er með persónuleika eða skugga sinn í holdgun er sem æðra sjálfið rýni niður á við og takmarki sig af fúsum vilja við þrívíða tilveru, en sálir sem eru utan holdgunar takmarka sig ekki þannig, heldur starfa í fleiri víddum. Mismunurinn er fólgin í beitingu athyglinnar meðan á jarðneska lífinu stendur. Þetta eigið þið örðugt með að skilja, en ég veit varla hvernig ég á að fara að gera það ljósara. Ef til vill mætti segja, að sálir í holdgun væru jákvæðari eða virkari, en sálir utan holdgunar neikvæðari eða óvirkari.

Athafnarorka. Athafnarorka eða virkni fer aðallega eftir geislanum og ræður miklu um tengsl milli sálna. Þær sálir sem eru á skyldum geislum eiga hægara með að sameinast og aðhæfa sveiflur sínar innbyrðis en þær sem eru á óskyldum geislum, og samfjöllun er ómöguleg þangað til annar eða vitzkupátturinn er farinn að þroskast.

Í þriðju sviðsdeild hugræna sviðsins eru sálir aðgreindar í heildi. Aðgreindir einstaklingar eru ekki til þar, en aðgreind heildi hins vegar, og það ákvarðast af geisla og þroskastigi.

Í annarri sviðsdeildinni samtvinnast heildin og blandast, og úr fjörutíu og níu heildum verða þannig fjörutíu og tvö.

Við getum sýnt þessa samþættingu í töfluformi:

	1. sviðsdeild	35 heildi, 7x5
<i>Hugræna sviðið</i>	2. sviðsdeild	42 heildi, 7x6
	3. sviðsdeild	49 heildi, 7x7
<i>Innsæissviðið</i>	3. sviðsdeild	28 heildi, 7x4
(Búddhíska sviðið)	1. sviðsdeild	21 heildi, 7x3
<i>Atmíska sviðið</i>	Atómíska sviðsdeildin	14 heildi, 7x2
	(deild frumkjarnans)	
<i>Mónadsviðið</i>		7 stór heildi

Hér hef ég tæpt á fáeinum atriðum. Það er ósköp lítið í samanburði við það sem þið fáiið síðar að vita þegar þið sem nú sökkvið ykkur niður í þessi fræði hljótið frekari vitundarþenslu, en meira get ég ekki sagt ykkur að svo stöddu. Og þetta hef ég aðeins sagt til að sýna ykkur hversu margt það er sem meistarinn þarf að hafa í huga þegar hann velur nemum sínum hugleiðingarkerfi. Hann verður að taka sálargeislann til athugunar og ásigkomulag orsakalíkamans, samband hans við lægra sjálfið og helgistjórn hnattarins. Hann verður að þekkja ástand og innihald orsakalíkamans, og þá ekki síður tengsl hans við aðrar sálir, því að allt miðast starfið við heildi.

Þess vegna er nauðsynlegt að velja hugleiðingu sem hæfir *heildinu* er maðurinn tilheyrir. Þegar einstaklingurinn hugleiðir kemst hann ekki aðeins í snertingu við sál sína, heldur einnig sitt sálarheildi, og það er fyrir atbeina heildisins sem hann nær sambandi við meistara þann sem hann er tengdur. Að sjálfsögðu er árangur hugleiðingarinnar undir því kominn, að hún sé iðkuð með dulfræðilegum hætti og samkvæmt settum reglum. Enn sem komið er skilja fáir gildi heildisins í hugleiðingu, og ég mæli með því, að þið hugsið vel um það sem ég hef sagt hér að ofan.

17. júní 1920

Þörf yfirstandandi tímabils og tækifæri mannsins til þjónustu.

Í dag komum við að fimmta atriðinu sem hafa þarf í huga þegar valið er hugleiðingarkerfi, sem sé þörf yfirstandandi tímabils og hæfni mannsins til að mæta henni. Við skulum byrja á stuttri upprifjun, því að gildi endurtekningar er ómetanlegt. Við töluðum um þátt sálargeislans í vali hugleiðingarkerfis, og við sáum, að allir geislarnir stefndu að sama marki, þótt leiðirnar væru mismunandi. Það kom einnig í ljós, að hver geisli útheimti sitt sérstaka hugleiðingarkerfi.

Þá vikum við að nauðsynlegum tilslökunum í sambandi við áhrif persónuleikageislans. Eftir það tókum við fyrir þátt tímans, þroskastig orsakalíkamans og tengsl hans við lægri starfstækin þrjú, og í gær lukum við máli okkar með nokkrum stuttorðum vísbendingum varðandi orsakalíkamann á sínu eigin sviði og vitundarvidd hans.

Allt þetta mun hafa gefið ykkur nokkra hugmynd um hversu vitur sá kennari þarf að vera sem vogar sér að mæla með ákveðnum tegundum hugleiðingar.

Hér langar mig að skjóta inn smáathugasemd:

Kennari sem ekki hefur orsakavitund og samband við svið sálarinnar er öldungis ófær um að velja hugleiðingarkerfi sem hæfir hverjum einstökum nema fyllilega í dulfræðilegum skilningi. Þegar kennarinn þekkir tóninn, sveiflutíðnina og litinn getur hann valið rétt - þá en ekki fyrr. Þangað til er einungis hægt að alhæfa og velja hugleiðingarkerfi sem mætir þörfinni nokkurn veginn og er jafnframt hættulaust.

Og nú komum við að nýju atriði — þörf yfirstandandi tímabils. Kröfur hinna ýmsu tímabila þróunarinnar eru breytilegar, og ekki er hægt að segja, að þau séu öll jafnmikilvæg í grundvallaratriðum. Þýðingarmest eru lokaskeið hvernar hringrásar og aldahvörf innan hennar. Á jarðneska sviðinu birtast þau sem byltingar og umrót, gífurlegar hræringar og átök í öllum þrem deildum helgistjórnarinnar — deild heimsfræðarans, deild höfðingja nýs kynstofns og deild stjórnanda siðmenningarinnar. Við hver aldahvörf innan hringrásar fossa straumarnir hver gegn öðrum, og allt kerfið virðist vera í óskapnaðarástandi. En miðbik hvernar hringrásar birtist sem kyrrlátt tímabil og jafnvægisástand þegar nýja sveiflutíðnin er orðin stöðug og sú gamla horfin.

Aldrei í sögu mannkynsins hefur þetta komið skýrar í ljós en á öldinni sem nú er að líða. Sjötti geisli trúarhollustunnar hverfur á brott, og sjöundi geisli siðalögmálsins tekur við. Og um leið og sjöundi geislinn hefur skeið sitt brjótast fram sterkustu einkenni og eigindir þriðju deildarinnar í orku og athöfn, því að þið megið ekki gleyma, að þriðji geislinn er samþætting allra fjögurra eigindageislanna.

Við höfum séð áhrif sjötta geislans birtast sem baráttu fyrir hugsjónum og hollustu við málstað — heiftúðugt stríð hugsjónamanna á öllum sviðum mannlegs lífs. Hvað var heimsstyrjöldin annað en lokaárekstur tveggja gagnstríðra hugsjóna sem braust fram á jarðneska sviðinu? Það var dæmi um orku sjötta geislans.

Nú mun þessum átökum smám saman taka að linna eftir því sem áhrif sjötta geislans dvína, og við mun taka skipulagning, röð og regla þegar sjöundi geislinn nær undirtökunum. Úr núverandi ölduróti mun rísa hin reglubundna og skipulagða mynd nýja heimsins. Smátt og smátt mun ný hrynjandi ná valdi yfir óskipulegum þjóðfélögum mannanna. Í stað þeirrar þjóðfélagslegu ringulreiðar sem nú er ríkjandi mun koma röð og regla, í stað trúarlegs missættis og ótal sértrúarsafnaða innan hinna svokölluðu trúarbragða mun andi trúarinnar tjá sig í lögmálsbundnu formi, í stað efnahagslegra og stjórnmálalegra átaka og streitu mun koma

samræmi og lipurð. Allt mun lúta stjórn siðalögmálsins, og sá innri árangur sem helgistjórnin stefnir að mun smám saman fá á sig fasta mynd.

Minnizt þess, að hið sama mun endurtaka sig á valdaskeiði sjöunda geislans. Lögmálsbundið skipulag mun ná hástigi sínu, og form þess og takmarkanir munu leiða til nýs óskapnaðartímabils áður en hringrásinni lýkur. Þá losnar hið fangelsaða líf úr viðjum þeirra takmarkana, en ber með sér áunnar eigindir og kjarna þróunarinnar sem Logos sjöunda geislans stefndi að.

Þannig verður ástandið með vissu millibili í rás þróunarinnar. Hver geisli hefur sitt valdaskeið og ber með sér niður í efnið sína eigin anda til holdgunar, vegna þess að á því tímabili eiga þeir greiðasta leið til aukins þroska. Í heimunum þrem komast þeir í snertingu við sex aðrar orkutegundir og sex önnur heildi verunda sem allar verða fyrir áhrifum þessa máttar og berast með holskeflu hans áleiðis að hinu alheimslega marki.

Og það er þetta ástand sem ríkir á yfirstandandi tímabili er sjöundi Logosinn eða drottandi siðalögmálsins leitast við að koma reglu á alla ringulreiðina og beina lífinu sem frelsast úr gömlum og úreltum formum í nýjan takmörkunarring. Það er þörf á þeim hring núna, og hann verður nógu víður til þess að takmarkanir hans geri ekki vart við sig fyrr en eftir miðbik næstu hringrásar, en þá hefjast á ný tilraunirnar að losna úr viðjum.

Af þessum sökum hugleiðir vitur kennari núverandi ástand og hefur hliðsjón af áhrifum hins komandi sjöunda geisla á andana sem eru í holdgun. Það verður þá þriðji geislinn sem taka verður tillit til við val hugleiðingarkerfis. Ykkur virðist málið æði flókið? Þeir sem brautskráðir eru úr sal vizkunnar valda til allrar hamingju verkefni sínu.

Á þessu tímabili má búast við mikilli þroskun á formhlið hugleiðingarinnar, hvort sem hún er aðallega grundvölluð á sálargeislanum eða persónuleikageislanum. Víða má sjá greinileg form sem mótuð eru og fengin til notkunar bæði einstaklingum og heildum. Þannig verður æ meira um hvítkyngi, og hún leiðir af sér aukna röð og reglu á jarðneska sviðinu. Hið komandi tímabil endurreisnar fylgir í kjölfar nýja geislans, og endanlegur sigur þess er ekki eins fjarri og búizt er við. Hinn voldugi drottinn nálgast samkvæmt lögmálinu, og ekkert getur hindrað komu hans.

Hin brýna þörf núverandi tímabils er að finna þá sem skilja lögmálið og geta notfært það í starfi. Sömuleiðis gefst fólki tækifæri til þjálfunar á þeim leiðum og til hjálpar heiminum. Geislar samræmis og vísinda andsvara skjótt áhrifum sjöunda geislans. Með þessari staðhæfingu á ég við, að mónadar þeirra sveigist auðveldlega í þá átt. Mónadar sjötta geislans eða geisla trúarhollustu eiga erfiðara með aðhæfingu þangað til þeir eru farnar að nálgast samfjöllunarstigið. Mónadar fyrsta og annars geislans finna sér tjáningargrundvöll á sviði sjöunda geislans. Fyrsta geisla mónadar hafa bein tengsl við hann og leitast við að beita lögmálinu með mætti, en annars geisla mónadar sem hneigjast að samfjöllun leiða og stjórna með kærleika.

Nú held ég, að nóg sé komið í dag til að hvetja ykkur til umhugsunar um þetta fimmta atriði. Annað vakir ekki fyrir mér. Leiðarljós innsæisins mun síðan taka við, og það sem innri vegleiðandinn opinberar er einstaklingnum meira virði en nokkur utanaðkomandi fræðsla.

18. júní 1920

Fáein orð til uppörvunar.

..... Það er ekki fyrr en lærisveinninn er fús að fórna öllu í þjónustu hinna máttugu og undanskilja ekki neitt, að lausnin fæst og líkami langananna ummyndast í líkama æðra innsæis. Það er óaðfinnanleg þjónusta í daglega lífinu — án hugsunar eða áætlana um

framtíðina — sem hefur manninn upp á stig hins fullkomna þjónanda.

Ég vil benda ykkur á, að allar áhyggjur og kvíði stafa fyrst og fremst af eigingirni. Þið óttizt meiri þjáningar, þið færist undan frekari sorgum. En það er ekki þannig sem markinu er náð; leiðin að því er braut afneitunarinnar. Ef til vill þýðir það afneitun gleðinnar eða afneitun orðstírs, afneitun vina eða afneitun alls sem hjartað þráir. Ég segi *ef til vill*; ég segi ekki, að það sé óhjákvæmilegt. Ég vil aðeins, að þið vitið, að hver sú leið sem færir ykkur að markinu er *fyrir ykkur* hin fullkomna leið. Þið ættuð að þrá ákaft og taka tveim höndum hverju því sem styttr ykkur leiðina til návistar hinna máttugu.

Leggið því daglega rækt við hina æðstu ósk sem skeytir ekki um neitt annað en velþóknun hins innri vegleiðanda og kennara og andsvar sálarinnar við góðum verknaði sem framinn er í kyrrþey.

Fari svo, að þið verðið fyrir tjóni, skuluð þið brosa; síðar munuð þið hljóta ríkuleg laun og endurheimta allt sem þið hafið misst. Fari svo, að þið mætið háði og lítilsvirðingu, skuluð þið enn brosa, því að eina eftirsóknarverða lofið er það sem býr í augnaráði meistarans. Fari svo, að þið verðið fyrir rógi og álygum, skuluð þið ekki láta það hafa nein áhrif á ykkur. Lygar eru af jörðinni fæddar og of auvirðilegar til að láta þær á sig fá.

Nei, markmið lærisveinsins er annað. Það er augað heila, ómenguð þrá, helgaður tilgangur og eyrað sem daufheyrist við öllum ys og þys jarðarinnar.

Ég segi ekki fleira. Ég bið ykkur einungis að sóa ekki kröftum ykkar í fánýt heilabrot, áhyggjur og ímyndanir.

6—*Innri og ytri heildi sem neminn er tengdur.*

Efni það sem við skulum athuga í dag hefur raunhæft gildi fyrir ykkur. Það fjallar um heildi þau sem maðurinn er tengdur. Sambandi hans við meistarann höfum við þegar vikið að, og næst ætla ég að fræða ykkur eitthvað um heildissambandið.

Í gær töluðum við um mikilvægi hugleiðingar í sambandi við heildið sem maðurinn er tengdur á sálrænu þreplögunum. Í dag tökum við til umræðu heildið sem hann kann að tengjast á jörðinni. Það heildi er ekki beinlínis spegilmynd sálarheildisins, þótt svo mætti ætla, vegna þess að það eru aldrei nema nokkrar af einungum sálarheildisins í holdgun samtímis. Við skulum nú líta á lögmál orsaka og afleiðinga eins og það verkar á þjóðleg heildi, trúræn eða fjölskylduleg.

Fjögur heildi sem nemarnir eru tengdir.

Maður í holdgun getur talið fjóra hópa af fólki sem heildi sín:

1—Fyrst er *þjóðlega heildið* sem hann tilheyrir. Vegna fjölda síns á það sér svo sterkt karma, að einstaklingurinn getur ekki losnað undan því, jafnvel þótt hann feginn vilji. Hann hefur viss þjóðleg sérkenni og lundrænar hneigðir sem fólgnar eru í jarðneskum líkómum kynþáttarins, og það lundarfar og tilhneigingar hlýtur hann að hafa til loka jarðlífs síns. Í þessum líkama lærir hann lexíuna sem honum er ætluð eða (á hærra stigi þróunarinnar) það er hæfasti líkaminn til að leysa af hendi starfið sem vinna þarf.

Austrænn líkami hefur sínar ákveðnu eigindir, og vestrænn líkami hefur sínar eigindir, engu síðri ef svo má orða það. Ég vil gera ykkur það ljóst, því að tilhneiging vesturlandabúans er að apa eftir austurlandabúanum og reyna að þvinga sveiflutíðni sína yfir í sömu tóntegund og hans. Stundum veldur það innri kennurunum áhyggjum, og stöku sinnum getur það skaðað starfstæki mannsins.

Það hefur verið of útbreidd skoðun, að austrænn líkami sé ákjósanlegra starfstæki. Minnizt þess, að jafnvel hinir máttugu eru ekki allir austurlandabúar og þeir meistarar sem

bera evrópska líkami standa ekkert að baki hinum þekktari austrænu fullnumum. Takið þetta til íhugunar. Það þarfnast skynsamlegrar yfirvegunar, þess vegna legg ég áherzlu á það.

Þegar þekking manna á þessum efnum verður orðin almennari og búið verður að stofna hugleiðingarskóla sem brautskráðir fræðarar stjórna samkvæmt dulfræðilegum reglum verða útbúin hugleiðingarform er hæfa þjóðernislegum þörfum hvers og eins og eru sniðin eftir mismunandi skaplyndi hinna ýmsu þjóða. Hver þjóð hefur sína kosti og galla; það verður hlutverk yfirkennaranna að velja hugleiðingarkerfi sem styrkir kostina og ræður bót á göllunum.

Þessar hugmyndir leiða okkur inn á svo vítt svið, að ég get ekki gert því skil hér. Síðar munu sérfræðingar taka vandamálið til meðferðar, og að því mun koma, að austurlandabúar og vesturlandabúar hafi hvorir um sig sína eigin skóla er hlíta sömu meginreglum og starfa undir umsjá sömu innri fræðaranna, en þræða að ýmsu leyti ólíkar slóðir að sama marki. Þið munuð sjá þessa skóla stofnaða hjá mörgum þjóðum. Það verður ekki auðvelt að komast í þá, heldur mun hver umsækjandi þurfa að þreyta geysipungt inntökupróf. Engir tveir skólar verða alveg eins, þótt aðalatriðin verði ætíð hin sömu, og dómgreind skólastjórans mun ráða hvaða aðferðir verða valdar í hverjum skóla. Hann verður af sama þjóðerni og nemarnir, en í orsakalíkama með fullþroskaðar eigindir, og þess vegna mun hann sjá hvað stendur til bóta og hvaða leiðir eru heppilegastar.

Seinna getur verið, að ég fræði ykkur nánar um hugleiðingarskóla framtíðarinnar, en að svo stöddu læt ég mér nægja alhæfingar.

2—Annað heildið sem mikilvægt er í lífi nemans er *fjölskylduheildi* hans með sína arfgengu eiginleika og sérkenni. Hver sá maður sem kominn er á það stig þróunarinnar, að honum sé mögulegt og æskilegt að iðka dulfræðilega hugleiðingu hefur fæðzt í sína sérstöku fjölskyldu í ákveðnum tilgangi, annað hvort til að:

- a. vinna af sér karma með skjótum hætti eða
- b. fá vissa tegund af jarðnesku starfstæki.

Þið skiljið þess vegna, að þegar velja skal dulfræðilegt hugleiðingarkerfi til að iðka á jarðneska sviðinu í jarðneskum líkama, þá þarf kennarinn að þekkja eitthvað til ættar nemans og meðfæddra fjölskyldueiginleika, bæði til að geta fundið aðferðina sem honum hæfir bezt og sýnt hverju nauðsynlegt sé að vinna bug á. (Sumir þeirra sem iðka hugleiðingu keppast svo við að þjálfa innsæisvitund sína, að þeir gleyma hinu bráðnauðsynlega jarðneska starfstæki). Efnisheilinn og löggun höfuðsins gegna þar stóru hlutverki, og það má ekki gleymast í framtíðinni eins og oft kemur fyrir núna. Það á sér eðlilegar orsakir, vegna þess að skortur á þjálfuðum kennurum í jarðlíkðum er óyfírstíganleg hindrun nú á dögum.

Þess vegna er fjölskylduheildið annað mikilvægasta atriðið sem taka þarf til athugunar, og málið er þýðingarmeira en þið gerið ykkur grein fyrir.

Í hugleiðingarskólum framtíðarinnar verða gerðar skrár yfir forfeður hvers nema, ættarsögu hans, framfarir á æskuárum og síðar í lífinu og heilsufarssögu. Þessar skrár verða mjög ítarlegar, og margt verður hægt að læra af þeim. Líf nemans mun fylgja settum reglum, og ein af fyrstu tilraununum verður vísindaleg hreinsun jarðneska líkamans.

Hvað varðar þessa skóla megið þið ómögulega ímynda ykkur þá staðsetta á afskekktum og einangruðum svæðum. „Í heiminum og þó ekki af þessum heimi,“ að því er stefnt, og nemanum verður ekki leyft að draga sig í hlé um langan tíma fyrr en hann er kominn að æðri stigunum eða er að búa sig undir vígslu. Það sem máli skiptir er ekki einangrun á jarðneska sviðinu, heldur að geta verið óháður innra með sér og greint sjálfið frá umhverfi sínu.

3—Þriðja heildið sem maðurinn þarf að hafa í huga er *þjónendaheildið* sem hann kann að vera tengdur. Til að geta hafið dulfræðilega hugleiðingariðkun verður maðurinn fyrst að sýna og sanna í mörgum jarðvistum, að hann sé fús að takast á hendur þjónustustörf í þágu mannkynsins. Óeigingjörn þjónusta er bjargið sem líf dulfræðingsins er reist á, og sé hún ekki þáttur í lífi hans býr hugleiðingin yfir háska og ógnum. Þess vegna verður maðurinn að vera virkur starfandi á einhverju sviði í heiminum, og sömuleiðis verður hann að gegna sínu hlutverki á innri sviðunum. Þá þarf kennari hans að taka til athugunar:

a—Heildisstarfið sem maðurinn leysir af hendi og hvernig hægt sé að auka hæfni hans til þjónustu.

b—Hvers konar starfi hann gegnir og samskipti hans við starfsfélagana — það hefur mikla dulfræðilega þýðingu. Þetta þarf að íhuga gaumgæfilega áður en valið er hugleiðingarkerfi, og sumar aðferðir (sem maðurinn langar kannski mest að iðka) ber að varast, vegna þess að þær eru ekki í samræmi við starfið eða geta þroskað eigindir sem yrðu manninum til trafala í því. Ávallt er markmiðið að velja hugleiðingu sem eykur hæfni mannsins til að *þjóna*.

4—Fjórða heildið sem kennarinn þarf að taka til athugunar er *innra heildi* mannsins, heildið sem hann tilheyrir á innri sviðunum, hjálpendahópurinn sem honum hefur verið skipað í eða — sé hann orðinn lærisveinn — nemaheildið sem hann er hluti af. Starfið í því heildi verður tekið til athugunar, geta nemans aukin til að þroskast í samræmi við félag sína, og hæfni hans til að gegna hlutverki sínu þar verður meiri. Ég hef aðeins tæpt á þeim fjölda athugunarefna sem kennarinn verður að hafa hliðsjón af þegar hann velur nemum sínum hugleiðingarkerfi. Þrír geislar koma þar við sögu, þroskastig orsakalíkamans og gagnvirk tengsl hans við heildi sitt á sínu eigin sviði, helgistjórnina og spegilmynd sína, persónuleikann. Auk þess þarf að hafa í huga karma mannsins, þörf yfirstandandi tímabils og nemans sjálfs og samband hans við fjögur mismunandi heildi.

Allt er þetta þó mögulegt, og einhvern tíma munu augu mannanna opnast fyrir því, en undirbúningnum er enn ekki lokið, og hann á langt í land áður en grundvöllurinn er lagður. Markmið hugleiðingarinnar er um þessar mundir að ná valdi á huganum, og það hlýtur ætíð að verða fyrsta skrefið.

4. BRÉF. NOTKUN ORÐSINS HELGA Í HUGLEIÐINGU.

- 1—Nokkrar helztu frumhæfingar.
- 2—Skapandi áhrif orðsins helga.
- 3—Eyðandi áhrif orðsins helga.
- 4—Framsögn og notkun orðsins helga.
- 5—Áhrif þess á orkustöðvarnar og hvert starfstæki.

4. BRÉF.
NOTKUN ORÐSINS HELGA Í HUGLEIÐINGU.

19. júní 1920

Efnið sem við þurfum að taka til umræðu í dag er svo þungskilið og jafnframt þýðingarmikið, að það er ekki nema eðlilegt, að þið veigrið ykkur við tilhugsuninni einni. Hvað sem við kunnum að segja um það verður aldrei hægt að gera meira en snerta yztu jaðrana, og hyldýpi hins ósagða mun þá virðast svo gífurlegt, að fræðslan þyki næsta ófullnægjandi.

Nokkrar helztu frumhæfingar.

Fyrst ætla ég að leggja fyrir ykkur nokkrar meginfrumhæfingar sem kunna að vera of djúpar til að öðlast raunverulegan skilning á þeim, enda þótt þið gerið ykkur nokkra grein fyrir þeim hugrænt séð.

Þessar frumhæfingar eru fimm að tölu — fimm af meiri aragrúa en ykkur órar fyrir. Frumhæfingarnar sjálfar eru grundvallaðar á vissum meginstaðreyndum (sjö að tölu), og menn hafa enn ekki öðlast skilning á þeim öllum. Helena Petrovna Blavatsky vék að þrem þeirra er hún rakti höfuðatriði hinnar leyndu kenningar. Fjórar þeirra eru enn duldar, þótt sú fjórða sé að byrja að koma fram á sjónarsviðið í rannsóknastarfsemi sálfræði og hugvísinda. Hinar þrjár munu koma fram í næstu þrem umferðum. Í núverandi umferð mun skilningur vakna á fjórðu meginstaðreyndinni.

Frumhæfingarnar eru svohljóðandi:

- 1—að allt sem til er sé grundvallað á hljóði eða orðinu.
- 2—að sérgreining sé ávöxtur hljóðsins.
- 3—að orðið hafi mismunandi áhrif á hverju sviði.
- 4—að starfið við að greypa í og nema á brott láti stjórnast af tónhæð orðsins eða sveiflutíðni hljóðsins.
- 5—að hið þríeina orð sé í sjö tóntegundum, og að hver þessara tóntegunda hafi sína sérstöku tóna.

Að öðlast skilning á þessum meginstaðreyndum varpar miklu ljósi á notkun orðsins í hugleiðingu.

Þegar orðið helga var upprunalega ómað (hinir þrír upprunalegu andardrættir með sjö tónum sínum — einn andardráttur fyrir hvert hinna þriggja sólkerfistímabila) var tónhæðin önnur og hvert hljóð í sinni tóntegund.

Í *fyrsta kerfinu* var það fullkomnun og lokastig hins fyrsta andardráttar er tónninn FA var ómaður í öllu sínu veldi. Hann er grunntónn núverandi kerfis, tónn hinnar raunbirtu náttúru. Þessi tónn er, og við hann þarf að bætast annar tónn tilheyrandi þessu kerfi sem er hið annað í röðinni. Sá tónn hefur enn ekki náð fyllingu og verður ekki fullkomnaður fyrr en við lok hinnar stærri hringrásar. Logosinn ómar hann núna, og ef hann slakaði aðeins á því myndi kerfið allt hverfa inn í algjöra myrkvan. Það yrðu endalok raunbirtingarinnar.

Í *öðru kerfinu*, hinu núverandi, má ekki láta neitt uppskátt um grunntóninn. Hann heyrir undir leyndarmál sjöttu vígslunnar.

Í *þriðja kerfinu* mun þriðji grunntónninn bætast við grunntóna fyrsta og annars kerfisins, og hvað verður þá? Við heyrum hinn fullnaða þríhljóm persónuleika Logossins, samsvörun hins stórheimslega þríhljóms, — einn tón fyrir hvert svið. Okkur hefur verið sagt, að

Sólarlogosinn fáist á alheimssviðunum við vandamál hins alheimslega hugar; að hann starfi í hinu jarðneska sólkerfi sínu, sé vitundarstilltur á alheimslega geðræna sviðinu og alheimshugur hans sé í þroskun. Þannig sjáum við enn samsvörun stórheims og smáheims. Með því að öðlast skilning á þessari samsvörun og notfæra ávöxt þess skilnings hyggilega lærum við notkun orðsins helga í hugleiðingu.

1. kerfi samsvarar jarðlíkamanum.
2. kerfi samsvarar geðlíkamanum.
3. kerfi samsvarar huglíkamanum.

Með því að athuga þátt orðsins eða hljóðsins í myndun þessara þriggja kerfa lærum við að nota orðið til að móta innsæislega starfstækið og hreinsa persónuleikann.

Nú skulum við skipta efninu í fjóra kafla og taka þá síðan til umræðu einn af öðrum:

- 1—Skapandi áhrif orðsins helga.
- 2—Eyðandi áhrif orðsins helga.
- 3—Framsögn þess og notkun:
 - a—í einstaklingsbundinni hugleiðingu.
 - b—í hóp- og safnaðarstarfi.
 - c—í sérstökum tilgangi.
- 4—Áhrif þess á orkustöðvarnar og starfstækin, og hvernig hægt er að nota það til að öðlast sálar samtengingu.

20. júní 1920

Hin tvígreindu áhrif orðsins helga: skapandi og eyðandi.

Í dag höldum við áfram að ræða efnið sem við tókum til athugunar í gær. Við skiptum því í fjóra kafla, og nú skulum við snúa okkur að þeim tveimur fyrstu: skapandi og eyðandi áhrifum orðsins helga. Ég get aðeins tæpt á fáeinum atriðum, en af þeim getið þið ef til vill lært að nota lögmálið vísvitandi.

Við skulum þá byrja á að hafa yfir hin margendurteknu sannindi, að heilir heimar séu afleiðing hljóðsins. Fyrst er líf, síðan efni, þá kemur löðun efnis að lífi þegar efnið vill raunbirtast og tjá sig og loks skipuleg greining þess í tilheyrandi form. Hljóðið var hinn samtengjandi þáttur, hreyfiaflið, aðlöðunararmiðillinn. Í dulfræðilegri og háspekilegri merkingu táknar hljóðið „sambandið á milli“ og er hinn skapandi milliliður, hinn samtengjandi þriðji meginþáttur raunbirtingarinnar. Það er *akasa*.

Á æðri sviðunum er það tjáningarmiðill hinnar voldugu verundar er stjórnar alheimslögmáli þyngdaraflsins í sólkerfi okkar, en á lægri sviðunum birtist það sem geðheimsljósið, speglunin sem viðheldur í sveifluvíðáttu sinni fortíð, nútíð og framtíð eða það sem við köllum tíma. Í beinum tengslum við grófari starfstækin raunbirtist það sem rafmagn, prana og segulafli. Þið getið einfaldað hugmyndina með því að hugsa ykkur hljóðið sem tjáningu lögmáls aðlöðunar og fráhrindingar.

Hinir sjö miklu andardrættir.

Þegar Logosinn ómaði orðið helga í sjögreindri fyllingu sinni fyrir þetta sólkerfi safnaði hann með innöndun efni því sem þörf var á til raunbirtingar og hóf þróun þess við hinn fyrsta mikla andardrátt.

Við hinn annan mikla andardrátt hófst sérgreiningin og annar meginþáttur Logossins.

Við hinn þriðja mikla andardrátt birtist meginþáttur athafnarorkunnar, eigind hans mettaði efnið, og fimmgreind þróun varð að möguleika.

Við hinn fjórða mikla andardrátt andsvöruðu sumar af helgistjórnunum, og hinir miklu byggjendur sáu skýrar fyrirætlunina. Það eru ákveðin tengsl milli fjórða andardráttarins og hinnar fjórðu skapandi helgistjórnar, þeirrar sem andar mannkynsins tilheyra. Þessi fjórði tónn Logossins hefur sérstaka merkingu fyrir mannsandann og einstæð áhrif á þessari jörð og í þessari fjórðu hringrás, en þau eru svo afstæð í eðli sínu, að ykkur mun reynast örðugt að gera ykkur grein fyrir þeim. Þau birtast að nokkru leyti í samræmistóni fjórða sviðsins og geisla samræmisins. Sá tónn ómar í þjóðum heimsins nú á tímum og raunar allt frá upphafi fjórða kynstofnsins. Hann kemur fram í viðleitni mannkynsins til að tileinka sér hugsjón friðar og samræmis og hinni alþjóðlegu þrá manna í þá átt.

Fjórða andardráttinn má heimfæra sérstaklega upp á mannlega þróun.

Í stuttu máli:

Fyrsti tónn hins þriggreinda orðs stillti sveiflutíðnina og hratt af stað hreyfingu hnattanna — sólar jafnt sem frumeindar. Hann felur í sér *viljann*.

Annar tónn hins þriggreinda orðs leiddi fram annan meginþáttinn og dró hinn alheimslega stjórnanda samræmisgeislans inn í hring raunbirtingarinnar. Hann felur í sér lögmál gagnstæðnanna eða *ósjálfráðan kærleika*.

Þriðji tónn hins þriggreinda orðs orsakaði hina fimmgreindu þróun okkar. Hann er grunntónn fimm lægri sviðanna. Hann felur í sér *athafnarorku* eða *aðlögunarhæfni*.

Fjórði tónn hins þriggreinda orðs er ómur hinnar mannlegu helgistjórnar, og í heild mætti kalla hann „óp mannkynsins.“

Hver tónn varð þess valdandi, að sérstakur geisli raunbirtist ásamt öllu því sem hverjum geisla er samfara. Hver tónn birtist sterkar á einu sviði en öðrum og hefur þar ríkjandi áhrif.

Hinn fimmti mikli andardráttur hefur það sérkenni, að í ómi hans er fólgin lykill allra leyndardóma, — hann er *andardráttur eldsins*. Hann upphóf sveiflutíðni skylda þeirri sem ríkir á alheimslega hugræna sviðinu og er nátengdur fyrsta andardrættinum. Á tónfræðilegu máli má segja, að hann sé fortónn sólkerfisins á sama hátt og þriðji andardrátturinn samsvarar stórrí þríund. Hann er tónn Logossins.

Hver andardráttur laðar einhverja verund á alheimslegu sviðunum að Logosnum til raunbirtingar. Spegilmynd þeirrar aðferðar má sjá í smáheiminum þegar sálin ómar sálartóninn í heimunum þrem og býst til raunbirtingar eða holdgunar. Tónninn laðar að frumkjörnunum hæfilegt efni til raunbirtingar, og það efni er sjálft hjúpur einhverrar lífrænnar veru. Á svipaðan hátt andsvara hinir alheimslegu logadrottnar, hinar miklu lífgandi verundir sólkerfis okkar, þegar fimmti tónninn er ómaður. Og logadrottnarnir innan sólkerfisins andsvöruðu þegar smáheimurinn ómaði fimmta tón mónadhljómsins og hófu þáttöku í hinni mannlegu þróun.

Hinn sjötti mikli andardráttur laðaði að sér drottna hinnar leyndardómsfullu fimmarma stjörnu, hið hvíkula lífefni geðheimsins, eigind langananna efnisklædda, meginþátt vatnsins í lífi Logossins.

Þegar sjöundi tónninn var ómaður hófst kristöllun og alger undirgefni við lögmál nálgunarinnar. Hann leiddi af sér þéttasta efnisstig raunbirtingarinnar, reynslu hins mesta

djúps. Þið sjáið skyldleika hans við geisla siðalögmálsins, einn hinna miklu byggingargeisla — geislann sem aðhæfir efnið myndum þeim sem óskað er, að það taki á sig.

Hér væri eðlilegt, að þið spyrðuð hvað þessi útúrdúr ætti að þýða. Virðist ykkur hann fjarskyldur sjálfu umræðuefninu og ekki koma því mikið við? Nú skal ég skýra þetta nánar.

Andinn eða mónadinn ómar tóninn (tón sinn innan helgistjórnarinnar) á sínu eigin sviði og stígur niður til holdgunar. Það er jafnt tónn aðlöðunar sem útöndunar. Persónuleikinn eða spegilmynd mónadsins á efnisþéttasta sviði þróunarinnar er tengdur mónadinum fyrir atbeina aðdráttarafls orðsins helga sem mónadinn ómar í sinni tóntegund og á sínum tóni.

En verkefni útöndunarinnar er þegar lokið. Það var innþróunin. Nú stendur yfir tímabil innöndunar eða endurhvarfs til uppsprettunnar. Þegar persónuleikanum tekst eftir mörg líf örðugleika og leitar að finna andlegan tón sinn í rétttri tóntegund og rétt stilltan, hver verður þá afleiðingin? Hann nær samhljóðan við mónadtón sinn, finnur rétta sveiflutíðni og litblæ, uppgötvar loks hvar greiðasta leiðin liggur, og hið ídveljandi líf fær frelsi og snýr aftur til síns eigin sviðs. En það tekur langan tíma og krefst óendanlegrar gætni og fyrirhafnar að finna hinn rétta hljóð.

Fyrst finnur maðurinn þrúnd persónuleikans og ómar hana, og árangurinn verður samræmt líf í heimunum þrem. Þá finnur hann fimmund sálarinnar, grunntón hljómsins, og ómar hana í samhljóðan við persónuleikatóninn. Þannig myndast tómrúm ef svo má að orði kveða, og hinn frelsaði maður losnar úr viðjum með lífgandi sál sinni — þrígreinður andinn auk hugar og reynslu — hinir þrír auk ferndarinnar og hins fimmta — og svífur upp til mónadsins. Það er lögmál aðlöðunarinnar sem birtist í hljóðinu. Líkur sækir líkan heim, knúinn áleiðis af samhljóðan tóna, lita og hrynjandi.

Þetta leiðir til næsta kaflans sem við þurfum að taka til umræðu — eyðandi áhrifa orðsins. Til að losna úr höftum verðum við að slíta hlekkina, samfara frelsuninni er afnám gamalla forma, í undirokun efnisins birtist lausn andans.

Með því að óma orðið helga í sjögreindri fyllingu losnar andinn úr viðjum efnisins. Fyrst kemur útöndunin, aðlöðun efnisins, síðan innöndunin þegar efnisformin splundrast smátt og smátt og eru skilin eftir.

Hugleiðing og orðið.

Ég hef skýrt þetta fyrir ykkur á kerfislegan mælikvarða. Nú skal ég tala um það í sambandi við hugleiðingu og sýna ykkur hvernig tengslin eru þar á milli.

Þegar maðurinn hugleiðir stefnir hann að tvennu:

a—að móta hugsanir, að draga óhlutbundnar hugmyndir og innsæisskynjanir niður á hlutbundnu þreplögin á hugræna sviðinu. Þetta mætti nefna *hugleiðingu með fræhugsun*.

b—að samtengjast sálinni og skapa tómrúm milli efnisheilans og sálarinnar sem leiðir af sér guðlega úthellingu, síðan splundrun formanna og loks lausn úr viðjum efnisins. Þetta mætti nefna *hugleiðingu án fræhugsunar*.

Á vissu stigi þróunarinnar sameinast þessar tvær tegundir hugleiðingar, fræhugsuninni er sleppt, og tómrúmið myndast, fremur milli starfstækjanna í heild annars vegar og innsæissviðsins eða samræmisheimsins hins vegar en milli æðri og lægri starfstækjanna eingöngu.

Þess vegna á maðurinn að geta skapað og eytt á sama hátt og Logosinn ef hann ómar orðið helga réttilega í hugleiðingu. Þannig endurspeglar smáheimurinn hina stórheimslegu

ferlirás. Hann laðar að líkómum sínum finna efni og hrindir frá þeim hinu grófara. Hann myndar hugsanaform sem laða að sér finna efni og hrinda frá því sem hefur lægri sveiflutíðni. Hann þarf að óma orðið þannig að samtengingin skapist af sjálfu sér og hið nauðsynlega tómrúm sem leiðir til niðurstreymis að ofan. Þessi árangur getur náðst ef orðið er rétt ómað, og í hverri hugleiðingariðkun ætti maðurinn að verða samtengdari en áður, losast við eitthvað af efni lægri sveiflutíðninnar úr einum eða fleiri líkómum sínum, ryðja betur hindrununum úr farveginum og gera starfstækin þannig hæfari til að móttaka uppljómun frá efri þreplögunum.

En þangað til þetta verður gert á réttan hátt verða áhrif orðsins sáralítill, enda er það heppilegra fyrir manninn sem notar það. Með því að kynna sér hina sjö miklu andardrætti og áhrif þeirra á hverju sviði getur neminn öðlast vitneskju um margt sem ætti að gerast í hinum ýmsu sviðsdeildum hvers aðalsviðs, einkum varðandi hans eigin þroskun. Með því að kynna sér grunntón sólkerfisins sem var staðgaður í fyrsta kerfinu öðlast hann mikla vitneskju um notkun orðsins á jarðneska sviðinu.

Í þessu er fólgin vísbending. Í leit sinni að grunntóni núverandi kerfis, tóni kærleika og vizku, myndar neminn hinn nauðsynlega farveg milli geðræna sviðsins og innsæissviðsins og ræður gátu geðheimsins. Með því að kynna sér áhrif orðsins á hugrænu þreplögunum og hvernig það stuðlar að mótun forma uppgötvar hann hvernig musteri Salómons var reist, þroskar eigindir orsakalíkamans og öðlast um síðir lausn frá heimunum þrem.

En neminn þarf að hafa hugfast, að áður en hann getur komizt í snertingu við mónadhljóminn verður hann að finna tón persónuleika síns og sálartóninn. Með því ómar hann sjálfur sitt þriggreinda orð og hefur nú áunnið sér sköpunarmátt knúinn viti og kærleika. Markinu er náð.

21. júní 1920

Nokkrar gagnlegar vísbendingar.

Ég vil taka það skýrt fram áður en lengra er haldið, að ég get ekki gefið ykkur neinar upplýsingar um þær tóntegundir sem hægt er að tóna í orðið helga, enda væri það hvorki hyggilegt né rétt. Ég get aðeins látið ykkur í té almenna fræðslu um notkun þess. Hver einstaklingur, hver vitundareining er svo frábrugðin öllum öðrum, að enginn nema kennari með fullkomna orsakavitund veit nákvæmlega hvað henni er fyrir beztu. Og þá þarf neminn að vera kominn á það stig, að hann sé fús til að *vita, þora og þegja*. Hætturarnar sem misnotkun orðsins getur haft í för með sér eru svo geigvænlegar, að við áráðum ekki að gera meira en tæpa á helztu reglum og lögmálum í þessu sambandi, en látum síðan leitandann vinna sjálfan úr fræðslunni og halda uppi hinum nauðsynlegu tilraunum þangað til hann uppgötvar *af eigin rammleik* hvers hann þarfnast.

Ekkert hefur varanlegt gildi nema það sé ávöxtur af erfiði, baráttu og beiskri reynslu mannsins sjálfs. Lærisveinninn getur ekki haft verulegt gagn af orðinu í vísindalegum tilraunum fyrr en hann hefur aðhæft sig innra ástandi sínu — eftir marga sigra og ósigra, dýrkeypta sigra og bitrar eftirhreytur ósigrana. Viljaskortur hans kemur í veg fyrir, að hann misnoti orðið, en kærleiksviðleitni hans leiðir hann um síðir á rétta slóð. Aðeins það sem við vitum af eigin reynslu getur orðið að ásköpuðum eigindum. Hversu djúpvitur sem kennarinn kann að vera, er fræðsla hans einungis orðin tóm þangað til neminn hefur sannreynt hana í lífi sínu.

Þess vegna get ég aðeins vísað ykkur til vegar. Ég gef ykkur vissar bendingar, en brautina verður hver hugleiðingarnemi sjálfur að ganga.

Framsögn og notkun orðsins í einstaklingsbundinni hugleiðingu.

Nú skal ég halda mér við nytsamar leiðbeiningar. Ég beini orðum mínum til mannsins á braut reynslunemans sem hefur öðlast nokkurn vitrænan skilning á verkefninu sem hann á fyrir höndum. Hann hefur allsæmilega hugmynd um stöðu sína á þróunarbrautinni og hverju hann þarf að áorka til að geta gengið inn um hlið vígslunnar. Flestir sem kynna sér efni þessara bréfa munu geta lært af þeim með því að iðka reglubundna hugleiðingu og leitast við að fylgja settum reglum.

Við skulum byrja á fáeinum ráðleggingum:

Leitandinn velur sér kyrrlátan stað þar sem hann getur dvalizt um stund á degi hverjum án þess að verða fyrir ónæði og truflunum. Hyggilegast er að iðka hugleiðingu jafnan á sama staðnum, því að á þann hátt mótar hann umhverfis sig hugrænt byrgi sem verndar hann gegn utanaðkomandi áhrifum og auðveldar honum að ná sambandi við æðra sjálfið. Efnið í andrúmsloftinu kringum hann stillist þá til samræmis við ákveðna sveiflutíðni (hæstu tíðni sem maðurinn nær snertingu við eftir langvarandi hugleiðingariðkun), og það hefur í för með sér, að hann þarf ekki að eyða löngum tíma í hvert skipti til að hækka sveiflutíðni sína, heldur reynist æ auðveldara að byrja í hæstu stillingu sinni.

Leitandinn kemur sér fyrir í stellingum sem gera honum kleift að gleyma jarðlíkamanum um stundarsakir. Hér er ekki hægt að gefa neinar fastar reglur, því að taka verður tillit til ástands jarðneska starfstækisins - ef til vill á það við örðugleika að etja eða er á einhvern hátt stirt eða vanheilt. Markmiðið er, að stellingarnar séu þægilegar og athyglin glaðvakandi. Slen og sljóleiki leiðir ekki til neins árangurs.

Fyrir flesta er án efa heppilegasta stellingin að sitja á gólfinu með krosslagða fótleggi og hafa stuðning við bakið. Ef hugleiðingin er mjög djúp og leitandinn orðinn þrautþjálfður, orkustöðvarnar óðum að vakna og innri eldurinn ef til vill tekinn að leika um mænurótina, þá þarf hryggurinn að vera beinn og stuðningslaus.

Ekki skyldi leitandinn halla höfðinu aftur á bak, vegna þess að alla vöðvaspennu ber að forðast, heldur halda því réttu eða láta það síga ofurlítið fram á við. Þá hverfur stífnin sem er alltof algeng meðal hugleiðingarnema, og jarðneska starfstækið slakar á. Bezt er að hafa augun lokuð og hendurnar í kjöltunni, hvora ofan á annarri með lófana upp.

Þá þarf leitandinn að gefa gaum að andardrætti sínum sem á að vera reglubundinn, jafn og stöðugur. Að því loknu slakar hann á öllum vöðvum og lætur hugann vera virkan, en jarðlíkamann móttækilegan.

Eftir það skapar hann hugræna mynd af líkømu sínum þrem, og þegar hann hefur ákveðið hvort hugleiðingin skuli fara fram í höfðinu eða innan hjartans (ég vík nánar að þessu atriði síðar) beinir hann vitund sinni þangað og einbeitir huganum að ákveðinni orkustöð.

Um leið gerir hann sér ljóst af ráðnum hug, að hann er sonur Guðs sem snýr aftur til föðurhúsanna; að hann er Guð sjálfur sem leitast við að finna guðsvitundina sem í honum býr; að hann er skapari sem leitast við að skapa; að hann er lægri meginþáttur Guðdómsins sem leitast við að samtengjast hinum æðri.

Síðan tónar hann þrívegis orðið helga, fyrst undurlágt til að hafa áhrif á hugræna starfstækið, aðeins hærra í annað sinn til að staðga geðræna starfstækið, og töluvert hærra í þriðja sinn til að orka á jarðneska starfstækið.

Áhrifin á hvern líkama eru þrígreiind. Ef orðið er rétt tónað og einbeitingin stöðug í þeirri orkustöð sem valin hefur verið verða þau með þessum hætti:

Á hugræna sviðinu:

- a—Snerting næst við höfuðstöðina sem tekur til starfa. Lægri hugurinn kyrrist.
- b—Samtenging næst við sálina, misjafnlega sterk að vísu, en ávallt að einhverju leyti með frumkjarnann sem tengilið.
- c—Grófari efniseindunum er hrundið á brott og fínni koma í þeirra stað.

Á geðræna sviðinu:

- a—Geðlíkaminn staðgast fyrir atbeina frumkjarnans, og snerting næst við hjartastöðina sem kemst á hreyfingu.
- b—Grófu efni er hrundið á brott úr geðlíkamanum sem verður litminni og endurspeglar þannig betur hið æðra.
- c—Tilfinningar flæða skyndilega frá efstu þreplögum geðheimsins upp í innsæisheiminn eftir atómíska farveginum sem milli þeirra liggur. Þessar tilfinningar hreinsa farveginn.

Á jarðneska sviðinu:

- a—Áhrifin eru svipuð þar, en það er aðallega eterlíkaminn sem fyrir þeim verður. Þau örva hið guðlega streymi.
- b—Þau ná út fyrir ummálshring eterlíkamans og mynda hjúp til verndar honum. Þau hrinda á brott misræmum öflum úr umhverfi hans.

22. júní 1920

Hljómur Logossins og samsvörun hans.

Við skulum nú halda áfram umræðum okkar um notkun orðsins helga. Við höfum vikið lauslega að notkun þess hjá byrjendum í hugleiðingariðkun — þá verða áhrifin fyrst og fremst hreinsun, stöðgun og miðhverfing. Meira er ekki hægt að gera fyrir en neminn er kominn á það stig, að honum leyfist að óma það á einum af tónum sálarinnar. Samsetning sálartónsins er hliðstæð tóni Logossins. Og hvernig var hann? Það var sjögreindur hljómur, en á þróunarstigi okkar eru þessir tónar mikilvægastir:

- 1—Frumtónninn.
- 2—Stóra þríundin.
- 3—Fortónninn eða fimmundin.
- 4—Sjöundin eða leiðsögutónninn.

Hér mætti víkja lauslega að samsvörun. Það eru nán tengsl milli fimmundarinnar eða fortónsins og fimmta eðlisþáttarins, *manas* eða hugarins, og í núverandi sólkerfi (en hvorki fyrsta né þriðja) er visst andsvar milli fimmta sviðs hugheimsins og fortónsins og milli sjötta sviðs geðheimsins og stóru þríundarinnar. Í þessu sambandi má telja geðlíkamann þriðja starfstæki vitundarinnar frá sérstöku sjónarmiði — ef við hugsum okkur þetta jarðlíkamann og starfstæki prönnunnar eða hinnar rafmöggnuðu lífsorku sem tvær einingar. Meira get ég ekki um þetta sagt, því að það er aldrei í föstum skorðum, heldur á sífelldri hreyfingu og tekur breytingum og samblandast innbyrðis, en þið getið íhugað málið.

Eins og áður er getið, er samsetning sálartónsins með sama hætti, því að hann er á sínu sviði spegilmynd tóns Logossins. Það er því frumtónn jarðlíkamans, þríund geðlíkamans og fimmund orsakasviðsins. Þegar maðurinn er búinn að ná tóntegundinni á sitt vald og finna sálartón sinn getur hann ómað orðið helga rétt og nær þannig hinu langþráða marki. Samtenging hans verður fullkomin, líkamirnir hreinir, farvegurinn hindranalaus, og allt er búið undir æðri hugljómun. Þetta er tilgangur allrar sannrar hugleiðingar, og honum er hægt að ná með rétttri notkun orðsins.

En meðan ekki fást hæfir kennarar og nemarnir eru enn takmörkunum háðir er ekki unnt að gera meira en óma orðið eins vel og auðið verður í þeirri vitneskju, að engar hættur ógni þeim sem hafa hreinan tilgang, og að nokkrum árangri megi ná í þá átt að vernda, kyrra og leiðrétta.

Heildisnotkun orðsins.

Í heildisnotkun verða áhrif orðsins sterkari, svo framarlega sem heildin eru rétt samsett eða að öðrum kosti gerð óvirk og skaðlaus. Viss atriði þarf því að taka til athugunar áður en heildi geta farið að nota orðið með einhverjum árangri:

- a—Það er ákjósanlegt, að fólk á sama geisla eða skyldum geislum myndi með sér heildi.
- b—Það er ákjósanlegt, að orðið sé tónað á sömu nótu eða marggraddað. Þá ná áhrif sveiflutíðninnar langt, og viss gagnverkun mun eiga sér stað.

Hvaða árangri megum við þá búast við þegar orðið er rétt ómað af samstæðu heildi?

- a—Þá myndast sterkur straumur sem nær til lærisveinsins eða meistarans sem ber ábyrgð á heildinu, og sá straumur gerir honum kleift að koma heildinu í samband við bræðralagið þannig að hindrunum verður rutt á brott úr farveginum til að geta miðlað um hann fræðslu.
- b—Þá myndast tómrúm sem samsvarar nokkurn veginn tómrúmi því sem á að vera milli sálarinnar og persónuleikans, nema hvað þetta er milli heildisins annars vegar og meistaranna á innri sviðunum hins vegar.
- c—Ef réttar aðstæður eru fyrir hendi leiðir það einnig af sér tengsl við sálarheildi persónuleikanna sem taka þátt í starfinu, örvun orsakalíkama þeirra og samtengingu heildanna þriggja — lægra heildisins, æðra heildisins og heildi bræðralagsins — í þríhyrning til orkumiðlunar.
- d—Þetta hefur ótvíræð áhrif á jarðlíkami lægra heildisins, hækkar sveiflutíðni geðlíkamanna, hrindir á brott þvertíðni og sveigir allt undir hina æðri hrynjandi. Árangurinn verður jafnvægisástand; það örvar lægri hugann, en opnar um leið samband við æðri hugann, og hann staðgar síðan lægri hugann.
- e—Það vekur athygli vissra tíva eða engla sem hafa verk að vinna í sambandi við starfstæki manna, gerir þeim fært að sýna meiri nákvæmni og komast í tengsl er síðar verða að gagni.
- f—Það myndar verndarhjúp utan um heildið sem hrindir um stundarsakir á brott öllum truflunum, auðveldar einingum heildisins að vinna verk sitt samkvæmt reglum lögmálsins og hjálpar innri fræðurunum að finna greiðustu leiðina milli sjálfra sín og þeirra sem fræðslu leita hjá þeim.

g—Það stuðlar að starfsemi þróunarinnar. Jafnvel þótt sú tilstuðlan sé aðeins dropi í hafið er hún samt verkfæri í hendi Logossins til að hraða framkvæmd áætlunar hans eins og öll önnur viðleitni sem stuðlar að frjálsri verkan lögmálsins, fágun efnisins, örvun sveiflutíðninnar og auðveldari snertingu milli hins æðra og lægra.

Ég hef vikið hér að vissum áhrifum sem eiga sér stað þegar orðið er tónað í samhljóðan. Síðar munu þau verða rannsökuð nánar þegar menn hafa öðlast skilning á reglum dulfræðilegrar hugleiðingar og verða farnir að notfæra þær í tilraunum sínum. Þegar dulskyggni verður almennari meðal mannkynsins verða þessi áhrif einnig skráð í töfluform og sannprófuð. Flatarmálsformin sem einstaklingar og heildi mynda með því að óma orðið verða skráð og athuguð. Einstaklingar verða færðir milli heilda ef það er talið ákjósanlegra eftir gaumgæfilega athugun á starfsárangri þeirra. Og þegar einstaklingar eru farnir að þroska hjá sér æðri vitund þarf ekki aðeins að velja heildisumsjónarmenn samkvæmt andlegum þroska og vitrænum yfirburðum, heldur einnig samkvæmt skarpleika innri sýnar þeirra og getu til að aðstoða heildin og meðlimi þeirra við að áforma réttilega og ná tilhlýðilegri þroskun.

Heildi sem hafa sérstakan tilgang.

Að því mun koma síðar, að heildi verði mynduð í sérstökum tilgangi, og hér snúum við okkur að þriðja atriðinu, notkun orðsins í ákveðnu augnamiði.

Ég skal telja upp eitthvað af því sem slík heildi munu hafa að markmiði þegar þau taka að nota orðið helga og sanna dulfræðilega hugleiðingu til að ná sérstökum árangri. Þeirra tími er enn ekki kominn, svo að nákvæm lýsing er óþörf, en ef framvindan verður eins og vonast er til er ekki útilokað, að jafnvel *þið* (fyrstu nemarnir sem lásu þessi bréf áður en þau voru gefin út í bókarformi) munið lifa það að sjá eitthvað af þessu koma fram.

- 1—Heildi með þann tilgang að vinna við geðlíkamann með það fyrir augum að þroska hann, aga og hreinsa.
- 2—Heildi með þann tilgang að þroska huglíkamann, styrkja jafnvægisástand hans og ná snertingu við æðri hugann.
- 3—Heildi með þann tilgang að lækna jarðlíkamann.
- 4—Heildi með þann tilgang að ná samtengingu og ryðja hindrunum úr farveginum milli hins æðra og lægra.
- 5—Heildi með þann tilgang að lækna þá sem haldnir eru öndum og þjást af hugrænum sjúkdómum.
- 6—Heildi sem munu hafa það starf með hendi að rannsaka viðbrögðin við því er orðið er ómað, skrá og setja í töfluform flatarmálsmyndirnar sem þannig koma fram, athuga áhrif orðsins á einstaklinga innan heildanna og utanaðkomandi verur sem aðdráttarafi þess laðar að. Þessi heildi þurfa að hafa náð allháu þroskastigi og vera fær um að stunda rannsóknir er grundvallast á dulskyggni.
- 7—Heildi sem vinna sérstaklega að því að ná snertingu við tívana og samstarfi við þá samkvæmt reglum lögmálsins. Meðan sjöundi geislinn er virkur munu áhrif hans auðvelda þetta viðfangsefni til muna.
- 8—Heildi sem leggja stund á vísindalegar rannsóknir viðvíkjandi lögmáli geislanna og athuga liti og tóna, áhrif þeirra á einstaklinga og heildi og gagnvirk tengsl. Í þessum heildum verða að sjálfsögðu ekki aðrir en þeir sem náð hafa miklum andlegum þroska og eru að nálgast vígslu.

Gleymið því ekki, að þessi heildi á jarðneska sviðinu eru aðeins óhjákvæmileg raunbirting hinna innri heilda leitenda, nema, lærisveina og vígsluhafa.

9—Heildi sem vinna undir stjórn ákveðinna meistara og hlíta sérstökum starfsreglum sem þeir setja. Meðlimi þessara heilda velur hver meistari sjálfur.

10—Heildi sem vinna í sérstöku samráði við hinar þrjár miklu starfsdeildir og leitast við — með sérfræðilegri leiðsögn — að hafa stjórnmalaleg og trúarleg áhrif á veröld mannanna og hraða rás þróunarinnar samkvæmt þeim fyrirmælum sem berast frá deild lávarðar siðmenningarinnar. Sum þessara heilda munu starfa á vegum kirkjunnar, önnur á vegum frímúrarareglunnar og enn önnur í tengslum við vígða stjórnendur hinna máttugu stofnana.

Í þessu sambandi skuluð þið minnst þess, að líf mannkynsins verður æ hugrænna eftir því sem á líður, og þar af leiðandi verður starfsemi af þessu tagi æ víðtækari.

11—Önnur heildi munu eingöngu leggja stund á það sem nefna mætti undirbúningsstarf fyrir nýlendu framtíðarinnar.

12—Vandamálaheildi gætum við kallað þau heildi sem verða mynduð til að leysa úr samfélagslegum, efnahagslegum, stjórnmalalegum og trúarlegum vandamálum eftir því sem þau skapast og gefa þá gaum að áhrifum hugleiðingar, lita og tóna.

13—Þá verða heildi mynduð til að fást við barnauppleði, þjálfu einstaklinga, leiðbeina reynslunemum og örva þroskun æðri eiginda.

14—Og þegar hinn máttugi drottinn, Kristur, kemur aftur með meistara sína verða mynduð örfá mjög innræð heildi úr útvöldum einstaklingum allra hinna heildanna, og þá verða meðlimir þeirra þjálfaðir sem lærisveinar og búnaðir undir fyrstu vígsluna (eftir að þeir hafa áunnið sér karmískan rétt til þess og brautskráðst úr forskólanum). Sjö heildi af þessu tagi verða mynduð til að ganga undir sérstaka dulfræðilega þjálfun. Engir munu komast í þau nema þeir sem náð hafa nógu hárrí sveiflutíðni.

Þetta ætti að nægja ykkur sem íhugunarefni í dag, svo að við skulum bíða til morguns með fjórða atriðið.

23. júní 1920

Það er rétt ályktað, að skilyrðin nú á dögum séu ekki ákjósanleg. Það eru örlagarík tímamót skammt undan fyrir mannkynið í heild — þá hefst tímabil sköpunar og endurreisnar, en ekki eyðingar, þótt svo kunni að virðast á yfirborðinu. Alls staðar eru gömlu formin að hrynja til grunna, og þeim þætti er enn ekki lokið. Eigi að síður er þegar hægt að byrja að reisa grind hinnar nýju byggingar. Með því að rækja hin daglegu skyldustörf með rósemi og stöðuglyndi kemur skýrar í ljós hvað gera þarf næst.

Í dag skulum við snúa okkur að áhrifum orðsins á orkustöðvarnar og líkamina og hvernig unnt er að nota það til að samtengja starfstækin orsakalíkamanum. Áhrifin á orkustöðvarnar og starfstækin getum við talað um í sömu andrá, vegna þess að orkustöðvar líkamans og geðrænar og hugrænar samstæður þeirra taka við orkustraumunum þegar orðið er réttilega sagt fram og veita þeim út í starfstækin. Við höfum þegar minnst á sum áhrif orðsins: t. d. verndandi, staðgandi og hreinsandi, ennfremur hvernig nota má það til að hrinda á brott óæskilegu efni og greypa nýtt efni í líkamina. Nú skulum við fyrst og fremst beina athyglinni að orkustöðvunum og áhrifum orðsins á þær.

Orkustöðvarnar sjö og orðið helga.

Við skulum byrja á að skipta efninu í kafla eins og við höfum gert hingað til. Töfluformið hefur sitt gildi; það raðar þekkingunni skipulega niður og stuðlar að aukinni röð og reglu í huglíkamanum. Þess utan auðveldar það upprifjun með því að styrkja sjónminnið.

- 1—Upptalning orkustöðvanna og lýsing á þeim.
- 2—Vöxtur og þroskun orkustöðvanna.
- 3—Áhrif hugleiðingar á orkustöðvarnar.
- 4—Gagnvirk tengsl þeirra í samtengingarstarfi.

Fyrst ætla ég að taka fram, að vissar upplýsingar get ég ekki látið ykkur í té, enda þótt þær kunni að virðast eðlilegt framhald og viðauki þess er ég mun fjalla um. Hættunar sem ótímabær þroskun orkustöðvanna hefur í för með sér eru of ógnvænlegar til að við áráðum að gefa nákvæmar leiðbeiningar á þessu stigi. Tilgangur okkar er að þjálfar menn til að verða meistarar samúðarinnar er sjá um dreifingu hins alheimslega kærleika. Tilgangur okkar er ekki að þjálfar menn til að verða meistarar hinna svörtu lista og sérfræðingar í tillitslausri sjálfstjórningu á kostnað hinna óvígðu. Vissa fræðslu hefur verið og er unnt að veita. Hún leiðir til þroskunar innsæisins og örvar þá sem ljóssins leita til einarðari viðleitni. En öðru verðum við að halda leyndu, vegna þess að það gæti orðið háskalegt vopn í höndum þeirra sem einskis svífast. Ef til vill finnst ykkur ég aðeins vera að vekja forvitni ykkar með orðum mínum? En sá er einmitt tilgangur minn. Þegar áhugi ykkar og áhugi allra leitenda er orðinn nógu sterkur verður ekki hægt að halda neinu leyndu fyrir ykkur lengur.

1—Upptalning orkustöðvanna.

Eins og þið vitið, eru orkustöðvar jarðlíkamans þessar:

- 1—Mænurótarstöðin.
- 2—Sólarplexus stöðin.
- 3—Miltisstöðin.
- 4—Hjartastöðin.
- 5—Hálsstöðin.
- 6—Ennisstöðin (Heilaköngullinn).
- 7—Hvirfilstöðin (Heiladingullinn).

Þessi upptalning er rétt, en ég vil þó skipta stöðvunum öðruvísi niður, í samræmi við það sem ég hef áður sagt ykkur um sólkerfið. Við getum talið þessar sjö orkustöðvar sem fimm ef við undanskiljum miltið og teljum höfuðstöðvarnar tvær sem eina. Þær fimm stöðvar sem við fáum með því móti eiga þá við fimmgreinda þróun okkar í þessu öðru sólkerfistímabili.

Í fyrsta sólkerfinu voru þrjár neðstu orkustöðvarnar þroskaðar, en þær latur dulfræðingurinn með öllu kyrrar liggja. Þær eru grundvöllur þroskunar lægri ferndarinnar áður en séreðlismyndun á sér stað, en nú er þróunin komin lengra áleiðis, og guðlegi eldurinn á að beinast að hærri orkustöðvunum í staðinn.

Miltisstöðin.

Þriðja orkustöðin eða miltið hefur sérstakan tilgang. Hún á sér samsvörun í þriðja meginþættinum eða athafnarorkunni og þriðja geislanum eða athafnar-aðlögunar-geislanum og

er grundvöllur allra meginathafna smáheimsins og hinna sífelldu aðlagana hans að umhverfi sínu, nauðsynlegum aðstæðum og stórheiminum. Þriðja orkustöðin stjórnar aðgerðum þegar smáheimurinn þarf að velja og hafna; hún tekur sveifluorku stórheimsins og ummyndar hana í þágu smáheimsins. Líffæri ummyndunarinnar gætum við nefnt hana, og síðar munu menn komast að raun um þegar þeir hafa öðlast meiri skilning á starfsemi hennar, að hún myndar segulmagnaðan tengilið milli hins meðvitaða hugsandi þriggreinda manns og grófari starfstækja hans. Þá hugsum við okkur þessi starfstæki sem *ekki sjálfið* og lífi gædd af lífgandi verum. Markmiðið er, að lífsorkan snerti þessar verur.

Geðræn samstæða miltisstöðvarinnar er líffæri tilfinningaorkunnar, sams konar tengiliður og um var talað áðan. Og á hugræna sviðinu gegnir hún áþekku hlutverki, en þar er hún verkfæri viljakraftsins við að lífmagna hugsanaformin.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þessa orkustöð. Aðeins örfáir nemar geta örvað hana með notkun orðsins, enda er það sjaldan æskilegt. Hún þroskast á eðlilegan hátt ef leitandinn tekur tilskildum framförum sem persónuleikaheild: — þ.e.a.s. ef jarðlíkama hans drekkur í sig nægilegt magn af orkulindum sólarinnar, geðlíkama hans lætur stjórnast af háleitum hugsjónum og veitir viðtöku niðurstreymi orku frá orsaka- og innsæisþreplögunum, og huglíkama hans er styrkur og kraftmikill, knúinn áfram af öflugum vilja. Þá þroskast miltisstöðin og innri samstæður hennar og einkennast af heilbrigði.

Við skulum nú segja skilið við hana og víkja ekki frammar að henni í þessum bréfum.

Aðalorkustöðvarnar.

Frá sjónarmiði hins venjulega manns sem er vitundarstilltur í geðlíkama sínum og lifir eins og fólk flest á jörðinni eru þrjár mikilvægustu orkustöðvarnar þessar:

- 1—Mænurótarstöðin.
- 2—Sólarplexus stöðin.
- 3—Hjartastöðin.

Frá sjónarmiði mannsins sem er að nálgast braut reynslunemans og mannsins sem leitast við að lifa óeingingjörnu lífi í annarra þágu eftir að hafa kynnt sér unaðssemdir heimanna þriggja eru þrjár aðalorkustöðvarnar þessar:

- 1—Mænurótarstöðin.
- 2—Hjartastöðin.
- 3—Hálsstöðin.

Sólarplexus stöðin hefur þá gegnt tilgangi sínum sem miðstöð geðrænnar vitundarstillingar og er farin að starfa aftur eðlilega. Eldurinn er orðinn virkari í hálsstöðinni.

Frá sjónarmiði mannsins sem kominn er á brautina (sem greinist í braut lærisveinsins og braut vígslunnar) eru þrjár mikilvægustu orkustöðvarnar þessar:

- 1—Hjartastöðin.
- 2—Hálsstöðin.
- 3—Höfuðstöðin. (Ennis- og hvirfilstöðin).

Hin guðlega athafnarorka hefur þroskað sólarplexus stöðina, stjórnar nú orkustöðvunum fyrir neðan hana og streymir upp á við í skipulegri rás unz hún nær festu í höfuðstöðvunum og lífmagnar þær.

Áður skiptum við lífi mannsins í fimm megináfanga og lýstum þroskastigi hans í hverjum þeirra. Nú gætum við notað sömu aðferð við orkustöðvarnar fimm, en einungis með því að alhæfa á víðum grundvelli.

1. *áfangi*. Þá er mænurótarstöðin virkust, en hún hreyfist aðeins í einföldum snúningi, ekki fjórviðum. Innri eldurinn beinist að lífmögnun kynfæranna og líkamsstarfsemi persónuleikans.

2. *áfangi*. Þá beinist eldurinn að sólarplexus stöðinni, og hún og hin geðræna samstæða hennar eru samfasa hvað sveiflutíðni snertir. Tvær orkustöðvanna eru teknar að sveiflast, jafnvel þótt hreyfingin sé hæg, og hinar eru lifnaðar við; æðasláttinn má sjá, en engan snúning.

3. *áfangi*. Þá streymir guðlegi eldurinn upp í hjartastöðina, og þrjár orkustöðvar eru nú farnar að snúast í jafnri hrynjandi. Ég vil benda ykkur á, að hvert sinn er ein stöðvanna er lífmögnuð eykst krafturinn í þeim öllum, og ennfremur vil ég vekja athygli ykkar á því, að í höfðinu eru sjö orkustöðvar (þrjár aðalstöðvar og fjórar minni stöðvar), og að sérhver þessara stöðva samsvarar einhverri ákveðinni stöð í líkamanum. Höfuðstöðvarnar eru samfjöllunin, og hvert sinn er samsvarandi stöð er örðuð eykst snúningsafl höfuðstöðvarinnar sem hún er í beinum tengslum við.

4. *áfangi*. Þá verður hálsstöðin fyrst fyrir verulegri örvun. Allur sköpunarmáttur hins þrígreinda manns — líkamlegur, geðrænn og hugrænn — beinist upp á við í þjónustu, og líf hans byrjar að *óma* dulfræðilega. Hann er orðinn *dulfræðilega frjór*. Hann raunbirtist, og hljómur hans fer á undan honum. Þetta er dulfræðileg staðreynd sem er augljós þeim er innri sýn hafa. Samstilling orkustöðvanna verður sjáanleg, snúningshraðinn eykst, og stöðvarnar sjálfar breytast í útliti, opnast eins og blóm, og snúningshreyfingin verður fjórvið. Orkustöðvarnar eru orðnar að geislandi ljóskjörnum, og hinar samsvarandi fjórar minni höfuðstöðvar eru jafnlifandi.

5. *áfangi*. Þá er eldinum beint að höfuðstöðvunum, og endanleg vakning þeirra á sér stað.

Áður en vígsla er tekin eru allar stöðvarnar farnar að snúast með fjórviðri hreyfingu, en eftir vígsluna verða þær að logandi hjólum og búa yfir dýrlegri fegurð í augum hinna dulskyggnu. Slöngueldurinn (*kúndalini*) er vaknaður og streymir upp rás hinna tilskildu vindinga. Við aðra vígsluna vakna geðrænu orkustöðvarnar á sama hátt, og við þriðju vígsluna eru stöðvarnar á hugræna sviðinu snortnar. Þá getur vígsluhafinn loks staðið frammi fyrir hinum máttuga konungi, höfuðvígjandanum eina.

Ég vil minna ykkur á, að neminn má aldrei gleyma, að hér eru aðeins alhæfingar gefnar. Þroskun smáheimsins er ekki síður flókin og margbrotin en þroskun stórheimsins. Vakning orkustöðvanna og í hvaða röð hún fer fram stjórnast af ýmsu, meðal annars:

a—Geisla andans eða mónadsins.

b—Geisla sálarinnar, æðra sjálfsins, sonarins eða geislagreinarinnar.

c—Kynþætti og þjóðerni.


d—Starfinu sem vinna skal.

e—Hvernig neminn leggur sig fram.


Af þessu getið þið sjálf ráðið, að það þýðir ekki að setja neinar fastar reglur um þroskun orkustöðvanna og kenna aðferðir til að hleypa hringrás eldsins af stað - ekki fyrr en þjálfaðir kennarar með sérfræðipækkingu og dulskyggnihæfileika eru teknir við umsjónarstarfinu í

jarðheiminum. Leitendur ættu ekki að einbeita hugsun sinni að neinni sérstakri orkustöð. Með því eiga þeir á hættu, að hún örvist um of og


Aðalorkustöðvar hins venjulega manns:



Aðalorkustöðvar þroskaðs manns:



Aðalorkustöðvar mannsins á brautinni:



verði fyrir sliti. Ekki skyldu þeir heldur reyna að beina eldinum að neinum ákveðnum punkti; tilraunir sem gerðar eru af vanþekkingu geta leitt til geðveiki og banvænna sjúkdóma. Ef leitandinn lætur sér nægja að sækjast eftir andlegum þroska, hreinum tilgangi og óeigingjarnri góðvild, einbeitir sér kyrrlátlega að því að aga tilfinningalíkamann og stækka huglíkamann og

temur sér abstrakt hugsun, þá munu orkustöðvarnar þroskast af sjálfu sér og án nokkurrar hættu.

Þegar þessir þríhyrningar eru orðnir að brautum þrígreinds elds sem stígur upp frá mænurótarstöðinni; þegar vefur þeirra er fullgerður og eldurinn streymir eftir hinni réttu rás frá stöð til stöðvar; og þegar þetta hefur verið gert samkvæmt reglunum sem aðalgeisli mannsins útheimtir, þá er verkinu lokið. Hinn fimmgreindi maður hefur öðlast fullkomnun þá sem krafizt er í núverandi hringrás; markinu er náð.

(Og sama verður að eiga sér stað í höfuðstöðvunum sjö.)

Á morgun skulum við halda áfram að ræða um orkustöðvarnar, lýsa þeim að einhverju leyti og benda á áhrifin sem það hefur á líf mannsins þegar þessi hjól vakna til starfa.

25. júní 1920

Vöxtur og þroskun orkustöðvanna.

Við skulum nú telja orkustöðvarnar upp í annað sinn og athuga innri samstæður þeirra, liti krónublaðanna og fjölda.

- 1—*Mænurótarstöðin*. Fjögur krónublöð. Þau eru eins og kross að lögun og geisla af rauðgulum eldi.
- 2—*Sólarplexus stöðin*. Tíu krónublöð. Liturinn er rósbleikur og blandaður grænu.
- 3—*Hjartastöðin*. Tólf krónublöð. Liturinn glóir sem gull.
- 4—*Hálsstöðin*. Sextán krónublöð. Liturinn er silfurblár og blái blærinn ríkjandi.
- 5—*Höfuðstöðvarnar*. Þær eru tvær:

a—*Ennisstöðin* eða heilaköngullinn. Milli augnabrúnanna. Níutíu og sex krónublöð. Liturinn: annar helmingur lótusblómsins er rósbleikur og gulur, en hinn blár og purpuralitur.

b—*Hvirfilstöðin* eða heiladingullinn. Tólf aðalkrónublöð, hvít og gullin að lit, og níu hundruð og sextíu önnur krónublöð sem eru í hvirfingu kringum blöðin tólf í miðjunni. Það þýðir, að alls eru eitt þúsund sextíu og átta krónublöð í höfuðstöðvunum tveim eða þrjú hundruð fimmtíu og sex þrenningar. Allar þessar tölur búa yfir dulfræðilegri merkingu.

Þessi lýsing er tekin úr bók C. W. Leadbeaters, „Innra lífið“, fyrra bindi. („*The Inner Life*“.)

Lýsingin á við etersku orkustöðvarnar sem eru raunbirtar jarðneskar samstæður geðrænna kraftsveipa er tilfinningaorka knýr áfram. Þær eiga sér einnig hugrænar samstæður, og eins og áður er getið, þurfa þær að vakna til lífsins, vaxa og þroskast áður en seinasta lífmögnunin fer fram og henni samfara hin hinzta lausn.

Tengslin milli orkustöðvanna, orsakalíkamans og hugleiðingar eru fólgin í eftirfarandi vísbendingu: — upplausn orsakalíkamans á sér stað þegar þessar orkustöðvar eru farnar að snúast með gífurlegum hraða og verka hver á aðra, en kraftur þeirra eykst þegar hugleiðing er iðkuð (þ.e.a.s. dulfræðileg hugleiðing samkvæmt settum reglum). Þegar innri eldurinn streymir í hringrás gegnum allar stöðvarnar og slöngueldurinn stígur upp vindinginn í réttum flatarmálsformum frá einum kraftsveipi til annars, þá verkar mögnunin á þrjú vegu:

a—Hún beinir ljósinu eða vitund æðra sjálfsins að þrem lægri starfstækjunum, dregur það niður á við til fyllri tjáningar og víkkar snertingu þess á öllum þrem sviðum heimanna þriggja.

b—Hún dregur niður frá hinum þrígreinda anda meira og meira af eldi mónadsins og gerir þannig það sama fyrir orsakalíkamann sem sálin er að gera fyrir þrjú lægri starfstækkin.

c—Hún þvingar fram einingu hins æðra og hins lægra og aðlaðar sjálft andlega lífið. Þegar á það stig er komið og lífsmagn orkustöðvanna eykst jafnt og þétt í hverju jarðlífi og sjögreindur máttur slöngueldsins snertir hverja stöð, þá er jafnvel sjálfur orsakalíkaminn orðinn ófullnægjandi sem viðtæki lífsstreymisins að ofan. Eldurnir tveir mætast ef ég má orða það svo, og um síðir hverfur sálarlíkaminn. Eldurinn geyrdur musteri Salómons, frumkjarnarnir eru útmáðir, og allt sogast á ný inn í þrenndina. Kjarni persónuleikans, hinar þroskuðu eigindir, hin áunna þekking og minningin um allt sem átt hefur sér stað verður hluti af reynsluförða andans og lendir að lokum hjá mónadinum á hans eigin sviði.

Nú skal ég telja upp fyrir ykkur þau atriði sem ekki er hægt að veita frekari fræðslu um að svo stöddu, vegna þess að það gæti haft of alvarlegar hættur í för með sér:

1—Hvernig eldurinn helgi er vakinn upp.

2—Hin rétta rás hans.

3—Flatarmálsformin sem hann myndar á uppleið sinni.

4—Í hvaða röð orkustöðvarnar þroskast eftir því hver andlegi geislinn er. Það efni er of margslungið til að unnt sé að gera því skil hér.

Af þessu munuð þið sjá, að málið verður í raun og veru því torskildara, því lengur sem það er rannsakað. Það er svo margt sem til greina kemur: þroskun geislanna, staða mannsins á þróunarbrautinni, mishröð vakning orkustöðvanna eftir því hvernar tegundar jarðlíf mannsins eru, hið þrígreinda eðli stöðvanna — eterskt, geðrænt og hugrænt — og sú staðreynd, að hjá sumu fólki eru ein eða fleiri geðrænu stöðvanna fyllilega vaknaðar og teknar til starfa í eternum, en hugrænu samstæðurnar kannski ósnortnar, og hjá öðrum geta hugrænu stöðvarnar verið vaknaðar; en þær geðrænu enn ekki komnar á hreyfingu og farnar að hafa áhrif á eterska sviðinu.

Það er því augljóst hversu brýn þörfin er fyrir kennara sem hafa dulskyggniæfileika á valdi sínu og geta beitt viturlegum aðferðum við þjálfun nema sinna, örvað með vísindalegri kunnáttu hinar sljóu eða dauðu orkustöðvar og samtengt þær þannig að straumurinn geti borizt frjálst og óhindrað fram og aftur milli ytri kraftsveipanna og innra miðbiksins. Síðar getur kennarinn æft nemann í hættulausri vakningu innra eldsins, vísindalegri ræktun hans og miðlun, og leiðbeint honum varðandi rétta rás hringstreymisins milli þríhyrninganna unz komið er upp í höfuðstöðvarnar. Þegar slöngueldurinn er kominn á leiðarenda eftir réttum flatarmálslínum er maðurinn orðinn fullkominn, persónuleikinn hefur gegnt tilgangi sínum, og markinu er náð. Tala lægra sjálfsins eða ferndarinnar er 4, og þess vegna eru krónublöð allra orkustöðvanna margföldun hennar.

Ef við undanskiljum miltisstöðina sem hefur annan tilgang en hinar, og þrjú lágstæðari líffæri sköpunarinnar, reynist heildartala krónublaðanna í orkustöðvum líkamans vera eitt þúsund, eitt hundrað og tíu, og sú tala táknar fullkomnun smáheimsins. Tíu er tala hins fullkomnaða persónuleika, hundrað er tala fullkomnunar orsakalíkamans, og þúsund er tala hástigs andlegrar þroskunar. Þegar hvert krónublað er farið að sveiflast í öllum víddum, þá er

markinu náð í þessari hringrás. Lægri lótusinn stendur í fullum blóma og er nákvæm spegilmynd hins æðri.

26. júní 1920

Áhrif dulfræðilegrar hugleiðingar á orkustöðvarnar.

Í dag skulum við beina athygli okkar að áhrifum dulfræðilegrar hugleiðingar á orkustöðvarnar og lífmögnun þeirri sem hún hefur í för með sér. Að sjálfsögðu er þá átt við hugleiðingu sem hefst ófrávíkjanlega með rétttri framsögn orðsins helga.

Þá er einnig átt við hugleiðingu sem er iðkuð undir handleiðslu kennara. Maðurinn hugleiðir því á réttan hátt eða nokkurn veginn réttan, svo að nú þurfum við að athuga þátt *tímans* í þroskun orkustöðvanna. Hún hlýtur ævinlega að vera seinleg og aukast stig af stigi.

Hér langar mig að staldra við til að minna ykkur á, að allt starf sem er í raun og veru dulfræðilegs eðlis hlýtur ávallt að vinnast hægt. Ef svo virðist sem einhver nemi taki stórfelldum framförum í einni jarðvist, stafar það af því, að hann er aðeins að rifja upp það sem hann hefur áður lært og raunbirta áskapaðar eigindir sem hann hefur áunnið sér í fyrri jarðlífum. Og nú á hann fyrir höndum nýtt tímaskeið hægfara, gætilegrar og þrautseigrar viðleitni. Hann fer fljótt yfir sögu meðan hann er að rifja upp lexíur sem hann hefur þegar lært, en síðan hefst nýtt átak.

Þegar öllu er á botninn hvolft má segja, að þessi hægfara og fyrirhafnarmikla viðleitni sem er grundvallaraðferð þróunarinnar sé aðeins skynvilla bundin við *tímann* og orsakist af því, að vitund flestra manna nú á dögum er tengd lægri starfstækjunum, en ekki sálræna sviðinu. Vitundarstigin taka við hvert af öðru hægt og sígandi að virðist, og í þessari seinfara rás gefst sálinni tækifæri til að vinna úr reynslu hvers áfanga.

Það tekur langan tíma að gera sveiflutíðnina stöðuga, og það tekur ekki styttri tíma að raska henni aftur og færa hana upp um eitt stig. Vaxtarskeiðið er ekki annað en langt tímabil sköpunar og eyðingar þegar byggt er upp og rífið niður á víxl og hver sveiflutíðni sem stöðguð er verður sífellt að víkja fyrir nýrri hrynjandi. Því sem persónuleikinn eyðir mörgum þúsundum jarðlífa í að rótfesta verður ekki auðveldlega haggð þegar sálin beinir athygli sinni að lægri vitundinni og vill koma á breytingu. Flutningur vitundarstillingarinnar úr geðheiminum upp í hugheiminn og þaðan upp í orsakaheiminn og loks upp á svið hins þriggreinda anda kostar óhjákvæmilega strit og stríð, þunga örðugleika, gífurlega baráttu bæði inn á við og út á við, beiskar þjáningar og það sem virðist vera myrkur og upplausn — allt þetta sem einkennir líf leitenda og lærisveina.

En hver er ástæðan, og hvers vegna þarf svo að vera? Orsakirnar eru margar eins og þið munuð sjá af eftirfarandi skilgreiningu, og þegar þið athugið hana mun ykkur verða ljóst hvers vegna brautin er jafn þungfær og raun ber vitni og hvers vegna það verður æ örðugra að feta sig upp vindustiga þróunarinnar, einkum er að efstu þrepunum kemur.

- 1—Það er nauðsynlegt að taka hvern einstakan líkama til meðferðar, aga hann og hreinsa.
- 2—Það er nauðsynlegt að aðhæfa og samtengja hvern einstakan líkama.
- 3—Það er nauðsynlegt að hækka vitundarstillingu hvers einstaks líkama.
- 4—Það er nauðsynlegt að endurskapa hvern einstakan líkama frá grunni.
- 5—Það er nauðsynlegt að ná valdi á hverri einstakri sviðsdeild ofar þeirri fjórðu, en í henni hefst líf leitandans.

6—Það er nauðsynlegt að vekja hverja einstaka orkustöð til starfa smátt og smátt, varfærnislega og vísindalega, auka snúningshraða hennar og rafmagna útgeislunina unz kraftur hennar birtist í hærri vídd.

7—Það er nauðsynlegt að tengja hverja einstaka eterska orkustöð með segulafli við samsvarandi geðræna og hugræna stöð, þannig að krafturinn geti streymt óhindrað á milli þeirra.

8—Það er nauðsynlegt að endurvekja síðar hverja einstaka orkustöð með krafti hins helga elds unz útgeislun hennar, snúningshraði og litblær samsvarar sálartóninum.

Þetta er eitt af verkefnum vígslunnar.

Eftir því sem hver breyting smám saman gerist andsvarar hún sama lögmálinu er stjórnar allri tímaskiptri þróun innan stórheimsins:

1—Fyrst verður árekstur milli hinnar gömlu og hinnar nýju hrynjandi.

2—Þá tekur við tímaskeið er hið nýja nær smám saman yfirráðum, hinu gamla er útrýmt, og nýja sveiflutíðnin staðgast.

3—Og að síðustu koma endalokin og áframhaldið, og öll ferlirásin er endurtekin enn á ný.

Það er þetta sem gerist í líkömunum og orkustöðvunum þegar hugleiðing er iðkuð og orðið helga notað réttilega. Orðið stuðlar að því að aðhæfa efnið og lífmagna það með eldinum og gerir leitandanum kleift að starfa í samræmi við lögmálið. Orkustöðvarnar þroskast þá smám saman eftir því sem starfstækin eru fáuð og orsakavitundin hægt og hægt aukin.

Nokkrar athugasemdir að lokum.

Um leið og við ljúkum þessum kafla um notkun orðsins helga í hugleiðingu langar mig að benda ykkur á nokkur atriði, þótt ekki verði unnt að gera meira en rétt tæpa á þeim. Þetta efni hefur reynzt ykkur flókið og torskilið, og ég geri mér það fyllilega ljóst. En erfiðleikarnir eru í því fólgnir, að það er ekki óhætt að segja nema svo fjarska lítið og hin raunverulega notkun orðsins helga er eitt af leyndarmálum vígslunnar sem ekki má láta uppskátt. Ennfremur er það litla sem hægt er að segja ekki mikils virði fyrir nemann ef hann getur ekki sannprófað það með tilraunum, og þær tilraunir getur hann ekki gert án leiðsagnar einhvers sem *veit*. Eigi að síður ætla ég að benda ykkur á viss atriði sem leitt geta til uppljómunar ef þau eru athuguð viturlega.

Þegar þið hugleiðið í hjartastöðinni skuluð þið hugsa ykkur hana sem gullið lótusblóm með *lokuðum* knappi. Um leið og þið segið fram orðið helga skuluð þið ímynda ykkur, að knappurinn opnast hægt og breiðist út þangað til þið sjáið innri miðdepil hans eða kraftsveipinn sem geislandi hringiðu úr ljósi bláleitu fremur en gullnu að lit. Þar mótið þið síðan mynd meistarans úr etersku, geðrænu og hugrænu efni. Við þetta dregst vitundin dýpra og dýpra inn á við. Þegar myndin er fullmótuð skuluð þið óma orðið þýðlega í annað sinn, draga vitundina með viljabeitingu enn dýpra inn á við og tengja hana við tólf krónublaða höfuðstöðina sem er miðstöð orsakavitundarinnar. Þetta þarf allt að gerast afar hægt og stig af stigi og hugarástandið að einkennast af fullkomnum friði og kyrrð.

Það eru bein tengsl milli hinna tveggja tólf krónublaða orkustöðva, og dulfræðileg hugleiðing og áhrif slöngueldsins munu síðar leiða í ljós hina sönnu merkingu þeirra. Þessi hugræna myndsköpun stuðlar að samfjöllun, þroskun og þenslu orsakalíkamans og vísar nemanum um síðir veginn til návistar meistarans.

Sólarplexus stöðin er aðsetur tilfinninganna, og að henni skyldi hugleiðingunni aldrei beint. Hún myndar grundvöll fyrir líkamlegar lækningar, og skilningur manna á henni mun fara vaxandi með tímanum. Hún er miðstöð athafnarorkunnar sem seinna þarf að verða innsæisleg.

Hálsstöðin fer að geisla þegar vitundarstillingin flyzt úr jarðneska frumkjarnanum upp í þann hugræna. Þá verður hugræni frumkjarninn miðstöð hreinnar skynsemi eða óhlutbundinnar hugsunar. Um það leyti tekur við tímaskeið í þroskun vitundarinnar er geðræna orkan sem stjórnar öllum þorra manna lýtur í lægra haldi fyrir mætti æðri vitsmuna. Meðan á því stendur lætur maðurinn gjarnan stjórnast af skynseminni einni saman, en ekki tilfinningum sínum. Þetta getur birzt sem vitrænn kuldi eða harðneskja í lífi persónuleikans á jarðneska sviðinu.

En síðar vikur geðræni frumkjarninn fyrir hinum innsæislega, og þá lætur maðurinn stjórnast af hreinu innsæi og fullkomnum skilningi í anda kærleiks og að viðbættri eigind skynseminnar. Sólarplexus stöðin einkennist þá af hinum græna litblæ athafnarorkunnar, því að geðlíkaminn er orðinn virkt starfstæki hins æðra og litast ekki lengur af hinum rósráða blæ mannlegra langana.

Þegar orkan hvirflast gegnum kraftsveipina kemur í ljós, að meira ber á sumum krónublöðunum en öðrum, þannig að hver orkustöð myndar sinn kross að undanteknum höfuðstöðvunum tveim, en þær eru samfjöllun lægri krossanna. Í mænurótarstöðinni birtist fjórar kross þriðja Logossins og í hjartastöðinni kross fjórðu mannlegu helgistjórnarinnar.

Er venjulegur leitandi tónar orðið helga flytur það orku úr öllum innri stöðvunum út í þær etersku og örvar krónublöðin í hverri þeirra. Ef lótusknappurinn er aðeins að byrja að springa út verða ekki nema sum krónublöðin fyrir örvun. Þessi örvun hrindir af stað sveiflutíðni (einkum í þeirri orkustöð sem maðurinn beinir hugleiðingu sinni að, höfðinu eða hjartanu) er veldur gagnverkun í hryggnum alveg niður að mænurót. En það nægir ekki til að vekja eldinn til starfa; til þess þarf rétt form, rétta tóntegund og réttar aðferðir.

Þegar hugleiðingin beinist að hjartanu samkvæmt dulfræðilegum reglum og orðið er rétt tónað, þá flæðir orkan frá innsæislegu þreplögnum gegnum geðrænu stöðvarnar og út í þær etersku. Þegar hugleiðingin beinist að höfðinu flæðir orkan frá óhlutbundnu hugrænu þreplögnum og síðar þeim atmísku gegnum hugrænu stöðvarnar út í þær etersku. Önnur aðferðin veitir andlegt innsæi, hin orsakavítund.

Þroskaður maður er sá sem er að tengja saman tvær aðalorkustöðvarnar —höfuðið og hjartað — í eina samfjallaða heild, og hálsstöð hans er stillt á sömu sveiflutíðni og þær. Þá blandast vilji og kærleikur í samræmri þjónustu, og lægri athafnarorka jarðlíkamans ummyndast í hugsjónir og óeigingjarna góðvild. Þegar þessu stigi er náð er óhætt að vekja innri eldinn til starfa. Efnid í líkömum mannsins er orðið nógu fágað til að þola þrýstinginn þegar eldurinn blossar upp, rás hans getur ekki skaðað neitt í þeim, og orkustöðvarnar eru stilltar á nógu háa sveiflutíðni til að geta tekið við kraftstreymi nýrrar örvunar. Eftir það rennur upp stund vígslunnar, og mannkynsþjónandinn stendur frammi fyrir drottnei sínum með hreina þrá, helgaða vitsmuni og jarðlíkama sem er þjónn hans en ekki húsbóndi.

Nú skulum við ljúka þessu bréfi. Á morgun byrjum við að ræða um hættunna sem steðja að manninum er hugleiðingu iðkar. Ég mun reyna að gera ykkur ljóst hvers gæta þarf og hvar vissara er að feta varlega.

5. BRÉF.

HÆTTUR SEM VARAST BER Í HUGLEIÐINGU.

- 1—Hættur í sambandi við persónuleikann.
- 2—Hættur af karmískum orsökum.
- 3—Hættur frá annarlegum öflum.

5. BRÉF.

HÆTTUR SEM VARAST BER Í HUGLEIÐINGU.

22. júlí 1920

Fræðsla sem ekki er unnt að veita.

Við erum nú komin það langt, að grundvöllur þekkingarinnar hefur verið lagður — þekkingar þeirrar er vekur hjá skynsömum nema löngun til að hlíta settum reglum, verða við þeim kröfum sem gerðar eru og umbreyta hugskynjunum sínum í raunhæfa reynslu í daglega lífinu. Sú löngun er bæði rétt og viturleg, enda miðar allt sem hér hefur verið sagt að því að efla hana, en nú álít ég hyggilegt að benda á vissar hættur sem hugleiðing getur haft í för með sér og vara nemann við ofurákefð er leitt getur inn á villigötur sem hindra þroskun hans og skapað sveiflutíðni er síðar þarf að rjúfa. Sé þetta athugað nógu snemma er hægt að komast hjá ýmiss konar töfum og endurtekningum.

Vissa fræðslu og leiðbeiningar er ekki unnt að veita nemum skriflega af þrem ástæðum:

1—Sumar leiðbeiningar eru ætíð veittar munnlega, vegna þess að þær höfða til innsæisins, en eru ekki miðaðar við íhugun og rökrænar bollaleggingar lægri hugarins. Auk þess gætu þær reynzt hættulegar ef þær bærust í hendur manna sem ekki hafa þroska til að notfæra þær réttilega.

2—Sumar leiðbeiningar heyra til leyndarmálum brautarinnar og eru fyrst og fremst ætlaðar heildunum sem neminn er tengdur. Þær er aðeins hægt að veita í hópkenndu utan jarðlíkamans. Þær eiga við heildisorsakalíkamann, viss leyndarmál í sambandi við geislana og ákall til æðri tívanna um aðstoð til að ná ákveðnum árangri. Hættur sem slíkri fræðslu eru samfara eru of alvarlegar til að unnt sé að leyfa birtingu hennar í riti fyrir almenning. Hin dulfræðilegu áhrif ræðu annars vegar og rits hins vegar eru áhugaverð og ólík innbyrðis. Það verður ekki hægt að láta í té form, áköll og kynngipulur sérstakrar tegundar fyrir en sá tími er kominn, að þið hafið ykkar á meðal vitran fræðara í jarðneskum líkama sem getur safnað um sig nemum sínum og veitt þeim vernd áru sinnar og örvandi sveiflutíðni hennar, og ástandið í heiminum leyfir orðið, að slakað sé á spennunni og álaginu sem nú er ríkjandi. Það verður heldur ekki hægt að vekja orkustöðvarnar til starfa nema hjá örfáum einstaklingum fyrir en rás þróunarinnar er komin á vissu stig. Þá verða sérstakir namar valdir (ef til vill án þess að þeir viti það sjálfir) og sveiflutíðni þeirra stórhækkuð með ákveðnum aðgerðum. Aðeins sárfáir í hverju landi verða fyrir valinu, og þetta mun fara fram undir beinni handleiðslu eins af meisturunum er hagnýtir Helenu Petrovnu Blavatsky sem millilið.

3—Fræðslu um hvernig ákalla megi tívana í hugleiðingu er enn ekki óhætt að veita einstaklingum, en tilraunir eru þegar hafnar með heildi, t. d. í helgisiðum frímúrara og kirkjunnar. Formúlur sem gefa mönnunum vald yfir lágstæðari tímum er enn ekki hægt að láta í té. Mannkyninu er enn ekki treystandi fyrir slíkum mætti, því að meirihluti þess lætur

stjórnast af eigingjörnum hvötum og myndi misnota hann til eigin þarfa. Hinir vitru mannkynsfræðarar hafa komið að þeirri niðurstöðu — eins og mig minnir, að ég hafi áður sagt ykkur — að ónóg þekking sé sýnu hættuminni en of mikil, og að alvarlegri vandamál geti skapast af misnotkun máttarafla sem byrjendur í dulfræði ávinna sér en af þekkingarskortu er hefur engar karmískar afleiðingar.

Máttaröfl þau sem menn ávinna sér í dulfræðilegri hugleiðingu, geta sú er aðhæfing líkamanna leiðir af sér, eigindirnar sem þroskast í hverju starfstæki þegar notaðar eru ákveðnar formúlur, meðhöndlun efnisins sem er eitt af verkefnum dulfræðingsins og árangur vel aðhæfðra starfstækja sem andsvara fullkomlega ástandi hvers sviðs, þroskun orsakavitundarinnar — vitundar þeirrar er felur í sér mátt til að umlykja allt hið lægra — þetta er of alvarlegs eðlis til að fjalla um það kæruleysislega, og aðeins þeir sem hægt er að treysta eru útvaldir af kennaranum til þjálfunar á þessum leiðum.

Treysta í hvaða merkingu? Þeir eru valdir úr sem treystandi er til að hugsa ekki um sjálfa sig, heldur heildið; nota áunna þekkingu á líkõmunum og karma féлага sinna ekki í eigingjörnum tilgangi, heldur einungis þeim til skynsamlegrar hjálpar; hagnýta dulfræðileg máttaröfl í þágu þróunarinnar og alhliða framkvæmdar á áætlun hinna þriggja máttugu drottna.

Ég skal skýra þetta nánar:

Eitt af því sem hugleiðing leiðir af sér ef hún er iðkuð reglubundið og réttilega er flutningur vitundar lægra sjálfsins upp í æðra sjálfið. Þetta felur í sér hæfileikann til að sjá á orsakabreplögnum, skynja ósjálfrátt *staðreyndir* í lífi annarra, sjá fyrir atburði og þekkja afstætt gildi einstakra persónuleika. Og engum er treystandi fyrir slíkum hæfileikum nema hann sé orðinn fullkomlega þagmælskur, stöðuglyndur og óeigingjarn. Hver er kominn á það stig, að hann uppfylli þessi þrjú skilyrði?

Ég er að leitast við að gefa ykkur almenna hugmynd um hættur þær sem eru samfara ótímabærri þroskun máttaraflanna er ávinnast með hugleiðingariðkun. Mig langar ekki að draga kjark úr neinum, en ég vil leggja áherzlu á, að þrjú óhjákvæmileg skilyrði fyrir frekari þekkingu eru líkamlegur hreinleiki nemans, geðrænt stöðuglyndi og hugrænt jafnvægi. Það er ekki fyrr en farvegurinn til innsæisins opnast og farvegurinn til dýrseðlisins lokast, að hyggilegt er, að maðurinn haldi áfram. Það er ekki fyrr en hjartað hefur eflt getu sína til að þjást með öllu sem anda dregur, elska allt sem það kemst í snertingu við, og skilja og hafa samúð með jafnvel ógeðfældustu skapningum Guðs, að æskilegt er, að næsti áfangi taki við. Það er ekki fyrr en þroskinn er orðinn alhliða, vitsmunir og tilfinningar fylgjast að og hugræna sveiflutíðnin er hætt að standa í vegi fyrir hærri sveiflum andans, að nemanum er treystandi til að ávinna sér máttaröfl er leitt geta til hinna mestu hörmunga jafnt fyrir umhverfi hans sem hann sjálfan ef þau eru misnotuð. Það er ekki fyrr en hann myndar engar hugsanir aðrar en þær sem hann ætlar sér að skapa til að hjálpa heiminum með, að honum er treystandi til að fara hyggilega með hugsanaefni. Það er ekki fyrr en hann á sér enga þrá aðra en þá að komast á snoðir um fyrirætlanir meistarans til þess eins að geta lagt fram aðstoð sína við að raunbirta það, að honum er treystandi fyrir formúlum þeim sem gefa honum vald yfir lágstæðari tívunum. Hættur sem stöðja að óvarkárum nema eru svo margháttaðar og geigvænlegar, að mér var umhugað um að brýna fyrir ykkur gætni áður en ég héldi lengra.

Nú skulum við telja upp og skýra nánar vissar hættur sem maðurinn þarf að varast er hann tekur framförum í hugleiðingariðkun. Þær eiga sér ýmsar orsakir, og við þurfum að vera nákvæm þegar við skilgreinum þær.

1—*Hættur í sambandi við persónuleika nemans.* Þær skiptast í þrjá flokka eins og þið munuð sjá fram á: líkamlegar hættur, geðrænar hættur og hugrænar hættur.

2.—*Hættur sem stafa frá karma nemans og umhverfi hans.*

Þær skiptast einnig í þrjá flokka:

a—Karma núverandi jarðlífs hans, hinn einstaklingsbundni „takmörkunarringur“ sem birtist í þessari jarðvist.

b—Þjóðernislegur arfur hans og eðlishvatir, t. d. Hvort hann er í vestrænum eða austrænum líkama.

c—Heildistengsl hans, jafnt innræð sem útræð.

3—*Hættur frá annarlegum öflum sem þið af vanþekkingu álítið ill. Slíkar hættur felast í árás utanaðkomandi lífvera einhvers sviðs á nemann. Vera má, að þessar lífverur séu aðeins framliðnir menn sem ekki eru lengur í holdgun. Einnig geta það verið ómennskir íbúar annarra tilverustiga. Og þegar neminn er orðinn það þýðingarmikill, að athygli beinist að honum, getur árásin komið frá þeim er meðhöndla efnið einungis til að hindra andlegan vaxtarþroska — frá svartbræðrunum, iðkendum hinna svörtu lista og öðrum öflum sem virðast eyðandi. Virðast, sagði ég — þau virðast eyðandi aðeins þegar litið er á þau frá sjónarhóli tímans og í heimunum þrem. Orsökina er sú, að Logosinn okkar er sjálfur einnig á þróunarbrautinni, og frá sjónarhóli hinna margfalt máttugri verunda er liðsinna honum þar stafa þau af núverandi ófullkomnun hans. Vankantar náttúrunnar stafa af ófullkomnun Logossins er hann mun um síðir sigrast á.*

24. júlí 1920

Hætturnar sem steðja að hugleiðingarnemanum eru margvíslegar, og ég get aðeins bent ykkur í stuttu máli á vissa möguleika er geta haft hinar skaðvænlegustu afleiðingar í för með sér og varað nemann við árangri sem aðeins næst með alltof mikilli áreynslu, ofurákefð og einhygli er leitt getur til ójafnvægrar þroskunar. Einhygli er dygð, en hún má ekki vera þeirrar tegundar, að hún sjái aðeins eina aðferð og útiloki allar aðrar.

Hætturnar við hugleiðingariðkun felast að mestu leyti í dygðum okkar en ekki löstum, og þess vegna er erfitt að varast þær. Fíngerð hugskynjun getur verið hættuleg þegar grófari starfstækin geta ekki fylgt henni eftir, einkum þó þétti jarðlíkaminn. Æðri þrá, fasthygli og einurð eru nauðsynlegar dygðir, en séu þær notaðar dómgreindarlaust og án tillits til *tímabáttar* þróunarinnar geta þær orðið til að eyðileggja jarðneska starfstækið og stöðva með því allar framfarir í þeirri jarðvist.

Skiljið þið hvað ég er að fara? Ég vil brýna fyrir ykkur hve nauðsynlegt það er, að ein af megineiginum dulfræðinemans sé heilbrigð skynsemi ásamt farsælu afstæðisskyni er stuðlar að tilhlýðilegri varúð og leikni í að velja heppilega aðferð til lausnar hvers vandamáls. Við manninn sem leggur heilshugar út á braut dulfræðilegrar hugleiðingar vil ég segja þetta:

a—Þekktu sjálfan þig.

b—Farðu þér hægt og vertu varkár.

c—Rannsakaðu áhrif og afleiðingar.

d—Ræktaðu innra með þér skilning þess, að eilífðin er löng og það sem reist er með hægð varir um aldur og ævi.

e—Temdu þér reglubundið lífni.

f—Minnstu þess ávallt, að hinn sanni andlegi árangur kemur fram í ytra lífi þjónustunnar.

g—Hafðu einnig hugfast, að dulræn fyrirbæri eru enginn mælikvarði á velgengni hugleiðingariðkunar. Umheimurinn sér árangurinn og er færari um að dæma en neminn

sjálfur. Og fyrst og fremst veit meistarinn hvernig gengur, því að hann sér árangurinn á orsakajæplögunum löngu áður en maðurinn verður var við nokkra framför.

Nú skulum við taka fyrrnefnd atriði til athugunar hvert af öðru:

Hættur í sambandi við persónuleikann.

Við skulum byrja á að athuga hættur þær sem eru í nánustum tengslum við líf einstaklingsins og snerta líkami hans þrjá, ásigkomulag þeirra og gagnvirk áhrif. Þetta efni er svo víðtækt, að ég get aðeins bent á vissar afleiðingar er stafa af sérstökum skilyrðum, því að vandamálin eru jafn margvísleg og mennirnir, hver líkami hefur sína gagnverkun, og það hefur áhrif á hverja þrígreiða eðlisheild að hve miklu leyti samtenging hefur náðst. Við skulum byrja á að ræða hvern líkama sérstaklega, en síðan hina þrígreiðu heild. Þannig get ég veitt ykkur nokkra fræðslu um málið.

Ég byrja þá á huglíkamanum, vegna þess að hann er hvort tveggja í senn, sá líkami er stjórnar hinum tveim lægri og starfstækið sem hugleiðingneminn beinir mestri orku að.

Einarður nemi leitast við að flytja vitund sína úr jarðlíkamanum og geðlíkamanum upp í ríki hugsunarinnar eða lægri huglíkamann. Eftir að honum hefur tekist það fer hann að reyna að hefja sig upp fyrir lægri hugann og flytja vitundarstillinguna í orsakalíkamann. Þá notar hann *antakarana* sem miðlunarfarveg milli hins æðra og lægra, en efnisheilinn verður kyrrlátur viðtakandi skynjana frá sálinni eða æðra sjálfinu og seinna frá hinum þrígreiða anda eða þrenndinni. Það sem gera þarf er að vinna sig inn á við frá ummálshringnum, og sú aðferð leiðir til miðhverfingar. Þegar þeirri miðhverfingu er náð og vitundin hvílir óhagganleg í miðjunni, en sólarplexus stöðin og hjartastöðin trufla ekki, þá verður smádepill innan höfuðsins eða ein af þrem aðalorkustöðvum þess að miðbiki vitundarinnar, og geisli mannsins ræður hvaða stöð verður fyrir valinu.

Þetta er aðferð flestra nema. Og eftir að þessu stigi er náð ákvarðast val hugleiðingarkerfis af geisla hvers einstaklings eins og ég minntist á fyrr í þessum bréfum. En byrjunarstigið er ætíð, að huglíkaminn verði miðbik vitundarinnar. Með frekari þjálfun flyzt svo vitundarstillingin úr honum og upp í hærri líkami, fyrst orsakalíkamann og síðan þrenndina.

Hættur sem að huglíkamanum stöðja eru engin ímyndun, og neminn þarf að gæta sín vel á þeim. Þær eru fyrst og fremst tvær; annars vegar hætta á *hömlun*, hins vegar á *kyrkingi* í þessum líkama.

a—Við skulum fyrst athuga hættur sem stafa af hömlun. Sumir nemandar komast á það stig í hugleiðingu sinni, að þeir hamla eða stöðva algerlega hugsanastraum lægri hugans með viljakraftinum einum saman. Ef þið hugsið ykkur huglíkamann sem eggjala form er umlykur jarðlíkamann og nær langt út fyrir hann, og ef þið gerið ykkur ljóst, að í þessum eggjala hjúpi sveima stöðugt hugsanaform af ýmsu tagi, þ.e.a.s. innihald hugar mannsins og hugsanir sem berast frá öðrum í kringum hann, þannig að hugræna eggja litast af ríkjandi áhugamálum og breytir um mynd eftir hinum margvíslegu flatarmálsformum sem streyma um það í sífelldri hringiðu, þá getið þið gert ykkur einhverja hugmynd um hvað ég á við. Þegar neminn reynir að kyrra huglíkamann með því að hamla eða stöðva með valdi alla hreyfingu, þá kyrrsetur hann þessi hugsanaform innan hugræna eggsins, stíflar hringrásina og getur þannig valdið alvarlegum truflunum. Hömlunin hefur bein áhrif á efnisheilann, og af henni stafar þreytan sem margir kvarta um að fylgi hugleiðingariðkun. Ef þessu er haldið áfram viðstöðulaust getur það haft mjög skaðlegar afleiðingar. Allir byrjendur gera það að einhverju leyti, sumir þó í ríkara mæli en aðrir, og það hindrar þroskun þeirra og seinkar framför unz þeir læra að varast það. Og afleiðingarnar geta jafnvel orðið enn verri.

Hverjar eru þá réttu aðferðirnar til að losna við hugsanir? Hvernig er hægt að kyrra hugann án þess að beita viljaorkunni til hömlunar?

Ef til vill get ég gefið ykkur einhverjar nytsamar leiðbeiningar:

Neminn lyftir vitund sinni upp á hugræna sviðið og einbeitir sér að einhverjum miðdepli innan heilans. Síðan ómar hann orðið helga þrisvar sinnum þýðlega. Um leið og hann andar frá sér hugsar hann sér útöndunina sem hreinsandi mátt er ryður á brott öllum hugsanaformum sem eru á sveimi í hugræna egginu. Hann finnur huglíkamann hreinsast og tæmast af öllum hugsanaformum.

Þá hækkar hann sveiflutíðni sína upp í hröðustu sveiflur sem hann getur skynjað með það fyrir augum að lyfta vitundinni upp úr huglíkamanum og inn í orsakalíkamann, þannig að sálin geti náð beinni stjórn á þrem lægri starfstækjunum. Meðan hann heldur vitund sinni í þessari hæð og sveiflunum jafnhröðum og hjá sálinni á sínu eigin sviði er huglíkaminn í jafnvægisástandi. Hann andsvarar þá ekki neinum hægari sveiflum eins og hugsanaformunum sem sveima fram og aftur í kringum hann. Orka sálarinnar flæðir um allt hugræna eggid og hleypir engum utanaðkomandi flatarmálseiningum þangað inn, og á þann hátt er engin hætta á hömlun. Og það sem meira er — með tímanum stillist hugræna efnið eftir hærri sveiflunum, svo að tíðnin verður stöðug og hrindir ósjálfrátt frá sér öllu grófara efni og óæskilegra.

b—Hvað á ég við þegar ég tala um hættu af kyrkingi? Aðeins þetta: Það kemur fyrir suma að verða svo vitundarbundnir á hugræna sviðinu, að þeir eiga á hættu að rjúfa tengslin við tvö lægri starfstækin. En þessir tveir grófari líkamir hafa sinn tilgang, sem sé að ná snertingu við lægri sviðin og afla þar þekkingar og reynslu til að auðga með innihald orsakalíkamans. Því munuð þið sjá, að ef ídveljandi vitundin kemst ekki niður fyrir hugræna sviðið og vanrækir bæði líkama tilfinningalífsins og þetta jarðlíkamann, leiðir það af sér tvennt:

Í fyrsta lagi verða lægri starfstækin ónothæf og geta ekki þjónað tilgangi sínum, og frá sjónarmiði sálarinnar þýðir það kyrking og dauða.

Í öðru lagi mótast orsakalíkaminn ekki eins og vonir stóðu til, og það þýðir tímasóun.

Ennfremur verður huglíkaminn gagnslaus, fyllist eigingirni, kemur ekki að neinum notum í heiminum og reynist lítils virði. Dreymandi sem aldrei hrindir draumum sínum í framkvæmd, byggjandi sem sankar að sér efni er hann aldrei notar, sjáandi sem sér sýnir er hvorki koma guðum né mönnum að gagni er dragbítur á alheimskerfinu. Honum er mjög hætt við kyrkingi.

Hugleiðing á að hafa þau áhrif, að allir þrír líkamirnir lúti betur stjórn sálarinnar, og leiða til samstillingar og samtengingar, jafnvægrar og alhliða þroskunar sem gerir manninn að þörfu verkfæri hinna máttugu. Þegar maðurinn gerir sér þess grein, að hann er að verða of miðhverfur á hugræna sviðinu, ætti hann að stefna markvisst að því að umbreyta allri hugrænni reynslu sinni, löngunum og tilraunum í raunhæfan veruleika á jarðneska sviðinu, og láta hugann stjórna tveim grófari starfstækjunum og gera þau að verkfærum hugrænnar sköpunar sinnar og athafna.

Þetta eru tvær af algengustu hættunum í sambandi við hugleiðingariðkun, og ég ræð dulfræðinemum til að minnst þess, að allir þrír líkamirnir hafa sömu þýðingu í starfinu sem inna þarf af hendi, jafnt frá sjónarmiði sálarinnar sem mannkynsþjónustunnar. Þeir ættu að stefna að skynsamlegri samstillingu allra starfstækjanna í tjáningu, og það mun gera guðinum hið innra kleift að raunbirtast heiminum til hjálpar.

25. júlí 1920

Nú á dögum er geðlíkaminn mikilvægasta starfstækið innan persónuleikaheildarinnar og

það af ýmsum ástæðum. Fyrst og fremst er hann frábrugðinn jarðlíkamanum og huglíkamanum að því leyti, að hann er órofa eining. Auk þess er hann aðsetur vitundarstillingar alls þorra manna. Og engum líkama er eins erfitt að ná stjórn á; oftast beygir hann sig seinastur starfstækjanna undir stjórn æðra sjálfins.

Orsökina er sú, að sterkustu sveiflurnar í ríki mannsins og að nokkru leyti einnig í dýraríkinu og jurtaríkinu hafa jafnan verið sveiflur girnda eða langana, svo að innri maðurinn verður að sigrast á hneigðum sem hafa verið að mótast í þrem ríkjum náttúrunnar. Áður en andinn getur farið að nota form fimmta eða andlega ríkisins sem starfstæki er nauðsynlegt að útrýma sveiflum langananna og ummynda eigingjarnar tilhneigingar í andlega þrá til hins æðra.

Það lætur nærri, að jarðlíkaminn og geðlíkaminn starfi sem eining, því að venjulegt fólk stjórnast svo að segja algerlega af geðrænum hvötum, og þá hlýðnast grófasta starfstækið ósjálfrátt kröfum hins næsta fyrir ofan. Þess utan er geðlíkaminn það starfstæki sem hefur beinust tengsl við innsæislegu þreplögin, og ein af leiðunum að markinu liggur einmitt eftir þeim vegi. Í hugleiðingariðkun þarf að stjórna geðlíkamanum ofan af hugræna sviðinu, og þegar vitundarstillingin hefur verið flutt upp í huglíkamann með því að nota viss hugleiðingarform af einörðum ásetningi og viljakrafti kyrrist geðlíkaminn og verður móttækilegur.

Þetta móttækilega eða óvirka ástand getur í sjálfu sér orðið hættulegt ef of langt er gengið, og ég mun víkja nánar að því atriði síðar er við snúum okkur að *haldningu* sem stundum getur verið guðlegs eðlis, en oftast hið gagnstæða. Óvirkt ástand er aldrei æskilegt í neinum líkama, en það er einmitt þessi óvirkni sem byrjendur í hugleiðingariðkun ná oft tökum á og stofna sér á þann hátt í voða. Markmiðið ætti að vera að gera geðlíkamann virkan gagnvart umhverfi sínu og öllu lágstæðara, en móttækilegan einungis gagnvart andanum og þar með orsakalíkamann sem tengilið. Til þess þarf neminn að þroska með sér *eigind meðvitaðrar stjórnar* — þeirrar stjórnar sem vakir yfir lægri starfstækjunum og verndar þau jafnvel þegar sveiflutíðnin og snertingin við hið æðra nær hástigi. „Vakið og biðjið,“ sagði hinn máttugi drottinn þegar hann var seinast hér á jörðu, og orð hans bjuggu yfir dulfræðilegri merkingu sem enn hefur ekki verið veitt tilhlýðileg athygli eða túlkuð rétt.

Yfir hverju þarf þá að vaka?

Það er til dæmis þetta:

1—Afstaða geðræna eggisins og jákvæð-neikvæð eða virk-óvirk stjórn þess.

2—Stöðugleiki geðræna efnisins og að það sé meðvitandi móttækilegt.

3—Samtenging geðlíkamans við huglíkamann og orsakalíkamann. Sé sú samtenging ófullkomin eins og oft vill verða hefur það í för með sér, að móttökuskilyrðin verða ekki nógu góð fyrir sannindin sem send eru niður af hærri sviðunum með milligöngu sálarinnar, þannig að þau brenglast og verða ónákvæm, og ennfremur stórhættulegan orkuflutning að óákjósanlegum stöðvum.

Það er þessi vöntun á samtengingu sem veldur því, að margir menn er virðast andlega sinnaðir eiga örðugt með að varðveita kynferðislegan hreinleika. Þeir komast í einhverja snertingu við innsæislegu þreplögin, og sálin getur að takmörkuðu leyti miðlað mætti að ofan, en vegna þess að samtengingin er ófullkomin rennur orkan ekki eftir réttum farvegi, rangar stöðvar verða fyrir of sterkri örvun, og afleiðingarnar verða hinar skaðvænlegustu.

4—Enn ein hættan sem varast ber er *haldning*, en bezta vörnin gegn henni er fólgin í hreinum hugsunum, andlegum hugsjónum og óeigingjarnri bróðurlegri breytni. Ef við bætist heilbrigð skynsemi í hugleiðingariðkun, og neminn fer hyggilega eftir dulfræðilegum

reglum með hliðsjón af geisla og karma, þá munu þessar hættur hverfa.

28. júlí 1920

Nokkrar athuganir á ELDINUM.

Áður en við höldum áfram að ræða þetta efni frekar langar mig að vekja athygli ykkar á áhugaverðri staðreynd. Flest sálfræðileg fyrirbrigði jarðarinnar eru undir stjórn tívadrottinsins *Agni*, hins mikla frumlávarðar eldsins, stjórnanda hugræna sviðsins. Bakgrunnur þróunar okkar er alheimslegur eldur — eldur hugræna sviðsins. Það er tilgangur þróunar okkar þriggreinda lífs að ná valdi á þessum eldi, hreinsandi mætti hans og fágunaráhrifum. Þegar innri eldur hugræna sviðsins og óvirkjaður eldur lægri starfstækjanna sameinast hinum helga eldi þrenndarinnar er verkinu lokið og maðurinn orðinn fullnumi. Allt gerist það í samstarfi við drottinn *Agni* og æðstu tíva hugheimsins sem vinna undir hans stjórn og í samráði við tívadrottin annars sviðsins.

Stórheimsleg þróun hlítir sömu lögmálum og hin smáheimslega. Innri eldar hnattarins sem fólgnir eru í iðrum jarðar munu sameinast hinum helga eldi sólarinnar við lok hinnar stærri hringrásar, og mun þá sólkerfið hafa náð hástigi sínu. Smátt og smátt mun eldurinn gegnsýra eterana eftir því sem aldirnar líða og minni hringrásirnar taka við hver af annarri, og menn munu skynja hann æ skýrar og ná meiri stjórn á honum unz svo fer að lokum, að jarðneskur og alheimslegur eldur sameinast og samsvörunin kemur fram, en líkamir allra efnislegra forma munu aðlaga sig hinum breytilegu aðstæðum.

Þegar hliðsjón er höfð af þessu verður forvitnilegra að athuga ýmis jarðnesk fyrirbæri, svo sem jarðskjálftahræringar, og síðar munu menn gera sér grein fyrir áhrifum slíkra hamfara og endurverkunum þeirra á mannkynið. Á sumrin gerast eldtívarnir, formgervisverur eldsins og hinar leyndardómsfullu verur, *agnichaitanar* innri ofnanna, virkari, en þegar sólin færast aftur fjær verður ástand þeirra óvirkara.

Hér sjáið þið samsvörun milli hinna eldlegu meginþátta jarðarinnar í tengslum við sólina og hinna vatnslegu meginþátta í tengslum við tunglið. Í þessu er fólgin dulfræðileg vísbending. Og við hana ætla ég að bæta dulfræðilegri tilvitnun sem lyftir nemanum upp á hátt svið og örvar sveiflutíðni hans er hann brýtur heilann um merkingu hennar:

„Leyndardómur eldsins er fólgin í öðrum staf orðsins helga. Leyndardómur lífsins er fólgin í djúpi hjartans. Þegar lægri depillinn tekur að sveiflast, hinn helgi þríhyrningur glóir og depillinn, miðbikið og hátindurinn brenna, þá verða þríhyrningarnir tveir, æðri og lægri, að einum loga sem öllu eyðir í eldi.“

Nú þurfum við að ræða stuttlega hættur þær sem geta stöðjað að jarðlíkamanum þegar hugleiðing er iðkuð. Þær eru í eðli sínu þriggreindar eins og svo margt annað í kerfi Logossins og gera vart við sig:

- a—Í heilanum.
- b—Í taugakerfinu.
- c—Í kynfærunum.

Það var nauðsynlegt að tala fyrst um hættur sem stöðja að huglíkamanum og geðlíkamanum, vegna þess að margar af hættunum í sambandi við jarðlíkamann eiga upptök sín á efnisfínni sviðunum og eru aðeins ytri raunbirting innri meinsemda.

Sérhver maður fæðist í þennan heim klæddur efnisþéttum og eterskum líkama sem búinn

er sérstökum eigindum, og mótast þær af næstu jarðvist á undan. Líkami hans er nú samsettur svo að segja nákvæmlega eins og sá fyrri var þegar dauðinn losaði manninn úr viðjum jarðlífsins. Hlutverk hvers og eins er að athuga líkama sinn í því ástandi sem hann er, gera sér grein fyrir göllum hans og þörfum og vinna síðan markvisst að því að móta nýjan líkama er uppfyllir betur kröfur andans hið innra. Það er umfangsmikið verkefni og útheimtir tíma, harðan sjálfsaga, sjálfsafneitan og dómgreind.

Maðurinn sem tekur að iðka dulfræðilega hugleiðingu „leikur sér að eldinum“ í bókstaflegri merkingu. Ég vil leggja áherzlu á þessa staðhæfingu, af því að hún felur í sér sannindi sem sjaldan eru tekin til greina. „Að leika sér að eldinum“ eru gömul sannindi sem glatað hafa merkingu sinni, vegna þess hve oft þau eru endurtekin í hugsunarleysi, en þetta er algerlega rétt og ekki táknræn kenning, heldur bláköld staðreynd. Eldur er rót alls — sjálfíð er eldur, vitsmunirnir eru eldur á öðru stigi, og í hinu jarðneska starfstæki smáheimsins blundar eldur sem getur orðið annað tveggja: eyðandi afl er brennir vefi líkamans og örvar óæskilegar orkustöðvar eða lífmagnandi afl sem vekur og hvetur. Þegar rás eldsins er beint eftir réttum farvegi verkar hann hins vegar sem hreinsandi afl og myndar tengsl milli æðra og lægra sjálfsins.

Í hugleiðingariðkun leitast neminn við að komast í snertingu við hinn guðlega loga sem er æðra sjálf hans og sömuleiðis við eld hugræna sviðsins. Þegar beitt er þvingun eða of mikilli ákefð við hugleiðinguna áður en samtenging milli hærri og lægri líkamanna með geðlíkamann að tengilið er orðin fullkomin getur sá eldur orkað á hinn óvirkjaða eld í mænurótarstöðinni sem nefndur er *kúndalini* eða slöngueldur og hrundið of snemma af stað hringrás hans. Afleiðingin verður upplausn og eyðing í stað lífmögnunar og örvunar hærri orkustöðvanna. Eldurinn á að fara eftir ákveðnum flatarmálsvindingum sem ákvarðast af geisla nemans og sveiflutíðni hærri orkustöðva hans. Það ætti aldrei að vekja hann upp nema undir beinni handleiðslu meistarans og meðvitaðri stjórn nemans er fylgir sérstökum munnlegum leiðbeiningum kennara síns. Stundum kemur fyrir, að eldurinn vakni og streymi eftir réttum vindingum án þess að nemanum sé ljóst hvað er að gerast á jarðneska sviðinu, en hann veit það þá á innri sviðunum, þó að honum hafi ekki tekist að þrýsta þeirri vitneskju inn í vitund efnisheila síns.

Nú skulum við snúa okkur að þeim þrem hættum sem aðallega steðja að jarðneska starfstækinu. Ég vil vekja athygli ykkar á því, að ég ræði þessi vandamál í verstu mynd sinni, en það eru mörg lægri stig áhættu og erfiðleika sem mætt geta óvarkárum nema.

Hættur sem steðja að efnisheilanum.

Þær eru fyrst og fremst tvær:

a—*Blóðsókn*. Of mikil blóðsókn offyllir æðarnar og reynir mjög á viðkvæman heilavefinn. Þetta getur valdið varanlegum skemmdum og jafnvel algerum sljóleika, þannig að maðurinn verði fáviti. Á byrjunarstigi kemur það fram sem dofi og þreyta, og ef neminn þvingar sig til að halda áfram við hugleiðingariðkunina þrátt fyrir slíkar óþægindakenndir geta afleiðingarnar orðið næsta alvarlegar. Þið skuluð jafnan gæta þess að halda ekki áfram að hugleiða þegar þreyta gerir vart við sig, heldur hætta um leið og þið finnið, að eitthvað er að. Það er hægt að afstýra öllum þessum hættum með því að sýna heilbrigða skynsemi og minnast þess, að öll þjálfun líkamans verður að fara fram hægt og stigvaxandi. Í áætlun hinna máttugu er hvergi gert ráð fyrir neinum asa.

b—*Brjálsemi*. Þau illu örlög hafa margir of kappsfullir nemar hlotið er þeir héldu fast við óhyggilegan þrýsting eða reyndu dómgreindarlaust að vekja upp eldinn helga með öndunaræfingum og öðrum áþekktum aðferðum. Brjálsemi er gjaldið sem þeir verða að

greiða fyrir fljótfærni sína. Eldurinn fer ekki eftir hinum tilskildu flatarmálsformum, myndar ekki rétta þríhyrninga, og rafstraumurinn flæðir upp á við með sívaxandi hraða og hita og bókstaflega brennir allan heilavefinn eða hluta af honum og veldur þannig brjálsemi og stundum dauða.

Þegar fleiri verða farnir að skilja þessa hluti og viðurkenna þá, munu lækningar og heilasérfræðingar rannsaka vandlegar og af meiri nákvæmni rafmagnsástand mænuganganna og hvernig það svarar til ástands heilans. Góður árangur mun nást með því móti.

Hættur sem steðja að taugakerfinu.

Truflanir á taugakerfinu eru algengari en meinsemdir í heilanum, svo sem brjálsemi eða skemmdir á heilavefnum. Flestir sem taka að iðka hugleiðingu verða varir við áhrif hennar á taugakerfið, og geta þau verið með ýmsum hætti. Stundum koma þau fram sem svefnleysi eða örlyndi, taugaspenna og eirðarleysi sem leyfir enga slökun. Maðurinn verður ef til vill uppstökkur og örgeðja, þótt aldrei hafi borið á slíku hjá honum áður en hann hóf hugleiðingariðkun. Þá eru ósjálfráð viðbrögð eins og viprur, kippir og fiðringur tíð. Eða þunglyndi og slen. Taugaspennan getur birzt í margs konar myndum eftir eðli og lunderni hvers einstaklings.

Þessi taugaóstyrkur getur verið lítilvægur eða alvarlegur, en ég vil taka það skýrt fram við ykkur, að hann er með öllu óþarfur og neminn getur komið hjá honum ef hann *hlítir reglum heilbrigðrar skynsemi*, kannar hyggilega sína eigin skaphöfn og æfir ekki í blindni form og aðferðir, heldur heimtar að fá að vita ástæðuna fyrir hverjum verknaði. Ef dulfræðinemar temdu sér meiri sjálfsgaga, gættu betur að mataræði sínu, eyddu tilhlýðilegum tíma í hvíld og svefn og færu sér hægar í starfi sínu í stað þess að láta stjórnast af skyndihvötum, þá myndu þeir ná ríkari árangri og verða hæfari hjálpendur hinna máttugu við að þjóna heiminum.

Ég hef ekki í hyggju að fjalla sérstaklega um sjúkdóma heila og taugakerfis í þessum bréfum. Ég vil aðeins leitast við að gefa ykkur almennar vísbendingar og viðvaranir og benda á það ykkur til hvatningar, að sá tími mun koma er hinir vitru fræðarar ganga um meðal manna og kenna opinberlega í sérstökum skólum, og þá verða margs konar heilameinsemdir og taugatruflanir læknaðar með hugleiðingu sem verður hyggilega aðhæfð þörfum hvers einstaklings. Réttar hugleiðingaraðferðir verða notaðar til að örva kyrrstæðar orkustöðvar, beina innri eldinum í tilskilda rás, dreifa hinum guðlega hita í jöfnum hlutföllum, greypa í vefi og græða. Að þessu er enn ekki komið, en það er ekki eins langt undan og ætla mátti.

Hættur sem steðja að kynfærunum.

Hættan við að oförva þessi líffæri er vel þekkt og fræðilega viðurkennd, og ég ætla ekki að orðlengja um hana í dag. Ég vil þó benda á, að hún er alvarlegs eðlis. Ástæðan er sú, að innri eldurinn fylgir greiðustu leiðinni þegar hann oförvar þessar orkustöðvar, af því að mannkynið í heild er vitundarstillt á lægri sviðunum. Hlutverk nemans er því tvíþætt:

a—Hann þarf að beina vitund sinni á brott frá þessum orkustöðvum, og það er allt annað en auðvelt, því að það stríðir gegn áunnum hneigðum aldalangrar þroskunar.

b—Hann þarf að beina sköpunarhvöt sinni að hugræna sviðinu. Ef honum tekst það stefnir hann athafnarorku guðlega eldsins að hálsstöðinni og samsvarandi höfuðstöð hennar í stað kynfæruna. Af þessu munuð þið sjá hvers vegna það er ekki hyggilegt að eyða miklum tíma í hugleiðingariðkun á yngri árum nema maðurinn sé orðinn háproskaður. Það var vísdómur fólgin í hinni fornu reglu Brahmínanna, að sérhver maður yrði að vera heimilisfaðir á fyrra helmingi ævinnar og afljúka hlutverki sínu í heiminum áður en honum væri frjálst að hefja líf tilbiðjandans. Þetta var regla sem gildi fyrir alla venjulega menn, en þegar þroskaðar sálir,

nemar og lærisveinar eiga í hlut er öðru máli að gegna, og þá verður hver einstaklingur að leysa vandamál sín á sinn hátt.

29. júlí 1920

Hættur sem stafa af karma nemans.

Þeim má skipta í þrjá flokka eins og þið vitið, og eru þeir þessir:

- 1—Hættur sem stafa af karma núverandi jarðvistar hans.
- 2—Hættur sem grundvallast á þjóðernislegum arfi hans og líkamsgerð.
- 3—Hættur sem snerta heildistengsl hans, jafnt á jarðneska sviðinu eða útræðar sem á efnisfínni sviðunum eða innræðar.

Hvað hafið þið í huga þegar talað er um „karma nemans“? Við notum oft orð í hugsunarleysi, og ég geri ráð fyrir, að vanhugsað svar myndi hljóða á þá leið, að karma nemans væri fólgið í óhjákvæmlegum atvikum nútíðar eða framtíðar. Þetta er ekki að öllu leyti rangt, en það á aðeins við eina hlið heildarinnar. Við skulum athuga málið í stórum dráttum, því að oft má öðlast réttan skilning á smáatriðunum með því að gera sér grein fyrir aðalútlínunum þess.

Þegar Logosinn okkar myndaði sólkerfið dró hann inn í hring raunbirtingarinnar efni sem hæfði tilgangi hans og nægði til að hrinda áætluninni í framkvæmd. Hann hafði ekki öll hugsanleg markmið í huga fyrir þetta eina sólkerfi, heldur sérstakt takmark sem útheimti ákveðna sveiflutíðni og sérgreindar efniseigindir. Hringur sá er við nefnum hinn kerfislega eða sólræna takmörkunarring umlykur allt sem á sér stað í sólkerfi okkar, og hin tvíþætta raunbirting okkar fer fram innan hans.

Allt innan þessa hrings sveiflast í sérstakri tónhæð og hlítir vissum reglum með það fyrir augum að ná marki sem Logosinn einn þekkir til hlítar. Við getum litið svo á sem það lúti karma hinnar sjögreindu tímaskiptu tilveru og orsökum er áttu upptök sín áður en hringurinn var dreginn, þannig að kerfi okkar tengist bæði fyrirrennara sínum og því sem koma mun síðar. Við erum ekki aðgreind eining, heldur hluti af stærri heild, og samheild okkar lætur stjórnast af alheimslegum lögmálum og vinnur að ákveðnu markmiði.

Smáheimslegur tilgangur.

Sama gildir um smáheiminn. Sálin endurtekur athafnir Logosins á sínu eigin sviði og í miklu smærri stíl. Hún mótar visst form í sérstöku augnamiði, safnar vissu efni og stefnir að lokamarki sem næst með því að stilla þetta efni í ákveðna tónhæð, stjórna því samkvæmt sérstökum reglum í einhverri einni jarðvist og miða að vissu marki — *en ekki öllum hugsanlegum markmiðum.*

Sérhver persónuleiki er sálinni það sem sólkerfið er Logosnum. Hann er raunbirtingarsvið hennar og aðferð til að ná sýnilegu marki. Ef til vill er það mark í því fólgið að ávinna sér dygðir með því að greiða gjald lastanna, viðskiptavit með því að berjast fyrir nauðþurftum lífsins, þroska næmleika sinn með því að kynnst nakinni grimmd náttúrunnar, óeigingjarna þjónustu með því að sjá fyrir þurfandi fjölskyldu og ættingjum eða ummynda langanir sínar með því að taka brautina sem hugleiðingarefni. Svárið verður hver sál að finna sjálf.

En ég vil leggja áherzlu á, að það er viss hættu samfara þessu atriði. Ef neminn þroskar til dæmis með sér þá hugrænu getu sem þarf til að iðka hugleiðingu, en vanrækir samtímis það sem hann fæddist á jörðina til að framkvæma, þá er afleiðingin tap fremur en gróði: ójöfn þroskun og tímasóun um stundarsakir.

Við skulum taka sérstakt dæmi til að skýra þetta nánar: — Setjum svo, að ákveðin sál hafi myndað þriggreindan raunbirtingarlíkama og markað takmörkunarhring sinn með það fyrir augum að greypa í orsakalíkamann eigind „hugræns skilnings á meginstaðreyndum tilverunnar.“ Markmið þessarar jarðvistar er sem sé að þroska hugræna getu nemans, kenna honum hlutlægar staðreyndir og vísindi og auðga þannig innihald orsakalíkamans með framtíðarstarf í huga.

Nú má vera, að hjarta þessa manns sé of þroskað á kostnað heilans, að hann sé of mikill tilbiðjandi og hafi eytt mörgum jarðvistum í draumóra, sýnir og launspekilega hugleiðingu. Brýnasta þörf hans er að verða raunsær og skynsamur, kynna sér námsefnið í sal lærdómsins og hagnýta þekkingu þá er hann aflar sér á jarðneska sviðinu. En jafnvel þótt takmörkunarhringurinn virðist stemma stigu fyrir, að ígreypar eigindir hans fái útrás og allt sé miðað við, að hann *verði* að læra að lifa raunhæfu lífi í jarðheiminum, þá gerir hann það ekki, heldur fylgir því sem fyrir hann er greiðasta leiðin. Hann sökkvir sér ofan í draumóra og lætur umheiminn eiga sig; hann fer ekki að óskum sálar sinnar, heldur lætur tækifærin úr greipum sér ganga; hann þjáist ákaft, og í næsta lífi þarf hann að fæðast aftur í svipuðu umhverfi, en knúinn sterkari hvötum og í þrengri takmörkunarhring unz hann lýtur vilja sálarinnar.

Slíkum manni verður hugleiðing ekki til hjálpar, heldur hindrunar. Eins og ég hef áður sagt, ættu ekki aðrir að hefja hugleiðingariðkun en þeir sem hafa sæmilega jafnt þroskaða orsakalíkami og eru farnir að nálgast lokastigið í sal lærdómsins. Hér á ég ekki við launspekilega hugleiðingu, heldur vísindalega dulfræðilega hugleiðingariðkun.

Hætturnar eru þannig aðallega fólgnar í tímasóun og mögnun einnar sveiflutíðni á kostnað annarra, einhliða þróun og skakkri, hallandi byggingu sem þarf að rétta og endurreisa í seinni jarðvistum.

30. júlí 1920

Hættur sem grundvallast á þjóðernislegum arfi og líkamsgerð.

Eins og þið munuð skilja, er ekki tilgangur minn að orðlengja um hættur þær sem steðjað geta að gölluðum jarðlíkama. Í flestum tilvikum þar sem alvarlegir sjúkdómar, meðfæddir veikleikar eða geðtruflanir af nokkru tagi eru fyrir hendi má segja, að óhyggilegt sé að hefja hugleiðingariðkun, vegna þess að hún getur magnað erfiðleikana.

Ég vil sérstaklega vekja athygli nema þeirra er síðar munu lesa þessi bréf á því, að þegar menn hafa öðlast betri skilning á hugleiðingu verða tvö atriði tekin til greina við val hugleiðingarkerfis. Þessi atriði eru:

a—Kynþáttareinkenni mannsins.

b—Líkamsgerð hans, þ.e.a.s. hvort hann er í austrænum eða vestrænum líkama.

Þannig verður hægt að afstýra vissum óþægindum og örðugleikum sem núna gera vart við sig að meira eða minna leyti í öllum dulfræðifélögum.

Það er almennt viðurkennt, að hver kynþáttur hafi sem ríkjandi einkenni einhverja sérstaka eigind geðlíkamans. Ef við berum til dæmis saman kynþáttarmismun Ítala og Germana höfum við geðrænar eigindir helzt í huga. Við hugsum okkur Ítalann tilfinningaríkan, rómantískan, hverflyndan og fljóthuga, en Germanann daufgerðan, hversdagslegan, tilfinningasaman og þunglamalega rökvisan. Þið sjáið, að þessar ólíku skapgerðir geta ekki átt við sams konar hættur að etja, og ef iðkuð væri óákjósanleg hugleiðingaraðferð gætu dygðirnar eflst þangað til þær yrðu að löstum, lundernislegir veikleikar orðið háskalegir og árangurinn þannig jafnvægisleysi í stað þeirrar jöfnu og allhliða þroskunar orsakalíkamans sem að er stefnt. En þegar vitrir fræðarar fara aftur að ganga um

meðal manna og velja hæfileg hugleiðingarkerfi, þá munu þeir taka tillit til mismunandi kynþáttareinkenna, og meðfæddir veikleikar verða læknaðir, en ekki magnaðir. Ofþroskun á sumum sviðum og ójafnvægri þróun verður afstýrt með jöfnunaráhrifum dulfræðilegrar hugleiðingar.

Hugleiðingariðkun nú á dögum og hugleiðingariðkun á atlantíska tímabilinu er í grundvallaratriðum ólík. Hjá fjórða kynstofninum var leitast við að auðvelda aðferðina með því að komast beint frá geðræna sviðinu upp á innsæissviðið eftir farvegi atómísku sviðsdeildarinnar, en hugheiminum var svo að segja lokað á meðan. Þetta var leið tilfinninganna, og hún hafði sérstök áhrif á geðlíkamann, orkaði upp á við frá geðræna sviðinu. Nú er hins vegar starfað á hugræna sviðinu og reynt að ná stjórn á tveim lægri starfstækjunum ofan frá hugrænu þreplögunum.

Hjá aríska kynstofninum er leitast við að brúa bilið milli hins æðra og lægra og sækja orku til æðri sviðanna með því að færa miðbik vitundarinnar fyrst upp í lægri hugann og síðan orsakalíkamann þangað til niðurstreymið að ofan er orðið samfellt. Eins og er fá jafnvel langt komnir nema fæstir nema sjaldgæfa glampa hugljómunar, en síðar mun útgeislunin að ofan verða stöðug og samfelld. Hvor aðferðin hefur sínar hættur í för með sér. Á atlantíska tímabilinu var hætt við, að hugleiðingin örvaði tilfinningalífið fram úr hófi, og þótt menn klifu háa tinda stundum hröpuðu þeir einnig niður í djúpar gjár á milli. Kynkynngi var ótrúlega útbreidd. Sólarplexus stöðin var iðulega oförvuð, þríhyrningunum var ekki rétt fylgt, og gagnverkun eldsins beindist að lægri orkustöðvunum með hinum hörmulegustu afleiðingum.

Nú eru hætturannars annars eðlis. Þroskun hugarins leiðir af sér hættur eigingirni, hroka og blindrar gleymsku hins æðra sem núverandi aðferð er ætlað að draga úr. Fullnumar svörtu brautarinnar náðu miklum völdum á atlantíska tímabilinu, en þó eru þeir enn háskalegri nú á dögum, því að áhrif þeirra eru víðfeðmari. Af þeim sökum er áherzla lögð á þjónustu og stöðgun hugarins sem algera nauðsyn hjá hverjum þeim er leitast við að þroska sig og þráir að sameinast bræðralagi ljóssins.

Efnið sem ég ætla nú að reyna að veita ykkur fræðslu um er þýðingarmikið fyrir alla kappsama nema á þessu tímabili. Austurlönd eru mannkyninu það sem hjartað er mannlíkamannum; þau eru uppspretta lífs og ljóss, hita og fjörs. Vesturlönd eru mannkyninu það sem heilinn eða hugræn starfsemi er líkamannum — deild stjórnar og skipulagningar, verkfæri lægri hugans, safnari staðreynda. Munurinn á eðlisfari austurlandabúans annars vegar og Evrópumannsins eða Ameríkumannsins hins vegar er svo augljós, að ég þarf víst ekki að fjölyrða um hann hér.

Austurlandabúinn er heimspekilegur í hugsun, draumóragjarn, á sér að baki margra alda þjálfun í abstrakt hugsun, gefinn fyrir flókna rökfræði, daufgerður að skaplyndi og hægfara. Eftir margar aldir af háspekilegum heilabrotum, grænmetisneyzlu, drungalegu loftslagi, strangri formfestu og ósveigjanlegum lífsreglum er svo komið, að hann er alger andstæða hins vestræna bróður síns.

Vesturlandabúinn er raunsær, jarðbundinn, kraftmikill í athöfn og fljótvirkur, þrælbundinn skipulagningu (sem raunar er ekki annað en siðareglur í annarri mynd), lætur stjórnast af mjög hluthæfum huga, ágjarn, gagnrýnninn og stendur sig bezt þegar mikið liggur við og skjótra ákvarðana er krafizt. Hann hefur óbeit á abstrakt hugsun, en metur hana þó að verðleikum þegar hann öðlast skilning á henni og getur gert hugmyndirnar að veruleika á jarðneska sviðinu. Hann notar höfuðstöðina meira en hjartastöðina, og hálsstöðin er oft virk. Austurlandabúinn notar hjartastöðina meira en höfuðstöðina, en með hjartastöðinni vinna að sjálfsögðu hinar samsvarandi höfuðstöðvar. Stöðin efst í mænugöngunum við hnakkagrófina er virkari en hálsstöðin.

Austurlandabúinn þroskast með því að flytja vitundarmiðju sína upp í höfuðið með fastbeitri hugleiðingu. Það er höfuðstöðin sem hann þarf að ná valdi yfir, og hann lærir mest á því að nota kynngiþulur eða mantrömur hyggilega, draga sig í hlé og einangra sig og fylgja gaumgæfilega ákveðnum reglum klukkustundum saman á degi hverjum um langt tímabil.

Vesturlandabúinn stefnir í fyrstu að því að flytja vitundarmiðju sína niður í hjartastöðina, vegna þess að hann er þegar farinn að nota höfuðstöðvarnar svo mikið. Hann styðst fremur við samheildarform en einstaklingsbundnar kynngiþulur og starfar ekki eins mikið í einangrun og hinn austræni bróðir hans, heldur verður að finna vitundarmiðju sína jafnvel innan um iðandi mannþyrpingar stórborganna og hávaða og ringulreið viðskiptalífsins. Hann hagnýtir samheildarform til að ná tilgangi sínum, og vakning hjartastöðvarinnar birtist á ytra borðinu í þjónustu. Þess vegna er á vesturlöndum lögð rík áherzla á hugleiðingu í hjartastöðinni og þjónustulíf sem hún leiðir til.

Þið sjáið því, að markmiðið er eitt og hið sama, þótt aðferðir austurs og vesturs séu ólíkar og það ekki að ástæðulausu. Hugleiðingarkerfi sem myndi stuðla að auknum þroska austurlandabúa gæti leitt af sér hættur og hörmungar fyrir vestrænan bróður hans. Og öfugt. En markmiðið er og verður hið sama. Form geta verið einstaklingsbundin eða samheildarleg, einingar eða heildi geta sönglað kynngiþulur, ein eða önnur orkustöð getur orðið fyrir sérstakri örvun, en árangurinn verður hinn sami. Hætturnar koma þá fyrst fram er vesturlandabúinn fer í þjálfun sinni eftir reglum sem eiga við austurlandabúann, enda hefur einatt verið við því varað. Af vísdomi sínum munu hinir máttugu sjá um að afstýra þessum hættum. Mismunandi aðferðir fyrir ólíka kynþætti, margvísleg form fyrir hin ýmsu þjóðerni, en sömu vitru vegleiðendurnir á innri sviðunum, hinn sami völdugi salur vizkunnar, hin sömu hlið vígslunnar er opna öllum hæfum leitendum leið inn í helgidóminn

Að lokum vil ég gefa ykkur smávísibendingu: — geisli siðalögmáls eða skipulagningar, sjöundi geislinn sem nú er að hefja valdaskeið sitt, veitir vesturlandabúanum það sem lengi hefur talizt til forréttinda austurlandabúans. Mikil eru tækifærin sem nú bjóðast, og í orkustreymi sjöunda geislans býr sá aflvaki er knúið getur hinn vestræna mann áleiðis að fótiskör lávarðar heimsins.

2. ágúst 1920

Hættur sem snerta heildistengsl mannsins.

Í dag ætla ég að minnst lauslega á hættur þær í sambandi við hugleiðingariðkun er snerta heildistengsl mannsins, jafnt útræð sem innræð. Það er fátt hægt að segja um það efni nema í stórum dráttum. Sérhvert atriði sem ég hef vikið að hingað til væri kappnóg efni í meiri háttar ritgerð, og ég reyni því ekki að þrautræða neitt þeirra, heldur læt nægja að benda á viss sjónarmið sem opnað geta einlægum sannleiksleitanda margar nýjar þekkingarleiðir er hann íhugar þau vandlega.

Öll dulfræðileg þjálfun stefnir að þessu — að fá nemanum fræhugsun til íhugunar í þögn hjarta síns. Þannig getur hún veitt ríkulega uppskeru sem hann má með fullum rétti telja sína séreign. Það sem við ávinnum okkur með baráttu og ósérhlífnu striti tilheyrir okkur að eilífu og hverfur ekki í gleymsku eins og hugsanir sem við nemum með auganu af prentaðri síðu eða með eyranu af vörum kennarans, hversu virtur og dáður sem hann kann að vera.

Eitt er það sem oft vill gleymast þegar lagt er út á braut reynslunemans og hugleiðingariðkun hafin, það er að markmiðið sem að skyldi stefnt er ekki fyrst og fremst að þroska sjálfan sig til fullnustu, heldur að gera sig hæfan til að þjóna mannkyninu. Því fylgir náttúrlega af sjálfu sér vöxtur og þroskun nemans, en þjónustan er aðalatriðið. Og sú þjónusta á að beinast að þeim sem honum standa næst á jarðneska sviðinu. Ef hann gleymir sér í

ákafanum við að afla sér kunnáttu og þekkingar og vanrækir skyldur sínar við heildin sem hann er tengdur, þá á hann á hættu að kristallast, fyllast óheilbrigðu oflæti og stíga jafnvel fyrsta skref sitt í átt til vinstri brautarinnar. Ef innri vaxtarþroski fær ekki útrás í heildisþjónustu er maðurinn í hættu staddur.

Þrenns konar heildistengsl.

Ef til vill get ég nú gefið ykkur einhverja hugmynd um heildi þau sem maðurinn er tengdur á ýmsum sviðum. Þau eru mörg og margs konar og ekki ætíð hin sömu alla ævina, vegna þess að hann tengist nýjum og nýjum heildum meðan hann er að vinna af sér skyldukarmað sem ræður vali þeirra. Og eftir því sem þjónustugeta hans eykst kemst hann í snertingu við fleiri og stærri heildi unz þar að kemur um síðir, að þjónustuvettvangur hans spannar allan hnöttinn og hann starfar í þágu mannkynsheildarinnar gervallarar. En áður en honum er leyft að skipta um verksvið og taka að sér hnattleg, kerfisleg eða alheimsleg störf verður hann að hafa þjónað með þrígreinum hætti:

a—Fyrst þjónar hann með *athöfn*. Hann hagnýtir skynsemi sína, háleitustu eigindir huga síns og afrakstur snilligáfu sinnar í þágu mannkynsins. Hann ávinnur sér smátt og smátt gífurlegt vitsmunaafli, og samfara því sigrast hann á freistingu hrokans. Síðan leggur hann sínar virku gáfur á altari mannkynsheildarinnar og gefur það bezta sem hann á til í þeim tilgangi að hjálpa meðbræðrum sínum.

b— Þá þjónar hann með *kærleika*. Í rás tímans verður hann einn af frelsurum mannkynsins, starfar af fullkomnum kærleika í þágu bræðra sinna og lætur þeim í té allt sem honum er unnt að veita. Að lokum kemur líf hinnar hinztu fórnar, og í kærleika deyr hann til að aðrir megi lifa.

c—Loks þjónar hann með *mætti*. Hann hefur skírst í eldinum og sannað, að hann á enga hugsun nema heildinni til góðs, og honum er treyst fyrir mætti sem er ávöxtur virks kærleika skynsamlega beitt. Hann starfar í anda lögmálsins og neytir alls síns viljakrafts til að leiða í ljós mátt þess í hinum þrígreinu ríkjum dauðans.

Þið munuð hafa veitt því athygli, að í öllum þessum þrem þjónustugreinum er hæfileikinn til að starfa með heildum aðalatriðið. Þessi heildi eru margs konar eins og ég sagði áðan og mismunandi á hinum ýmsu sviðum. Við skulum telja þau upp í stuttu máli:

1—Á *jarðneska sviðinu*. Þar fyrirfinnast eftirfarandi heildi:

a—Fjölskylduheildið sem maðurinn er venjulega tengdur af tveim ástæðum: til að vinna af sér karma og greiða skuldir sínar og til að fæðast í jarðnesku starfstæki sérstakrar tegundar er sálin þarfnast í því skyni að geta tjáð sig á fullnægjandi hátt.

b—Starfsfélagar hans og vinir, fólkið sem hann hittir í umhverfi sínu, viðskiptafélagar hans, kirkjusöfnuður, kunningjar og ýmsir sem hann umgengst á tímabili og sér svo ekki framar. Tengsl hans við þetta heildi eru einnig tvígreind: annars vegar þarf hann að greiða skuldir sem hann kann að hafa stofnað til, hins vegar að kanna getu sína til að hafa góð áhrif á umhverfi sitt og meðbræður, taka á sig ábyrgð, leiðbeina og liðsinna. Með þessum hætti geta vegleiðendur mannkynsins fylgzt með verkunum og gagnverkunum hans, þjónustuhæfni og andsvari við þörfum annarra í kringum hann.

c—Þjónendur sem hann er í tengslum við, heildið undir stjórn einhvers hinna máttugu, þeir sem sameinaðir eru í þeim tilgangi að inna af hendi störf dulfræðilegs eða andlegs eðlis. Þetta heildi getur verið kirkjudeild er starfar meðal hinna strangtrúuðu (á því eru byrjendur gjarnan látnir spreyta sig) eða félagsstarfsemi annað hvort í verkalýðshreyfingunni eða á stjórnmalavettvanginum. Sömuleiðis getur það verið brautryðjendafélagsskapur eins og

Guðspekifélagið, Christian Science hreyfingin, nýhyggjustarfendur eða spíritistar. Og hér vil ég bæta við einni grein viðleitni sem þið munuð ef til vill furða ykkur á, að ég nefni — ég á við ráðstjórnarhreyfinguna í Rússlandi og öll róttæk félög sem þjóna af einlægni undir stjórn leiðtoga sinna, jafnvel þegar þeir eru jafnvægislausir og afvegaleiddir, til að bæta lífsskilyrði alþýðunnar.

Þarna eru sem sé þrjú heildi er maðurinn tilheyrir á jarðneska sviðinu. Hann hefur skyldur við þau og ber að rækja þær. Og á hvern hátt getur hættan nú steðjað að í sambandi við hugleiðingariðkun? Svarið er einfalt: meðan karma mannsins bindur hann ákveðnu heildi verður hann að stefna að því að gegna skyldum sínum við það fullkomlega. Þannig vinnur hann af sér karmískar skuldbindingar og þokast nær hinni endanlegu lausn. Auk þess verður hann að lyfta heildinu öllu með sér, svo að það megi hefjast á hærra stig og koma að betri notum.

En ef hann notar hugleiðingarkerfi sem hæfir honum ekki og leiðir til þess, að hann vanræki skyldur sínar, tefst hann frá markmiði lífs síns og verður að ljúka ætlunarverki sínu í næstu jarðvist. Og ef hann greypir í orsakalíkama heildisins, þennan samheildarlega ávöxt margra jarðlífa, eitthvað sem þar á ekki heima, hjálpar hann ekki, heldur hindrar, og það hefur hættur í för með sér.

Ég skal gefa dæmi til að skýra þetta nánar:

Setjum svo, að nemi sé tengdur heildi er inniheldur of mikið af tilbiðjendum, og að hann hafi bundist því með það eitt fyrir augum að skapa mótvægi með annari eigind: dómgreind og hugrænu jafnvægi. Ef hann nú lætur það eftir sér að bugast fyrir hugsanaformum heildisins og gerist sjálfur tilbiðjandi, iðkar hugleiðingu sem grundvallast á trúarhollustu og hirðir ekki um að skapa hið nauðsynlega mótvægi innan orsakalíkama heildisins, þá stofnar hann sér í hættu sem getur skaðað bæði sjálfan hann og heildið.

2—*Á geðræna sviðinu.* Þar tilheyrir hann allmörgum heildum, meðal annars:

a—Geðrænu fjölskylduheildi sínu. Hann er miklu nátengdari því en fjölskyldunni sem hann kann að fæðast hjá á jarðneska sviðinu hverju sinni. Þetta kemur iðulega í ljós þegar meðlimir geðræns fjölskylduheildis hittast á jörðinni. Þeir skynja innri skyldleika sinn þegar í stað.

b—Bekknun sem hann tilheyrir í sal lærdómsins. Þar veitist honum mikil fræðsla og leiðbeiningar.

c—Heildi ósýnilegra hjálpenda sem hann starfar með, og þjónendaheildi.

Þessum heildum fylgja skyldur og störf, og það er nauðsynlegt að hafa hliðsjón af þeim öllum þegar hugleiðingarkerfi er valið. Hugleiðingin á að geta eflt möguleika mannsins til að greiða karmískar skuldir sínar, skerpt sýn hans og gefið honum dómgreind og skilning á þörf hvers tímabils. Allt sem leiðir í öfuga átt er hættulegt.

3—*Á hugræna sviðinu.* Heildin þar mætti telja upp með þessum hætti:

a—Nemaheildi meistarans sem maðurinn er tengdur og starfar með. Þetta á aðeins við þegar hann er farinn að vinna af sér karma af miklu kappi og nálgast fyrsta áfanga brautarinnar. Hugleiðing hans á því að vera undir beinni handleiðslu meistarans, og ef hann notar nokkra formúlu sem ekki er aðhæfð þörfum hans stofnar hann sér í háska, vegna þess að sveiflur hugræna sviðsins og orkustraumarnir sem þar myndast eru margfalt kraftmeiri en á lægri þreplögunum.

b—Sálarheildið sem hann tilheyrir. Þetta er afar mikilvægt atriði, af því að þar verður að taka tillit til geisla mannsins þegar hugleiðingarkerfið er valið. Ég hef þegar fjallað um það.

Eins og þið sjáið, nefni ég engin ákveðin dæmi um hættur sem steðja að einhverjum

sérstökum líkama. Þannig er ekki hægt að fjalla um málið. En þegar menn hafa öðlast meiri skilning á dulfræðilegri hugleiðingu og verða farnir að rannsaka hana vísindalega munu nemar búa út hin nauðsynlegu heimildargögn og skrifa ritgerðir sem gera efninu eins rækileg skil og þá verða tök á. Ég læt mér nægja að benda ykkur á leiðina og vara við hættum — kennararnir á innri sviðunum gera sjaldan meira en það. Við miðum að því að þroska hugsendur og glöggskyggna menn sem ályktað geta rökrétt. Í því skyni kennum við mönnum að hugsa sjálfstætt, finna sjálfir lausn á vandamálum sínum, þroskast og móta skapgerð sína af eigin rammleik. Þannig er brautin

3. ágúst 1920

Hættur sem stafa frá annarlegum öflum.

..... Nú komum við að síðasta umræðuefninu í bréfi okkar um hættur samfara hugleiðingariðkun. Við höfum vikið að sérstökum hættum í sambandi við líkamina þrjá, og við höfum fjallað um hættur sem geta steðjað að ef ekki er tekið tillit til karma nemans og heildistengsla hans. Í dag tökum við til umræðu flókið og torskilið atriði. Við þurfum að athuga hættur þær sem stafað geta frá öflum og einstaklingum, verum og heildum á efnisfínni sviðunum. Erfiðleikarnir við það eru þrenns konar:

- 1—Vanþekking hins venjulega nema á eðli þessara afla og meðlimum heildanna á efnisfínni sviðunum.
- 2—Áhættan að ljóstra upp meira en ráðlegt er í riti fyrir almenning.
- 3—Dulfræðileg áhætta sem hinir óvígðu gera sér litla grein fyrir. Hún felst í því, að þegar hugsunin beinist að þessum vandamálum er hrundið af stað hugsanabylgjum, komizt í snertingu við strauma sérstakrar tegundar og hugsanaformum dreift er vakið geta athygli vera þeirra sem um er rætt. Stundum getur það haft óæskilegar afleiðingar í för með sér. Ég mun því verða stutturður um þetta atriði. Á innri sviðunum má finna ljós og vernd ef þörf krefur.

Þrenns konar verur:

Við getum skipt þessum verum í þrjá flokka:

- 1—Framliðnir menn annað hvort á geðræna eða hugræna sviðinu.
- 2—Tívar, annað hvort sem einstaklingar eða heildi.
- 3—Svartbræðralagið.

Við skulum taka hvern flokk um sig og gera honum gætileg skil, en leggja fyrst grundvöll þekkingarinnar með því að benda á, að hætturnar stafa af þrenns konar ástandi innan starfstækja nemans, og getur hugleiðingariðkun hans stundum verið orsök þess. Þetta ástand er:

- a—Neikvætt ástand sem gerir alla þrjá líkami persónuleikans móttækilega og óvirka og því berskjaldaða gegn árvökrum íbúum annarra sviða.
- b—Ástand vanþekkingar eða fífldirfsku. Neminn gerir tilraunir með form og kynngipulur án leyfis kennara síns og kemst þannig í snertingu við vissa tíva á geðræna eða hugræna sviðinu og verður vegna fáfræði sinnar skotsþónn árása þeirra og leiksoppur eyðingarhvata er í þeim búa.
- c—Ástand þveröfugt við a-lið. Neminn verður jákvæður og virkur farvegur orku eða máttar. Hann lærir með aðstoð kennara síns og hins dulfræðilega lögmáls að ná stjórn á

rafmögnumdu vökvaefni innri sviðanna. Hættan er fólgin í því, að hann vekur athygli þeirra sem berjast gegn bræðrum ljóssins.

Ástandið sem lýst er í a- og b-lið orsakast af óhyggilegri hugleiðingariðkun og vankunnáttu, en c-liðurinn er einatt ávöxtur velgengni. Þegar um óvarkárni og fáfræði er að ræða er það á valdi nemans sjálfs að ráða bót þar á með því að venja sig á meiri nákvæmni og gætni í hugleiðingariðkun sinni, en annars verður hann að leita aðstoðar með ýmsu móti sem ég mun víkja að síðar.

Hættur í sambandi við haldningu.

Hættan sem stafar frá framliðnum mönnum er satt að segja haldning. Maðurinn getur orðið haldinn þeim annað hvort um stundarsakir eða varanlega, jafnvel heilt æviskeið. Ég hef áður skrifað ykkur bréf um þetta efni, og við getum skotið því inn hérna á eftir. Við reynum jafnan að spara okkur tvíverknað ef hægt er. Ég vil fyrst og fremst leggja áherzlu á að þessi innrás er við nefnum haldningu á sér oftast stað þegar neminn gerir sig óvirkan og of móttækilegan með því að iðka hugleiðingu sem honum hæfir ekki. Hann þráir svo heitt að veita ljósinu að ofan viðtöku, er svo fastráðinn að komast með góðu eða illu upp á svið þar sem hann getur náð sambandi við kennarana eða jafnvel meistaran og reynir svo ákaft að útiloka allar hugsanir og lægri sveiflur, að honum verða á þau mistök að gera allan lægri persónuleikann móttækilegan. Hann opnar sig fyrir hverju sem er í stað þess að vera lokaður fyrir öllum utanaðkomandi öflum í umhverfi sínu og á lægri sviðunum og leyfa aðeins „hvirfilpunkti hugans“ (ef ég má nota svo óvenjulegt orðalag) að taka við sendingum frá orsaka- eða óhlutbundnu þreplögnum og jafnvel innsæissviðinu. Aðeins smádepill innan heilans má vera móttækilegur, en vitundin að öðru leyti þannig stillt, að hún truflist ekki af neinum ytri áhrifum. Þetta á við huglíkamann og geðlíkamann - hjá meirihluta mannkynsins nú á dögum reyndar aðeins við geðlíkamann.

Á þessu tímabili veraldarsögunnar er svo þéttbýlt á geðræna sviðinu og andsvör jarðlíkamans við geðlíkamanum svo ósjálfráð, að hættan á haldningu er meiri en nokkru sinni fyrr. Ykkur til hughreystingar vil ég þó segja, að mennirnir hafa aldrei verið jafnopnir fyrir hinu guðlega og nú, né heldur viðbrögð þeirra jafnskjót við æðra innblæstri. Guðlegur innblástur eða sú „guðlega haldning“ sem er forréttindi allra háþroskaðra sálna verður ein af aðferðum þeim er hinn komandi lávarður og hinir máttugu munu nota til hjálpar heiminum, en þá munu menn hafa öðlast meiri skilning á eðli hennar.

Þið þurfið að gera ykkur grein fyrir, að neikvæð haldning er í því fólgin, að maðurinn er á valdi verunnar sem hann er haldinn og tekur þátt í því sem hún aðhefst, óvitandi eða gegn vilja sínum. Sé hins vegar um guðlega haldningu að ræða starfar maðurinn *vitandi vits* og af fúsum vilja með hinni máttugu verund sem leitast við að íklæðast grófari starfstækjum hans eða yfirskyggja hann með innblæstri. Tilhvötin er jafnan sú að geta hjálpað mannkyninu betur. Haldningin er þá ekki afleiðing óvirks ástands, heldur virkrar samvinnu, og hún hlítir reglum lögmálsins og stendur yfir um takmarkað skeið. Eftir því sem fleiri af mannkyninu þroska með sér samfellda vitund milli jarðneska og geðræna sviðsins og síðar hugræna sviðsins mun það verða æ tíðara að veita æðri verundum þannig tímabundin yfirráð starfstækjanna og menn öðlast meiri skilning á aðferðinni til þess.

9. október 1919

Orsakir haldningar.

Eitt af verkefnum þeim sem dulfræðinemar þurfa síðar að leysa er að rannsaka eðli og orsakir haldningar. Okkur hefur verið sagt í mörgum dulfræðiritum, að haldning og vitfíring séu náskyld fyrirbæri. Geðveiki getur komið í ljós í öllum þrem líkömunum og er hættuminnst í jarðlíkamanum, en þrálátust og erfiðust viðureignar í huglíkamanum. Geðveiki í huglíkamanum er hinn þungi skapadómur þeirra sem líf eftir líf hafa fetað braut eingjarnrar grimmdar og notað vitsmuni sína í sérhyggnum tilgangi og gegn betri vitund. En þessi tegund geðveiki er aðferð sem sálin notar stundum til að hindra persónuleikann í að leiðast út á vinstri brautina. Á þann hátt getur hún verið blessun í dulargervi.

Við skulum byrja á að fjalla um orsakir haldningar, en fresta umræðum um geðveiki þar til síðar. Þessar orsakir eru fjórar, og hver þeirra þarfnast sinnar sérstöku meðhöndlunar:

1—Ein orsök er veikleiki eterska tvífarans eða vefjarins er tengir saman efnisþétta líkamann og hina etersku samstæðu hans. Þegar slaknar á þessum vef geta utanaðkomandi verur af geðræna sviðinu smeygt sér inn um opið sem ekki er lengur fastlokað. Þessi orsök er líkamlegs eðlis, karmísk og meðfædd, og á rætur sínar að rekja til mishæfingar á efni jarðlíkamans. Oftast er sjúklingurinn líkamlega veikburða og gáfnasljór, en búinn öflugum geðlíkama sem þjáist og berst af alefli til að hindra innrás.

Haldningin er ekki samfelld, heldur eiga árásirnar sér stað með nokkru millibili, og verða konur fremur fyrir þeim en karlar.

2—Önnur orsök er geðræns eðlis. Þá er ónóg samstilling milli geðlíkamans og jarðlíkamans, og þegar maðurinn ferðast um í geðlíkama sínum, t. d. á næturnar meðan jarðlíkaminn sefur, getur honum veitst örðugt að komast aftur inn í jarðneska starfstækið, en aðrar verur fá tækifæri til þess og varna hinni réttu sál inngöngu. Þetta er algengasta tegund haldningar, og hún sækir á fólk með kraftmikla jarðlíkami og sterkar geðrænar sveiflur, en lítt þroskaða huglíkami. Baráttan sem af þessu leiðir kemur meðal annars fram í æðisköstum öskrandi vitfíringa og krampateygjum flogaveiks fólks. Konum er síður hætt við þessari tegund haldningar en körlum, því að konur hafa venjulega sterkari vitundarstillingu í geðlíkamanum.

3—Hugræn haldning er sjaldgæfari. Við megum sennilega búast við, að hún verði algengari í framtíðinni eftir því sem huglíkamir mannanna þroskast. Í hugrænni haldningu fara umskiptin fram á hugrænu þreplögunum — þess vegna gerist þetta sjaldan. Jarðlíkaminn og geðlíkaminn starfa áfram sem eining, en hugsandinn stendur eftir í huglíkama sínum meðan haldningarveran stígur inn í tvö grófari starfstækin sveipuð hugrænu efni.

Þegar um geðræna haldningu er að ræða heldur hugsandinn eftir geðlíkama sínum og huglíkama, en missir umráðin yfir jarðlíkamanum. En þegar haldningin er hugræn missir hann bæði geðlíkama sinn og jarðlíkama. Orsökina er fólgin í ofþroskun huglíkamans á kostnað geðlíkamans og jarðlíkamans. Hugsandinn er of sterkur fyrir hina líkamina og lýtur ekki svo lágt að nota þá. Hann er of áhugasamur um starf á hugrænu þreplögunum, og þannig gefur hann haldningarverunum tækifæri til að hrifsa völdin. Þetta er fátítt eins og ég sagði áðan og afleiðing of einhliða þroskunar. Hugræn haldning kemur jafnt fyrir konur sem karla, oftast í bernsku, og er illlækanleg.

4—Enn sjaldgæfari orsök haldningar er verk svartbræðranna. Hún gerist með þeim hætti, að segulmagnaði hlekkurinn sem tengir sálinu við jarðlíkamann er rofinn, þannig að sálin stendur eftir í geðlíkama sínum og huglíkama. Undir venjulegum kringumstæðum myndi þetta hafa í för með sér dauða jarðlíkamans, en þegar svona er farið að kemur svartbróðirinn sem á að nota jarðlíkamann, íklæðist honum og tengir sig við hann með sínum eigin þræði. Þetta gerist sárasjaldan og aðeins í sambandi við tvönn konar fólk:

a—Annars vegar eru það háþroskaðir menn sem komnir eru á brautina, en bregðast skyldum sínum gegn betri vitund í einhverri jarðvist og opna sig þannig fyrir mætti hins illa. Synd — eins og þið kallið það — í persónuleika lærisveins myndar veikan punkt einhversstaðar, og það nota svartbræðurnir sér. Haldning af þessu tagi sést til dæmis í umhverfingu þeirri sem kemur fram er göfug sál virðist skyndilega steypa sér í glötun með því að gerbreyta sínu fyrra líferni og ata fagra skapgerð óþverra. Lærisveinninn hlýtur þá refsingu fyrir veikleika sinn að verða að standa hjálparvana á innri sviðunum og horfa í angist á grófasta starfstæki sitt leiða vanvirðu yfir raunverulegan eiganda og skapa illt umtal um hjartfólgið málefni.

b—Hins vegar eru vanþroskaðir og veiklyndir menn sem fá engum vörnum við komið.

Haldningarverur af ýmsu tagi.

Þær eru of margs konar til að hægt sé að nefna þær allar, en nokkrar tegundir getum við talið upp:

1—Framliðnir menn á lágu þroskastigi sem bíða endurfæðingar og grípa tækifærið þegar þeir finna fórnarlömb eins og þau er lýst var í fyrsta og öðrum lið hér að framan.

2—Sjálfsmorðingjar sem er umhugað um að ógilda verknað sinn og komast á ný í samband við jörðina.

3—Jarðbundnir framliðnir menn, góðir og illir, sem eru órólegir út af ástvinum sínum eða viðskiptamálum eða langar til að fremja illvirki eða bæta fyrir rangindi. Þeir hrifsa völdin hjá fólki eins og í fyrsta og öðrum lið.

4—Svartbræður sem notfæra sér einkum fólk eins og það sem talað var um í þriðja og fjórða lið. Þeir þurfa á háþroskuðum líkómum að halda, en hafa ekkert gagn af veikburða eða grófum starfstækjum. Veikleikinn sem lýst var í þriðja lið er eingöngu afstæðs eðlis og stafar af ofþroskun hugræna starfstækisins.

5—Formgervisverur og illgjarnar lífverur sem enn hafa ekki náð stigi mannlegs þroska. Þær koma þjótandi hvenær sem tækifæri gefst og þær finna sveiflutíðni skylda sinni eigin.

6—Sumir lágstæðari tívanna sem eru meinlausir en hrekkjóttir og skemmta sér við að fara inn í líkami annarra rétt eins og barn hefur gaman af að klæðast alls kyns búningum.

7—Gestir frá öðrum plánetum sem stöku sinnum íklæðast háþroskuðum starfstækjum í ákveðnum tilgangi. Það er afar fátútt . . .

Nú skal ég segja ykkur frá nokkrum þeirra aðferða er síðar verða notaðar í fyrstu tilraunum til lækninga á haldningu.

Þegar orsök haldningarinnar er veikleiki á jarðneska sviðinu verður höfuðáherzla lögð á að styrkja jarðlíkamann, einkum þó efnisfínni þátt hans eða eterska líkamann. Það verður gert með aðstoð tíva skugganna — fjólulitu tívanna eða tíva eteranna. Eterski vefurinn verður styrktur með aðgerðum í kyrrlátum heilsuhælum, og munu þær felast í notkun fjólublárra ljósa og samsvarandi tóna. Samtímis verður reynt að styrkja huglíkamann. Eftir því sem jarðlíkaminn verður sterkari mun árásunum fækka, og að lokum munu þær hætta fyrir fullt og allt.

Þegar orsökina er skortur á samstillingu jarðlíkamans og geðlíkamans verður byrjað á að særa verurnar á brott með kynngiþulum og helgisiðum, m. a. trúarlegum. Kunnáttumenn munu nota þessar kynngiþulur að næturlagi meðan jarðlíkaminn sefur og gera má ráð fyrir, að haldningarveran sé fjarstödd. Kynngiþulurnar munu laða hinn rétta eiganda aftur inn í líkama sinn, byggja umhverfis hann varnarmúr eftir að hann hefur tekið völdin í sínar hendur á ný og

þvinga haldningarveruna til að hafa sig á brott. Mesta vandamálið verður að treysta tengsl eigandans við líkama sinn. Fræðslustarf að degi til og verndarráðstafanir á næturnar munu smám saman hafa þau áhrif, að hinn illi íbúi eða óvelkomni gestur sér sig tilneyddan að gefast upp, og með tímanum mun varanlegt ónæmi myndast hjá sjúklingnum. Síðar verður hægt að veita nánari fræðslu um þetta atriði.

Þegar um hugræna haldningu er að ræða er örðugra að leysa málið. Áður mun takast að lækna líkamlega og geðræna haldningu, en hugræn haldning verður að bíða meiri þekkingar, þótt rétt sé að gera tilraunir frá upphafi til að lækna hana. Verkið þarf að vinnast á hugræna sviðinu að mestu leyti, og ekki geta aðrir leyst það af hendi en þeir sem færir eru um að starfa þar með fullu frelsi og ná þannig sambandi við hugsandann í huglíkama sínum.

Það er nauðsynlegt að fá hugsandann sjálfan til að taka þátt í aðgerðunum og gera síðan sameiginlega árás á hinn haldna jarðlíkama og geðlíkama. Flestar lækningar líkamlegrar og geðrænnar haldningar munu fara fram á næturþeli, en þegar haldningin er hugræn verður hugsandinn að endurheimta jarðlíkama sinn og geðlíkama báða í senn, og þar af stafa hinir gífurlegu örðugleikar. Oft verður það manningnum að bana.

Og ef segulmagnaði þráðurinn slitnar er ekkert hægt að gera á þessu stigi.

Hættur sem stafa frá tívaþróuninni.

Þetta atriði er mun flóknara. Þið munið, að ég minntist á það fyrr í þessum bréfum, að unnt væri að komast í snertingu við tívana með því að nota sérstök form og kynngipulur eða mantrömur, og að í því fælist háski fyrir þá sem ugga ekki að sér. Þessi háski kemur mjög við sögu núna af eftirfarandi ástæðum:

a—Fjóublái geislinn, sá sjöundi eða geisli siðalögmálsins sem nú er að hefja valdaskeið sitt hefur auðveldað þessa snertingu til muna. Það er á þeim geisla sem unnt er að nálgast tívana, og með því að nota helgisíði og föst form ásamt sérstökum háttbundnum hreyfingum má finna snertipunkt hinna tveggja skyldu þróunarleiða. Þetta mun koma glögggt í ljós við helgisíðaathafnir, og dulnæmt fólk er þegar farið að bera því vitni, að það hafi átt sér stað bæði í helgisíðum kirkjunnar og frímúrara. Þessi nálgun eða snerting mun verða æ tíðari og hafa margvísleg áhrif á grunlaust mannkynið, því að henni er samfara viss áhætta.

Eins og þið vitið, er helgistjórn hnattarins um þessar mundir að vinna markvisst að því að þrýsta inn í vitund tívanna vitneskju um hvert hlutverk þeim sé ætlað að leika í þróunarkerfinu og hvað mönnum beri að gera. Verkinu miðar hægt áleiðis, en nokkur árangur er óhjákvæmilegur.

Ég hef ekki í hyggju að ræða í þessum bréfum mínum þátt helgisíða og fastra kynngipuluforma í þróun tíva og manna. En ég vil benda á, að menn stofna sér í háska með því að nota óhyggileg form til að kalla á tívana, gera tilraunir með orðið helga í því skyni að ná sambandi við byggjendurna sem það orkar svo sterkt á og leitast við að hnýsast í leyndarmál er felast í helgisíðum og meðfylgjandi litum og tónum. Þegar neminn er eitt sinn kominn inn fyrir hlið vígslunnar er öll slík þekking réttmæt eign hans ásamt vitneskju þeirri sem kennir honum að starfa í anda lögmálsins. Sá sem fer eftir lögmálinu er ekki í neinum háska.

b—Mannkynið er fastráðið í að gægjast inn fyrir tjaldið og ganga úr skugga um hvað felst að baki hins óþekkta. Fólk um gervallan heim skynjar innra með sér óvirkjuð öfl sem hugleiðingariðkun vekur til starfa. Nemar gera sér ljóst, að með því að fylgja

gaumgæfilega ákveðnum reglum verða þeir næmari fyrir því sem sést og heyrst á innri sviðunum. Þeir sjá svipleiftur frá hinu óþekkta. Og stöku sinnum opnast innri sýnin um stundarsakir, svo að þeir sjá og heyra á geðræna eða hugræna sviðinn. Þeir koma auga á tíva þegar helgisiðir eru notaðir á fundum, þeir heyra tóna eða rödd er segir þeim sannindi sem þeir finna, að eiga við rök að styðjast. Og þá verður freistingin of ómóttstæðileg að reyna að þvinga fram meira af þessu tagi, lengja hugleiðingariðkunina og prófa sig áfram með ýmsar aðferðir sem eiga að geta glætt dulræna hæfileika. Þeir gæta ekki að sér, heldur beita þvingunum, og afleiðingarnar verða hinar hörmulegustu.

Hér vil ég gefa ykkur smávísbendingu: *Í hugleiðingariðkun er hægt að leika sér að eldinum í bókstaflegri merkingu.* Tívar hugrænu þreplaganna hafa umsjá með óvirkjuðum eldum kerfisins og þá jafnframt óvirkjuðum eldum innra mannsins. Það er sorglega auðvelt að verða leiksoppur viðleitni þeirra og farast af þeirra völdum. Ég er að segja sannleikann, ekki að gefa draumórakennu ímyndunarafla lausan tauminn. Varist að leika ykkur að eldinum.

c—Mikið af hættunni stafar frá því breytingatímabili sem nú stendur yfir. Enn hafa ekki verið mótaðir líkamir af rétttri gerð til að taka við og meðhöndla dulræna orku, og meðan þannig er ástatt stofnar framgjarn nemi sér aðeins í voða þegar hann notar óhæfa líkami við dulfræðilegar tilraunir. Eftir að maðurinn leggur fyrst út á braut dulfræðilegrar hugleiðingar tekur það hartnær fjórtán ár að endurmóta efnisfínni líkamina og raunar einnig þann jarðneska. Á því tímabili er ekki óhætt að fíkta við hið óþekkta, vegna þess að einungis menn með afar sterka og agaða jarðlíkami, stöðuga og jafnvæga geðlíkami og rétt rákaða huglíkami geta farið inn á efnisfínni sviðin og bókstaflega talað meðhöndlað *fohat*, því að það gera sannir dulvísindamenn.

Af þessum sökum leggja allir vitrir kennarar hvar sem er í heiminum áherzlu á *braut hreinsunarinnar* sem hver einasti nemi verður að feta áður en hann stígur inn á *braut uppljómunarinnar*. Þeir krefjast þess, að neminn þroski með sér andlegar eigindir áður en óhætt er, að honum veitist dulskynjun, og þeir heimta, að hann þjóni mannkyninu sýknt og heilagt um heilt æviskeið áður en honum er leyft að stjórna náttúruöflunum, ná valdi yfir formgervisverunum, starfa með tívunum og læra helgisiðina og formin, kynngipulurnar og lykilorðin sem laða þessa huliðskrafta inn í hring raunbirtingarinnar.

4. ágúst 1920

Hættur sem stafa frá svartbræðrunum.

Ég held, að ég sé búinn að segja ykkur hér um bil allt sem mér er unnt að gera uppskátt að svo stöddu varðandi svartbræðurna eins og þeir eru stundum nefndir. Ég vil aðeins leggja áherzlu á það hér, að venjulegur nemi þarf ekki að óttast neinar hættur af þeirra völdum. Það er ekki fyrr en maðurinn nálgast lærisveinsstigið og er farinn að skara fram úr meðbræðrum sínum sem verkfæri hvíta bræðralagsins, að hann dregur að sér athygli þeirra er leitast við að hamla rás þróunarinnar.

Þegar nemanum hefur tekist að þroska starfstæki sín allverulega með hugleiðingariðkun og virkri kraftmikilli þjónustu, þá koma sveiflur hans á hreyfingu efni sérstakrar gerðar, og hann lærir að meðhöndla það, stjórna fljóttandi formum þess og ná valdi yfir byggjendunum. Með þessu ræðst hann inn á valdasvið þeirra sem starfa með öflum innþróunarinnar, og þannig getur hann egnst þá til árásar gegn sér.

Árásir svartbræðranna geta verið margs konar og beinst að hverju sem er hinna þriggja starfstækja. Ég skal lýsa nokkrum þeirra í stuttu máli, en aðeins þeim sem lærisveinar geta orðið fyrir, enda þurfa lesendur þessara bréfa ekki að brjóta heilann um aðrar en þær:

a—Árás á jarðlíkamann. Þá eru allar hugsanlegar aðferðir notaðar til að hindra gagnsemi lærisveinsins með því að skaða jarðlíkama hans eða valda honum sjúkdómum. Slys eru ekki öll af karmískum uppruna, því að lærisveinninn er oftast búinn að vinna af sér mikið af þess háttar karma og er tiltölulega laus við hindranir af því tagi í virku starfi.

b—Sýndarljómi er önnur aðferð sem gripið er til, þ.e.a.s. lærisveinninn er sveipaður skýi úr geðrænu eða hugrænu efni sem nægir til að hylja raunveruleikann sjónum hans og brengla um stundarsakir hinu sanna. Það er með afbrigðum lærdómsríkt að rannsaka áhrif sýndarljóma og leiðir í ljós hversu ördugt það getur orðið jafnvel fyrir þroskaðan lærisvein að greina ætíð milli raunveruleika og blekkingar, sannleika og lygi. Sýndarljóma má nota bæði á geðrænu og hugrænu þreplögnum, en venjulega er honum beitt á geðræna sviðinu.

Ein tegund sýndarljóma felst í að varpa yfir lærisveininn stækkuðum skuggamyndum hans eigin hugsana um veikleika, uppgjöf eða gagnrýni sem hann kann að láta eftir sér annað veifið. Grunlaus lærisveinn gerir sér ekki grein fyrir, að hann sér þarna aðeins tröllaukna skugga sinna eigin sveimandi og hverfulu hugsana, og hann missir móðinn eða fyllist jafnvel algerri örvæntingu og verður þannig næsta gagnslítill í þjónustu hinna máttugu.

Önnur aðferð felst í að þrýsta inn í hugræna áru hans sefjunum og hugmyndum sem eiga að heita að koma frá hans eigin meistara, en eru einungis ísmeygilegar uppástungur er hindra og hjálpa honum ekki. Lærisveinninn þarf á miklum hyggindum að halda til að geta jafnan þekkt í sundur rödd kennara síns og falskt hvísl hins dulbúna staðgengils, og jafnvel háþroskaðir vígsluhafar geta látið blekkjast um tíma.

Margar og lævíslegar eru leiðir þær sem notaðar eru til að villa um fyrir starfandanum í þjónustu heimsins og rýra þannig árangur verka hans. Þess vegna hefur verið brýnt fyrir öllum leitendum að kosta kapps um að þroska með sér *viveka* eða dómgreind sem verndar þá gegn blekkingum. Ef lærisveinninn vinnur markvisst að þroskun þessarar eigindar og beitir henni við allt sem fyrir hann kemur í daglega lífinu, smátt jafnt og stórt, verður lítil hætta á, að nokkur geti afvegaleitt hann.

c—Þriðja aðferðin sem þrífaldlega er notuð felst í að hjúpa lærisveininn myrku skýi, umlykja hann ógagnsærri næturþoku sem hann getur villzt í, hrasað og oft fallið.

Ef til vill er það sortaský geðræns efnis, myrkar geðshræringar er virðast raska öllum stöðugum sveiflum og steypa ringluðum nemanum ofan í hyldýpi örvæntingarinnar. Honum finnst hann vera að missa tókin, hann verður leiksoppur ömurlegra kennda, hann telur sig yfirgefinn af Guði og mönnum og álitur allt sitt fyrra strit hafa orðið til einskis og fram undan dauðann einan.

Þegar svona er ástatt er *viveka*-hæfileikinn honum ómissandi, og hann þarf að vega og meta aðstæðurnar í ró og næði. Hann ætti að minna sjálfan sig á, að ekkert myrkur getur blindað guðinn hið innra, og að þar er ætíð hin stöðuga vitundarmiðja, óhagganleg hvað sem fyrir kann að koma. Hann ætti að þola og þreyja unzt allt er á enda kljád — allt hvað? Hið umlykjandi ský, ógagnsæ þokan, ömurlegar kenndirnar. Skýið mun bráðna í sólinni, og hann ryður sér braut gegnum myrkrið út í dagsbirtuna. Þá sér hann, að ekkert getur nokkru sinni náð til innri vitundarinnar og orðið henni að meini. Guðinn dvelst hið innra, hvað sem á gengur fyrir utan. Okkur hættir um of til að mæna út til umhverfisins, hvort sem það er á jarðneska, geðræna eða hugræna sviðinu, en gleyma, að það er í innstu fylgsnum hjartans sem við finnum snertipunkt okkar við Alheimslogosinn.

d—Og loks — því að ég get ekki talið upp allar aðferðirnar sem hægt er að nota — er sú

leið að sveipa lærisveinin hugrænu myrkri. Það getur verið vitræns eðlis og af þeim sökum enn örðugra að þreifa sig út úr því, vegna þess að þá dugir ekkert minna en máttur sálarinnar sjálfar til liðveizlu. Hins vegar nægir oftast róleg íhugun lægri hugans til að dreifa geðrænum skýjum. En þegar myrkrið er hugrænt er hyggilegast af lærisveininum að leita ekki einvörðungu hjálpar sálar sinnar eða æðra sjálfs, heldur ákalla jafnframt kennara sinn eða jafnvel meistarann og biðja um þá aðstoð sem er á þeirra færi að veita.

Þetta eru aðeins fáeinir af hættum þeim er umkringja leitandann, og ég vík að þeim ykkur til viðvörðunar og leiðbeiningar, en ekki í því skyni að vekja ótta.

Og hér skulum við stinga inn fyrra bréfi mínu sem ég minntist á áðan. Í því eru reglur lærisveininum til aðstoðar.

25. september 1919

Svartbræðralagið.

Í dag ætla ég að ræða við ykkur um öfl svartbræðralagsins. Þið þurfið að gera ykkur grein fyrir lögmálunum er stjórna athöfnum svartbræðranna, aðferðunum sem þeir nota í starfi sínu, og læra að hagnýta ykkur viðeigandi verndarráðstafanir. Ég hef áður tekið fram, að meirihluti mannkynsins er ekki í hættu af þeirra völdum, en með tímanum verður æ nauðsynlegra að kenna ykkur, starfendunum á jarðneska sviðinu, að verjast árásum.

Svartbræðurnir eru — og því megið þið aldrei gleyma — *bræður* okkar, að vísu afvegaleiddir og villuráfandi, en eigi að síður synir hins eina föður, enda þótt þeir hafi reikað langa vegu inn í land fjarlægðanna. Leið þeirra til baka verður löng, en af miskunnsemi sinni munu öfl þróunarinnar á ókomnum tímaskeiðum í fjarlægri framtíð þvinga þá aftur út á braut heimhvarfsins.

Hver sá er hreykir hlutbundna huganum of hátt á kostnað hins óhlutbundna og leyfir honum að staðaldri að útiloka æðri hugsun, hættir á að leiðast út á vinstri brautina. Margir villast þangað, en koma aftur og varast framvegis slík mistök á sama hátt og brennt barn forðast eldinn.

En maðurinn sem heldur fast við villu sína þrátt fyrir viðvaranir og þjáningar, það er hann sem um síðir verður einn af svartbræðrunum. Hatrammlega berst sálin í upphafi til að hindra þróun persónuleikans í þessa átt, en veikleikar orsakalíkamans hafa í för með sér misþroskun hans — og þið minnizt þess, að lestir okkar eru aðeins misnotaðar dygðir — þannig að hann verður ofþroskaður á sumum sviðum og fullur af götum og bláþráðum annars staðar þar sem dygðir ættu að vera.

Svartbróðirinn viðurkennir enga einingu við aðra menn, heldur lítur hann á þá sem sjálfsögð fórnarlömb eiginhagsmuna sinna. Þessi sama afstaða einkennir þá sem vitandi eða óvitandi leyfa svartbræðrunum að ná valdi á sér. Þeir virða engan mann, líta á alla sem réttmæta bráð sína, hagnýta hvern sem er í því skyni að þvinga fram eigin vilja og reyna að kveða niður alla andspyrnu með góðu eða illu og hrifsa það sem þeir girnast til handa persónulega sjálfinu.

Svartbróðirinn kærir sig kollóttan um þjáningarnar sem hann kann að valda öðrum og skeytir ekki um hugarangist þá er hann bakar andstæðingum sínum. Hann hvíkar ekki frá settu marki og lætur sér ekki fyrir brjósti brenna að verða nokkrum manni, konu eða barni að meini, svo framarlega sem það þjónar hagsmunum hans sjálfs. Búið er aldrei við neinni miskunn af hálfu þeirra sem stríða gegn bræðralagi ljóssins.

Á jarðneska og geðræna sviðinu hefur svartbróðirinn meiri völd en hvítbróðirinn — *ekki meiri völd í sjálfu sér*, heldur meiri völd *ad virðist*, af því að hvítbræðurnir kæra sig ekki um að beita mætti sínum á þessum tveim sviðum, en það gera svartbræðurnir aftur á móti.

Hvítbræðrunum væri í lófa lagið að neyta valds síns, en þeir kjósa fremur að láta það vera og starfa þess í stað með öflum þróunarinnar en ekki öflum innþróunarinnar. Formgervisöfl þessara tveggja sviða lúta stjórn tvenns konar máttar:

a—Hinna ídveljandi afla þróunarinnar er leiða alla fram til endanlegrar fullkomnunar. Hvítu fullnumarnir taka þátt í því starfi.

b—Svartbræðrana sem hagnýta stundum þessi formgervisöfl til að koma fram vilja sínum og hefnd á öllum andstæðingum. Undir stjórn þeirra starfa alloft formgervisverur jarðneska sviðsins, dvergarnir og lífefni formgervanna í illum myndum, sumir búálfarnir og þeir álfar sem eru brúnir, gráir og dökkir á lit. Svartbræðurnir hafa ekkert vald yfir háþroskuðum tívum né heldur bláu, grænu og gulu álfunum, en nokkrum rauðálfanna geta þeir náð stjórn á. Formgervisverur vatnsins liðsinna þeim stöku sinnum, að undanteknum vatnsöndunum og loftdísunum, og með valdi sínu yfir þessum innþróunaröflum tekst þeim stundum að rýra árangur verka okkar.

Oft dulbýst svartbróðirinn sem ein af máttarverum ljóssins, og þrásinnis þykist hann vera sendiboði guðanna, en ykkur til hughreystingar læt ég þess getið, að þeir sem hlíta handleiðslu sálarinnar munu sjá skýrt og ekki láta blekkjast.

Nú á dögum er vald svartbræðrana einatt gífurlegt. Hvers vegna? Vegna þess að mikið af efninu í persónuleikum mannkynsins er enn á því stigi, að það andsvarar sveiflum þeirra, og þannig veitist þeim auðvelt að hafa áhrif á starfstæki manna. Það eru tiltölulega sárafáir kynþættir á jörðinni sem tekizt hefur að mynda svo háa sveiflutíðni, að þeir geti andsvarað grunntóni bræðralags ljóssins er starfar svo að segja eingöngu á tveim hæstu þreplögum hugræna, geðræna og jarðneska sviðsins. Þeir sem eru vitundarstiltir í þessum sviðsdeildum geta skynjað árásir formgervisveranna á neðri sviðunum, en ekki beðið neitt tjón af þeim, og þar af stafar nauðsyn þess að temja sér hreint líferni, háleitar hugsanir og óflekkaðar tilfinningar.

Þið tókuð eftir, að ég sagði áðan, að völd svartbræðrana virtust meiri en hvítbræðrana á jarðneska og geðræna sviðinu. Þetta á ekki við um hugræna sviðið sem er starfsveitvangur bræðra ljóssins. Vera má, að voldugir svartkynngiðkendur eigi aðsetur sitt í neðri þreplögum hugræna sviðsins, en á þeim efri er hvítbræðrastúkan ríkjandi afl, og þrjár efstu sviðsdeildirnar eru þau þreplög sem hvítbræðurnir biðja syni manna að leita, valdasvið hinna máttugu er öllum ber að þrá og sækjast eftir.

Svartbróðirinn þrýstir vilja sínum inn í vitund manna þar sem hliðstæð sveiflutíðni er fyrir hendi og sömuleiðis formgervisríkja innþróunarinnar. Bræður ljóssins sárþæna villuráfandi mannkyn að beina augliti sínu til birtunnar að ofan. Svartbróðirinn tefur framfarir og hagnýtir sér allt í eiginhagsmunaskyni, en hvítbróðirinn reynir af alefli að hraða rás þróunarinnar, fórnar öllu því sem honum væri leyfilegt að njóta eftir hinn mikla sigur sinn og dvelst um kyrrt í þoku, stríði, illsku og hatri jarðarinnar á þessu tímabili til að geta orðið öðrum að liði, lyft þeim upp úr sortanum, gefið þeim fótfestu á fjallinu og gert þeim kleift að stíga upp af krossinum.

Hvaða aðferðir má nú nota til að vernda starfandann á sviði heimsmálanna? Hvernig er hægt að tryggja öryggi hans í baráttu nútímans og hinum afdrifaríkari hildarleik komandi alda?

1—Fyrst verða menn að gera sér ljóst, að hreinleiki allra starfstækjanna er grundvallarnauðsyn. Ef svartbróðir nær tökum á manni sýnir það aðeins, að einhver veikir blettur hlýtur að fyrirfinnast í lífi hans. Inngöngudyrnar verður maðurinn sjálfur að opna; illkynjuð öfl geta ekki streymt inn nema eigandi starfstækjanna leyfi þeim það. Þar af stafar sú nauðsyn, að jarðlíkaminn sé tandurhreinn, tilfinningarnar stöðugar og flekklausar í

geðlíkamanum og hugsanirnar tærar í huglíkamanum. Þá eru grófari starfstækin samstillt, og hugsandinn hið innra hleypir ekki inn neinum utanaðkomandi öflum.

2—Öllum ótta þarf að útrýma. Sveiflur þróunaraflanna eru hraðari en sveiflur innþróunaraflanna, og sú staðreynd felur óumdeilanlega í sér öryggi. Ótti veldur veikleika, og veikleiki veldur upplausn, veika hliðin brestur, og í ljós kemur rifa sem illu öflin geta flætt inn um. Þannig er það ótti mannsins sjálfs sem opnar dyrnar.

3—Vertu fastur fyrir og láttu ekkert haggja þér, hvað sem fyrir kann að koma. Enda þótt fætur þínir sökkvi í leðju jarðarinnar getur sól hinna æðri sviða skinið á höfuð þitt. Þú þarft ekki að saurgast af óþverranum sem þú kemur auga á í kringum þig.

4—Þú skalt meta að verðleikum gildi heilbrigðrar skynsemi og beita henni til lausnar hverju vandamáli. Sofðu mikið og lærðu að gera líkamann virkan í svefni, starfaðu af kappi á geðræna sviðinu og temdu þér rósemi hið innra. Ofþreyttu ekki jarðlíkama þinn og leiktu þér hvenær sem færi gefst. Á stundum hvíldar og slökunar lærirðu aðhæfingu sem síðar mun koma í veg fyrir óþarfa spennu.

6. BRÉF.

FORMNOTKUN Í HUGLEIÐINGU.

- a—Formnotkun til að hækka vitundina.
- b—Launspekileg og dulfræðileg formnotkun.
- c—Sérhæf form.
- d—Samheildarleg formnotkun.

6. BRÉF.

FORMNOTKUN Í HUGLEIÐINGU.

6. ágúst 1920

Ég get ekki orðið að öllu leyti við þeirri eðlilegu ósk ykkar að gefa í þessu sjötta bréfi mínu upplýsingar um sérstök form sem nota má til að ná ákveðnum árangri. Það er ekki ætlun mín að lýsa fyrir ykkur vissum formum sem þið getið síðan æft ykkur vandlega í að nota. Eins og ég hef áður bent á, fela slíkar tilraunir í sér of miklar hættur ef ekki er viðstaddur kennari sem fylgist með hugleiðingunni og öllum gagnverkunum í sambandi við hana.

Þetta verk er ætlað nemum nýrrar kynslóðar, og bréfin hafa sínu hlutverki að gegna innan áætlunarinnar. Það sem ég ætla að gera í dag er annars eðlis. Ég hef hugsað mér að taka fyrir fjögur atriði og skýra þau hvert af öðru. Ef neminn meltir með sér fræðsluna og fer eftir henni mun það veita honum nýjan skilning.

Hin dulfræðilega aðferð kennir jafnan eitt skref í einu, leggur eitt atriði fyrir nemann hverju sinni, og það er ekki fyrr en hann hefur stigið hvert skref og öðlast skilning á hverju atriði, að hið næsta í röðinni birtist sjónum hans. Kennarinn gefur vísbendingu, tæpir á

einhverju og snertir einhvern hápunkt. Neminn fylgir leiðbeiningum þeim sem áherzla er lögð á og sér þá, að nýtt ljós streymir inn í vitund hans, næsta stig verður honum sýnilegt, og hann fær frekari vísbendingar. Aðferð dulvísindamannsins við að þjálfra nema sinn er fólgin í samstæðum verkunum og gagnverkunum.

Nú snúum við okkur að efninu „FORMNOTKUN Í HUGLEIÐINGU,“ og ég ætla að skipta því í fjóra kafla:

- 1—Formnotkun til að hækka vitundina.
- 2—Launspækileg og dulfræðileg formnotkun.
- 3—Sérhæf form í sérstökum tilgangi.
- 4—Samheildarleg formnotkun.

Þið munuð sjá þegar ég útskýri þessi atriði hvert í sínu lagi, að markmið mitt er að veita ykkur réttan skilning á gildi formnotkunar í hugleiðingu, en ekki að kenna ykkur neinar sérstakar aðferðir. Ég vil reyna að sýna fram á innra eðli þessarar lögmálsbundnu aðferðar til að sameinast guðdóminum og ná samruna þeim milli hins æðra og lægra sem er takmark allrar þróunar. Mig langar að skilja eftir í hugum þeirra sem orð mín lesa sanna hugmynd um tengslin milli anda og efnis, en þau eru grundvöllur allrar starfsemi af þessu tagi.

Aðferðin sem Logosinn beitir í þessu öðru sólkerfi er einmitt formnotkun — til raunbirtingar, sem tjáningarmiðill og starfstæki er gerir ídveljandi lífinu kleift að vaxa, víkka, auðgast af reynslu og finna sjálft sig. Þetta á jafnt við hvort sem formið er heilt sólkerfi, mannleg vera í allri sinni margbreytni eða formið sem hún mótar í viðleitni sinni til að sannreyna og vita — form sem mótað er í þeim tilgangi að skapa starfstæki er gerir vitundinni fært að hefja sig stig af stigi upp að marki sem hún sér fyrir sér.

Og hér komum við að fyrsta atriði okkar:

1—*Formnotkun til að hækka vitundina.*

Í þessum kafla þurfum við að taka þrennt til athugunar:

- a—Vitundina sjálfa.
- b—Markið sem hún stefnir að.
- c—Skrefin sem að því leiða.

Hver eining mannkynsins er þáttur í hinni guðlegu vitund og skynjar eða er sér meðvitandi um eitthvað fyrir utan sitt eigið sjálf, veit, að hún er aðgreind frá starfstækinu sem umlykur hana eða formunum í kringum sig.

Á núverandi stigi þróunarinnar er hinn venjulegi maður aðeins gæddur sjálfsvitund eða er sér meðvitandi um sérgreiningu. Hann veit, að hann er greindur frá öllum öðrum meðlimum mannkynsfjölskyldunnar og myndar þannig einingu innan um aðrar einingar. Og hann viðurkennir rétt allra annarra sérgreindra eininga til að skoða sjálfar sig í sama ljósi. Auk þess viðurkennir hann, að einhvers staðar í alheiminum sé til vitund öllu æðri, og vitund þá nefnir hann guð eða náttúruna. Milli þessa sérhyggna sjónarmiðs (ég nota hugtakið „sérhygginn“ í fræðilegri merkingu, en ekki sem niðrandi lýsingarorð) og þokukenndrar kenningar um guð í allífinu eru fjölmörg stig, og við hvern áfanga á leiðinni þenst vitundin út og sjónarmiðið víkkar, þannig að einingin þokast skref af skrefi frá sjálfsvitund til viðurkenningar á öðrum og háleitari sjálfum, býr sig þannig úr garði, að hún geti skoðast sem mikilvægt sjálf og ávinnur sér um síðir dulfræðilega vitund um sitt eigið æðra sjálf. Hún sér, að æðra sjálfið eða sálin er hið sanna sjálfseðli, og þegar því marki er náð er næsti áfanginn að öðlast heildisvitund. Fyrst verður einingin vör við sitt eigið sálarheildi og eftir það önnur.

Þá tekur við enn eitt stig: viðurkenning hinnar alheimslegu frumreglu um bræðralag allra lífandi vera. Það er ekki nóg að viðurkenna það í orði, heldur verður vitundin að blandast samheildarvitund mannkynsins. Á þessu stigi vitundarþroskans finnur einingin ekki einungis til tengsla sálarheildis síns, heldur gerir hún sér einnig ljóst hver staða hennar er innan mannlegu helgistjórnarinnar á hennar eigin sviði. Hún veit *sem staðreynd*, að hún er fruma í líkama eins hinna máttugu himnesku manna. Þessi vitund á enn eftir að þenjast út og verður þá næstum óskiljanlega víðfeðm — þá skynjar einingin stöðu sína innan hins ofurmáttuga himneska manns er birtist í mynd sjálfs Logossins.

Hér getum við látið staðar numið í þessum umræðum, því að bréfin eiga ekkert erindi til þeirra sem eru að þroska með sér alveraldarvitund.

Þið munið skilja nauðsyn þess, að stigin séu tekin í réttri röð og hver áfangi skref af skrefi. Fyrst þurfið þið að gera ykkur grein fyrir, að það er í *vökuvitund* mannsins sem hin endanlega þensla og sannreynsla verður að eiga sér stað. Það getur verið, að sálinni á sínu eigin sviði sé mætavel ljóst, að vitund hennar er eitt með öllum öðrum vitundum, og skynji heildi sitt sem eitt með sjálfri sér, en þangað til maðurinn getur hafið sig upp á sama stig í jarðneskri heilavitund sinni og litið á sjálfan sig sem æðra sjálf innan sálarheildisins en ekki sérgreinda einingu er vitund sálar hans honum ekki gagnlegri en hver önnur fræðikenning sem hann hefur sjálfur ekki sannprófað.

Hann verður að öðlast persónulega reynslu í jarðneskri vitund sinni af hverjum áfanga og þekkingu af eigin raun það sem ég er að tala um áður en hann telst hæfur til að halda lengra. Kjarni málsins felst í þenslu hugarins unzt hann nær valdi á því sem honum er lægra og eigind abstrakts skilnings er leiðir fyrir eða síðar til jarðneskrar raunbirtingar.

Með öðrum orðum: þið verðið að sýna háleitustu hugsjónir ykkar og kenningar í verki, samtvinna hið æðra og lægra og gera lægra eðli ykkar þannig úr garði, að það geti orðið fullkominn tjáningarmiðill æðra sjálfsins.

Og þar leikur hugleiðingariðkunin sitt hlutverk. Í sannvísindalegri hugleiðingu eru notuð form á ýmsum stigum til að hækka vitundina og víkka hugann þangað til hann umlykur:

- 1—Fjölskyldu og vini mannsins.
- 2—Félaga hans í starfi og öðrum samskiptum.
- 3—Heildi þau sem hann er tengdur.
- 4—Sálarheildi hans.
- 5—Önnur sálarheildi.
- 6—Þann máttuga mann himnanna sem sálarheildin eru orkustöð í.
- 7—Hinn ofurmáttuga himneska mann.

Í þessu augnamiði verða síðar kennd viss form sem munu gera hverjum einstaklingi kleift að ná tilætluðum árangri smám saman.

Nú hef ég fjallað um fyrstu tvö atriðin, vitundina sjálfa og markið sem hún stefnir að, og get því snúið mér að hinu þriðja: skrefunum er að markinu leiða.

Hver sá er leggur út á braut dulfræðilegrar þjálfunar og þráir æðra líf er kominn fram úr hinum venjulega manni sem lítur á sjálfan sig frá einangruðu sjónarmiði og hugsar fyrst og fremst um eiginhagsmuni sína. Leitandinn stefnir að öðru marki; hann leitast við að sameinast æðra sjálfi sínu og öllu sem það hugtak felur í sér. Hin margslungnu stig og áfangar er taka við að því loknu heyra til leyndarmálum vígslunnar og koma umræðuefni okkar ekki við.

Á hinn bóginn snertir þráin til sálarinnar og æðri vitundar með samfara heildisvitund djúpt alla þá sem þessi bréf lesa. Það er næsta skrefið fram á við fyrir hvern þann er fetar braut reynslunemans. Og enginn stígur það með því einu að eyða hálf tíma á dag í formfasta

hugleiðingariðkun. Það útheimtir stöðuga viðleitni hverja stund frá morgni til kvölds og alla daga að halda vitundinni eins nálægt og unnt er þeim hápunkti sem náð var í morgunhugleiðingunni. Það útheimtir einnig óhagganlega ákvörðun að líta ævinlega á sig sem sálina, en ekki sérgreindan persónuleika. Og þegar sálin tekur við stjórninni í sívaxandi mæli mun hún enn fremur fela í sér hæfileikann til að líta á sig sem heildishluta er á sér engar óskir né áhugamál, langanir eða þrár nema heill og velgengni heildisins.

Það krefst sívakandi athygli hverja stund dagsins að hrapa ekki aftur niður í lægri sveiflutíðnina. Það kostar linnulausa baráttu við lægra sjálfið sem ávallt er dragbítur þegar um æðri þróun er að ræða. Markmiðið á að vera að gera hugleiðingarástandið að slíkum vana, að hugurinn dveljist í æðri vitundinni allan daginn unz hún er orðin svo stöðug, að formgervisverur lægri hugans, langananna og líkamans rýrna og þorna upp af næringarskortri, og hið þrígreinda lægra eðli verði að lokum aðeins miðlunartæki sálarinnar þegar hún þarf að komast í snertingu við heiminn og veita mannkyninu liðveizlu.

Með þessu vinnur maðurinn afrek sem venjulegan nema órar varla fyrir. Hann býr til form, ákveðið hugsanaform sem hann getur notað síðar til að stíga úr lægri vitund sinni upp í hina æðri, eins konar *mayavirupa* (hugskapaðan rannbirtingarlíkama) er verður farvegur hans.

Þessi form eru oftast, þó ekki ævinlega, af tveim gerðum:

1—Neminn býr til á degi hverjum með nákvæmni, alúð og athygli hugsanaform af meistara sínum er stendur honum fyrir hugskotssjónum sem persónugervingur hinnar fullkomnu æðri vitundar. Hann dregur útlínur formsins í hugleiðingu sinni, en fyllir það út í daglegu lífi sínu og hugsun. Allar dygðir prýða myndformið, öll litbrigði tindra innan þess, og það er lífmagnað fyrst af ást mannsins til meistara síns og síðar (þegar það er orðið til þess hæft) af meistaranum sjálfum.

Á vissu stigi þjálfunarinnar er formið notað sem grundvöllur þeirrar dulfræðilegu reynslu að flytjast upp í æðri vitundina. Neminn sér sjálfan sig sem hluta af vitund meistarans, og fyrir atbeina hinnar umlykjandi vitundar fullnumans tekst nema hans að smeygja sér inn í sálrænu heildissálina *vitandi vits*. Formið verkar þá sem hjálpartæki þangað til neminn þarf ekki lengur á því að halda og getur flutzt að vild inn í heildissálina og loks dvalizt þar varanlega með fullri vitund. Þetta er algengasta aðferðin, braut kærleika og trúarhollustu.

2—Hin aðferðin er í því fólgin, að neminn ímyndar sér sjálfan sig sem hinn fullkomna mann. Hann skapar hugræna mynd af sér sem persónugervingi allra dygða, og í daglega lífinu leitast hann við að verða sem líkastur hinni fögru hugsjón.

Þessa aðferð nota hugrænni sálgerðir, menntamenn og þeir sem tilheyra geislum er ekki eru eins litaðir af kærleika, trúarhollustu eða samræmishneigð. Hún er sjaldgæfari en hin. Hugræna hugsanaformið sem þannig er búið til er notað sem *mayavirupa* með sama hætti og hitt, og maðurinn smýgur úr þessum formum inn í æðri vitundina.

Af þessu munuð þið sjá, að viss undirbúningur er nauðsynlegur áður en slík form eru búin til og hver sálgerð mótar hugsanaform eftir sínu höfði.

Geðræna sálgerðin byrjar á að mynda form einhvers einstaklings sem hún dáir og tekur síðan aðra einstaklinga hvern af öðrum unz hún nær hámarki með hugsanaformi af meistaranum.

Hugræna sálgerðin byrjar hins vegar á að hugleiða þá dygð sem hún telur ákjósanlegasta, bætir síðan við hverri dygðinni af annarri meðan hún mótar hugsanaform hins fullkomna sjálfs unz hún hefur gert tilraun með allar dygðir og nær skyndilega snertingu við sálina.

Á morgun skulum við ræða sama efnið, en frá öðru sjónarmiði, og athuga þá muninn á

dulfræðingnum annars vegar og launspekingnum hins vegar.

8. ágúst 1920

2—*Dulfræðileg og launspekileg formnotkun.*

Efni þessa bréfs mun vekja áhuga ykkar, því að nú snúum við okkur að dulfræðilegri og launspekilegri formnotkun.

Ef til vill væri bezt fyrir okkur að byrja á að skilgreina nákvæmlega muninn á þessum tveim ólíku sálgerðum. Og ég ætla að hefja mál mitt með einni staðhæfingu: launspekingurinn þarf ekki endilega að vera dulfræðingur, en dulfræðingurinn hlýtur jafnframt að vera launspekingur. Launspekin er aðeins áfangi á braut dulfræðinnar. Í núverandi sólkerfi kærleiksknúinnar athafnar er braut launspekingsins eða braut kærleika og trúarhollustu greiðasta leiðin fyrir allan þorra manna. Í næsta sólkerfi verður greiðasta leiðin sú er við skilgreinum nú sem braut dulfræðingsins. Hin launspekilega braut er þá að baki.

Í hverju er mismunur þessara tveggja sálgerða fölginn?

Launspekingurinn einbeitir sér að lífinu sem þróast.

Dulfræðingurinn einbeitir sér að forminu.

Launspekingurinn leggur áherzlu á guðinn hið innra,

Dulfræðingurinn leggur áherzlu á guð í ytri raunbirtingu.

Launspekingurinn vinnur sig frá miðjunni út að ummálshringnum.

Dulfræðingurinn vinnur sig frá ummálshringnum inn að miðju.

Launspekingurinn vex af æðri þrá og innilegri hollustu við guðinn hið innra eða meistarann sem hann trúir á.

Dulfræðingurinn nær marki sínu með því að kynna sér verkanir lögmálsins og hagnýta reglur þær sem gilda þegar efnið er bundið og sveigt samkvæmt kröfum hins ídveljandi lífs. Á þann hátt nær hann sambandi við vitsmunaverurnar sem beita lögmálinu og loks við sjálfa alvirkuna.

Launspekingurinn starfar á geislum kærleika, samræmis og trúarhollustu eða gengur braut annars, fjórða og sjötta geislans. Dulfræðingurinn starfar á geislum máttar, athafnarorku og siðalögmáls eða fyrsta, þriðja og sjöunda geislanum.

Snertipunktur þeirra er á sviði hugþroskunar eða á fimmta geisla vísinda eða þekkingar sem er smábrot af alveraldarvirkunni. Á fimmta geislanum ummyndast launspekingurinn í dulfræðing, og eftir það getur hann starfað á öllum geislum.

Með því að finna guðsríki innra með sér og rannsaka lögmál sinnar eigin verundar öðlast launspekingurinn mikla þekkingu á lögmálunum er gilda í alheiminum sem hann er hluti af.

Dulfræðingurinn sér guðsríki í náttúrunni eða kerfinu og sjálfan sig sem lítinn hluta hinnar miklu samheildar er lýtur sömu lögmálum.

Launspekingurinn starfar allajafna í deild heimsfræðarans eða *bodhisattvans* og dulfræðingurinn oftast í deild mannkynshöfðingjans eða *manúsins*, en þegar báðir hafa starfað á hinum fjórum eigindageislum í deild lávarðar siðmenningarinnar eða *mahachohansins* ná þeir fullnaðarþroska, launspekingurinn gerist dulfræðingur, og dulfræðingurinn hefur alla séreiginleika launspekingsins auk sinna eigin.

Eftir vígslu verður launspekingurinn að dulfræðingi, vegna þess að hann gerist nemi hins dulfræðilega lögmáls. Hann þarf að meðhöndla efnið og ná valdi á öllum lægri formum raunbirtingarinnar og læra reglur þær sem tívabyggjendurnir hlíta. Fyrir vígslu mætti jafnt

nefna launspékilegu brautina braut reynslunemans. Áður en dulfræðingurinn nær skynsamlegri stjórn á efni sólkerfisins verður hann að hafa lært til hlítar lögmálin sem smáheimurinn lýtur. Og jafnvel þótt hann sé kominn á dulfræðilegu brautina verður hann að finna guðinn innra með sjálfum sér áður en honum er óhætt að áráða út á braut hins dulfræðilega lögmáls.

Launspekingurinn leitast við að komast af geðræna sviðinu upp á innsæissviðið og þaðan til mónadsins eða andans. Dulfræðingurinn kemst af jarðneska sviðinu upp á hugræna sviðið og þaðan til *atma* eða andans.

Annar fetar braut kærleikans, hinn braut viljans.

Launspekingurinn bregst innsta hlutverki verundar sinnar — kærleiksknúinni athöfn — ef hann nær ekki samstillingu með því að beita skynsamlegum viljamætti. Þess vegna verður hann að gerast dulfræðingur.

Dulfræðingurinn nær heldur ekki tilætluðum árangri og verður aðeins eigingjarn fulltrúi vitsmunaknúins máttar ef hann finnur ekki markmið fyrir vilja sinn og þekkingu með því að þroska hjá sér lífmagnandi kærleika er gefur baráttu hans gildi.

Ég hef reynt að skýra fyrir ykkur mismun þessara tveggja heilda, af því að hann er mikilvægur með tilliti til hugleiðingariðkunar. Formin sem sálgerðirnar tvær nota eru gagnólík, og það er mjög áhugavert að skoða þau með dulskyggnum augum.

Launspékilega formið.

Hugtakið „launspékilegt form“ er næsta þversagnakennt, vegna þess að launspekingurinn notar einmitt alls engin form ef hann fær sjálfur að ráða. Hann einbeitir huga sínum að guðinum hið innra og lætur hann dvelja við þessa innri vitundarmiðju, og hann reynir að tengja hana öðrum orkustöðvum — til dæmis meistara sínum, einhverjum dýrlingi eða jafnvel hinum æðsta Logos. Hann sækir á brattann eftir *slóð lífsins*, en virðir umlykjandi hjúpa sína að vettugi. Hann fetar braut eldsins. Í augum hans er staðhæfingin „því að drottinn, Guð þinn, er eyðandi eldur“ ekki líkingamál, heldur bókstafleg staðreynd og sannleikur sem hann hefur gert sér ljósan.

Hann stígur upp frá eldi til elds, öðlast æ víðtækari reynslu af hinum ídveljandi eldi unz hann snertir loks eld alheimsins. Eina formið sem hægt er að segja að launspekingurinn noti er eldstigi eða eldkross, og þannig hækkar hann vitund sína upp á tilætlað stig. Hann einbeitir sér að hinu óhlutbundna, hugsar meira um eðli en eigindir, hina lífrænu fremur en þá hlutbundnu. Hann brennur af þrá til hins æðra, hann elskar og samræmir, og hann starfar af trúarhollustu. Í hugleiðingariðkunum sínum leitast hann við að loka algerlega fyrir hluthæfa hugann, og hann vonast til að geta hafið sig beint upp á innsæissviðið frá sviði tilfinninganna.

Hann hefur galla þá er sálgerð hans eru samfara — hann er draumóragjarn, óraunsær og mjög á valdi tilfinninga sinna, og hann skortir þá eigind hugans sem við nefnum dómgreind. Hann er gæddur innsæisgáfu og hneigist til sjálfsfórnar og píslarvættis, Áður en hann getur náð árangri og gengið undir vígslu þarf hann að áorka þrennu:

1—Hann verður að ná stjórn á öllu eðli sínu með hugleiðingariðkun, læra að búa til hugsanaform og ganga þannig úr skugga um gildi þeirra.

2—Hann þarf einnig að læra að meta gildi hins hluthæfa og gera sér glögga grein fyrir hlutverki því sem hinir ýmsu hjúpar hafa að gegna innan áætlunarinnar, vegna þess að í þeim þarf lífið sem hann ann svo heitt að raunbirtast. Hann verður að þroska huglíkama sinn og birgja hann upp af efni úr forðabúri staðreyndanna áður en hann kemst öllu lengra áleiðis.

3—Og hann þarf að læra að gera sér grein fyrir hinu tvígreinda gildi stórheimsins með því að rannsaka smáheiminn, sitt eigið anda-efnis-kerfi í smækkaðri mynd.

Í stað þess að þekkja einungis *eldinn sem eyðir* þarf hann að læra að skilja og hagnýta *eldinn sem skapar*, eld þann er sambræðir og þróar formin. Í hugleiðingariðkun sinni verður hann að læra að þekkja hið þrígreiða notagildi eldsins. Ég vil leggja áherzlu á þessa seinustu setningu; hún er mikilvæg.

10. ágúst 1920

Dulfræðilega formið.

Í fyrradag ræddum við aðferð launspekingsins til sameiningar við hið æðra og sögðum í stuttu máli frá leið hans að markinu. Í dag skulum við lýsa með jafnfáum orðum stefnu dulfræðingsins og hugleiðingaraðferð, gera samanburð á launspekilegri og dulfræðilegri hugleiðingu og benda loks á hvar leiðirnar tvær þurfa að sameinast og sérkenni þeirra að verða samkenni.

Greiðasta leiðin fyrir dulfræðinginn er *leið formsins*. Og hér langar mig að skjóta inn athugasemd. Ef sú staðreynd er viðurkennd getum við af nokkurri vissu gert ráð fyrir, að dulfræðileg þekking nái skjótri útbreiðslu í náinni framtíð og allmargir sannir dulvísindamenn komi fram á sjónarsviðið. Þegar sjöundi geislinn eða geisli siðalögmáls og forma tekur við völdum verður mun auðveldara að finna dulfræðilegu brautina og tileinka sér dulfræðilega þekkingu.

Í fyrstu lætur dulfræðingurinn sig meira skipta formið sem guðdómurinn raunbirtist í en guðdóminn sjálfan, og þar kemur eðlismunur hinna tveggja sálgerða skýrt í ljós. Launspekingurinn lokar fyrir *hugann* eða leitast við að hefja sig upp fyrir hann meðan hann er að finna hið raunverulega sjálf. Dulfræðingurinn nær sama árangri með því að notfæra *eðlisþátt hugans* á báðum stigum sínum. Hann hefur vitrænan áhuga á formunum sem hylja sjálfið og lærir að þekkja hina umlykjandi hjúpa. Hann rannsakar lögmálin sem stjórná hinu raunbirta sólkerfi. Hann einbeitir sér að hinu hlutbundna og vanmetur stundum gildi hins huglæga eða óhlutbundna meðan hann er yngri og óþroskaðri. Að lokum nær hann snertingu við vitundarmiðju lífsins með því að leggja til hliðar vitandi vits hvern hjúpinn af öðrum. Hann hugleiðir formið þangað til það hverfur sjónum og skapari þess verður *allt sem er*.

Eins og launspekingurinn þarf hann að áorka þrennu áður en hann nær árangri:

1—Hann þarf að læra reglur lögmálsins og heimfæra þær upp á sjálfan sig. Aðferð hans felst í ströngum sjálfsaga, og það er óhjákvæmilegt vegna þess að hann mætir annars konar hættum en launspekingurinn. Hroki, eigingirni og hagnýting lögmálsins til að svala forvitni — eða valdaporsta — þessu verður hann að eyða í eldinum áður en óhætt getur talizt að treysta honum fyrir leyndarmálum brautarinnar.

2—Í hugleiðingariðkun sinni verður hann að notfæra formið til að einbeita huganum að lífinu innan þess. Hann þarf að leita logandi eldsins hið innra er geislar út frá öllum formum sem umlykja hið guðlega líf.

3—Hann þarf að rannsaka stórheiminn eða „guðsríki hið ytra“ unz hann finnur hið sama „guðsríki hið innra.“

Hér komum við að snertipunkti launspekingsins og dulfræðingsins þar sem brautir þeirra sameinast. Ég minntist á það fyrr í þessu bréfi, að fróðlegt væri að skoða hin ólíku form launspekingsins og dulfræðingsins með dulskyggnum augum. Ykkur til gamans get ég vikið að þeim mismun í stuttu máli, en þangað til þið hafið sjálf áunnið ykkur sams konar skyggni verða lýsingar mínar að sjálfsögðu einungis orðin tóm.

Dulfræðileg og launspekileg form skoðuð með skyggnum augum.

Í hugleiðingariðkun sinni býr launspekingurinn til umhverfis sig þokukennt, óglögg og skýjað form. Kjarni þess er gjarnan einhver eftirlætistáknun hans, svo sem kross, altari eða jafnvel hugsýn af einum hinna máttugu, eftir því hvert hugur hans hneigist. Þetta form er sveipað mistri trúarhollustunnar og hrærist af litabylgjum er tjá æðri þrá, kærleika og innilega löngun. Litirnir eru einkar hreinir og skírir og svífa hátt upp í loft. Þéttleiki og fegurð hinna svifléttu skýja fer eftir hæfileika mannsins til æðri þrár og kærleika, en stöðuglyndi hans ræður nákvæmni innri táknunarinnar eða hugsýnarinnar sem litskýin sveima kringum.

Dulfræðingurinn er hugrænni í eðli sínu, og formin sem hann býr til eru flatarmálsmyndir með greinilegum útlínum, en hættir til stífni og ónógrar sveigju. Hann er vandvirkari og nákvæmari í hugleiðingariðkun sinni en launspekingurinn og telur það varða við heiður sinn ef svo má að orði kveða að móta haganlega efnið sem hann notar í form sitt. Þar er efni hugræna sviðsins mest áberandi, en geðrænt efni lítið notað, þótt einstöku ský úr því kunni að bætast við heildarsvipinn. Ef til vill eru allir litirnir sem notaðir eru jafnskírir, en þeim er deilt niður samkvæmt sérstökum reglum, og formið er afar greinilegt, hverfur ekki í flæði tilfinningalegra litbrigða eins og launspekilega formið vill oft gera.

Þegar maðurinn hefur síðar náð meira alhliða þroska og er orðinn hvort tveggja í senn, launspekingur og dulfræðingur, munu formin sem hann mótar sameina eigindir beggja og búa yfir ólýsanlegri fegurð.

Þetta ætti að nægja í dag, en áður en við ljúkum þessum kafla langar mig að víkja lauslega að hugmyndum þeim sem við þurfum að taka til umræðu næstu daga. Þá komum við að „sérhæfum formum í sérstökum tilgangi“, og þó að ég hafi ekki í hyggju að lýsa formunum fyrir ykkur vil ég gjarnan flokka þau niður, svo að nemar geti myndað sér nokkurn skilning á þeim áður en fræðarinn mikli kemur til mannanna:

- 1—Form notuð til að þroska líkamina þrjá.
- 2—Form sérstakra geisla.
- 3—Form notuð til lækninga.
- 4—Kynngiþulur eða mantrömur.
- 5—Form notuð í starfsdeildunum þrem:
 - a—Í deild manúsins eða mannkynshöfðingjans.
 - b—Í deild bodhisattvans eða heimsfræðarans.
 - c—Í deild mahachohansins eða lávarðar siðmenningarinnar.
- 6—Form til að kalla á formgervisverur.
- 7—Form til að ná sambandi við tívana.
- 8—Sérstök form í sambandi við eldinn.

11. ágúst 1920

..... Tímabil líkamlegs veikleika hafa sitt gildi af þeirri einu ástæðu, að þau leiða í ljós hve bráðnauðsynlegt það er, að starfandinn stæli líkama sinn áður en hann getur hrundið miklu í framkvæmd og lærisveinninn búi við góða heilsu ef hann ætlar sér að komast eitthvað verulega áleiðis á brautinni. Við getum ekki leyft nemum okkar að gera vissar tilraunir né gefið þeim leiðbeiningar af sérstöku tagi nema því aðeins að jarðnesk starfstæki þeirra séu traust og heilbrigð, lítið um hindranir af völdum sjúkdóma og heilsubrests og karmísk slys næstum útilokuð í persónulega lífinu. Neminn er stundum flæktur í þjóðernislegt eða heildislegt karma, en við því er lítið að gera og verður sjaldan afstýrt.

Notkun sérhæfra forma í sérstökum tilgangi.

Fram að þessu höfum við aðallega rætt hina persónulegu hlið hugleiðingarinnar og sálgerðirnar tvær sem iðkendur hennar flokkast undir í meginatriðum. Við höfum vikið að (a) aðferð launspekingsins og (b) aðferð dulfræðingsins.

Við höfum að mestu leyti alhæft, en ekki rætt málið í smáatriðum, enda er það hvorki æskilegt né rétt á þessu stigi. Eigi að síður kemur að því þegar neminn hefur náð tilætluðum árangri í hugleiðingariðkun, uppfyllt viss skilyrði sem hafa í för með sér breytingu á orsakalíkamanum og lagt grundvöll réttis líferniss er hvorki stormar né árásir geta auðveldlega haggað eða eyðilagt, að kennarinn gefur honum leiðbeiningar sem gera honum kleift að búa til form úr hugrænu efni samkvæmt ákveðnum reglum er leiða til sérstakra verkana og gagnverkana. Þessi fræðsla verður látin í té smátt og smátt, og stundum hefur neminn enga hugmynd um ávöxt erfiðis síns, einkum á byrjunarstigunum. Hann hlýðnast fyrir mælum kennara síns, segir fram orðin sem honum hafa verið kennd, vinnur eftir ákveðnum formúlum, og árangurinn getur gert vart við sig án þess að honum sé það ljóst. Síðar kann hann að verða sér meðvitandi um áhrif hugleiðingar sinnar á geðræna og hugræna sviðinu, einkum eftir vígslu þegar fingur hans verður virkar og orkustöðvarnar eru teknar að snúast í fjórvíðri hreyfingu.

Við eigum aldrei að hugsa um árangurinn. Hygginn nemi lætur sér nægja að hlíta reglum lögmálsins grandgæfilega og stefna að leikni í athöfnum sínum. Árangurinn lætur þá ekki á sér standa, en veldur ekki nýju karma.

..... Við skulum nú ræða hverja formtegund sérstaklega, en fyrst vil ég láta þess getið, að ég ætla ekki að lýsa formunum fyrir ykkur eða gefa leiðbeiningar um hvernig ná megi þeim árangri sem um verður talað. Að því mun koma síðar, en ennþá er ekki hægt að segja hvenær það verður. Það ákvarðast að miklu leyti af starfinu sem unnið verður á næstu sjö árum, heildiskarma og framförunum ekki aðeins innan mannlegru helgistjórnarinnar, heldur einnig hjá tíva- eða englaþróuninni. Leynardómurinn er fólgin í sjöunda geislanum, geisla síðalögmálsins, og það verður sjöundi Plánetulogosinn sem ákveður hvenær næsta skref verður stigið fram á við, þó í samráði við hina þrjá máttugu drottna, einkum lávarð þriðju starfsdeildarinnar.

Form notuð til að þroska líkamina þrjá.

Þau form verða meðal hinna fyrstu er frá verður sagt, og í hinum ýmsu hugleiðingarkerfum sem vitrir vegleiðendur mannkynsins hafa mælt með eru þegar komin fram drög að formum ætluðum til að þroska *lægri hugann*. Form þessi verða grundvölluð á þörfum hvers líkama um sig, og reynt verður að nota efnið til að fylla í eyðurnar og bæta úr skortinum sem fyrir hendi er. Fyrst verða aðgerðir hafnar á jarðlíkamanum og eterskt efni hans meðhöndlað með sérstökum öndunarformum (innöndun og innblæstri), háttbundnum straumum er hleypt verður af stað á hugræna sviðinu og veitt þaðan niður í lægri eterana. Þannig mun eterlíkaminn styrkjast, hreinsast og endurnýjast. Margir af sjúkdómum þetta jarðlíkamans eiga upptök sín í eterlíkamanum, og athyglin mun beinast að honum eins snemma og unnt verður.

Þá verður geðlíkaminn einnig meðhöndlaður með sérhæfum formum, og þegar neminn hefur lagt á sig það erfiði að þroska með sér eigind dómgreindarinnar og gert hana að virkum þætti í lífi sínu verða þessi form smám saman látin honum í té. En þangað til hann er farinn að geta gert nokkurn greinarmun á veruleika og blekkingu og viðmiðunarskyn hans er orðið allþróað verður geðræna sviðið að vera orrustuvöllur hans, en ekki tilraunavettvangur.

Ég skal nú skýra nánar þann árangur sem nást mun með notkun þessara forma við geðrænt efni. Markmið nemans sem fetar brautina er að móta geðlíkama úr efni efstu

sviðsdeildanna, tæran, gegnsæjan og næman, nákvæmt miðlunartæki sem einkennist af stöðugri sveiflutíðni, jafnri hrynjandi og er ekki hætt við ofsafengnum stormum og stjórnlausum geðshræringum. Þegar hugsjónirnar eru háleitar, efni efstu sviðsdeildanna nálgast hina ákjósanlegu hlutfallstölu og neminn er sér meðvitandi um það næstum hverja stund, að hann er ekki starfstækin, heldur hinn guðlegi íbúandi þeirra, þá verður honum veitt viss fræðsla sem leiða mun af sér tvennt þegar farið er gaumgæfilega eftir henni:

1—Hafa beinar verkanir á geðlíkama hans, hrinda á brott utanaðkomandi eða grófara efni og staðga sveiflutíðnina.

2—Móta úr geðrænu efni líkama eða form sem hann getur notað í ákveðnum störfum og sem hjálpartæki til að ná árangri er heyrir til hreinsandi og skapandi starfsemi geðlíkamans.

Meira er ekki unnt að segja um þetta að svo stöddu, en það sýnir hvers konar formum stefnt er að.

Geislaform.

Þetta er með afbrigðum áhugavert og víðtækt efni sem aðeins er hægt að víkja lauslega að. Viss form sem mótast af tölum hinna ýmsu geisla eru séreign þeirra hvers um sig, fela í sér flatarmálsmerkingu þeirra og sýna stöðu hvers einstaks innan kerfisins. Sum þessara forma eru á hlutbundnu geislunum eða byggingargeislunum og því greiðasta leiðin fyrir dulfræðinginn, en önnur á óhlutbundnu geislunum eða eigindageislunum og eiga betur við launspekinginn.

Þessi form hafa þrenns konar tilgang:

a—Þau koma nemanum í beint samband við sinn eigin geisla, annað hvort sálargeislann eða persónuleikageislann.

b—Þau tengja hann heildi sínu á innri sviðunum, annað hvort þjónendaheildinu, heildi ósýnilegra hjálpenda eða síðar sálarheildi hans.

c—Þau stuðla að samruna dulfræðilegu og launspekilegu brautanna í lífi nemans. Sé hann á launspekilegu brautinni notar hann form eðlisgeislanna og aflar sér þannig þekkingar á hinni hluthæfu hlið náttúrunnar — hinni lögmálsbundnu hlið hennar. Dulfræðingurinn fer þveröfugt að unz sá tími kemur, að brautirnar mætast og öll form hafa sama gildi í augum vígsluhafans.

Þið verðið að hafa hugfast, að þar sem brautirnar renna saman starfar maðurinn jafnan mest á sínum eigin geisla þegar hann er kominn yfir takmarkanir persónuleikans og búinn að finna sálartóninn. Þá meðhöndlar hann efni síns eigin geisla og notar geislaform sín og sex samsvarandi geislagreinarform þeirra unz hann er orðinn fullnumi og þekkir leyndardóm samfjöllunarinnar. Þessi form kennir fræðarinn nema sínum.

Enda þótt ég hafi ekki sagt mikið um þetta efni munuð þið komast að raun um ef þið brjótið heilann um orð mín, að undir yfirborðinu leynist sitt af hverju, ef til vill lykillinn að næsta skrefi fram á við. Vera má, að ég víki nánar að þessu atriði þegar við komum að kaflanum um samband við meistarana í hugleiðingu.

Form notuð til lækninga.

Nú þurfum við að minnast á þessi form, en gleymið ekki, að þau hljóta að skiptast í þrjá flokka og hver flokkur í mörg smærri atriði.

a—*Form notuð til lækninga á jarðlíkamanum.* Þeirra forma mun furðulega sjaldan þurfa að grípa til, enda eru þau fá að tölu. Ástæðan er sú, að einungis sárafaár af meinsemdum þetta

efnislíkamans eiga upptök sín í honum sjálfum. Sumar eiga rætur sínar að rekja til eterlíkamans, en á þessu stigi þróunarinnar eiga þær langflestar upptök sín í geðlíkamanum og nokkrar í huglíkamanum.

Ef við alhæfum getum við sagt, að af öllum meinsemdum er hrjáð geta mannlegt hold hefjist:

25% í eterlíkamanum.

25% í huglíkamanum.

50% í geðlíkamanum.

Þar af leiðir, að byrja verður á formunum sem hafa áhrif á eterlíkamann, jafnvel þótt orðið geti óvænt slys er skaða þetta efnislíkamann og unnt sé þá að lækna hann með formnotkun. Þessi form sem búin eru til í hugleiðingu verka beint á þróunarfæðinguna sem liggja eins og þéttriðið net um eterlíkamann og eiga samstæðu sína í æðakerfi þetta efnislíkamans. Í þessum flókna vef eiga aðsetur sitt flestallir sjúkdómar sem herja á jarðlíkamann, annað hvort eterskir í eðli sínu eða afleiðingar geðrænna orsaka.

b—*Form notuð til lækninga á geðlíkamanum.* Eins og fyrr var getið, er mikið af sjúkdómum nú á dögum afleiðing geðrænna orsaka. Í höfuðatriðum eru þessar orsakir þrjár. Ég tek fram, að þetta er aðeins skýrt lauslega og í stórum dráttum:

1—*Ofsalegar geðshræringar og óstöðug sveiflutíðni.* Ef maðurinn gefur slíkum geðshræringum útrás að staðaldri hafa þær hinar skaðvænlegustu afleiðingar er bitna á taugakerfi hans. Ef hann bælir þær niður eða hamlar gegn þeim eru afleiðingarnar ekki síður háskalegar og leiða til lifrarsjúkdóma, gallskýki og eitumyndunar í líkamanum er brýzt út í alls kyns ígerðum, húðsjúkdómum og stundum blóðleysi.

2—*Ótti og óheillagrunur, áhyggjur og örvænting.* Geðshræringar af þessu tagi sem eru mjög algengar hafa veiklandi áhrif á alla líkamsstarfsemina og leiða af sér skort á lífsþrótti, trega líffærastarfsemi og margs konar dularfulla sjúkdóma í taugakerfinu, heilanum og mænunni.

3—*Kynferðislegar geðshræringar.* Þær spanna afar vítt tilfinningasvið, allt frá niðurbældri kynhvöt sem sálfræðingar okkar eru nú að hefja rannsóknir á, til hinnar saurugu glæpahneigðar er leitar útrásar í taumlausum svallveislum og ólífnaði.

Undir hvern þessara flokka heyrna mörg atriði, en ég er ekki að skrifa bréf um lækningar, heldur hugleiðingariðkun, svo að ég má ekki dvelja lengur við þetta efni.

Þegar mótuð verða form til að lækna þessar þrjár tegundir geðrænna meinsemda þarf að hafa hliðsjón af sjúkdómsorsökinni, á hvaða sviði hún hefur átt upptök sín og afleiðingum hennar í grófari líkömunum eða líkamanum. Og er formin verða valin þarf að hafa í huga tilgang þeirra. Við skulum taka sem dæmi, að meinsemdin stafi af niðurbældri geðshræringu. Þá þarf að velja form sem hefur þau áhrif þegar það er rétt notað að ummynda og göfga geðshræringuna. Þegar greitt er úr geðrænu flækjunni losna lífgæf öfl sálarinnar og umlykjandi þróunnar úr læðingi og streyma um gervallt kerfið, endurhæfa það og hreinsa öll líffæri er þjáðust af völdum truflunarinnar.

c—*Form notuð til lækninga á huglíkamanum.* Ykkur mun sennilega að veitast erfiðara að átta ykkur á þeim, enda eru hugrænar meinsemdir mun torveldari við að fást en geðrænar og eterskar. Til þess liggja tvær orsakir, og er önnur þeirra sú, að vitundarstilling mannkynsheildarinnar er enn ekki komin upp í huglíkamann. Það er alltaf miklu hægara að komast í samband við og meðhöndla líkama sem er aðsetur vitundarmiðjunnar. Auk þess er geðlíkaminn sveigjanlegri og því auðveldara að hafa áhrif á hann. Ég get ekki farið mörgum

orðum um hugræna sjúkdóma í dag, en ég vil benda á, að þeir geta átt upptök sín í huglíkamanum sjálfum sem karmísk arfleifð? eða í geðlíkamanum og unnið sig þaðan upp í huglíkaman. Við skulum segja, að maður eigi vanda til að þjást af stjórnlausu tilfinningaróti. Það getur vakið hliðstæðar sveiflur í huglíkamanum og sú sveiflutíðni orðið varanleg, þannig að gagnvirk áhrif þessara tveggja líkama leiði til alvarlegrar truflunar sem getur verið á ýmsum stigum, allt frá venjulegri geðillsku persónuleikans og ólundarlegri, ónotalegri framkomu til heilaskemmda er hafa í för með sér brjálsemi, heilæxli og krabbamein í höfðinu.

Við öllum þessum meinsemdum má finna hugleiðingarform sem geta læknað þær ef þeim er beitt nógu snemma. En mergur málsins er sá, að nemanum verður ekki treyst fyrir þeim formum fyrr en hann hefur öðlast skynsamlegan skilning á sjúkleika sínum og getu til að fylgja samvizkusamlega formúlunum sem honum eru látnar í té, auk þess sem tilgangur hans verður að vera óeigingjarn.

Þá fyrst er hann hefur það eitt að markmiði að gera sig hæfan til þjónustu og fá heilbrigð starfstæki til umræða til að geta unnið því betur að framkvæmd áætlunar hinna máttugu, en hugsar ekki um að komast hjá sjúkdómum sjálfum sér til hagræðis, verður honum treyst fyrir formúlunum og gefnar leiðbeiningar um notkun þeirra.

Þessar formúlur verka í samræmi við sálarvitundina. Niðurstreymi lífsmáttarins frá guðinum hið innra hefur í för með sér heilbrigð starfstæki, svo að þessu verður ekki áorkað fyrr en persónuleikinn rennur saman við sálina og vitundarstillingin flyzt frá lægra eðlinu upp í æðra sjálfið. Margir nálgast nú það stig, og við getum átt í vændum framfarir á sviði læknavísindanna er þá verða grundvölluð á hugsun. Hugleiðingarform eru ekki annað en form búin til úr hugsanaefni, svo að þið munuð sjá, að þetta er allt á byrjunarstigi.

Eina vísbendingu skal ég gefa ykkur í viðbót viðvíkjandi þessu efni: — Frá hinum sjö orkustöðvum fíngerðari starfstækjanna mun flæða máttur er læknað samsvarandi stöðvar í jarðlíkamanum. Eftir því sem lífmögnun orkustöðvanna á sér stað munu viss líkamleg áhrif koma í ljós, og með notkun sérhæfra forma sem verka á orkustöðvarnar og gegnum þær mun nást árangur er kann að varpa ljósi á þetta torskilda efni: lækningu með aðstoð efnisfínni líkamanna.

12. ágúst 1920

Mantrísk form eða kynngipulur.

Í dag skulum við halda áfram umræðum okkar um form þau er síðar verða almennt notuð meðal nema í dulfræðilegri hugleiðingariðkun. Við höfum vikið að þrem tegundum þessara forma og eigum enn eftir að fjalla um fimm.

Mantrísk form eru samsafn setninga, orða og tóna með háttbundinni hrynjandi sem framkalla áhrif er ekki væri unnt að ná með öðrum hætti. Þessi form eru of mörg til að hægt sé að nefna þau öll, svo að við skulum láta okkur nægja að minnast lauslega á helztu tegundir er síðar verða teknar til notkunar eða er þegar farið að nota meðal þeirra sem leyfð eru slík forréttindi.

Til eru mantrísk form sem grundvallast eingöngu á orðinu helga. Séu þau ómuð í vissum tóntegundum og með háttbundinni hrynjandi hafa þau sérstök áhrif, annað hvort hlutlæg eða huglæg, og meðal annars er hægt að nota þau til að ákalla verndarengla. Þessi form eða mantrömur eru enn sem komið er miklu meira notuð hjá austurlandabúum og í austrænum trúarbrögðum en meðal vestrænna manna. En síðar verða þau einnig tekin til notkunar á vesturlöndum er menn hafa öðlast dýpri skilning á mætti hljóðsins og verða farnir að rannsaka áhrif þess.

Sum þessara forma eru eldforn og hafa ótrúlega voldug áhrif þegar þau eru tónuð á sínu upprunalega máli, sanskrít. Svo magnþrungin eru þau, að venjulegum nema er ekki leyft að læra þau, enda eru þau aðeins kennd munnlega meðan verið er að búa lærisveina undir vígslu.

Og til eru fáeinar mjög innræðar mantrömur á hinu upprunalega máli, *sensa* eða *senzar*, sem hafa varðveitt hjá bræðralaginu allt frá því er helgistjórnin var fyrst stofnsett hér á jörðu. Þær eru aðeins þrjátíu og fimm að tölu og voru hingað fluttar af logadrottnunum frá Venusi. Þær eru *lykillinn* að launhelgum hveirrar sviðsdeildar á hinum fimm aðalsviðum mannglegrar þróunar. Fullnumanum er kennt að nota þær og heimilt að grípa til þeirra undir sérstökum kringumstæðum. Þær eru voldugustu form sem þekkjast á hnetti okkar, og áhrif þeirra víðtæk. Eins og þið vitið, andsvarar tíðni hvers sviðs ákveðnum tóni, og þegar viss orð eru ómuð á sérstakan hátt og í sérstakri tónhæð er hægt að meðhöndla efni sviðsins og sækja orku í strauma þess. Þá er fullnuminn ómar þau með þessum hætti kemst hann inn í vitund sviðsins og alls sem innan marka þess liggur. Allar mantrömur, á hvaða tungumáli sem er, grundvallast á þessum fornu kynngiþulum, jafnvel þótt sumar þeirra séu svo ólíkar þeim og brenglaðar, að þær komi að næsta litlu haldi.

Sumar af þessum ævafornu kynngiþulum eru tónaðar í samhljóðan af öllum meðlimum bræðralagsins við mikilvæg tækifæri eða þegar sameinaðan mátt hvítu stúkunnar þarf til að hrinda einhverju sérstöku í framkvæmd. Við aldahvörf og stóratburði er lykiltónn þeirra ómaður með tilheyrandi orðum; hver kynstofn hefur sinn mantríska hljóm sem þeir þekkja er starfa við kynþáttaþróunina.

Ennfremur eru til sérstakar mantrömur á sanskrít sem nemar nota í hugleiðingu sinni þegar þeir þurfa að vekja athygli meistarans. Þessar mantrömur kenna meistararnir lærisveinum sínum, og með aðstoð þeirra kemst neminn í samband við meistara sinn og getur beðið hann hjálpar.

Þá eru einnig aðrar og öflugri mantrömur stundum látnar í té. Með þeim má komast í samband við hina þrjá máttugu drottna og beina athygli þeirra í einhverja sérstaka átt.

Þegar kynngiþula er rétt ómuð skapar hún tómrúm í efninu sem líkist einna helst trekt. Þessi trekt myndast þá milli þess er mantrömuna ómar og hins sem hljóðið nær til. Þannig kemur fram beinn miðlunarfarvegur. Þið munuð skilja hvers vegna þessum orðum og tónum er haldið vandlega leyndum. Dómgreindarlaus notkun þeirra hlyti að leiða til hinna mestu hörmunga. Neminn þarf að hafa náð vissu þroskastigi og svipaðri sveiflutíðni áður en honum eru veitt þau forréttindi að geyma í huga sér mantrömu sem hann getur notað til að kalla á meistara sinn.

Enn eru til sjö kynngiþulur sem hinir þrír máttugu drottnar og leiðtogar helgistjórnarinnar þekkja, og er þeim beitt þegar þeir vilja komast í samband við Plánetulogosana sjö eða hina sjö „anda fyrir hásetinu“ eins og þeir eru nefndir í biblíu kristinna manna. Eina af þessum mantrömum sem myndar tengsl við Plánetulogos okkar kunna fullnumarnir sömuleiðis að fara með. Þannig heldur þetta áfram, stiginn er klifinn og orðin ómuð unz við komum að kynngiþulu hnattar okkar sem byggð er á grunntóni jarðarinnar og felur í sér setningu er táknað kjarna þróunar hennar. Hver pláneta hefur sinn tón eða setningu sem leiðtogar hennar nota þegar þeir þurfa að ná sambandi við Logos sinn. Jafnframt hafa Logosarnir sjö sérstaka helgisiði eða form til að komast í samband við hinn þriggja drottanda sólkerfisins. Sú athöfn fer fram fjórum sinnum á ári hverju eða oftár ef brýn nauðsyn krefur.

Einu sinni á ári notar gervöll helgistjórnin samheildarlega kynngiþulu er myndar tómrúm milli æðstu og lítilvægustu meðlima hennar og frá þeim upp á við til Plánetulogosanna sjö og þaðan til sjálfs Sólarlogossins. Þetta er stund hinnar sterkustu andlegrar áreynslu og lífmögnunar sem á sér stað allt árið, og áhrifin vara út mánuðina sem á milli líða. Þau eru

alheimsleg og tengja okkur hinni alveraldlegu orkustöð jarðarinnar.

Geislamantrömur.

Hver geisli hefur sínar formúlur og tóna sem hafa magnþrungin áhrif á einingarnar er tilheyra honum. Ef hugleiðingarneminn ómar þær verða afleiðingarnar þrenns konar:

1—Þær samtengja hann æðra sjálfi sínu eða sál.

2—Þær koma honum í samband við meistara sinn og með hann að millilið við einn hinna máttugu drottna, og ákvarðar geislinn við hvern.

3—Þær tengja hann sálarheildi sínu og binda alla einstaklinga innan þess í eina órjúfandi samheild er andsvarar ákveðnum tónsveiflum.

Þessar mantrömur heyra til leyndarmálum þriðju, fjórðu og fimmtu vígslunnar, og enda þótt neminn fái stöku sínum að söngla þær í samhljóðan við aðra undir stjórn meistarans má hann ekki óma þær sjálfur án leyfis fyrr en hann hefur tekið eina eða fleiri af þessum vígslum.

Ennfremur má nefna mantrömur eða kynngipulur sem hafa bein áhrif á einhvern líkamanna þriggja þegar þær eru sönglaðar. Þær hafa þegar verið teknar til notkunar — í mjög brengluðu formi — við guðsþjónustur trúarsafnaða um allan heim. Nokkru ljósi er varpað á þær í helgisiðum kirkjunnar, og inngangsorð frímúrara — þótt þau séu orðin næsta lítilsverð nú á dögum — eru byggð á mantrömur. Síðar munu hinar ýmsu þjóðir aftur öðlast vitneskju um þessar ævafornu kynngipulur í sínu upprunalega hreina formi, en á þeim tíma munu vígsluhafar stjórna stofnunum á borð við frímúrararegluna, dulspekisöfnuði og trúfélög.

Þá eru og til kynngipulur sem notaðar eru til lækninga og þroskunar vissra dulrænna hæfileika. Sumar mantrömur hafa bein áhrif á orkustöðvar líkamans og verður síðar beitt undir handleiðslu meistarans í því skyni að hækka sveiflutíðnina, skapa fjórvíða hreyfingu og veita ákveðnum orkustöðvum hina endanlegu lífmögnun.

Enn aðrar mantrömur orka á hinn falda eld, en að þeim vík ég seinna. Það eru til allmargar austrænar bækur er fjalla um þetta efni, en það er svo víðtækt, að ég ræð nemanum frá að eyða of miklum tíma í rannsókn þess, enda óþarft fyrir starfandann á sviði veraldarþjónustu. Ég hef þó minnst á það, vegna þess að engin bók um hugleiðingu getur talizt gera efninu full skil ef ekki er vikið að því sem síðar mun taka við af núverandi byrjunarstigum hugleiðingar.

Þegar þróun mannkynsins verður komin lengra áleiðis og æðri hugurinn orðinn máttarmeiri munu þessar dulfræðilegu kynngipulur — rétt kenndar og rétt sagðar fram — tilheyra venjulegu námsefni lærisveinsins. Hann byrjar þá hugleiðinguna með því að nota geislamantrömu sína er aðhæfir stöðu hans innan kerfisins, en síðan ómar hann mantrömunu sem vekur athygli meistarans og kemur honum jafnframt í samband við helgistjórnina. Að þessu loknu getur hann hafið hugleiðingariðkun sína. Þá eru líkamir hans aðhæfðir og tómrúmið tilbúið er nota má sem miðlunarfarveg.

13. ágúst 1920

Formnotkun innan starfsdeildanna þriggja.

Efnið sem við snúum okkur að í dag er í hæsta máta áhugavert, því að nú komum við að formnotkun innan starfsdeilda manúsins eða mannkynshöfðingjans, bodhisattvans eða heimsfræðarans og mahachohansins eða lávarðar siðmenningarinnar.

Innan helgistjórnarinnar eru þessar þrjár starfsdeildir hliðstæðar hinum þrem

meginþáttum Logossins eins og þeir raunbirtast í sólkerfinu — meginþætti vilja eða máttar, meginþætti kærleika og vizku (grundvelli þessa kerfis) og meginþætti virkrar athafnarorku eða vitsmuna.

Þið hafið lesið um hlutverk þessara þriggja starfsdeilda:

a—Hlutverk manúsins er formþróun efnisins, og er þá jafnt um að ræða þróun hinna þétu efnisforma dýra, málma, blóma, manna eða plánetna og forma kynþátta, þjóða, tíva eða annarra þróunarleiða.

b—Hlutverk bodhisattvans er þróun lífsins innan formanna. Hann sendir frá sér trúrænar hugmyndir og þroskar heimspekilegan skilning bæði hjá einstaklingum og kynþáttum.

c—Hlutverk mahachohansins sem samfjallar í sér hina fjóra eigindageisla er þróun hugans eða vitsmunanna eða hagnýting andans eða sjálfsins á forminu eða ekki-sjálfinu. Að þessu vinnur hann í samstarfi við bræður sína.

Samfjöllunarstarf hinna þriggja máttugu drottna er víðfeðmara en svo, að hugurinn geti skynjað það. Form-líf-vit, efni-andi-hugur, *prakriti-purusha-manas* — þetta eru þroskaleiðirnar þrjár, og í samfjöllun þeirra er fyllingunni náð.

Innan hverrar deildar eru notaðar formúlur eða föst form, og maðurinn sem beitir þeim mun smám saman komast í snertingu við hina sérstöku þróunarleið er stjórnandi deildarinnar raunbirtir í sjálfum sér.

..... Ég reyni að benda ykkur á hinar þrjár skýrt afmörkuðu brautir sem maðurinn getur fetað til að komast nær Logosnum og sameinast *sjálfi* sólkerfisins. Hann getur farið leið manúsins, hann getur náð marki sínu á leið bodhisattvans, og hann getur öðlast lausnina á leið mahachohansins. En ég vil vekja athygli ykkar á því, að á þessari plánetu er hinn fyrsti *kúmara*, lávarður kærleika og máttar, brennidepill allra þriggja starfsdeildanna. Hann er hinn eini höfuðvígjandi, og hvort sem maðurinn starfar í deild máttar, kærleika eða vitsmuna hlýtur hann um síðir að ná lokamarkinu á samfjöllunargeisla kærleika og vizku. Hann verður að vera kærleikur og raunbirta hann í sér, en það kann að vera kærleikur er tjáir sig í mætti, kærleikur í samræmi eða kærleikur sem opinberar sig í þekkingu, siðalögmáli eða trúarhollustu eða einungis hreinn kærleikur og vizka er felur í sér alla aðra eiginleika. Frumlindin var kærleikur, lokamarkið er kærleikur, og leiðin að því er kærleikur.

14. ágúst 1920

Þrjár brautir að markinu.

Eins og þið sáuð í gær, liggja þrjár beinar brautir milli hins æðra og lægra, og allar enda þær í sama brennidepli frammi fyrir hinum eina höfuðvígjanda, þótt ólíkar séu hvað aðferðir til nálgunar snertir. Ef þetta er haft í huga kemur skýrt í ljós, að hver maður getur valið sér eina þeirra sem greiðustu leið að lokamarkinu eða hinni endanlegu lausn, og ákvarðast valið af sálartóni hans er hlýtur að tilheyra einhverjum hinna þriggja meginþátta eða einni af greinum hins þriðja.

Brautirnar eru fyrst og fremst mismunandi vitundarstig, og það er innan vitundarinnar sem nemanum veitist hin dýrmæta hjálp hinna máttugu. Með hugleiðingariðkun sem er aðhæfð þeirri leið er valin hefur verið getur neminn stig af stigi náð valdi á hinum ýmsu áföngum brautarinnar að lokamarkinu. Hann klífur brattann með því að styðjast við hvern orkubrennipunktinn af öðrum. Ef til vill eru þessir brennipunktar æðra sjálf hans eða meistarinn, ef til vill einhver hugsjón En þeir eru einungis þrep í stiganum þar sem

maðurinn öðlast vitundarþenslu og lærir að víkka smátt og smátt ummál vitundar sinnar unz hún lykur að lokum um *allt*, rennur um síðir saman við mónadinn og eftir það alsjálfið, Logosinn sjálfan.

Til að gera þetta ljósara og fullnægja þörf hluthæfa hugans fyrir sérgreiningu er brautunum þrem lýst eins og þær væru aðskildar hver frá annarri, að vísu með vissa snertipunkta. En í raun og veru eru þær ein braut þegar skyggst er bak við tálmyndir þær sem hugurinn dregur jafnan, og geislarnir sjö eru samslungnir þættir einnar samfjallaðrar heildar. Þeir eru allir ofnir hver inn í annan og fléttaðir saman. Og starfsdeildirnar þrjár eru aðeins nauðsynleg verkaskipting innan hinnar einu stofnunar sem lávarður heimsins veitir forstöðu. Þær eru framkvæmdaráð sem fjalla um starfsemi plánetunnar okkar, hver annarri háðar innbyrðis og hafa með sér náð samstarf.

Maðurinn sem valið hefur eina þessara þriggja brauta verður að minnast þess, að fyrr eða síðar og áður en fullkomin er náð þarf hann að gera sér grein fyrir samfjöllun alls innan heildarinnar. Það er ekki nóg að öðlast vitrænan skilning á þessari samfjöllun, heldur verður hann að sannprófa hana sem óyggjandi staðreynd, og í hugleiðingu sinni mun hann um síðir ná því stigi að vita af eigin raun, að allt er í eðli sínu ein samheild, og skynja sjálfan sig sem örsmátt brot hins ótakmarkaða allífs.

Í starfsdeildunum þrem er hugleiðing aðferðin til að nálgast aðalstjórnandann, en leiðir nemanna til að komast í samband við innri kjarna eða *líf* deildarinnar eru mismunandi. Lífið innan formsins raunbirtist á þrjá vegu, og árangur hugleiðingarinnar eins og hann kemur fram í skapgerð iðkandans er í rauninni hinir sömu þrír meginþættir við annars konar aðstæður. Við getum talið þessar þrjár greinar upp:

1—Grein manúsins:

Orka, styrkur, máttur til stjórnar.

2—Grein bodhisattvans:

Segulmagn, aðlöðun, lækningar.

3—Grein mahachohansins:

Rafmagn, samfjöllun, skipulagning.

Ég vil benda á, að áhrif hugleiðingarinnar munu koma fram í lífi nemans í samræmi við flokkagreininguna hér að ofan, þótt þau litist að sjálfsögðu og mótist af persónuleikageisla hans og þroskastigi. Ef þið íhugið orðin í hverjum þessara þriggja flokka munuð þið verða þess vör, að í þeim felast miklar upplýsingar. (Fyrir mér vakir ekki að víkka huglíkamann, heldur að þjálfá innsæið). Þau sýna verkanir lögmálsins innan deildanna þriggja og hvernig brautin sem valin er og fetuð af kostgæfni leitar virkrar tjáningar í hinum þrem heimum. Hverri grein fylgja sérhæf form sem notuð eru til að ná þessum árangri, og sú stund nálgast er undirstöðuatriði þeirra og fyrstu grundvallarformúlurnar verða látnar í té nemum þeim, sem lokið hafa tilskildu undirbúningsstarfi og eru taldir hæfir að veita þeim viðtöku.

1—Starfsdeild manúsins.

Hér getum við gefið smávísibendingu um aðferðina sem nota skal og vissar reglur til skýringar er hin rétta stund rennur upp. Fyrsta deildin er sérstaklega tengd stjórnsýslu, kynþáttapróun og starfsemi í sambandi við efni allra forma á sérhverju sviði mannlegrar þróunar. Eins og ég hef áður sagt, er þetta leið dulfræðinnar. Hún leggur áherzlu á aðferð helgistjórnarinnar, felur í sér hið guðlega einveldi, og það er á henni sem Sólarlogosinn okkar sveigir mennina eftir sínum vilja. Hún er nátengd karmadrottunum, og það er frá deild manúsins sem lögmáli orsaka og afleiðinga er stjórnað. Karmadrottarnir fjórir eru í stöðugu

samstarfi við manúinn, vegna þess að þeir beita lögmálinu og hann fæst við form manna og meginlanda, heimsálfa, kynþátta og þjóða til að lögmálið nái fram að ganga.

Þess vegna verður maðurinn sem leitast við að ná snertingu við þessi máttaröfl með hugleiðingariðkun, lyfta sér þannig til sameiningar og öðlast vitund viljapáttarins að starfa samkvæmt föstum reglum, hefja sig stig af stigi með notkun tilhlýðilegra forma og íhuga sýknt og heilagt lögmálið og verkanir þess. Hann reynir að skilja, hann sundurgreinir og rannsakar, og hann einbeitir sér að þætti hins hluthæfa í hinni guðlegu áætlun. Hann viðurkennir ídveljandi lífið sem staðreynd, en beinir huganum fyrst og fremst að formum þess og aðferðum til raunbirtingar. Grundvallarreglur formtjáningar og stjórnsýslu draga að sér athygli hans, og með því að rannsaka reglur og lögmálsákvæði og leitast við að öðlast skilning á þeim hlýtur hann að ná sambandi við aðalstjórnandann. Hærra og hærra klífur hann — frá stjórnanda smáheimsins í heimunum þrem til sálarheildisins og meistarans sem er brennipunktur þess, frá stjórnanda heildisins til manúsins, stjórnanda starfsdeildarinnar sem hann tilheyrir, frá manúinum til stjórnanda heimsins, frá þeim stjórnanda til Plánetulogossins og frá Plánetulogosnum til Sólarlogossins.

2—Starfsdeild bodhisattvans.

Önnur deildin er einkum tengd trúarbrögðum og heimspeki, svo og þroskun hins ídveljandi lífs. Hún leggur ríkari áherzlu á vitundina innan formsins en formið sjálft. Þetta er greiðasta leiðin fyrir allan þorra manna. Hún felur í sér vizkupátt Guðdómsins, og á henni raunbirtist kærleikur hans framar öðru. Sólderfið er í sjálfu sér bein tjáning Logossins og kærleikspáttar hans, þannig að allt innan raunbirtingarinnar grundvallast á kærleika — það er kærleikur í stjórn, kærleikur í gnægð, kærleikur í athöfn — og mun að lokum renna saman við þann meginþátt.

Maðurinn sem hugleiðir samkvæmt þessari aðferð leitast sífellt við að komast inn í vitund alls sem anda dregur og þenja vitund sína smátt og smátt unz hann sameinast alvitundinni og verður eitt með lífi hinnar æðstu verundar. Þannig sameinast hann lífi alls innan vitundar Logossins.

Hann beinir huganum ekki fyrst og fremst að lögmálinu, heldur lífinu sem lýtur stjórn þess. Fyrir atbeina kærleikans öðlast hann skilning og sameinast fyrst sál sinni, síðan meistaranum, þá sálarheildinu og eftir það öllum heildum unz hann rennur að lokum saman við vitund sjálfs Guðdómsins.

3—Starfsdeild mahachohansins.

Þriðja deildin er aðallega tengd huga og vitsmunum, þekkingu og vísindum. Þetta er leið abstrakt hugans og frumhugmyndanna. Maðurinn beinir athygli sinni ekki fyrst og fremst að lögmálinu né lífinu innan formsins, heldur afleiðingum þeirra í raunbirtingunni og hinni upprunalegu orsök. Hvers vegna, hvernig og hvaðan eru spurningarnar sem hann leggur jafnan fyrir sig, og hann leitast við að samfjalla, öðlast skilning og gera frumhugmyndir og hugsjónir að veruleika innan raunbirtingarinnar.

Hann brýtur heilann um hugsjónirnar eins og hann skynjar þær, hann stefnir að snertingu við alheimshugann til að komast að leyndarmálum hans og finna þeim tjáningarform. Þetta er leið viðskipta og skipulagningar, ennfremur listamanna, tónlistarmanna, vísindamanna og starfenda á sviði veraldarþjónustu. Mónadar kærleiks og athafnar eyða löngum tíma í hverri hinna fimm greina þessarar starfsdeildar áður en þeir flytjast yfir á brautir kærleika og máttar.

Í hugleiðingariðkun sinni velur maðurinn einhverja hugsjón eða brot hinnar guðlegu áætlunar, eitthvert viðfangsefni listar og fegurðar eða vandamál vísindalegs eða kynþáttarlegs eðlis, og með því að velta þessu fyrir sér í hluthæfa huganum aflar hann sér þekkingar á öllu

sem unnt er að vita og skynja. Eftir það reynir hann að lyfta vitund sinni á enn hærra stig unz hann getur bergt á lind uppljómunarinnar og fengið þar ljós það og fróðleik sem hann þarf á að halda. Ennfremur hefur hann sig upp stig af stigi með því að komast inn í vitund þeirra sem honum eru æðri, en aflvaki hans er ekki fyrst og fremst kærleikur eins og hjá þeim sem tilheyra annarri deildinni, heldur aðdáun og gleði yfir afrekum þeirra, þakklæti fyrir það sem þeir hafa gefið heiminum og hollusta við hina sömu hugsjón er knýr þá til starfa.

Þannig munuð þið sjá jafnvel af lauslegri og yfirborðskenndri athugun á starfsdeildunum þrem hversu augljóst það er, að allir synir mannanna eru á uppleið. Meira að segja hinir virku starfendur heimsins sem svo oft eru vanmetnir geta af hollustu sinni við hugsjónir starfs eða vísinda eða jafnvel viðskiptastofnana verið alveg eins langt komnir á brautinni og aðrir sem taldir eru standa þeim framar vegna þess að þeir birta meira áberandi í sér kærleikspátt hins guðlega sjálfs. Gleymið ekki, að athafnarþátturinn er engu síður guðdómlegur og alveg eins rík grundvallartjáning alföðurins og kærleiki í fórn, að ekki sé talað um það sem við á núverandi tímabili köllum mátt, því að ekkert okkar skilur raunverulega meginþátt máttarins og mun ekki öðlast skilning á honum fyrr en ný raunbirting á sér stað.

14. ágúst 1920

Formnotkun til að kalla á tíva og formgervisverur.

Við getum dregið saman sjötta og sjöunda atriði okkar og fjallað um þau í einu lagi, vegna þess að formin sem notuð eru til að ná snertingu við tíva, engla eða byggjendur og kalla á formgervisverur eða tilveruform á lægra stigi en mannkynsins eru næsta áþekk og við getum skipað þeim í sama flokk meðan við ræðum þau í þessum bréfum.

Til að byrja með skulum við gera okkur fyllilega ljóst í hverju munurinn á þessum tveim heildum er fólgin.

Formgervisverurnar standa á lægra þroskastigi en mannkynið. Enda þótt unnt sé að ná sambandi við þær á geðræna sviðinu er það engin trygging þess, að þær feti braut þróunarinnar. Nei, þvert á móti, þær eru einmitt á niðursveigju bogans eða braut innþróunarinnar. Þær fyrirfinnast á öllum sviðum, og etersku formgervisformin eru víðkunn, t. d. búálfar, dvergar og aðrar hulduverur. Við getum skipt þeim í fjóra aðalflokka:

- 1—Formgervisverur jarðar.
- 2—Formgervisverur vatns.
- 3—Formgervisverur loftis.
- 4—Formgervisverur elds.

Þær eru lífefni hlutanna, formgervi sólkerfisins á þeim fjórum stigum sem við þekkjum í þessari fjórðu hringrás fjórðu plánetunnar er við nefnum jörð.

Tívarnir eru á braut þróunarinnar eða uppsveigju bogans. Eins og þið vitið, eru þeir byggjendur kerfisins og skiptast í marga flokka. Það eru til tívar á sama þróunarstigi og Plánetulogosarnir, og tívadrottinn hinna fimm sviða mannlegrar þróunar skipa sömu tignarstöðu og meistari er tekið hefur sjöundu vígsluna. Þá eru til tívar sem jafnast að þroska — á sinni eigin braut — við fullnuma fimmtu vígslunnar, og þeir starfa vitandi vits og af fúsum vilja með meisturum mannlegu helgistjórnarinnar. Einnig fyrirfinnast tívar á öllum lægri stigunum alveg niður í litlu byggjendurnar sem vinna svo að segja óvitandi að því innan heilda sinna að móta hin margvíslegu form sem lífið þarfnast í þróuninni.

Áður en ég byrjaði að lesa fyrir þessi bréf veitti ég ykkur nokkra fræðslu varðandi mantrískt ákall til formgervisvera og tíva. Upplýsingarnar voru réttar innan sinna takmarka, og það mætti skjóta þeim inn hér:

Á orku þróunar og orku innþróunar er eðlismunur. Þetta er grundvallarstaðhæfing. Í innþróuninni eru að verki blind formgervisöfl ofsa og eyðingar. Megnið af starfinu hvílir á formgervisverunum sem inna það af hendi óvitandi undir stjórn byggjendanna. Í þróuninni er byggt upp og brætt saman, samræmi skapast úr misræmi, fegurð úr óskapnaði. Óæðri tívarnir starfa undir handleiðslu hinna voldugu byggingartíva, og allt þokast upp á við í samræmri fegurð frá sviði til sviðs, kerfi til kerfis, alheimi til alheims. Þess vegna þurfið þið að hafa tvennt í huga þegar þið leggið stund á dulfræðinám:

a—Þið eigið að *stjórna* formgervisverunum.

b—Þið takið þátt í *samstarfi* við tívana.

Þegar formgervisverurnar eru annars vegar þurfa völdin að vera í höndum ykkar, en er tívarnir eiga í hlut reynið þið að starfa með þeim. Þið stjórnið með því að hagnýta meginþátt *athafnarorkunnar* með vissum aðferðum, t. d. sérstökum helgisiðum er veita orkustraumum framrás. Það er eftirlíking þess er þriðji Logosinn skapaði heiminn — að sjálfsögðu í mjög smækkaðri mynd. Vissar athafnir höfðu vissar afleiðingar. Síðar munuð þið hljóta fræðslu um helgisiði þá og reglur er gera ykkur kleift að ná sambandi við hinar ýmsu formgervisverur og valdi yfir þeim. Geisli siðalögmálsins sem nú er á leið til holdgunar auðveldar til muna þetta viðfangsefni.

Eldverum, vatnadísnum og lágstæðari formgervisverum má ná tökum á með siðaathöfnum. Athafnir þessar eru þrenns konar:

1—Til verndar og hlífðar ykkur sjálfum.

2—Til að særa fram formgervisverurnar.

3—Til að stjórna þeim og leiðbeina eftir að þið hafið sært þær fram.

Þegar þið reynið að ná samstarfi við tívana hagnýtið þið meginþátt *kærleika eða vizku*, annan meginþátt Logossins, byggingarþátt hans. Kærleikur ykkar og æðri þrá mun vekja athygli þeirra, og af því að þið eruð eins og þeir á braut þróunarinnar þurfið þið að ná sambandi við þá til að geta síðar unnið sameiginlega að því að leiðbeina formgervisverunum og liðsinna mannkyninu. Vesælum fáfróðum mönnum er ekki óhætt að káka við öfl innþróunarinnar fyrr en þeir hafa náð tengslum við tívana, og það geta aðeins menn hreinnar skapgerðar og sálargöfgi.

Þið getið skynjað tívana og náð til þeirra með helgiathöfnum og siðareglum, en ekki á sama hátt og þið laðið að ykkur formgervisverurnar né heldur af sömu ástæðum. Tívarnir sækja helgisiðaathafnir af frjálsum vilja, en verða ekki kvaddir þangað. Þeir koma eins og þið til að veita orkustraumunum viðtöku. Þegar sveiflur ykkar eru orðnar nógu hreinar geta helgisiðirnir stuðlað að gagnkvæmu sambandi tíva og manna.

. . . . Ég vil láta þess getið að lokum, að er þið hafið lært að hagnýta meginþátt athafnarorkunnar til að vinna með öflum innþróunarinnar og meginþátt vizkunnar til að hafa samstarf við tívana munuð þið læra að hagnýta meginþátt vilja eða máttar sem *samheild*.

Áður en lengra er haldið vil ég þó vara ykkur við hættum þeim sem fólgnar eru í að ákalla og ná sambandi við þessi byggjendaheildi og þá ekki síður að særa fram formgervisverurnar. Hvers vegna einmitt þær? Vegna þess að þau öfl finna ævinlega andsvar í einhverjum hinna þriggja grófari starfstækja mannsins, þar eð lægri líkamir eða hjúpar hans eru samsettir úr lífefni innþróunarinnar. Hver sá er opnar sig fyrir beinni snertingu við formgervisveru stofnar sér í háska og getur átt eftir að iðrast þess beisklega síðar. En þegar maðurinn nálgast fullnumastigið og hefur náð valdi yfir sjálfum sér og sýnt þannig, að honum er treystandi fyrir stjórn á öðrum lífsformum, þá öðlast hann viss máttaröfl. Þau eru grundvölluð á lögmáli og

munu fá honum í hendur vald yfir lágstæðari lífverum og kenna honum það samstarf við tívasveitirnar er mjög mun fara í vöxt undir lok þessa þróunartímabils.

Máttarmantrömur.

Eins og ykkur hefur áður verið sagt, eru mantrömur þær sem geyma leyndardóm máttarins mjög fjölbreytilegar, en skiptast í fjóra meginflokka:

a—Verndarmantrömunar eru mikilvægastar þeirra allra.

b—Mantrömur sem særa fram formgervisverur og lágstæðari tíva og færa þá inn á segulsvið þess er með þær fer.

c—Mantrömur sem fá formgervisverur og lágstæðari tíva til að láta að vilja þess er særir þá fram.

d—Mantrömur sem rjúfa seiðinn ef svo má að orði kveða og þoka formgervisverunum og tívunum aftur út fyrir segulsvið ákallandans.

Þessar fjórar tegundir af mantrömum eru einkum miðaðar við að komast í samband við lægri stigin og eru sjaldan notaðar. Þó kemur fyrir, að vígsluhafar og fullnumar grípi til þeirra, en þeir starfa að jafnaði aðeins með hinum voldugu tívaleiðtogum og byggjendum. Svartbræðralagið hagnýtir hins vegar öfl innþróunarinnar og sveigir hin lágstæðari og óvitandi lífsform undir vilja sinn. Ef rétt er farið að — eins og hjá bræðralagi ljóssins — er aðferðin sú að stjórna þessum heildum á braut innþróunarinnar og lágstæðari tívum með milligöngu þeirra eigin yfirboðara, hafa samstarf við tívadrottnana til að segja byggjendasveitunum fyrir verkum.

Og nú komum við að mantrömum sem notaðar eru í sambandi við tívana sjálfa:

a—Háttbundnar mantrömur sem koma þeim er með þær fer í snertingu við tívaheildið sem hann leitar. Þessar kynngiþulur eru afbrigði af geisla-mantrömum, því að þær ákalla tíva á sérstökum geislum. Og sé maðurinn sjálfur á sama geisla og heildið sem hann ákallar mótast formið að nokkru leyti af því.

Þið viljið sennilega vita hvers vegna ekki er byrjað á verndarmantrömum eins og þegar formgervisverur eru særðar fram. Ástæðan er þessi: — Það er auðveldara að fá vitneskju um og hagnýta mantrömunar er særa fram formgervisverur en þær sem hægt er að ákalla tívana með. Mannkynssagan segir frá fjölmörgum dæmum um særingar, og um allan heim jafnvel nú á dögum er til fólk sem kann hinar leyndu formúlur er koma því í snertingu við formgervisverur af einhverju tagi. Á atlantíska tímabilinu var þetta almenn vitneskja, og enn þann dag í dag varðveita margir frumstæðir þjóðflokkar og fáeinir einstaklingar í siðmenntuðum þjóðfélögum hina eldfornu list og iðka hana að staðaldri.

Og í öðru lagi: — jafnvel þótt venjulegur maður kynni mantrömunar myndi honum sennilega ekki takast að ákalla tíva, vegna þess að þar kemur fleira til greina en rétt að söngla ákveðin orð og tóna. En sú kunnátta heyrir til leyndarmálum vígslunnar.

Þegar maðurinn er á hinn bóginn orðinn vígsluhafi eða fullnumi þarf hann ekki á neinum verndarmantrömum að halda, vegna þess að það er óhagganlegt lögmál í heimi dulvísindanna, að einungis þeim sem ástunda hreint líferni og láta ekki stjórnast af eigingjörnum tilhvötum tekst að ná sambandi við tívaþróunina, en hið gagnstæða á sér stað þegar um formgervisverurnar er að ræða.

b—Mantrömur sem gera mönnum kleift að hafa samskipti við tívana eftir að tekist hefur að kalla þá fram. Mælt mál í okkar merkingu skilja tívarnir ekki, en með notkun sérhæfra forma má hrinda af stað aflvökum, orkustraumum og sveiflum er koma í stað talaðs máls

og ryðja farveg gagnkvæmum skilningi.

c—Mantrömur sem hafa áhrif á heildi og mantrömur sem hafa áhrif á einstaka tíva. Ég vil benda á, að venjulega eru samskipti höfð við tívana í *heildum* en ekki sem einstaklinga þar til snerting næst við mjög háttsetta tíva.

d—Mantrömur sem ná beint til eins af tívadrottnum einstakra sviðsdeilda eða hins máttuga tívastjórnanda eins af aðalsviðunum. Þessar mantrömur þekkja aðeins örfáir menn, og engum er leyfilegt að nota þær nema háþroskuðum vígsluhöfum.

17. ágúst 1920

Skilningur á orku.

.... Nú á dögum er mikil spenna ríkjandi í heiminum, og það er hætt við, að orkan sem streymir inn í allar stöðvar líkamans valdi þreytu, taugaæsingi, þenslu og eirðarleysi ef hún er ekki tempruð mátulega. En það eru aðeins sárafáir sem kunna að tempera orku og stjórna henni, og þess vegna sjáum við afleiðingar misnotaðrar orku hvert sem litið er: ákaft tilfinningarót, stjórnlausar geðshræringar, ofsafengin viðbrögð og hinn útbreidda glæpafaraldur nútímans.

Listin að stjórna orkustreyminu felst í að slaka á og veita ekki viðnám. Sá einn er skilur þýðingu þess að vera aðeins farvegur og dvelst í kyrrþey á hinum leynda stað getur yfirstigið örðugleika líðandi stundar án of mikilla umbrota og þjáninga.

Örvun af því tagi sem menn verða fyrir um þessar mundir hefur í för með sér sársauka og þá gagnverkun er af honum leiðir. Það er engu síður nauðsynlegt að gera varúðarráðstafanir gegn henni en andstæðu hennar sem er missir lífsþróttar. Ekki þó með því að útiloka örvandi orkustreymi, heldur á þann hátt að veita því viðtöku og láta það flæða um sig allan og út frá sér aftur, en halda ekki eftir meira en við verður ráðið. Hitt rennur þá sem græðandi máttur í alheimsforðabúrið.

Hvorki raunvísindamenn né dulfræðinemar hafa öðlast mikinn skilning á hinni sönnu dulfræðilegu merkingu náttúruorkunnar, rafstrauma alheimsins og hins óvirkjaða hita sem blundar í öllum formum.

Ég hef vikið að þessu atriði af því að það liggur að baki öllum dulfræðilegum leiðbeiningum og fræðslu í þeim efnum. Ef þið gerið ykkur einhverja grein fyrir því og komizt að raun um, að lögmálið er ekki annað en aðlögun formsins að einhverjum hinna öflugum orkustrauma, mun það varpa ljósi á alla tilveru ykkar og þið berast með þessum orkustraumum, segulflæði, fljótandi lífefni eða rafgeislum (það skiptir ekki máli hvaða orð eru notuð) beint að hjarta hins óþekktu.

Það er þessi sama hugmynd um orku- og segulstrauma sólkerfisins er mótar allt sem ég hef kennt ykkur um hugleiðingu, jafnt sérhæfða, einstaklingsbundna sem heildislega, form skapaða eða formlausu. Á henni eru mantrömurnar grundvallaðar, allt frá þeim er snerta formgervislífin til hinna miklu máttarorða sem söngluð eru í háttbundinni hrynjandi og vekja þannig athygli geislalávarðanna, tívadrottna aðalsviðanna og jafnvel sjálfs Logoss sólkerfisins. Það sem raunverulega á sér stað þegar þessi orð eru ómuð og mantrömurnar sönglaðar er ekki annað en það, að ákallandinn opnar sig fyrir rás einhvers sérstaks orkustraums. Þannig finnur hann greiðustu leiðina að marki sínu, hvort sem það felst í að ná sambandi við einhverja vitsmunaveru, stjórn á einni af lífverum innþróunarinnar eða snertingu og samstarfi við tívaheildi. Þessi útúrdúr getur ef til vill varpað auknu ljósi á fræðslu þá er ég hef verið að láta ykkur í té að undanfögnu um form sem notuð eru í dulfræðilegri hugleiðingu, bæði mantrísk og annarra tegunda.

Eins og þið getið ímyndað ykkur er engum óhætt að ákalla tíva eða særa fram formgervisverur nema hann hafi mátt og kunnáttu til að hagnýta öfl þeirra réttilega þegar þær

eru tilbúnar að verða við óskum hans. Þess vegna er ekki öðrum treyst fyrir mantrömunum sem við höfum talið upp hér en þeim er vinna með uppbyggingaröflum kerfisins eða hafa getu til að stjórna eyðingaröflunum þannig að þau starfi í þágu þeirra splundrandi krafta sem eru þáttur í hinni voldugu byggingaráætlun. Ef einhver sem ekki hefur þá getu nær eigi að síður sambandi við tívana og laðar þá til sín með því að nota mantrömur, mun hann komast að raun um, að orkan sem þeim fylgir dynur yfir hann líkt og eyðingarafli, og það getur haft hinar skaðvænlegustu afleiðingar í för með sér er bitna á einhverju af starfstækjum hans.

Hugsið vel um þetta og hafið hugfast, að hættur eru fólgnar í oförvun, skyndilegri splundrun og upplausn af völdum elds eða hita.

Ef maðurinn safnar hins vegar að sér lífverum innþróunarinnar eru hættur aðrar eða réttara sagt áhrif þeirra þveröfug: — þá myndi hann missa lífsþrótt sinn af völdum vampírisma, krafturinn yrði soginn út úr einhverju af starfstækjum hans eða óeðlilegt efnismagn skyndilega greypt í það þegar lífverur innþróunarinnar, t. d. jarðnesku eða geðrænu formgervisverurnar, gerðust virkar. Ennfremur ætti hann á hættu dauða af völdum vatns, jarðar eða elds - í dulfræðilegri merkingu.

Hér hef ég fjallað um áhættuna sem fylgir því að laða inn á segulsvið sitt meðlimi úr öðru hvoru þessara tveggja heilda ef ákallandinn býr ekki yfir hinni nauðsynlegu kunnáttu til verndar, stjórnar og hagnýtingar. Hvers vegna hef ég verið að minnast nokkuð á þetta efni? Vegna þess að kynngiformin eru til, og þegar neminn er reiðubúinn og starf hans krefst þess mun hann læra að þekkja þau og nota. Smám saman verða lítilvægari formin látin í té þeim sem hafa undirbúið sig og inna af hendi óeingingjörn störf í þágu mannkynsins.

Eins og ég sagði áðan, voru þessi form almenningsseign á atlantíska tímabilinu. Þá höfðu þau hörmulegar afleiðingar í för með sér, því að mennirnir sem notuðu þau voru saurlífir og eingingjarnir og beittu þeim í illum tilgangi. Þeir særðu fram sveitir formgervisvera til að koma fram hefndum á óvinum sínum, þeir ákölluðu lágstæðari tívana og hagnýttu máttaröfl þeirra til að svala metnaðarþorsta sínum, og þeir hirtu ekki um að hlíta lögmálinu, heldur reyndu að notfæra sér það til að framfylgja girndum sínum í ráðagerðum á jarðneska sviðinu. Hin ríkjandi helgistjórn taldi of mikinn háska stafa af þess konar formnotkun, því að hann ógnaði þróun bæði manna og tíva, og smátt og smátt var vitneskjunni um formúlurnar og orðin þokað út fyrir svið manlegrar vitundar og ákveðið að halda henni leyndri unz skynsemi mannanna tæki að þroskast og andlegi hugurinn byrjaði að rumska. Þannig voru hinar tvær voldugu þróunarbrautir aðskildar og lokaðar hvor annarri og ennfremur hin tilvonandi þriðja þróunarbraut sem nú er samsett af lífverum innþróunarinnar. Um stundarsakir varð að lækka allar sveiflur, því að upphaflega hafði verið áformað, að samhliða þroskun ætti sér stað. Ástæðan fyrir þessu sem kann að virðast seinkun á kerfisáætlunum Logossins er sú, að í fyrsta eða athafnarsólkerfinu tókst virkum alveraldaröflum hins illa að þrengja sér inn í hring raunbirtingarinnar, og leifar fyrsta kerfisins eru undirstaða núverandi kerfis eða kærleikasólkerfisins. Hið illa er ekki annað en dreggjár ógreiddra karmaskulda og á rætur sínar að rekja til vanþekkingar.

Þessi aðskilnaður lífvera á þróunar- og innþróunarbrautunum er enn í fullu gildi. En þegar geisli siðareglukynnginnar eða sjöundi geislinn tekur við völdum er áformað að leyfa þróunarheildunum að nálgast hvort annað í tilraunaskyni, þótt ekki verði unnt að láta sama gilda um innþróunarheildið að svo stöddu. Gleymið ekki þessari staðhæfingu.

Á næstu fimm hundruð árum munu tívar og menn komast í nokkru nánara vitundarsamband sín á milli og eiga þar af leiðandi auðveldara með að starfa saman. Eftir því sem þessi vitund þroskast mun verða leitað eftir aðferðum til gagnkvæmra samskipta. Þegar farið verður í einlægni að finna til þessarar þarfar á samstarfi í jákvæðum tilgangi munu

meistararnir velja varfærnislega nokkrar af mantrömunum fornu og leyfa aftur útbreiðslu þeirra. Verkun þeirra, samverkun og gagnverkun verður rannsökuð af kostgæfni. Vonast er til, að heildin tvö hafi gagnkvæman ávinning af samstarfi sínu. Þróun mannanna ætti að geta miðlað tívunum af *styrk* sínum, en tívarnir hins vegar veitt mönnunum *gleði*. Hlutlægt sjónarmið verður gjöf manna til tíva, en lækandi segulmagn gjöf tíva til manna. Tívarnir sjá um varðveislu þróu, segulmagns og lífsþróttar, en mennirnir bera ábyrgð á fimmta eðlisþættinum eða manas. Hér hef ég tæpt á ýmsu, og meira er ekki hægt að gera.

Þetta nægir í dag, en á morgun snúum við okkur að mantrískum formum tengdum eldinum.

19. ágúst 1920

Mantrísk form í sambandi við eld.

Ef til vill væri æskilegt, að ég minntist eitthvað á hlutverk eldsins innan þróunarinnar og hinar ýmsu deildir sólkerfisins sem tengdar eru eldinum. Ég legg sérstaka áherzlu á þetta atriði af þeim sökum, að í hugleiðingariðkun er farið inn á yfirráðasvæði eldsins og hann er ríkjandi afl í veröld okkar.

Deildirnar sem tengdar eru eldinum eru fimm að tölu. Við skulum nú telja þær upp, fyrst í stórheiminum og koma síðan að hinni smáheimslegu samsvörun:

1—Hinn lífræni eldur sem býr í hlutlæga sólkerfinu, t. d. eins og hann birtist í iðrum hnattar okkar og eldum sólarinnar.

2—Hið dularfulla afl sem Helena Petrovna Blavatsky nefnir *fohat*. Það kemur fram í mörgum myndum, svo sem rafmagni, vissum formum ljóss og segulorku.

3—Eldur hugræna sviðsins.

4—Formgervisverur eldsins sem eru í innsta eðli sínu eldurinn sjálfur.

5—Hinn lífræni neisti er við nefnum „hinn guðlega loga“ eða „guðsneistann“. Hann blundar í sérhverri mannveru og greinir Sólarlogos okkar frá öðrum Logosum sem heildarmynd allra sérkenna hans - „því að drottinn, Guð þinn, er eyðandi eldur“.

Allar þessar sérgreindu myndir eldsins eru í raun og veru eitt og hið sama að stofni til, þótt þær virðist frábrugðnar hver annarri í raunbirtingunni. Þær áttu upprunalega rót sína að rekja til alveraldareldsins á hugrænum þreplögum alheimsins.

Í smáheiminum birtist þessi fimmpætta sérgreining á nýjan leik, og þegar við skiljum samsvörunina er tilgangi hugleiðingarinnar náð og uppljómun réttmæt eign okkar:

1—Hinir lífrænu eldar sem halda innri starfsemi mannsins — smáheimslega kerfinu — í fullri raunbirtingu. Þegar þessir innri eldar slokkna leiðir það til dauða og jarðneska hlutlæga kerfið hverfur í myrkvan.

Sama gildir um stórheiminn. Eins og sólin er miðdepill kerfis okkar er hjartað brennipunktur smáheimslega hitans. Og á sama hátt og jörðin er lífmögnuð af sama hitanum og er efnisþéttasta og efnisheitasta pláneta hnattkeðju okkar eru kynfærin önnur aðalstöð innra eldsins hjá öllum þorra manna. Samsvörunin er nákvæm út í yztu æsar, dularfull og áhugaverð.

2—Samsvörun *fohats* í smáheiminum má finna í prönustraumunum sem lífmagna og segulmagna þetta efnislíkamann með því að orka á eterlíkamann. Auðlindir praníska vökvaefnisins eru ótakmarkaðar, og þegar réttur skilningur verður fenginn á því munu menn uppgötva leyndardóm fullkominnar heilsu. Við víkjum að þessu síðar.

3—Samsvörun eldsins á hugræna sviðinu er auðvelt að benda á, vegna þess að verk logadrottanna við að tendra neista hugans hefur þróast svo mjög og aukist að vöxtum, að nú sést eldur vitsmunanna loga hjá öllum siðmenntuðum þjóðum. Allra krafta er neytt til að glæða þennan loga og hagnýta hann sem bezt.

4—Formgervisverur eldsins eru að nokkru leyti þekktar innan smáheimsins af hugsanaformunum sem seidd eru fram og lífmögnuð af manningum er hefur nægan hugsunarmátt til þess. Þau eru mögnuð af lífi hans eða varmagetu og vara meðan hann hefur þrótt til að halda þeim við með þessum hætti. Nú á dögum er það sjaldan lengi, af því að menn hafa ekki öðlast mikinn skilning á hinum raunverulega mætti hugsunarinnar. Þessi samsvörun mun skiljast betur í fimmtu aðalhringrásinni þegar þroskun hugans eða fimmta eðlisþáttarins nær hámarki sínu í þessari hnattkeðju. Sem stendur hljóta tengslin að vera óljós.

5—Lífsneistinn sem blundar í hverri mannveru og sýnir eðlisskyldleika manns og Sólarlogoss.

Þannig birtist eldurinn í hinu stærra og minna kerfi. Ég skal nú segja ykkur í stuttu máli hver tilgangur eldsins er í smáheiminum og að hverju ber að stefna. Eldarnir eru þrír:

1—Hinn guðlegi lífsneisti.

2—Neisti hugarins.

3—*Kúndalini*, slöngueldurinn, hið tvíþætta sambland innri hitans og prönustraumsins. Heimkynni þessarar orku er mænurótarstöðin og miltið sem glæðir eldinn.

Þegar þessir þrír eldar — eldur ferndarinnar, eldur þrenndarinnar og eldur fimmta eðlisþáttarins — mætast og samblandast í réttum flatarmálsformum, hver orkustöð er nægilega lífmögnuð og öll máttaröfl hljóta sína tjáningu, þá eyðist burt óhreinleiki og sori og markinu er náð. Neistinn er orðinn að loga, og loginn er eitt með hinum volduga sálareldi er lífmagnar allan hlutlæga alheiminn.

Því hljótum við að álykta, að hér nægi ekki þrjár tegundir af mantrömum, heldur þurfum við einnig hina fjórðu sem leiði til sameiningar og samruna þeirra allra. Og til eru einmitt:

1—Mantrömur sem orka á slöngueldinn og vekja hann til starfa með rétttri aðferð. Með krafti sveiflutíðninnar hrinda þær af stað hringrás hans frá einni stöð til annarrar samkvæmt tilskildum flatarmálsbrautum.

Önnur grein þessara mantramna orkar á miltið og stjórnar þannig vökvaefninu til að auka heilbrigði og lífmögnun og hafa áhrif á eldinn við mænurótina.

2—Mantrömur sem orka á efni hugræna sviðsins í annarri hvorri hinna tveggja höfuðdeilda þess — hinni óhlutbundnu eða hlutbundnu — og hafa tvenns konar áhrif á það:

a—Efla mátt hugsunarinnar og hæfileika mannsins til að meðhöndla eða hagnýta hugrænt efni.

b—Örva orsakalíkamann, flýta þroskun hans sem starfstækis vitundarinnar og búa hann undir hina endanlegu eyðingu sína í eldi.

3—Mantrömur sem ákalla guðinn hið innra og orka með sérstökum hætti á sálina. Þaðan hrinda þær af stað sterkum sveiflum innan æðri þrenndarinnar og opna þannig fyrir niðurstreymi andlegrar orku frá mónadinum í orsakalíkamann. Einnig má nota þessar mantrömur hverja í sínu lagi þegar stefnt er að ákveðnu marki.

4—Loks eru til sjö voldugar mantrömur, hver fyrir sinn geisla, er sameina áhrif hinna þriggja — þegar meistari eða meðlimur bræðralagsins fer með þær. Þá vekja þær upp

slöngueldinn eða *kúndalini*, orka á orsakalíkamann á hugræna sviðinu og hrinda af stað sveiflum innan þrenndarinnar, þannig að allt rennur saman í eitt, lægra sjálfíð, æðra sjálfíð og fimmti eðlisþátturinn. Þetta er endurspeglun þess sem gerðist við komu logadrottnanna. Það leiðir til fullkominnar sameiningar, og eftir hana er maðurinn einn hinna útvöldu sem birta kærleika í athöfn með liðveizlu uppljómaðs hugar.

Þetta eru fjórar mikilvægustu mantrömurnar að því er snertir einstaklingsbundna þróun og vaxtarþroska, og allar eru þær gamalkunnar þeim sem fást við þjálfun nema fyrir vígslu. En jafnvel þótt þær kæmst í hendur manna sem ekki hefðu þroska til að nota þær rétt myndu þeir ekki ná miklum árangri, vegna þess að þá skortir mátt þann er vígslusprotinn veitir. Demanturinn á enda sprotans safnar eldunum þrem í einn depil á sama hátt og brennigler geislum sólarinnar.

Hér hef ég veitt ykkur mikla fræðslu í fáum orðum og samþjöppuðu formi. Hún hefur sérstaka þýðingu fyrir manninn sem nálgast braut vígslunnar. Íhugið hana gaumgæfilega í þögn hjartans, því að þá má vera, að ljós renni upp fyrir ykkur og innri eldurinn glæðist.

Við getum talið upp fleiri mantrömur tengdar eldinum. Það er hægt að ná snertingu við tvö heildi með því að nota vissa háttbundna tóna:

a—Formgervisverur eldsins og sveitir þeirra í iðrum jarðar, á yfirborði hnattarins og í loftinu kringum hann.

b—Tíva hugræna sviðsins sem eru í raun og veru tívar eldsins.

5—Mantrömur sem orka á formgervisverur eldsins. Um þær má ekkert segja og enga fræðslu láta í té. Af þeim formgervisverum sem hafa hlutverki að gegna í skipulagningu plánetulífsins eru formgervisverur eldsins að mörgu leyti máttarmestar og hættulegastar. Meðal annars eru þær margfalt fleiri en nokkrar aðrar formgervisverur og eiga aðsetur sitt á öllum sviðum frá hinu æðsta til hins lágstæðasta. Formgervisverur vatns og jarðar eru bundnar vissum svæðum innan sólkerfisins, en næstar að fjölda eru formgervisverur loftsins.

Mantrömur sem særa fram formgervisverur og vísa þeim á brott voru í almennri notkun hjá Atlantisbúum. En háskinn sem stafaði af dómgreindarlausri hagnýtingu formgervisvera og ógnirnar sem steðjuðu að landinu af þeirra völdum röskuðu svo framkvæmdum áætlana Logossins og vöktu slíka vanþóknun hjá vegleiðendum mannkynsins, að þeir sviptu jarðarbörnin þessari þekkingu. Atlantíski kynstofninn leið undir lok við flóð og eldsumbrot — þegar þið minnizt þess, að vatn og eldur eru ósættanlegir andstæðingar og formgervisverur vatns og elds eiga sér enn ekkert sameiningarsvið, munuð þið ef til vill skilja áhugavert atriði í sambandi við náttúruhamfarirnar í Atlantis.

6—Mantrömur sem kalla á tíva eldsins eru ekki síður vandlega geymdar — ekki einungis vegna hættunnar sem þær geta haft í för með sér, heldur einnig vegna þeirrar *tímatafar* sem skapast þegar tívarnir eru ákallaðir í gáleysi og hindraðir með mantrískum seið í að rækja hin þýðingarmiklu skyldustörf sín.

Innan þessara tveggja flokka mantrískra forma eru margar smærri greiningar á mantrömum sem orka sérstaklega á ákveðna hópa af formgervisverum og tímum.

Hér höfum við talið upp sex mismunandi mantrömur sem tengdar eru eldinum. Auk þeirra eru til nokkrar í viðbót sem ég get vikið lauslega að:

7—Mantrömur sem vekja upp hreinsandi eld er logar á einu hinna þriggja lægri sviða. Starfið vinna formgervisverur undir stjórn eldtívanna og beinni handleiðslu vígsluhafa eða

lærisveins, og tilgangurinn er hreinsun af einhverju tagi; hreinsun á starfstæki eða stað, húsi eða musteri.

8—Mantrömur sem vekja upp eld til að segulmagna verndargripi, steina og helga staði.

9—Mantrömur sem lækna með dulfræðilegri hagnýtingu logans.

10—Mantrömur sem stjórnendur starfsdeildanna þriggja nota:

a—Manúinn þegar hann þarf að sökkva meginlöndum og láta ný lönd rísa úr hafi.

b—Bodhisattvann þegar hann þarf að örva logann hið innra í hverri mannsál.

c—Mahachohaninn þegar hann þarf að örva vitsmunina eða fimmta eðlisþáttinn.

Öll þessi mantrísku form eru til, og raunar mörg í viðbót. . .

Fyrsta skrefið í þá átt að ávinna sér þekkingu á þessum mantrömum er þjálfun í dulfræðilegri hugleiðingu, því að það er ekki nóg að óma orðin sjálf til að ná árangri, heldur þarf á hugrænni fasthygli að halda og hæfileika til að sjá fyrir sér markið sem keppt er að. Þessu samfara verður að vera einbeittur vilji, þannig að sá sem sönglar tónana hafi einnig áhrif þeirra á valdi sínu. Mantrísk form eru hættuleg og koma ekki að gagni ef maðurinn sem notar þau er ekki gæddur hugrænu jafnvægi, fasthygli og hæfileikum til að stjórna og lífmagna.

21. ágúst 1920

Og nú erum við komin að seinasta kafla þessa sjötta bréfs okkar:

Samheildarleg formnotkun.

Ég er að hugsa um að skipta þessu efni í þrennt til frekari skýrleika og fjalla um það undir eftirfarandi fyrirsögnum:

1—Samheildarleg notkun hljóðsins í hugleiðingarformi.

2—Samheildarleg notkun hrynjandi í hugleiðingariðkun.

3—Hvenær þessi form verða notuð.

..... Við höfum þegar fjallað allrækilega um einstaklingsbundna hugleiðingariðkun í þessum bréfum og rætt það efni frá ýmsum hliðum og ólíkum sjónarhornum. Þar höfum við varast að segja of mikið, heldur látið nægja að vekja áhuga nemans og eggja hann til frekara átaks, gaumgæfilegri námsástundunar og dýpri rannsókna. Á hinni grýttu braut dulfræðilegrar þjálfunar kemur ekkert að verulegum notum nema það sem neminn hefur öðlast skilning á sjálfur og sannreynt í innri vitund sinni. Fræðikenningar og vitrænar ályktanir koma ekki að gagni, heldur þyngja aðeins ábyrgðina. Neminn er ekki fær um að vísa öðrum leitendum til vegar né rétta þeim sem á eftir koma hjálparhönd fyrir en hann hefur sannprófað fræðikenningarnar og gengið úr skugga um raungildi þeirra, dregið hugskynjanir sínar niður í heim formsins og gert þær að veruleika á jarðneska sviðinu. Það getur verið hjálpríkt og hvetjandi að segja: „Ég heyri.“ Orðin „Ég trúí“ geta borið með sér aukið traust. En það sem með þarf á þessum myrkustu stundum *Kali Yuga*, hins svarta tímaskeiðs, er að þeyta lúðurinn og segja sigrihrósandi: „ÉG VEIT“. Þeir sem *vita* eru enn fáir. Þó er engan veginn útilokað, að neminn geti aflað sér vitneskju. Það útheimtir aðeins ástundun, einlægni og getu til að þola þjáningar án þess að láta bugast.

Við höfum gert okkur einhverja grein fyrir aðferðum og árangri einstaklingsbundinnar hugleiðingar, og við höfum rætt formnotkun frá því sjónarmiði allítarlega, svo að nú getum við litið á hina samheildarlegu hlið málsins.

Meðal þess sem við þurfum fyrst og fremst að gera okkur grein fyrir í sambandi við samheildarlega formnotkun er það, að hún þekkest hjá öllum þjóðum, hefur sterk áhrif og getur reynzt afar háskaleg. Samheildarleg guðsdýrkun og helgisiðanotkun er svo sjálfsagður þáttur í

lífi hvernar þjóðar, að fáir brjóta heilann um hvað bak við athafnirnar liggur og hver áhrif þær hafa. Öll trúarbrögð — frá kristinni trú, Búddhadómi, Hindúasið og Islam niður í úrkynjaða blótsiði frumstæðra manna — hafa lagt áherzlu á gildi og áhrifamagn sameiginlegrar viðleitni fjöldans til að ná snertingu við Guðdóminn. Það er óumflýjanlegt, að árangur náist, en hann getur verið á öllum stigum frá kyrrlátri friðarkennd þeirra sem taka þátt í hinum kristnu launhelgum niður í tryllta hringdansa æðisgenginna dervísa eða óupplýstustu zúlúnegra. Mismunurinn er fólgin í getu tilbiðjandans til að taka við orku, samlaga sér hana og hagnýta. Að hve miklu leyti honum er það fært ákvarðast af stöðu hans í þrepstiga þróunarinnar og þeirri geðrænu og hugrænu stjórn sem hann hefur tileinkað sér.

Fyrsta frumhæfingin sem leggja þarf á minnið þegar fjallað er um samheildarlega formnotkun í hugleiðingariðkun er sú, að þessari beitingu forma eða hljóðs og hrynjandi er ætlað að opna miðlunarfarveg milli þátttakendanna og þeirra vitsmunavera eða máttarvalda sem þeir leitast við að nálgast. Fyrir atbeina þessa farvegs sem nær frá jarðneska sviðinu til hins geðræna eða jafnvel upp á eitt af hugrænu þreplögnum geta vitsmunaverunnar eða máttardrottnarnir úthellt geislandi ljósi eða orku af einhverju tagi yfir þá er þannig leita sameiningar. Öll framkvæmdin er vísindalegs eðlis og grundvölluð á sveiflutíðni og aflfræðipækkingu. Hún er háð sérstöku tómrúmi sem myndað er af dulfræðilegri kunnáttu í líki trektar eða farvegs. Þegar viss hljóð eru ómuð með réttum hætti myndast auður farvegur milli efri og neðri tilverustiga, og samkvæmt óhjákvæmilegri verkan lögmálsins flæðir orka *fohat*-kraftsins eftir honum til viðtakenda.

Á misnotkun þessarar kunnáttu er grundvallaður mikill hluti þess er við nefnum svartkynngi. Með særingum og formnotkun draga svartbræðurnir, eða þeir sem káka við það er þið af vanþekkingu kallið öfl hins illa, til sín orku sem tengd er voldugum en myrkum vitsmunaverum. Þannig hrinda þeir af stað atburðarás á jarðneska sviðinu sem á upptök sín í dimmum og dularfullum hellum hins alveraldlega illa valds er til er innan sólkerfis okkar. En það er engu síður hægt að draga til sín enn máttugri orku ljóss og kærleika og hagnýta hana í þágu þróunarinnar.

Samheildarleg notkun hljóðsins í hugleiðingarformum.

Nú skulum við athuga málið sérstaklega með tilliti til hljóðsins. Þegar við ræddum orðið helga og notkun þess sáum við, að áhrifin eru þriggreind: eyðandi, skapandi og einstaklingsbundin ef svo má segja — þ. e. verka beint á orkustöðvar líkamans og örva þær. Þessi þriggreindu áhrif koma einnig í ljós hvenær sem hljóð eða tónar eru notaðir samheildarlega af miklum fólksfjölda. Og við gætum bætt við einu enn til að skýra þetta betur: myndun farvegs. Í rauninni er þessi fjórða tegund áhrifa aðeins samfjöllun hinna þriggja, því að það er nauðsynlegt að aðhæfa efni þriggja lægri sviðanna til að geta myndað miðlunarfarveg. Aðhæfingin hefur fyrst og fremst í för með sér eyðingu alls hindrandi efnis og síðan sköpun trektarinnar eða farvegsins. Þetta er gert með sérstakri beitingu orkustöðvanna. Takið eftir þeirri staðhæfingu; hún felur í sér leyndardóm áhrifamestu notkunar hljóðsins. Þá eru tónarnir klæddir hugrænu efni um leið og einhverri af aðalorkustöðvunum er beitt til að senda þá frá sér. Áhrifin geta orðið ótrúlega magnþrungin þegar orðið er tónað af heildi manna sem geta starfað á hugrænu þreplögnum og notað allir í senn einhverja ákveðna orkustöð — annað hvort höfuðstöðina til fullnustu eða einhverja aðra aðalstöð ásamt samsvarandi höfuðstöð hennar. Mannkynið má þakka fyrir að hafa þessa kunnáttu enn ekki á valdi sínu. Og hún mun ekki verða fengin mönnunum í hendur á ný fyrr en nógu margir þeirra standa sameinaðir með hreinar tilhvatir og starfa af óeigingirni í þágu allrar heildarinnar. Enn sem komið er má segja, að það sé þvínær ógerningur að fá nógu stóran hóp fólks á sama þroskastigi, sama þrepi í stiganum, sem notar sömu orkustöð og andsvarar sömu

geislasveiflum til að koma saman og óma sama tóninn eða mantrömuna í samhljóðan. Auk alls þessa verður hver einstakur að láta stjórnast af hreinum kærleika og starfa skynsamlega að því marki að hefja heildina á hærra andlegt stig.

Að nokkru leyti byggist máttur helgistjórnarinnar einmitt á getu meðlimanna til að vinna eftir þessum reglum. Og eftir því sem þróuninni miðar lengra áleiðis og menn öðlast dýpri skilning á þessu efni munu breytingar eiga sér stað á hugleiðingarheildum. Þau verða þá ekki eins og nú hópar einlægra leitenda sem fyrst og fremst þrá uppljómun, heldur starfendur sem vinna saman að ákveðnu marki jákvætt og hyggilega.

Í biblíu kristinna manna má finna leifar af fornri sögn sem barst til okkar frá atlantíska tímabilinu. Þá skildu menn áhrif hljóðsins á jarðnesku og geðrænu þreplögnum og kunnu að hagnýta þau, en oftast var það gert í eigingjörnum tilgangi. Þið lesið þar, að gengið hafi verið með háttbundinni hrynjandi hringinn í kringum Jeríkó-borg og lúðrarnir síðan þeyttir nokkrum sinnum unz múrarnir hrundu til grunna. Þetta var hægt að gera vegna þess að leiðtogar fólksins bjuggu yfir dulfræðilegri þekkingu og kunnu að notfæra eyðandi og skapandi áhrif hljóðsins á réttri stund til að ná tilætluðum árangri.

Þess konar hljóðnotkun má skipta í þrjá flokka:

1—Orðið helga ómað í samhljóðan.

Þetta er ein af algengustu aðferðunum og beinasta leiðin til að mynda farveg fyrir miðlun máttar að ofan. Hún er árangursrík í einstaklingsnotkun, eins og þrásinnis hefur komið í ljós, og þeim mun sterkari verða áhrifin er fleiri beita henni í sameiningu, jafnvel svo magnþrungin, að háski getur stafað af. Það er gleymska þessarar vitneskju um notkun orðsins sem hefur lamað og dregið úr áhrifamætti allra núverandi útræðra trúarbragða, en að þeirri gleysku var stuðlað af ásettu ráði vegna þess hve hættulega vanþróuð mannlega helgistjórnin var þá. Þegar hagnýting orðsins verður aftur komin í almenningsseign og söfnuðir manna kunna orðið að óma það í réttri tónhæð og með réttu hljóðfalli, mun niðurstreymi kraftsins að ofan verða slíkt, að lífmögnun smáheimsins orkar á umhverfið og náttúruna í kring og veldur samsvarandi örvun innan allra ríkja hennar, af því að ríki mannsins er tengiliður hins æðra og lægra og — ásamt tívaríkinu — snertipunktur lífsaflanna.

Þessi áhrif á orkustöðvarnar munu gera vart við sig á einhverju sviði í heimunum þrem. Ég skal geta ykkur dæmi til skýringar, en þið skuluð hafa það hugfast, að leiðbeiningarnar eru ekki nákvæmar og röðin skiptir engu máli eins og henni er lýst hér.

Við skulum segja, að söfnuður manna hafi í huga að tengjast orkufarvegi þeim er starfar á geðræna sviðinu og örvar kærleiksvitund og þrá til hins æðra. Meðlimirnir munu standa í hljóðri sameiningu unz leiðtogginn gefur þeim merki, og þá mun hver eining innan heildisins flytja vitund sína af ráðnum hug inn í hjartastöðina, halda henni stöðugri þar og senda síðan óm orðsins helga þaðan í þeirri tóntegund sem flestir í heildinu andsvara. Tóntegundina mun hinn dulskyggni heildisleiðtogi velja með því að líta snögg yfir allar árunar fyrir framan sig. Þegar orðið er ómað í samhljóðan með þessum hætti myndast hinn nauðsynlegi farvegur eða trekt, og árangurinn verður sá, að geðlíkamir allra þátttakendanna þenjast gífurlega út um stundarsakir og hjartastöðvar þeirra verða fyrir sterkri lífmögnun. Þannig verður söfnuðinum gert kleift að rísa til hæða og móttaka blessun sem hverjum einstökum væri um megn að öðlast.

Þið getið sjálf hugsað ykkur fleiri dæmi af þessu tagi. Það getur haft mikla þýðingu að nota ímyndunaraflíð í þessum efnunum, og með því móti þroskast tengslin milli þeirrar eigindar og hinnar æðri samstæðu hennar, innsæisins. Hugleiðingarnemar þurfa að læra að beita hugmyndafluginu meira en þeir gera.

2—*Vissar mantrömur ómaðar í samhljóðan.*

Þeim verður beitt í sérstökum tilgangi, meðal annars til að:

a—Hreinsa borgir.

b—Segulmagna landsvæði þar sem í ráði er að byggja heilshæli.

c—Skíra hugi safnaðarmeðlima, svo að fólkið geti móttekið æðri uppljómun.

d—Lækna sjúklinga sem komið hafa saman í því augnamiði.

e—Stjórna náttúruöflunum til að hrinda af stað sérstökum hræringum á jarðneska sviðinu.

f—Vígja almenning til hinna óæðri launhelga.

Eins og þið sjáið, væri þetta kappnóg efni í heila bók ef nánar væri farið út í það. Allt heyrir það til hvítkynngi þeirri sem mannkynið mun síðar endurheimta og hagnýta í því skyni að öðlast dýrð og siðmenningarstig er átti sér óljósan forboða á atlantíska tímabilinu og hefur ávallt verið einn af æðstu draumum sjáenda mannkynsins.

3—*Mantrömur eða orð ómuð í samhljóðan til að ná sambandi við tíva- eða englaríkið.*

Þessar mantrömur tilheyra starfsdeild mahachohansins, og ég mun víkja nánar að þeim síðar

22. ágúst 1920

Samheildarleg notkun hrynjandi í hugleiðingariðkun.

Hrynjandi mætti skilgreina sem háttbundna hreyfingu er ósjálfrátt sveigir þátttakendurna til samræmis við ákveðin náttúruöfl. Hún er skipulögð athöfn sem margir menn framkvæma í sameiningu og leiðir af sér samtengingu og sérstök áhrif á einn eða fleiri líkamanna. Hún stefnir að því að:

a—Sveifla líkama eða líkötum inn á athafnasvið orkustraums.

b—Aðhæfa efni eins eða allra þeirra líkama er mynda ytra starfstæki heildis.

c—Samtvinna með sérstöku flatarmálsjafnvægi og skipulagningu áru hinna sérgreindu eininga innan heildis og mynda úr þeim eina sameinaða heildisáru, þannig að háttbundið orkuflæði geti beinst í vissa átt og náð ákveðnu marki.

Þetta hafa menn kunnað að gera frá aldaöldi, jafnvel þótt ekki hafi aðrir skilið aðferðirnar og afleiðingar þeirra vísindalega og skrásett þær en fáeinir innræðir söfnuðir og dulspekifélög.

Í hinum svokölluðu heiðinglegu helgiathöfnum til forna vissu menn mætavel hvert gildi hrynjandin hafði, og meira að segja Davíð, sálmaskáld Ísraels, dansaði frammi fyrir guði sínum. Það hefur sérkennileg áhrif á efni tveggja fíngerðari starfstækjanna að sveigja líkamann fram og aftur með vissri hrynjandi og sveifla jarðneska starfstækinu í ýmsar áttir, einatt við undirleik hljóðfæra. Þessar háttbundnu hreyfingar hafa í för með sér, að:

1—Krafturinn sem dreginn er niður með þessum hætti beinist að einhverri sérstakri orkustöð líkamans eftir því hvaða hrynjandi er notuð.

2—Efnið í geðlíkamanum og huglíkamanum er hrist upp, endurhæft og samtvinnað á nýjan leik, og þar af stafa viss áhrif sem oftast koma fram í jarðneskri raunbirtingu.

3—Samtenging starfstækjanna breytist. Annað hvort getur hún raskast og skekkzt eða komizt í rétt horf og náð snertingu við orsakalíkamann.

Þetta er eitt af höfuðmarkmiðum hinnar sönnu háttbundnu hreyfingar sem skrumskælingar hafa komið fram af öld eftir öld, og ná þær hástigi sínu í frumstæðustu

formum nútímadanslistar. Í nýtízkum dönsu sést háttbundin hreyfing í spilltustu mynd sinni, og aðaláhrif hrynjandinnar eru þá þau að beina orkustreyminu sem opnaður er farvegur fyrir með þessum hætti að geðræna starfstækinu og grófasta efni þess. Á jarðneska sviðinu leiðir þetta af sér mjög óákjósanlega örvun kynfæranna. Í rétttri notkun háttbundinnar hreyfingar eru áhrifin hins vegar þau að samtengja orsakalíkamann og þrjú grófari starfstækin, og þegar samtengingunni fylgir einlæg þrá til hins æðra verður afleiðingin sú, að orka streymir niður frá hærri sviðunum, lífmagnar þrjár aðalstöðvarnar í líkamanum og veitir uppljómun.

Þegar heil mannþyrping er altekin hinni sömu háleitu þrá og áður meðlimanna samtinnast og mynda einn allsherjar farveg fyrir niðurstreymi orkunnar, þá magnast áhrifin geipilega og geta jafnvel náð til alls hnattarins. Þið sjáið dæmi um þetta við hina undursamlegu Wesak-hátíð sem haldin hefur verið á ári hverju í Indlandi allt fram til þessa dags — þá er það helgistjórnin sjálf sem býr til farveginn fyrir orkumiðlun og blessun frá þreplögum þeim er Búddha hefur aðsetur sitt á. Hann kemur fram sem brennidepill þessarar orku, og með því að veita henni gegnum áru sína úthellir hann henni yfir gervallt mannkynið eftir farveginum sem myndaður er af söfnuði máttardrottna og meistara, vígsluhafa á ýmsum stigum og lærisveina. Farvegur þessi er myndaður með samtíðis notkun hljóðs og hrynjandi. Með því að tóna sérstaka kynngipulu og nota hægar háttbundnar hreyfingar í samræmi við sönglið mótar helgistjórnin trekt sem nær upp til hinna æðstu sviða. Flatarmálstáknin sem koma fram í efni herra sviðs en hins jarðneska og eru endurspeglun flatarmálshreyfingar fólksfjöldans er samsafnaður er í dal einum í Himalaya-fjöllunum verða að dásamlegum brautum sem leiða íbúa allra sviða, jafnt tíva sem menn, að miðbiki blessunarinnar. Þeir sem horft geta á hátíðahöldin með dulskyggnum augum sjá hina óumræðilegu feðurð flatarmálsformanna og dýrðina af geislandi árum hinna máttugu er þarna eru samankomnir.

Á ókomnum öldum munu menn öðlast skilning á gildi þess að sameina tónlist, háttbundna hreyfingu og söngl til að ná ákveðnum árangri og notfæra þá þekkingu. Heildi verða mynduð til að rannsaka skapandi og hreinsandi áhrif skipulagðs hljóðs ásamt hreyfingu í sameiningu: skapandi áhrifin á líkamina þrjá verða athuguð með dulskyggni, eyðandi áhrifin á efni líkamanna verða vísindalega skrásett, og allri þekkingu sem þannig fæst verður beitt til að efla og styrkja starfstækin. Eiginleikar orkustreymisins og hressandi, lífmagnandi og örvandi áhrif þess verða rannsökuð gaumgæfilega. Orkustöðvarnar verða athugaðar í sambandi við kraftstraumana sem snerting næst við, og lagt verður sérstakt kapp á að þroska þær og magna snúningshraða þeirra.

Önnur hlið þessa máls snertir starfið á jarðneska sviðinu, og þótt það sé háð þroskastigi einstakra meðlima heildisins er það ekki fyrst og fremst í þágu þess. Sérstök heildi munu fá það viðfangsefni að ná snertingu við vissar tegundir af kraftstraumum Logossins, veita þeim gegnum heildisfarveginn og dreifa þeim um allan hnöttinn. Þetta er nátengt starfi því sem *nirmanakayarnir* eða orkumiðlararnir hafa tekið að sér, og það mun fara fram undir þeirra handleiðslu að mestu leyti, því að þeir geta þegar hin rétta stund rennur upp notað heildin sem brennipunkta athafnarorku sinnar. Sem stendur vinna þeir aðallega á hugræna sviðinu og eitthvað á hinu geðræna. Þegar menn fara að gera sér gleggri grein fyrir leyndardómi orsakalegrar samtengingar og heildi fólks í jarðneskri holdgun geta raunverulega unnið saman (það er ómögulegt enn sem komið er, vegna þess að persónuleikinn lætur of mikið til sín taka), þá verður *nirmanakayunum* kleift að komast í beint samband við jarðneska sviðið og orka af gífurlegum krafti á þróunarleiðir þess.

Lækningaheildi munu starfa svo sem hér segir: — starfendurnir munu mynda hring umhverfis eininguna er lækningar þarfnast og nota vissar mantrömur og hreyfingar til að beina orkustreyminu að ofan til sjúklingsins sem þannig verður brennidepill þess. Með því að

hagnýta þennan örvandi mátt orkunnar og skapandi og eyðandi áhrif hans verður það sem þið nefnið kraftaverk að hversdagslegum viðburði. Efnið er of umfangsmikið til að gera því skil hér. En þegar mannkynið kemst á hærra þroskastig og öðlast meiri skilning á leyndardómi sameiningarinnar, fleiri feta orðið braut reynslunemans, hlutfallstala vígsluhafa verður hærri en nú og mikill hluti mannkynsins hefur náð nokkurri samtengingu við sálarlíkamann, munuð þið sjá, að lögmálum hljóðs og hrynjandi verður beitt vísindalega.

Jafnframt munuð þið verða vitni að misnotkun þessara máttarafla — misnotkun sem leiða mun til einnar af lokahríðunum í átökum drottna ljóssins við drottna myrkursins. Þá munu verða geigvænlegar náttúruhamfarir og hörmungar miklar, en í myrkrunu skín ævinlega ljós, og hann sem yfir öllu ríkir og geymir allt líf innan ummálshrings áru sinnar þekkir stund tækifærisins og kann að hagnýta það sem veitt getur vernd.

Hvenær þessi form verða notuð.

Hinn mikli árlegi viðburður sem beinlínis snertir mannkynið á þessari plánetu er Wesak-hátíðin. Að vísu er önnur stund á árinu enn mikilvægari, en það er þegar farvegur er myndaður í beinni línu frá jörðinni til hins æðsta aðaldrottanda, Logoss sólkerfis okkar. Þessu er áorkað með sérstökum mantrömum og sameiginlegu átaki helgistjórnarinnar og tívadrottna sviðanna allra. Tívadrottarnir fá aðstoð tívaþróunarinnar og helgistjórnin þeirra af mannkyninu sem náð hafa tilskildu þroskastigi. Geisladrottarnir sem eru í raunbirtingu á hverju tímabili og Plánetulogos hnattarins orka sem brennipunktur. En það er ekki enn hægt að kunngerá í riti fyrir almenning hvenær á árinu þessi athöfn fer fram.

Í hinum þrem starfsdeildum manúsins, bodhisattvans og mahachohansins eru hin sérstöku heildi hvers þeirra sem andsvara ákveðnum kynngiþulum og orðum samkvæmt vissum háttbundnum lögmálum. Ég get aðeins gefið ykkur eina smávægilega vísbendingu hér, en ég held, að ykkur muni þykja hún áhugaverð:

Sá tími er skammt undan er allir þeir sem starfa undir handleiðslu manúsins við stjórnsýslu og pólitísk mál, sitja þjóðþing, sjá um löggjöf og útdeila réttvísi munu hefja öll verk sín með völdugum háttbundnum helgiathöfnum. Með sameinaðri hrynjandi og söngluðum orðum munu þeir leitast við að ná snertingu við vitund manúsins og hina máttugu stjórnardeild hans, þannig að þeim verði unnt að hrinda áformum hans og hugmyndum betur í framkvæmd á jarðneska sviðinu. Eftir að þeir hafa samtengt líkami sína og myndað hinn nauðsynlega farveg munu þeir hefja störf sín, en láta einn eða tvo menn dveljast um kyrrt í miðjum brennipunkti uppljómunarinnar og beina athygli sinni að því eina marki að skynja fyrirætlanir manúsins og starfenda hans varðandi málin sem á dagskrá eru.

Í starfsdeild bodhisattvans verður svipuð athöfn viðhöfð, og hafa meginþættir hennar þegar verið skipulagðir. Þar verður prestur í brennideplinum, en hann mun miðla fræðslunni að ofan eftir að söfnuðurinn allur hefur tekið þátt í sameiginlegri helgiathöfn og hrynjandi.

En hér vil ég skjóta inn þýðingarmikilli athugasemd: — á þeim tíma verður engin sérhæfð prestastétt. Þá verða allir prestar, og hvaða leikmaður sem er getur gegnt því embætti ef söfnuðurinn velur hann til þess áður en helgiathöfnin hefst. Einu kröfurnar sem gerðar verða til hans eru þær, að hann hafi hæfileika til að samtengjast hinu æðra og vinna í samstarfi með öllum öðrum einingum á ráðstefnunni.

Í starfsdeild mahachohansins, lávarðar siðmenningarinnar og höfuðdrottanda þriðju þróunarbrautarinnar, mun einnig verða haldin áþekk athöfn. Enginn háskóli eða skóli mun hefja námsár sitt án þess að hafa fyrst samtengingarathöfn, en þar verður það kennarinn sem myndar brennipunkt og veitir viðtöku fræðslunni frá deild þeirri er stjórnar athafnarorku hugans. Með þeim hætti verður hægt að örva stórlega huglíkama nemanna og styrkja farveginn

milli æðri og lægri hugarins. Jafnframt verður innsæið snortið og þroskað.

Í ofangreindum staðhæfingum hef ég hvergi nærri gert efninu full skil. Ég hef aðeins vikið lauslega að nokkrum atriðum er síðar munu koma fram sem staðreyndir á jarðneska sviðinu. En þetta gefur ykkur ýmislegt um að hugsa, og hygginn nemi getur margt lært af þeim heilabrotum. Öllu því sem víkkar sjónhring hans og veitir honum gleggri yfirsýn skyldi hann taka tveim höndum, jafnvel þótt hann skilji það ekki nema að takmörkuðu leyti og sé enn ekki fær um að tileinka sér það til fulls.

7. BRÉF.

LITANOTKUN Í HUGLEIÐINGU.

- 1—Upptalning litanna ásamt nokkrum athugasemdum.
- 2—Litirnir og samsvörunarlögmálið.
- 3—Áhrif lita.
- 4—Hagnýting lita og framtíðarnotkun þeirra.

7. BRÉF.

LITANOTKUN Í HUGLEIÐINGU.

27. ágúst 1920

Enginn vafi leikur á því, að þeir sem syndga gegn lögmálinu munu tortímast samkvæmt því, en þeir sem hafa lögmálið í heiðri munu lifa undir því. Raunverulegt dulfræðinám er rannsókn á eðli og orsökum fyrirbæra. Það felst í að ganga úr skugga um með hvaða aðferðum árangri verði náð, og það hefur í för með sér vandlega greiningu og athugun á atburðum og aðstæðum í þeim tilgangi að uppgötva lögmálin sem stjórna þeim.

Ákveðin lögmál ríkja í lífi lærisveinsins, sömu lögmálin sem stjórna öllu lífi. Munurinn er sá, að lærisveinninn hefur öðlast nokkurn skilning á markmiði þessara lögmála, ástæðunni fyrir, að þau eru til, og meðvitaðri réttbygginni beitingu þeirra að kringumstæðum daglega lífsins. Með því að hlíta ákvæðum lögmálsins ummyndast líf persónuleikans.

Við skulum taka sem dæmi *lögmál efnahagslífsins*. Það lögmál gefur lærisveininum tækifæri til að hagnýta skynsamlega alheimsforðann. Hann þarf að meðhöndla efnið og aðlaga það gagnvirkum öflum framboðs og eftirspurnar. Blind trú er rétt þegar launspekingurinn á í hlut. Hún er ein af leiðunum sem liggja inn í hið guðlega forðabúr, en það er þó enn betra að læra að þekkja aðferðina til að endurnýja sífellt birgðirnar og skilja hvernig tengja má saman óþrjótandi gnægð alföðurins og þarfir barna hans.

Eina lífsreglu get ég gefið ykkur varðandi lögmál framboðs og eftirspurnar. Forðinn heldur því aðeins áfram að streyma inn, að hann sé hagnýttur vel í þágu starfandans og starfsins. Lausnin er: — notið, krefjist, takið. Það er ekki fyrr en lögmál eftirspurnarinnar opnar einar dyrnar, að aðrar og æðri dyr opnast og leyfa framboðið. Lögmál þyngdarafllsins felur í sér leyndardóminn. Hugsið um þetta.

Nokkrar athugasemdir varðandi liti.

Jæja, sleppum nú öllum útúrdúrum. Efnið sem við þurfum að ræða í kvöld er bæði torrætt og flókið. Þetta sjöunda bréf mitt mun fjalla um litanotkun í hugleiðingu.

Við höfum þegar rætt talsvert um hljóðið eða tóna í fyrri bréfum okkar, bæði í kaflanum um notkun orðsins helga og þegar við athuguðum form og mantrömur. Það eru orðin margþvæld sannindi að segja, að litir séu tónar og tónar litir, en eigi að síður er það rétt. Hér vil ég sérstaklega vekja athygli ykkar á litaáhrifum tónanna, en ekki hljóðinu sjálfu. Í þessu bréfi legg ég því megináherzluna á litahliðina, en bið ykkur að hafa jafnan hugfast, að allir tónar tjá sig í litum.

Þegar Logosinn mælti fram hið volduga alveraldarorð fyrir þetta sólkerfi mynduðust þrjár aðallitastraumar er kvísluðust nær samtímis í aðra fjóra, þannig að til urðu þeir sjö litastraumar sem eru undirstaða raunbirtingarinnar. Þessir litir eru:

- 1—Blátt.
- 2—Indígó.
- 3—Grænt.
- 4—Gult.
- 5—Rauðgult.
- 6—Rautt.
- 7—Fjólulitt.

Ég hef ekki talið þá af handahófi upp í þessari röð, en þið verðið sjálf að finna merkinguna sem að baki liggur.

Aðra hugmynd vil ég einnig leggja áherzlu á: — þessir sjö litastraumar voru ávöxtur hugleiðingar Logossins. Hann hugleiddi og íhugaði, skynjaði í huga sér, mótaði þar hinn fullkomna heim og klæddi hann hugrænu efni. Þá skapaðist hinn hlutlægi alheimur okkar í svipleiftri og geisladýrð litanna sjö, en samfjallandi grunntónn hans var hinn djúplái indígólitur. Þess vegna má staðhæfa eftirfarandi atriði varðandi liti:

- 1—Þeir snerta hlutlæga hugleiðingu og þess vegna formið.
- 2—Þeir eru ávöxtur hljóðs sem ómað er á hástigi hugleiðingar.
- 3—Í litunum sjö og skilningi á eðli þeirra felst geta mannsins til að fara að dæmi Logossins og skapa.
- 4—Litir hafa viss áhrif á starfstækin og sviðin sem þau starfa á. Þegar dulfræðingurinn veit orðið hvaða litur er ríkjandi á hverju sviði og því grundvallarblær þess, þá skilur hann höfuðleyndardóm hinnar smáheimslegu þroskunar og getur búið sér til raunbirtingarlíkama eftir sömu lögmálum sem Logosinn studdist við er hann skapaði hlutlæga sólkerfið. Þetta er gátan sem hygginn nemi ræður smám saman með því að leggja stund á geislahugleiðingu. Og þessi fjögur atriði mynda grundvöll alls sem á eftir fer.

Þið þurfið ekki að hafa áhyggjur af því, að litirnir sem ég tel upp stangist á við upptalninguna hjá Helenu Petrovnu Blavatsky. Nei, það gera þeir ekki, en við notum bæði dulmál og meira að segja sama dulmálið eins og skarpskyggirnir nemar munu sjá. En dulmál er ekki lengur dulmál þegar fólk veit af því, og lykिलinn fáíð þið ekki hjá mér. Eina eða tvær vísbendingar get ég þó gefið:

Samstæðum litum er stundum víxlað í dulfræðibókum. Rautt er kannski kallað grænt og appelsínulitt blátt. Lykillinn að réttri túlkun hugtaksins sem notað er felst í þróunarstigi einingarinnar sem um er verið að ræða hverju sinni. Ef talað er um sálina má nota eitt hugtak, og annað ef talað er um persónuleikann, en mónadinum eða æðra áríska sviðinu má lýsa

samfjallandi eða samkvæmt hugtökum mónadgeislans.

Stundum er talað um liti æðri eða lægri hugarins með hugtökum sviðsins en ekki geislans.

Blátt og indígó eru alheimslega tengdir litir, ekki aðeins samstæðir, og það er hægt að villa um með því að tala um þá á víxl við sams konar aðstæður.

Ég skal gefa ykkur dæmi þessu til skýringar:

Um logadrottana og starf þeirra í sambandi við plánetu okkar má tala með hugtakafraði fjögurra lita. Það eru:

a—*Indígó*, vegna þess að þeir eru á sömu braut og bodhisattvann eða kærleika-vizku-geislanum. Lávarður heimsins er bein endurspeglun annars meginþáttar Guðdómsins.

b—*Blátt* vegna skyldleika þess víð indígó og tengslanna við áríska eggid. Þannig er talað um Sólarlogosinn sem „Bláa Logosinn“ (ætti í raun rétttri að vera indígó), og ríkjandi litur fullnumans og áríska hjúpsins sem hann raunbirtist í er blár.

c—*Rauðgult* sem er samstæður litur bláu og hefur bein tengsl við manninn sem vitsmunaveru. Maðurinn hefur það hlutverk með höndum að sjá um varðveislu fimmta eðlisþáttarins eða *manas* í sambandi við persónuleikaheildina.

d—*Gult* sem er samstæður litur indígó og sömuleiðis litblær *buddhi* (innsæisins) og er á braut annars meginþáttarins.

Ofangreint dæmi gaf ég ykkur til að sýna hvernig nota má dulmál til að flækja og afvegaleiða, en einnig til að gera ykkur ljóst, að skarpskyggn augu sjá, að dultáknin eru ekki valin af handahófi, heldur samkvæmt vissum reglum og lögmálum.

Af þessu munuð þið skilja hvers vegna svo oft er lögð áherzla á, að lægri hugurinn komi ekki að miklum notum þegar dulvísindi eru annars vegar. Sá einn sem tekinn er að þroska með sér æðri sýn getur gert sér vonir um að greina milli raunveruleika og blekkingar. Svipað er ástatt á hugræna sviðinu og annars staðar í þessu kærleikasólkerfi þar sem græn athafnarorka náttúrunnar myndar grundvöll fyrir indígó-sveiflurnar eða meginþátt kærleikans. Meira má ég ekki segja, en þið skuluð íhuga þessi orð. Rauðgult felur í sér leyndardóminn fyrir syni hugans, og uppljómun fæst með því að rannsaka *logann* sem inniheldur öll litbrigði jafnvel í hinum ytra heimi.

Nú skulum við snúa okkur að litanotkun í hugleiðingu og skipta þessu umfangsmikla efni í eftirfarandi kafla:

1—Upptalning litanna ásamt nokkrum athugasemdum.

2—Litirnir og samsvörunarlögmálið.

3—Áhrif lita:

a—Á líkami nemans.

b—Á heildi og heildisstarfsemi.

c—Á umhverfið.

4—Hagnýting lita:

a—Í hugleiðingariðkun.

b—Til lækninga með hugleiðingu.

c—Í skapandi starfi.

5—Framtíðarnotkun lita.

Í þessum fimm köflum ættum við að geta fjallað um allt sem segja þarf um málið á þessu stigi. Ef til vill kem ég ekki fram með margt nýtt, því að ég veiti enga fræðslu sem ekki má

finna í hinu mikla tímamótaverki Helenu Petrovnu Blavatsky um *Kenninguna leyndu*. En það getur orðið lærdómsríkt að birta hana í nýrri framsetningu og safna dreifðum fróðleiksmolum í eina heild. Við skulum snúa okkur að fyrsta kaflanum seinna — í kvöld ætla ég aðeins að bæta nokkrum athugasemdum við þær sem þegar eru komnar.

Litir raunbirtast á jarðneska sviðinu í grófustu mynd sinni. Jafnvel fíngerðustu blæbrigði sem jarðneskt auga greinir eru hörð og óþýð í samanburði við liti geðræna sviðsins, og þegar komið er upp á enn efnisfínni þreplög þar fyrir ofan eykst fegurð, mýkt og fíngerðir töfrar hvers litbrigðis stig af stigi unz við sjáum hina hinztu litasamfjöllun, en dýrð hennar er ólýsanleg og öllum hugtökum æðri.

Litir þróunarinnar eru *litir ljóssins*. En til eru blæbrigði sem eru leifar lita seinasta sólkerfisins, og þau hafa hinar dularfullu verur er við af vanþekkingu nefnum „alveraldaröfl hins illa“ tekið til notkunar sem tjáningarmiðil sinn. Þetta eru innþróunarlitir, og í þeim fær orka svartbræðralagsins útrás. Leitendur á braut ljóssins ættu að sneiða algerlega hjá þeim. Meðal þeirra eru brún og grá blæbrigði ásamt hinum sauruga purpuralit og óhreina græna blæ sem sjá má á myrkustu stöðum jarðarinnar og geðræna sviðsins og á neðstu þreplögum hugræna sviðsins. Þetta eru neikvæður. Tónn þeirra hefur lægri sveiflur en tónn náttúrunnar. Í innræðri merkingu eru þeir afsprengi næturinnar. Þeir eru grundvöllur sýndarljóma, vonleysis og spillingar, og namar hinna máttugu verða að brynja sig gegn þeim með því að opna sig fyrir litunum sem tengdir eru ljósinu.

Eins og áður er getið, er indigógeislinn samfjöllunargeisli allra lita. Hann liggur að baki öllu lífi og geymir allt í sér. En í hinum þrem heimum mannglegrar þróunar er það rauðgulur litur logans sem hvarvetna geislar. Hann á upptök sín á fimmta sviðinu, liggur til grundvallar fimmta eðlisþættinum og kemur fram í áhrifum hinna dulfræðilegu orða „því að drottinn, Guð þinn, er eyðandi eldur“ þegar þau eru ómuð með innræðri aðferð. Þau eiga við *manas*, eðlisþátt hugans, þann eld vitsmuna eða skynsemi er logadrottnarnir tendruðu, eldinn sem örvar og leiðir hið virka líf persónuleikans. Hann er ljós skynseminnar er vísar mannum til vegar gegnum sal lærdómsins inn í sal vizkunnar.

Í sal vizkunnar lærir neminn að þekkja takmörk hins rauðgula loga, og orsakalíkaminn eða musteri Salómóns, þessi bygging sem vitsmunirnir hafa reist, er afmáð í eyðandi eldi. Skrautlegt fangelsið sem maðurinn hefur eytt mörgum jarðvistum í að byggja brennur til grunna og losar úr viðjum innra ljós Guðdómsins. Þá sameinast eldarnir tveir, stíga upp og hverfa inn í *þrenndarljósið*.

Sumir litirnir eru séreign manlegu helgistjórnarinnar, en aðrir tilheyra tívunum. Þegar þeir blandast að lokum og renna saman í eitt er fullkonnun náð

29. ágúst 1920

1—Upptalning litanna.

Í kvöld skulum við halda áfram athugunum okkar á litunum og byrja nú á fyrsta atriðinu eða upptalningu þeirra.

Ég mun gera vissar athugasemdir og miðla ykkur af nokkurri fræðslu, en ég vil minna á það aftur, að ég nota útræð en ekki innræð hugtök og reyni fyrst og fremst að vekja ykkur til umhugsunar. Litir eru aðeins hlutlægur tjáningarmiðill innri orku, endurspeglun á efnissviðinu af áhrifum þeim er frá Logosnum stafa og ná til efnisþéttustu hluta sólkerfis hans. Við skynjum þetta sem *liti*. Fullnuminn lítur á það sem *sérgreinda orku*. Og vígsluhafi æðri stiganna sér það sem *hið hinzta ljós*, ósérgreint og óskipt.

Í gær töldum við upp litina í sérstakri röð. Nú vil ég biðja ykkur að hafa hugfast, að geislinn eini sem allir aðrir geislar eru greinar af er áþekktastur sjöþættum ljóshring. Nemanum hættir til að hugsa sér sjö geislarákir sem liggja þvert í gegnum fimm neðri sviðin þangað til þær snerta jörðina og samlagast hinu þetta efni. Þetta er ekki rétt mynd. Betra er að hugsa sér litina sem geislaband úr sjö samofnum blæbrigðum er hvarfla í sífelli stað úr stað og hringsnúast gegnum sviðin aftur til frumlindar sinnar

Þessar sjö litrákir eiga upptök sín í samfjöllunargeislanum, og indígó geislagrein indígógeislans myndar greiðustu leiðina frá miðbiki hins þéttasta efnis til uppsprettunnar. Úr litrákunum verður til hringur sem snýst óaflátanlega og þyrlast upp og niður milli hinna ýmsu sviða á mismunandi sveifluhraða.

Það sem eg er að reyna að sýna fram á er, að þessar sjö rákir hreyfast ekki allar á sama hraða, og í þeirri staðreynd er fólgin lykill að flækju málsins. Sumar þeirra hafa hraðari sveiflur en aðrar, og þar eð þær bera með sér samsvarandi eindir sínar fæst hér skýringin á því hvers vegna sumar sálir virðast taka skjótari framförum en aðrar.

Þessir mislitu hringir renna ekki eftir beinum og hindranalausum rásum, heldur samtvinnast á hinn furðulegasta hátt, blandast hver öðrum og renna saman á vissum tímaskeiðum þrjú eða fimm í hnapp, en þokast þó sífellt áfram.

Þetta er hin raunverulega orsök þess, að höggormur vizkunnar er sýndur með demantsmynstur á bakinu. Aðallínurnar eiga að vera í höfuðlitunum þrem, en hinir fjórir litirnir mynda útflúrið. Einhvern tíma þyrfti nemi með þekkingu á dulfræði og eðli litanna að teikna stóran uppdrátt af sviðunum sjö og þversum yfir þau mynd af hinum sjölitna höggormi vizkunnar. Ef þetta er dregið upp í réttum hlutföllum munu koma fram áhugaverð flatarmálmynstur þar sem hringarnir skerast gegnum sviðin, og þá verður hægt að fá einhverja hugmynd um hversu flókin og margslungin eru fræði hinna sjö geisla

Nú skulum við bæta við nokkrum stuttum staðhæfingum:

Hinn sanni *indígó*litur er eins og blámi himinsins á tunglskinslausri nóttu. Hann er hástigið, og þegar hin endanlega samfjöllun allra lífvera á sér stað mun sólar nóttin taka við. Litblærinn samsvarar næturhimninum, og indígó safnar í sig öllum blæbrigðum.

Grænt er grunnlitur athafnarorku náttúrunnar. Það var samfjöllunarlitur fyrsta sólkerfisins og er undirstaða núverandi raunbirtingarkerfis. Tónn náttúrunnar er grænn, og hvert sinn er maðurinn virðir fyrir sér möttul jarðarinnar kemst hann í snertingu við orku þá sem náði hástigi sínu í seinasta kerfi. Grænt örvar og græðir.

Ég vil vekja athygli ykkar á því, að það er enn ekki leyfilegt að veita fræðslu um innræða merkingu þessara lita né heldur nákvæmar leiðbeiningar um hagnýtingu þeirra. Hættunar sem það gæti haft í för með sér eru of alvarlegs eðlis, því að í réttum skilningi á lögmálum litanna og vitneskju til dæmis um það atriði hvaða litur tilheyrir hverjum geisla er fólgin máttur sá er fullnuminn hefur yfir að ráða.

Athugasemdir varðandi litinn.

Við getum talið upp þá liti sem þegar eru þekktir. Samfjöllunargeislinn er indígó eða dimmblár. Það er geisli kærleika og vizku, hinn voldugi stofngeisli núverandi sólkerfis og einn af alveraldargeislunum. Þessi mikli alheimsgeisli skiptir sér í sjö geislagreinar þegar hann raunbirtist, og eru þær þessar:

1—Indígó..... og litur sem ekki má segja frá.

2—Indígó-indígó.... Önnur geislagrein kærleika og vizku.

Höfuðtjáning hennar kemur fram á öðru mónadsviðinu, og hún raunbirtist fyrst og fremst í mónöðum kærleikans.

3—Indígó-grænt Þriðja geislagreinin, þriðji eðlisgeisli athafnarorku eða aðlögunar. Það er stofngeisli annars sólkerfisins, hinn máttugi geisli tívaþróunarinnar.

4—Indígó-gult Geisli samræmisins.

5—Indígó-rauðgult Geisli vísinda eða þekkingar.

6—Indígó . . . og litur sem ekki má heldur segja frá.

Geisli trúarhollustunnar.

7—Indígó-fjólulitt Geisli siðalögmálsins.

Þið sjáið, að ég sleppti bæði indígó-rauðu og indígó-bláu og tengdi þessa tvo liti hvorki geislum né sviðum. Ráðgátan myndast þegar þessum upplýsingum er haldið leyndum.

Þegar þið takið litina til athugunar þurfið þið jafnan að hafa þrennt í huga:

1—Að ég hef notað hin útræðu nöfn litanna, og þau svara einungis í tveim tilvikum til innræðrar merkingar þeirra — sem sé *indígó* og *grænt*. Á þessu stigi getið þið ekki fengið fullvissu um aðra geisla en samfjöllunargeislann og athafnarorkugeislann. Annar er lokamark núverandi sólkerfis, hinn er grunnlitur náttúrunnar.

2—Að hinir fimm litirnir sem snerta fimmgreinda þróun okkar taka sífelldum breytingum, samtvinnast og blandast innbyrðis og hafa ekki þá innræðu merkingu er ætla mætti af notkun orðanna rautt, gult, rauðgult, blátt og fjólulitt. Í innræðum skilningi eru þeir næsta ólíkir nöfnum sínum, enda eru þau til þess ætluð að villa og afvegaleiða.

3—Að enn sem komið er skynjum við ekki þessa þrjú liti og hina tvo sem heild, heldur aðeins fjórar af geislagreinum hvers þeirra. Við erum núna í fjórðu umferð hnattkeðjunnar, og fram að þessu höfum við eingöngu komið auga á fjórar geislagreinar ofangreindra geisla.

Ef þið hafið þessi þrjú atriði ætíð hugföst er minni hætta á misskilningi og fljótfærnislegri skoðanamyndun.

Gult er einnig meðal lita þeirra sem við höfum fengið að erfðum frá seinasta sólkerfi. Athafnarorkan í því kerfi myndaðist að miklu leyti við að blanda saman bláu og gulu. Gult er litur samræmisins og táknar uppskeru og endalok. Þið sjáið á haustin þegar náttúran hefur lokið hinu árvissa hlutverki sínu og hringurinn er fullnaður hvernig gulur haustblærinn breiðist yfir landslagið. Þið sjáið enn fremur hinn gula uppskerulit í geislaflóði sólarinnar. Sama gildir í lífi andans. Fullkomnun næst þegar vald er fengið yfir fjórða sviði samræmisins eða *buddhi*. Þegar hlutverki persónuleikans er lokið og sól smáheimsins, sálin, skín hindranalaust á líf einstaklingsins, eru ávextirnir fullþroskaðir og uppskeran tilbúin. Það er stig einingar og samræmis, og þá er lokamarkinu náð. Þegar bláu og gulu er blandað saman verður það grænt, og indígóblámi samfjöllunarinnar eða meginþáttur kærleika og vizku ræður ríkjum þegar komið er upp á svið samræmisins. Þaðan er svo beinn vegur upp á þriðja atmíska sviðið þar sem mest ber á hinum græna litblæ athafnarorkunnar

31. ágúst 1920

Nú er við höldum áfram athugunum okkar á litum og hugleiðingariðkun langar mig að biðja ykkur að hafa í huga, að jafnvel þótt stundum kunni að virðast svo sem mótsagnir komi fram í fræðslunni, felst ráðning gátunnar að hálfu leyti í innræðri túlkun hennar og að hinu leytinu í þeirri staðreynd, að öll túlkun mótast af sjónarmiði túlkandans og sviði því er vitund hans starfar á.

Gildi þessarar fræðslu um liti og hagnýtingu þeirra er fólgið í því, að við athugun á eðli litanna — sem er í rauninni athugun á sveiflum — þroskast skilningur á sveiflutíðni persónuleikans og hæfni til að stilla hana til samræmis við sálar tíðnina og samfasa hana síðar tíðni meistarans. Ein helzta aðferðin til að koma á slíkri samfösun er hugleiðingariðkun. Þegar vitsmunirnir geta orðið tileinkað sér vísindalega fræðslu um þetta efni, verður hún hagnýtt til að hækka sveiflutíðnina, og þá mun reynast nauðsynlegt að þroska litina hyggilega.

Í seinasta kafla bréfs míns fjölluðum við um hina fjórþættu litasamstæðu, blátt, indígó, grænt og gult, og var þar ýmislegt áhugavert til umhugsunar. Nú komum við að annarri litasamstæðu, sem sé rauðgulu, rauðu og fjólulitu, og eru það eðlilega skyldir litir.

Rauðgult. Sá litur er að því er okkur varðar litur hugræna sviðsins, táknun logans og einkennisblær aðskilnaðar, þótt kynlegt megi virðast. En ég vil vekja athygli ykkar á því, að hinn innræði eða dulfræðilegi rauðguli litur er ekki sami blærinn og þið hugsið um undir því nafni. Útræður rauðgulur eða appelsínulitur er blanda af gulu og rauðu, en í innræðum appelsínulit er guli blærinn hreinni og sá rauði vart sjáanlegur.

Þessi appelsínulitur birtist sem sveiflutíðni er einn af kosmísku geislunum hrindir af stað — þið megið ekki gleyma, að fimmti geislinn ásamt fimmta sviðinu og fimmta eðlisþættinum er nátengdur alveraldargeisla vitsmunanna er hlaut höfuðtjáningu sína í seinasta sólkerfi. Samfjöllunargeisli þeirra tíma var græni geislinn, og hann myndaði náíð samband við rauðgula geislann sem táknar formbirtingu hugar eða vitsmuna. Í núverandi sólkerfi koma fram hliðstæð tengsl milli samfjöllunargeisla kærleika og vizku og fjórða eða samræmisgeislans. Gagnvirk tengsl þessara geisla mynda þríhyrninga eins og þið sjáið á næstu blaðsíðu.

FYRSTA SÓLKERFIÐ

Græni geislinn

Þriðji meginþátturinn

Athafnarorka eða vitsmunir

Þriðja geislagrein
Athafnarorka
Grænt-grænt

Fimmta geislagrein
Manas eða hugurinn
Grænt-rauðgult

ANNAÐ SÓLKERFIÐ

Indígógeislinn

Annar meginþátturinn

Kærleikur og vizka

Önnur geislagrein
Kærleikur og vizka
Indígó-indígó

Fjórða geislagrein
Samræmi
Indígó-gult

Í sólkerfi athafnarorkunnar birtist þriðji meginþáttur alheimshugarins í rauðgulum lit hluthæfu geislagreinarinnar, þ. e. aðlögunarhæfni í formi sem er fullkomin tjáning hinnar blundandi athafnarorku.

Í sólkerfi kærleikans birtist annar meginþáttur alheimshugarins aftur á móti í gulum geisla samræmis og fegurðar, þ. e. kærleikur sem hlýtur fullkomna tjáningu í einingu, samræmi og fegurð.

Hér nota ég enn hugtök sem ýmist þarf að túlka með innræðum eða útræðum hætti ef réttur skilningur á að nást.


Eins og ég sagði áðan, birtist þessi rauðguli eða appelsínulitur sem sveiflutíðni er alveraldargeisli athafnarorkunnar hratt af stað í seinasta sólkerfinu. Orka appelsínulitarins, þ.e.a.s. vísindaleg skilningshæfni vitsmunanna, streymir inn til að fullkomna tengiliðinn milli anda og forms, lífsins og starfstækja þeirra er það notar í tjáningarleit sinni.

Við gætum flokkað hina miklu höfuðliti undir hugtökin sem við notum til að lýsa heildarmynd hins raunbirta alheims:


1. <i>Meginþáttur lífs</i>	2. <i>Meginþáttur forms</i>	3. <i>Meginþáttur vitsmuna</i>
Andi	Efni	Hugur
Vitund	Starfstæki	Lífsfjör
Sjálfi	Ekki-sjálfi	Tengsl þessa

<i>Geisli</i>	<i>Geisli</i>	<i>Geisl</i>
2. Kærleikur og vizka	1. Máttur eða vilji	3. Athafnarorka eða aðlögunarhæfni
4. Samræmi	7. Siðalögmál	5. Vísindi eða þekking
6. Trúarhollusta	5. Vísindi eða þekking	

Þetta er aðeins ein af mörgum aðferðum til að skipa geislunum í flokka og telja þá til beinna áhrifavalda hins þróandi lífs eða formsins sem það þróast í fyrir atbeina vitsmunanna. Þessir þrjú flokkar mynda þrjú horn á alveraldlegum þríhyrningi:



og geislastreymið er leikur stórheimslega milli hinna þriggja meginþátta á sér smáheimslega samsvörun í *kúndalini* eða slöngueldinum sem vakinn er til starfa með hugleiðingariðkun og færist í nákvæmum flatarmálsformum milli þriggja aðalorkustöðvanna:



Allir sjö geislarnir hafa gagnvirk áhrif á líf, form og innri hug, enda eru þeir einmitt þetta þrennt í innsta kjarna sínum. Þeir eru líf, þeir eru form, þeir eru vitsmunir, og heildarmynd þeirra er hinn raunbirti alheimur.

Mikilvægust eru gagnvirku áhrifin milli:

a—Kærleika-vizkugeislans og samræmisgeislans á sama hátt og milli mónadsviðsins og innsæissviðsins.

b—Máttargeislans og siðalögmálsgeislans á sama hátt og milli fyrsta og sjöunda sviðsins.

c—Athafnarorkugeislans og geisla vísinda eða þekkingar á sama hátt og milli þriðja atmíska sviðsins og fimmta sviðs hugans.

Grænt og rauðgult tengdust í fyrsta sólkerfinu og halda tengslum sínum órofnum í þessu.

Hér hef ég gefið öllum alvarlegum nemum ærið efni til umhugsunar.

Í tengslum indígó, bláa og gula litarins er fólgin leyndardómur.

Í tengslum græna, rauðgula og rauða litarins er annar leyndardómur fólgin.

Í tengslum bláa, rauða og fjólulita litarins er enn einn leyndardómur fólgin.

Neminn sem styðst við innsæi sitt til að skilja þessa þrjá leyndardóma hefur fundið lykilinn að hinni stærri hringrás og heldur í hendi sér lyklinum að rás þróunarinnar. Minnizt þess þegar þið eruð að rannsaka smáheiminn, að þar finnið þið samskonar tengsl og þau munu opna ykkur hlið „guðsríkisins hið innra.“

Rautt virðist að mörgu leyti vera einna örðugasti liturinn við að fást. Hann flokkast með neikvæðum litum. Hvers vegna? Vegna þess að hann hefur verið talinn vera litblær *kama* eða illra girnda, og við sjáum fyrir okkur mynd hinna dökku og saurugu rauðu litbrigða í geðlíkama vanþroskaðs manns. En eigi að síður mun rautt síðar verða grunnlitur nýs sólkerfis í fjarlægri framtíð, og þegar rautt, grænt og blátt rennur saman í fullkomna heild nær hið hreina hvíta ljós hástigi og Logosinn hefur lokið ætlunarverki sínu.

Athafnarorkukerfið var grænt.

Kærleikskerfið er blátt.

Máttarkerfið verður rautt.

Eins og þið vitið, fæst fram hvítur litur með því að blanda saman rauðu, bláu og grænu, og þá hefur Logosinn í innræðri merkingu „þvegið skikkjur sínar og hvítfágað þær í blóði lambsins“. Hið sama gerir smáheimurinn í rás þróunarinnar, þótt í smærra stíl sé.

Fjólulitt. Þótt einkennilegt megi virðast er hinn fjóluliti geisli siðalögmálsins samfjöllunargeisli þegar hann raunbirtist í heimunum þrem. Á sama hátt og samfjöllunargeisli kærleika og vizku samfjallar öll öfl *lífsins* samfjallar sjöundi geislinn allt sem viðkemur *formi* á þessum þrem sviðum.

Á fyrsta sviðinu er lífið í sinni hreinustu og háleitustu mynd, ósérgreindri og samfjallaðri, en á sjöunda sviðinu er formið í sinni efnisþéttustu, grófgerðustu og sérgreindustu mynd; lífið laðast að samfjöllunargeisla kærleikans, og sjöundi geislinn orkar á formið.

Annars konar samfjöllun á sér stað þegar ríki mannsins og tívaríkið finna snertipunkt á fjólulita geislanum. Í innræðri merkingu er fjólulitt hvítt. Þegar þessi tvö voldugu ríki náttúrunnar sameinast ná hinir sjö himnesku menn hinztu fullkomnun og eru þá í innræðum skilningi taldir hvítir, því að hvítt er samheiti fullkomnunarinnar.

Og ennfremur verður samfjöllun þegar þétti efnislíkaminn og eterlíkaminn ná einingu vegna áhrifa sjöunda geislans. Það er afar mikilvæg stund í stórheiminum og hefur verulega þýðingu fyrir hugleiðingarnemann. Þessi samtenging verður að komast á til að hægt sé að þrýsta nákvæmri vitneskju inn í efnisheilann um fræðslu frá æðri sviðum. Undir hana heyrir einnig samtenging orkustöðvanna.

Í ofangreindum athugasemdum hef ég látið nægja að benda ykkur á umhugsunarefni sem borið geta undraverðan árangur ef þau eru brotin til mergjar. Hugleiðingarneminn getur lært margt ef hann leggur stund á rannsókn lita og sviða og athugar áhrif litanna og tengsl þeirra við hina lífrænu hlið tilverunnar ásamt formhlið hugarins, svo framarlega sem hann hefur jafnan þrennt hugfast:

1—Ef hann reynir ætíð að finna innræðu litina og ganga úr skugga um hvernig þeir verði rétt hagnýttir í sambandi við svið og orkustöðvar, líkamina sem hann notar til raunbirtingar og líkamina sem Logosinn raunbirtist í (hinar sjö helgu plánetur), umferðir hnattkeðjunnar, kynstofna og kynþætti og hringrásirnar í eigin lífi. Þegar hann er orðinn fær um þetta heldur hann í hendi sér lykli allrar þekkingar.

2—Ef hann leitast við að sannreyna allar leiðbeiningar sem honum eru veittar með því að hagnýta þær í persónulegu þjónustulífi sínu í heimunum þrem og líkir af fremsta megni eftir starfsaðferðum Logossins í sambandi við hina sjö miklu áhrifavalda eða geisla. Með þessu á ég við, að hann noti hugleiðingariðkun til að þoka lífi sínu kerfisbundið og samkvæmt skipulögðum dulfræðilegum hringrásum inn á áhrifasvæði geislanna sjö og raunbirti þannig sál sína í hnitmiðaðri fegurð.

3—Ef hann gleymir því aldrei, að fullkomnun í okkar skilningi er afstæð en ekki algild, og að sú fullkomnun sem mannshugurinn getur skynjað er aðeins talsýn, því að hin hinzta dýrð sem í vændum er mun ekki verða opinberuð fyrr en í næstu raunbirtingu Logossins. Meðan til eru sérgreindir litir er ófullkomnun ekki horfin.

Þið verðið að muna, að litir eins og við þekkjum þá eru aðeins skynjun manns sem notar fimmta kynstofns líkama í fjórðu umferð fjórðu hnattkeðju núverandi sólkerfis, á sveiflutíðni sem auga hans nemur. Hvernig birtast þá litir í augum manns sem notar líkama af sjöunda kynstofni sjöundu umferðarinnar? Og jafnvel þá mun heilt úthaf undursamlegrar litadýrðar liggja utan við og ofar skilvitlegri skynjun hans.

Ástæðan er sú, að einungis tveir af meginþáttum lífs Logossins verða birtir til fulls í þessu kerfi, en sá þriðji hlýtur aðeins takmarkaða tjáningu og bíður enn voldugri

sameiningardags til að koma fram í fullkomnu geislaflóði.

3. september 1920

Með því að gegna skyldustörfum daglega lífsins og leysa hvert verkefni sem bezt af hendi opnast greið leið í átt til meistarans og allir örðugleikar hverfa af sjálfu sér. Með því að þroska háleitan hugrænan skilning og tjá hann í verki á jarðneska sviðinu eflist huglíkaminn og verður fær um að veita viðtöku sívaxandi aðstreymi lífsins að ofan. Með því að staðga tilfinningarnar og flytja geðrænar þrjár upp á innsæissviðið fæst getan til að birta sanna spegilmynd hins æðra sjónarmiðs. Með því að aga og hreinsa jarðlíkamann ávinnst hæfni til að draga fram í dagsljósið það sem innri maðurinn veit.

Ef þessum fjórum atriðum er sinnt af kostgæfni getur lögmálið farið að verka og flýta fyrir hinni endanlegu lausn. Hvernig eru verkanir lögmálsins? spyr fólk sjálf sig. Hvað getum við gert til að hrinda þeim af stað í lífi einstaklingsins?

Svarið er einfalt: — gegnið æðstu skyldum ykkar eins og að ofan greinir og skipuleggið persónulegt líf ykkar þannig að þið getið rækt þær fullkomlega.

Innræðir og útræðir litir.

Í dag byrjum við á öðrum kafla bréfs okkar um litanotkun í hugleiðingu, þ.e.a.s. þeim sem fjallar um litina og samsvörunarlögmálið.

Hin innræða merking útræðu litanna hefur enn ekki verið birt nema að takmörkuðu leyti eins og ég hef þegar minnst á. Sumt kom fram hjá Helenu Petrovnu Blavatsky, en menn hafa ekki gert sér fulla grein fyrir þýðingu þess. Ég skal gefa ykkur smávísibendingu. Nokkur hluti fræðslu þeirrar sem veitt er um liti og tóna í *Kenningunni leyndu* á við fyrsta sólkerfið, en annað á við vissa þætti í öðru kerfinu. Að sjálfsögðu hafa fáir getað greint þar á milli, en sé höfð hliðsjón af þessu þegar lögð er stund á nýrri dulfræðistefnur kemur margt merkilegt í ljós. Við skulum nú setja innræða og útræða liti upp í töfluformi, þótt það hafi þegar verið gert í *Kenningunni leyndu*, og nota það sem grundvöll síðari fræðslu er ég mun veita.

Útræðir litir

Purpuralitt

Gult

Rjómalitt

Hvít

Innræðir litir:

Blátt

Indígó

Gult

Fjólulitt

Á þessu stigi málsins er aðeins hægt að nefna fjórar samstæður, en í réttum skilningi á þeim felst lykillinn að hinni núverandi fjórðu umferð hnattkeðjunnar og sögu hennar. Þetta er fjórða hnattkeðjan og fjórða umferðin, svo að þið munuð sjá, að talan 4 geymir sögu nútíðarinnar.

Ég vil sérstaklega brýna fyrir kennurum og nemum komandi kynslóðar að íhuga merkingu þess, að hvítt skuli vera fjólulitt í innræðum skilningi. Það hefur sérstakt gildi nú á dögum þegar fjóluliti geislinn er að hefja valdaskeið sitt, því að sjöundi geislinn er einn af þrem höfuðgeislum *þessarar umferðar*.

Enn sem komið er má ekki kunngera almenningi hvernig útræðu litirnir rautt, grænt og

rauðgult eru í innræðum skilningi, en namar og viðurkenndir lærisveinar með örugga dómgreind geta fengið vitneskju um það ef þeir leggja á sig nokkra fyrirhöfn.

Hér langar mig að víkja að allmörgum atriðum sem auðveldast verður að fjalla um í sambandi við lögmál hliðstæðis og samsvörunar. Við skulum skipta því efni í eftirfarandi kafla:

- a—Smáheimsleg og stórheimsleg samsvörun.
- b—Meginsamsvaranir.
- c—Litir í smáheimi og stórheimi.

Við skulum ræða hvert atriði í stuttu máli, því að hæfileikinn til innræðrar hugsunar felst í að skilja lögmálið rétt og vinna innri merkingu úr ytri atburðum.

Smáheimsleg og stórheimsleg samsvörun.

Skuldleiki stórheims og smáheims kemur jafnt fram í smáatriðum sem stórum dráttum. Þá staðreynd þurfið þið að gera ykkur ljósa. Með aukinni þekkingu og þroska nemans og sívaxandi hæfni hans til að hugleiða og samtengja persónuleikann æðri þrenndinni með orsakalíkamann að millilið mun hann öðlast æ ríkari vitneskju um þetta efni unz fullkominn skilningur næst. „Sem hið efra, svo hið neðra“ eru margþvæld sannindi sem fáir skilja í raun og veru. Hvað er hið efra, og hvað er samkvæmt því að þróast hið neðra?

Á efri sviðunum eða „hið efra“ er vilji, kærleiki og athafnarorka eða máttur, vizka og vitsmunir, þessi hugtök sem við notum til að lýsa hinum þrem meginþáttum guðlegrar raunbirtingar. Á neðri sviðunum eða „hið neðra“ eru einnig þrír þættir að koma fram:

- a—Persónuleikinn tjáir virka vitsmuni.
- b—Sálin tjáir kærleika eða vizku.
- c—Mónadinn tjáir mátt eða vilja.

Og í hinum þrem heimum persónuleikans:

- a—Jarðlíkaminn sem tjáir spegilmynd athafnarþáttarins.
- b—Geðlíkaminn sem tjáir spegilmynd kærleika- eða vizkuþáttarins.
- c—Huglíkaminn sem tjáir spegilmynd máttar- eða viljaþáttarins.

Hverjir eru litir þessara þriggja líkama í útræðum skilningi?

- a—Jarðlíkaminn er fjólulitur og tjáning hans á eterska sviðinu.
- b—Geðlíkaminn er bleikur eða rauður.
- c—Huglíkaminn er rauðgulur.

Hvað er þrenndin eða heimur hinnar þriggreindu sálar?

- a—Æðri *manas* sem tjáir athafnarorku — eða vitsmunarþáttinn.
- b—*Buddhi* sem tjáir kærleika- eða vizkuþáttinn.
- c—*Atma* sem tjáir máttar- eða viljaþáttinn.

Og hverjir eru litir þessara þriggja líkama í útræðum skilningi?

- a—Efri þreplög *manas* eru blá.
- b—Búddhíska þreplagið er gult.
- c—Atmíska þreplagið er grænt.

Þessir eðlisþættir eru í ummyndun, og það er nauðsynlegt að fá fram samsvarandi litabreytingu frá hinu grófara til hins fínna. Bætið þessum upplýsingum við þær sem ég veitti ykkur áður um flutning vitundarstillingarinnar.

Það er bein samsvörun milli:

- a—Fjólulitar eterska sviðsins og hins bláa litar æðri hugrænu þreplaganna.
- b—Rósbleiks litar geðræna sviðsins og hins gula litar búddhísku þreplaganna.
- c—Rauðguls litar hugræna sviðsins og hins græna litar atmísku þreplaganna.

Þá er enn hægt að flytja litrófið allt ofar og finna samsvörunina í mónadinum:

- a—Grænan lit þriðja meginþáttarins.
- b—Samfjöllunarlit eða indígó annars meginþáttarins.
- c—Rauðan lit fyrsta meginþáttarins.

Ég vil benda á það hér, að nafngiftir þessara lita eru afar villandi þegar komið er að miðbiki kerfislegrar þróunar. Til dæmis má taka, að rauði liturinn þar er gagnólíkur því sem við köllum rautt eða bleikt á lægri sviðunum. Rautt, grænt og indígó á þessum háu þreplögum eru eiginlega allt aðrir og nýir litir, og gagnsæ fegurð þeirra er langt fyrir ofan mannlegan skilning. Ef þið túlkið þessa vísbendingu rétt munuð þið fá einhverja hugmynd um samsvörun smáheims og stórheims.

Í útræðum skilningi eru litirnir tengdir forminu, en öfl þau eða eigindir sem þeir hylja tilheyra lífinu er þróast innan formsins. Með hugleiðingariðkun myndast brú sem tengir þetta tvennt saman. Hugleiðing er sú vitsmunatjáning er tengir saman líf og form, sjálf og ekki-sjálf, og um síðir mun þessi tenging fara fram á sviði hugarins sem tengir saman hið efra og hið neðra. Samsvörunin verður ætíð algjör. Þess vegna öðlast maðurinn fyrir tilstuðlan hugleiðingariðkunar þekkingu sem leiðir af sér þrennt:

- 1—Hún gefur innri merkingu útræðra lita.
- 2—Hún greypir í líkamina eigindir þær sem þessir litir hylja.
- 3—Hún ummyndar litina frá persónuleikanum til þrenndarinnar og síðan frá þrenndinni til mónadsins.

Orsakalíkaminn er samfjöllun þessara lita í lífi sálarinnar sem endurholdgast jarðvist eftir jarðvist á sama hátt og samfjöllunargeislinn blandar saman öllum litum innan raunbirtingar Logossins. Gleymið ekki, að litir eru formtjáning orku eða eigindar. Þeir hylja óhlutbundnar eigindir Logossins, en þær endurspeglast í smáheimi hinna þriggja heima sem dygðir eða hæfileikar. Og eins og litirnir sjö hylja eigindir Logossins birtast þessar dygðir í lífi persónuleikans eða koma fram á hið hlutlæga svið fyrir atbeina hugleiðingariðkunar — þannig mun hver jarðvist samsvara einhverjum ákveðnum litblæ. Hugsuð um þetta.

Meginsamsvaranir.

Þegar við athugum þessar samsvaranir í deildum hins raunbirta alheims og hagnýtum litina eins og til er ætlazt, sjáum við fegurð hinnar samfjölluðu heildarmyndar og öðlumst uppljómun smáheimslega lífsins. Við skulum setja þær upp í töfluformi, en láta okkur nægja alhæfingar, því að hugleiðingarneminn verður sjálfur að vinna úr fræðslunni. Meira er ekki unnt að láta í té á þessu stigi.

- 1—Þrígreint sólkerfið.

Þrígreindur *jiva* (sérgreind vitundareining) í þróun.

Þrjú meginþættir Logossins.
 Þrjúgreindur mónadinn.
 Andlega þrenndin, sálin.
 Þrjúgreindur persónuleikinn.
 Þrjú heimar mannglegrar þróunar.
 Þrjú persónur Guðdómsins.
 2—Fjórir lípíkadrotnarnir.
 Fjórir maharajarnir.
 Fjórgreindur lægri maðurinn, ferndin.
 3—Fimm svið mannglegrar þróunar.
 Fimm skynfærin.
 Fimmgreind starfsdeild mahachohansins.
 Fimm ríki náttúrunnar:
 a—Steinaríkið.
 b—Jurtaríkið.
 c—Dýraríkið.
 d—Ríki mannsins.
 e—Ríki andans eða yfirmannlega ríkið.
 Fimmti eðlisþátturinn, *manas*.
 4—Sjö geislarnir eða helgistjórnirnar.
 Sjö litirnir.
 Sjö raunbirtingarsviðin.
 Sjö kúmararnir.
 Sjö eðlisþættir mannsins.
 Sjö orkustöðvarnar.
 Sjö helgu pláneturnar.
 Sjö keðjurnar.
 Sjö hnettirnir.
 Sjö umferðirnar.
 Sjö kynstofnarnir og sjö kynþættir hvers þeirra.
 Sjö vígslurnar.

Það sem ég reyndi að leggja áherzlu á í ofangreindri töflu var það, að fullnuminn gjörþekkir allar þessar samsvaranir í vitund, formi og vitsmunum. Þegar hann fæst við formrænu hliðina sér hann þær sem liti, þegar hann fæst við lífrænu hliðina skynjar hann þær sem tóna, og þegar hann fæst við vitsmunalegu hliðina finnur hann þær sem orku. Takið þetta til gaumgæfilegrar umhugsunar; það hefur inni að halda dulfræðilega vísbendingu. Hvaða hugtök eru notuð hverju sinni fer eftir því á hvaða nálgunarleið maðurinn er — þið munið eftir lýsingu minni á hinum þrem brautum.

Litir í smáheimi og stórheimi.

Þessu er örðugt að lýsa vegna hinna sífelldu breytinga sem eiga sér stað. Litur í smáheiminum ákvarðast af:

1—Geisla sálarinnar.

2—Geisla persónuleikans.

3—Stöðu mannsins á þróunarbrautinni.

Eina vísbendingu get ég gefið ykkur hér. Á lágu þroskastigi tilheyra litirnir aðallega athafnarþættinum. Síðar kemur að kærleika- eða vizkuþættinum sem hefur þrennskonar áhrif:

a—Þá hverfa úr grófari hjúpunum litir sem eru leifar frá seinasta sólkerfinu. Það eru til dæmis litbrigði eins og brúnt og grátt.

b—Þá ummyndast sumir litirnir í fínna blæbrigði.

c—Þá koma fram gegnsæ glitrandi áhrif eða eins konar innri ljómi sem stafar af því, að líkamirnir eru orðnir hreinni og hinn sívaxandi innri logi umfangsmeiri.

4—Geisla eða geislum sem eru að hverfa úr raunbirtingu eða koma inn í hana. Þeir hafa að sjálfsögðu áhrif á þær sálir sem eru í holdgun, valda breytingu á sveiflutíðni og þar af leiðandi einnig á litum og eigindum. Við skulum segja, að einhver maður sé á vísindageislanum og verði fyrir áhrifum af samræmisgeislanum sem inn er að koma. Þetta mun móta hugsunarhátt hans að allverulegu leyti og koma fram í breyttum litblæ hjá honum.

Allt sem getur blandast, runnið saman og mótast hvað af öðru veldur ringulreið er virðist gersamlega óleysandi frá sjónarmiði mannsins í heimunum þrem.

Það er skiljanlegt ef ykkur finnst þessar vísbendingar aðeins flækja málið enn meira. En með því að gefast aldrei upp, brjóta heilann og hugleiða litina og leitast í sífellu við að öðlast skilning á innræðri merkingu þeirra og hagnýtingu í smáheiminum, mun smám saman koma í ljós þráður sá er leiðir nemann út úr völundarhúsinu inn í tæra birtu fullkominnar þekkingar.

Missið því ekki kjarkinn, heldur temjið ykkur víð og sveigjanleg sjónarmið, og myndið ykkur ekki fastar skoðanir fyrr en þið hafið öðlast frekari vitneskju. Einnig skuluð þið forðast kredubundnar staðhæfingar. Þetta verða beztu hjálpargögn ykkar í byrjun leitarinnar. Margir hafa fundið leiðina út úr sal lærdómsins og inn í sal vizkunnar með því að leggja stund á hugleiðingu og gera sig móttækilega fyrir æðri fræðslu. Það er ekki fyrr en neminn er kominn inn í sal vizkunnar, að honum gefst kostur á að læra hina sönnu innræðu túlkun á eðli litanna. Það er hugleiðingin sem býr nemann undir vígslu þá er opnar honum dyrnar að sal vizkunnar. Haldið því fast við hugleiðingariðkun ykkar og hvikið aldrei frá settu marki.

4. september 1920

Í dag tókum við til umræðu efni sem er í senn andlegs eðlis og fyllilega raunhæft. Margt af því sem ég hef sagt ykkur hingað til er vel til þess fallið að örva umhugsun og vekja áhuga. Það leiðir til þroskunar æðri hugarins, og með því að örva ímyndunaraflíð vekur það einnig innsæið. Margt af því hefur verið í ætt við forspár, og ég hef haldið á loft hugsjónum er síðar munu verða að veruleika. Það er ekki hægt að fá manninn til að hrista af sér slenið, leggja á sig þá fyrirhöfn sem nauðsynleg er og gera sig nokkurn veginn hæfan nema því aðeins að honum sé bent á lokamarkið og áherzla lögð á það sem í vændum er. En í dag skulum við snúa okkur að hagnýtu lífi og sjá hvernig unnt er að sveigja persónuleikann undir vissa hrynjandi. Þar komum við að þriðja kafla okkar, sem sé áhrifum litanna:

a—Á líkami nemans.

b—Á heildi þau sem hann er tengdur.

c—Á umhverfi hans.

Það atriði sem ég vil taka sérstaklega til athugunar er hin lífræna en ekki formræna hlið litanna. Eins og ég sagði ykkur áður, er litur ekki annað en formið sem viss orka tekur á sig þegar hún sveiflast samkvæmt ákveðinni hrynjandi og hreyfing hennar er hindruð eða óhindruð af efninu er hún verkar á. Í þessari málsgrein getið þið fundið lykilinn að lausn vandamálsins um mismun litanna á efri og neðri sviðunum. Að miklu leyti felst hann í viðnámi efnisins gagnvart niðurstreymi orku eða lífs og hversu tiltölulega þétt eða gisið það er. Eitt af því sem skilur á milli á sér alveraldargrundvöll sem þrívíður maður í fjórðu umferð á ekki auðvelt með að gera sér grein fyrir. Meginástæða mismunarins er þó nógu skiljanleg til að neminn sjái hina brýnu nauðsyn þess að fága starfstæki sín í sífellu þannig að orkan geti geislað gegnum þau. Á þrem neðstu sviðunum þarf hann því að koma lífi sínu í skipulegt horf og fága líkami sína þrjá eftir föstum reglum.

Þessi öfl sem við munum ræða í sambandi við andlega þroskun en ekki formræna, birtast í svonefndum dygðum, segulmagni, lífskrafti og vitsmunum. Í stuttu máli: — þegar neminn hreinsar jarðlíkamann og fágar eterlíkama sinn, þroskar dygðir geðlíkamans og samstillir og stækkar huglíkamann, er hann jafnframt að breyta sveiflutíðni sinni og koma á nýrri hrynjandi, og þessa þróun sér dulskyggn maður sem litaskipti. Eins og ykkur hefur verið sagt, eru litirnir í áru frumstæðs manns annars vegar og venjulegs þroskaðs manns hins vegar furðulega ólíkir. Hvers vegna? Vegna þess að annar hefur hæga, þunglamalega og silalega sveiflutíðni, en hinn mörgum sinnum hraðari, og því er hreyfing efnisins í líkómum hans miklu örari.

Eftir því sem mannkynið þroskast sem samheildareining sjá þeir er fylgjast með frá æðri sviðunum, að litirnir í mannkynsárunni sem er samsett úr árum allra eininga þess verða æ fegurri, hreinni og skærari. Til dæmis var ára atlantíska kynstofnsins gerólík áru aríska kynstofnsins nú á dögum. Þegar einingarnar þróast breytast litirnir, en það stafar af því, að það sem þig kallið *lesti* ummyndast í *dygðir*. Löstur er ekki annað en áhrifavaldur innþróunareigindar af sams konar orku er birtast mun sem dygð á síðara tímabili.

Ennfremur vil ég taka fram, að þessir áhrifavaldar er koma í ljós sem litir þegar þeir snerta efnið, renna í sínum föstu hringrásum. Þessar hringrásir eða tímasteið eru í því fólgnar, að vissir geislar koma eða hverfa. Í núverandi umferð sem er hin fjórða í röðinni eru að jafnaði fjórir geislar samtímis virkir. Enda þótt sjö geislar raunbirtist í sólkerfinu eru þeir ekki allir virkir á sama tíma. Þessir geislar, öfl, áhrifavaldar eða samstilltar eigindir lita efnið sem þeir snerta þegar þeir tjá sig sem ljós, og þeir gefa persónuleikanum eða sálinni sinn sérstaka blæ. Þið sjáið þá sem heildarskapgerð mannsins, en dulskyggn maður sér þá sem liti.

Heildi eininga sem sameinast vegna skyldrar sveiflutíðni hafa því nokkurn veginn sama meginlitinn, enda þótt margvísleg blæbrigði geri vart við sig innan hans. Eins og áður er getið, er hægt að meta og mæla litblæ mikils mannfjölda. Þannig dæma meðlimir helgistjórnarinnar sem hafa umsjón með rás þróunarinnar í heimunum þrem um þroskastig og framfarir mannkynsins.

Hver geisli ber með sér einingar sem litaðar eru af blæ hans. Við aldahvörf innan hringrásar meðan einn geisli er að taka við af öðrum verður litablandan afar flókin og margslungin, en á því hagnast allir. Hver geisli gefur öðrum geislum sem eru samtímis í birtingu eitthvað af orkustreymi sínu, og það hefur sín áhrif á hrynjandi þeirra, þó að þau virðist lítil sem engin frá sjónarmiði nútíðarinnar og þáttar tímans í heimunum þrem. En með því að öfl og geislar mætist og hafi stöðuga verkun og gagnverkun sín á milli jafnast og samstillist sveiflutíðni þeirra smátt og smátt. Þannig næst samfjöllun við lok hinnar stærri hringrásar. Geislarnir þrír soga í sig hina sjö, og það leiðir um síðir til samruna á samfjöllunargeislanum.

Í smáheiminum gerist hið sama: þrír geislar mónadsins, sálarinnar og persónuleikans

munu taka völdin og soga í sig hina sjö, og með tímanum leiðir þetta einnig til samruna á samfjöllumargeisla mónadsins. Samsvörunin er nákvæm í hverju smáatriði.

Þessi öfl, dygðir eða áhrifavaldar (ég endurtek samheitin, því að þið þurfið að gera ykkur þetta fyllilega ljóst) hljóta æ ríkari tjáningu í líkómum persónuleikans sem veitir þeim viðtöku með færri og færri hindrunum. Eftir því sem starfstækin verða fágæðri verður auðveldara fyrir innstreymandi öfl að hagnýta þau, og eigind hvers afls öðlast fullkonnari tjáningu.

Og hér komum við að hugleiðingariðkun nemans. Í fyrri áföngum þróunarinnar orkuðu þessi öfl á líkami mannsins og notuðu þá sem tjáningarmiðla án mikils skilnings af hans hálfu eða getu til að nota sér það til hagsbóta. En með tímanum gerir hann sér æ ljósari grein fyrir gildi alls þessa, og hann reynir að hagnast á samsöfnuðum eigindum lífs síns. Þar býðst honum gott tækifæri.

Maður sem ávinnur sér skilning á eigindum sínum og leitast við að þroska með sér dygðir og guðlega eiginleika lærir að andsvara öflunum og auðvelða verkanir þeirra. Hugleiðingarneminn brýtur heilann um þessi öfl eða eigindir og reynir að skilja eðli þeirra og andlega merkingu. Hann athugar hvar hann skortir getu til andsvars og hvar starfstækjum hans er ábótavant sem tjáningarmiðlum þessarar orku. Hann fylgist með háttbundinni sveiflutíðni sinni og leitast við að nota hvert tækifæri til að bæta úr þeirri þörf sem fyrir hendi er. Hann einbeittir huga sínum að dygðinni, og ef svo vill til, að hann getur skynjað ríkjandi geisla síns tíma eða þann geisla sem er að hefja valdaskeið sitt, notar hann tækifæri yfirstandandi tímabils og vinnur í samstarfi með sterkustu öflum þess. Allt þetta gerir hann með formfastri dulfræðilegri hugleiðingariðkun.

Og enn kem ég með spádóm: — síðar munu dulfræðinemar fá fræðslu um ríkjandi geisla hvers tímabils, þannig að þeir geta hagnýtt sér tækifærið sem hver einstakur geisli býður fram.

Áhrifin á umhverfið.

Hvað varðar þriðja atriðið eða áhrif litanna á umhverfið mun athugull nemi strax sjá, að þau hljóta að koma æ greinilegar í ljós eftir því sem fleiri af mannkyninu ná *meðvitaðri* sálarstjórn samkvæmt reglum lögmálsins. Þá verður hægt að gera sitt af hverju:

a—Ná beinu sambandi við tíva- eða englaþróunina, þótt það sé ógerningur enn sem komið er vegna óstöðugar sveiflutíðni.

b—Margar afar háþroskaðar sálir munu holdgast á jörðu, en þær eiga örðugt með það núna vegna þess hve lág sveiflutíðnin er hjá meirihluta mannkynsins og litirnir þar af leiðandi þungir. Á orsakareplögunum bíða nokkrar máttugar einingar fjórðu skapandi helgistjórnarinnar tækifæris til formtjáningar alveg eins og sum ykkar biðuð eftir vissu tímaskiði hjá atlantíska kynstofninum áður en þið gátuð holdgast á þessari plánetu. Þegar fleiri af mannkyninu hafa náð sérstakri sveifluhæð og litur hinna samstilltu ára heildanna er búinn að fá á sig vissan blæ, munu þessar miklu sálir koma aftur og færa jörðinni margt sem er dýrmætara en ykkur getur órað fyrir.

c—Þriðja atriðið er áhugavert, þótt við höfum ekki tíma til að fara nánar út í það hér, en það munu koma fram greinileg áhrif á þau ríki náttúrunnar sem eru lægri í þróunarstiganum en hið mannlega. Það voru ekki orðin tóm hjá spámanni Ísraels þegar hann sagði: „þá mun pardusdýrið liggja hjá kiðlingnum“ og „öræfin blómgast sem lilja.“ Þetta mun eiga sér stað þegar viss sveiflutíðni nær völdum og litir sem hylja ákveðnar dyggir eða áhrifavalda koma inn á svið raunbirtingarinnar.

7. september 1920

Í dag skulum við byrja á kaflanum um hagnýtingu lita. Þið hafið lykilinn að þessari

ráðgátu í hendi ykkar þegar þið gerið ykkur grein fyrir, að litir eru aðeins hula sem brugðið er yfir vissa áhrifavalda, og notið innsæi ykkar til að ganga úr skugga um hvaða litir hjúpa hverja dygd.

Þið munuð hafa tekið eftir tvennu sem er sérstaklega áberandi í þessum bréfum:

a—Að efnið sem um er fjallað er svo gífurlega víðtækt, að ég hef ekki reynt að gera meira en reifa það í stórum dráttum.

b—Að hver málsgrein sem skrifuð er í þessum bréfum er miðuð við framsetningu fullnaðrar hugsunar og gefur tilefni til rækilegra heilabrota. Hvers vegna hef ég ekki farið nánar út í smáatriði, og hvers vegna hef ég forðast langar skýringar og málavafstur? Af þeirri einu ástæðu, að efni þessara bréfa stuðlar að þroskun abstrakt hugsunar og víkkar farveginn sem liggur til innsæisins, svo framarlega sem neminn hefur ekki látið sitt eftir liggja og verið ötull við undirbúningsvinnu sína í hugleiðingariðkun undanfarinna ára. Ég gef aðeins bendingar, vísa til vegar. Hvort fræðsla mín fellur í frjóan jarðveg eða grýttan fer eftir innsæisgáfu nemans. Þegar ég tala um hagnýtingu lita og sérstök áhrif þeirra vil ég því vekja athygli ykkar á nauðsyn þess að túlka orð mín í lífrænni, formrænni og hugrænni merkingu.

Hagnýting litanna.

a—Í hugleiðingariðkun.

b—Við lækningar.

c—Í skapandi starfi.

Liti má nota á marga vegu, og ofangreindar þrjár aðferðir gera efninu hvergi nærri full skil. Þær benda einungis á þrjár leiðir sem neminn getur þegar í stað haft not af. Það er hægt að nota liti til að komast í snertingu við aðrar þróunarbrautir, jafnt ofar hinu mannlega stigi sem neðar. Það má nota þá til að splundra og eyða og sömuleiðis til að ná ákveðnum árangri þegar einnig er beitt sérstökum mantrómum eða tónlist og hreyfingum. En við þurfum ekki að fjalla um allt þetta í þessum bréfum. Með því að hagnýta dulfræðilega hugleiðingariðkun á hyggilegan hátt eykur einstaklingurinn þroska sinn og eflir hæfni sína til þjónustu.

Við skulum þá víkja að fyrsta atriðinu:

Litanotkun í hugleiðingu.

Allir litir eiga upptök sín í einum allsherjar frumlit. Í þessu sólkerfi er það alveraldargeisli indígólitarsins sem tjáir alheimslegan kærleika eða vizku. Síðan greinist þessi eini frumlitur í þrjá höfuðliti og eftir það í fjóra aðra liti, þannig að við fáum fram sjö blæbrigði litrófsins.

Sömu áhrif gera vart við sig í lífi einstaklingsins, því að stórheimurinn orkar jafnan á smáheiminn. Frumlitur mannsins er mónadgeisli hans sem raunbirtist næst í þrem litum þrenndarinnar og loks fjórum litum ferndarinnar. Á braut heimhvarfsins ummyndast þessi blæbrigði aftur í þrjá liti og að endingu í hinn eina frumlit.

Braut raunbirtingarinnar eða sérgreiningarinnar felst í að afla sér og eignast æ meira. Hinn eini verður að hinum mörgu. Frumliturinn eini greinist í ótal blæbrigði. Þetta er *formræn* hlið tilverunnar, tjáning þess er hylur lífið. Hvað *lífrænu* hliðina snertir felst hún í að þroska margvíslegar áskapaðar dygðir úr einni frumeigind. Óvirkjaðar eða blundandi eigindir Guðdómsins birtast sem hinir mörgu guðlegu eiginleikar. Lífið eina raunbirtir eigindir sínar í margbreytni formsins. Sjálfíð með ásköpuðum hæfileikum alsjálfsins notar formið til að birta altæka fullkomnun sína. *Vitræna* hliðin er aðferð lífsins til að hagnýta formið og þroska með sér skilning, dómgreind og vitsmuni. Hún felst í tengslunum milli lífs og forms, sjálfs og ekki-sjálfs, anda og efnis er raunbirtast sem tjáningarhættir ídveljandi Guðdómsins þegar hann

mótar eftir sérkennum sínum efni það sem honum er fengið til umráða. Guðinn hið innra notar athafnarorku eða vitsmuni til að tjá óvirkjaðar dygðir sínar í formi. Lífið sýnir liti, og formið fullkomnar þá smám saman eftir því sem vitsmunabátturinn — hinn segulmagnaði tengiliður — þróast og skilningur eykst.

Braut heimhvarfsins er hins vegar fólgin í sjálfsafneitun. Ídveljandi lífið neitar sér um formin sem hingað til hafa verið talin ómissandi og *voru* það í vissum skilningi. Nú er vitsmununum sem tengt hafa saman hinar tvær gagnstæður, anda og efni, vitund og form, beitt í þeim tilgangi að losast úr viðjum þessara forma er búin voru til úr efni með aðstoð vitsmunanna, en þeir þróast sem eigind skynsemi ummyndaðrar í vizku. Formin hverfa, en lífið varir. Litunum fækkar, en hinar guðlegu dygðir eru enn við lýði, hertar og skírðar í eldi reynslunnar. Nú eru þessir guðlegu eiginleikar ekki lengur eins og óunnið hráefni, heldur þroskuð máttaröfl tilbúin til notkunar. Áskapaðar eigindir eru orðnar að virkum skapgerðareinkennum sem hafin eru upp í æðsta veldi. Blæjurnar falla hver af annarri, hjúpunum er fleygt, starfstækin hafa þjónað tilgangi sínum, formin eru orðin óþörf, en lífið varir að eilífu og snýr aftur til föðurgeisla síns. Það leysist á ný upp í frumlit sinn, en það ber með sér áunna reynslu og getu til raunbirtingar, athafnarorku og virka tjáningu — í stuttu máli sagt allt sem greinir á milli fáfróðs villimanns og Sólarlogoss.

Þessu hefur verið áorkað með því, að lífið hagnýtti hin margvíslegu form, en til að læra af formnotkun sinni þurfti það að styðjast við vitsmunina. Þegar endurholdgunareiningin hefur raunbirzt sem grein af frumgeisla sínum, deilt honum niður í öll blæbrigði sín jarðvist eftir jarðvist og hulið sig litunum sjö sem geislinn er samsettur úr, stígur hún út á braut heimhvarfsins, og hinir sjö verða að þrem, og hinir þrír verða aftur að hinum eina.

Þegar maðurinn fer að vinna *meðvitað* að þessu og reynir af fúsum vilja og fullum skilningi á því sem gera þarf að losa ídveljandi lífið úr hjúpunum sem halda því föngnu, kemst hann að raun um, að leiðin að markinu felst í huglægu lífi dulfræðilegrar hugleiðingar og hlutlægu lífi ytri þjónustu. Þjónusta er í eðli sínu sjálfsafneitun, og samkvæmt dulfræðilegum lögmálum frelsast huglægt líf frá hlutlægi raunbirtingu þegar stunduð er virk þjónusta. Hugsíð vel um þetta, því að hér er margt hulið undir blæju orðanna.

Með hliðsjón af litunum þarf dulfræðineminn að gera tvennt í hugleiðingariðkun sinni:

1 —Ganga úr skugga um hverjir eru hinir þrír höfuðlitir hans sem raunbirtast í persónuleikanum, sálinni og mónadinum.

2—Leysa lægri ferndina upp í æðri þrennd. Þá er fyrsta stigið að gera sálina að vitundarmiðju sinni og rýra þannig lífsmagn lægra sjálfsins. Neminn byrjar á að útrýma óákjósanlegum blæbrigðum, hrinda á brott lágum og grófum sveiflum, og fágár loks þannig starfstæki sín, að höfuðlitirnir þrír sem hann er tjáning af geti geislað frá honum með fullkomnum ljóma. Þetta leiðir hann að þriðju vígslunni. Eftir hana fæst hann við að leysa hina þrjá upp í hinn eina unz hann hefur flutt vitund sína alla frá lægri starfstækjunum upp í hjúp mónadsins.

Ég hef ekki í hyggju að veita ykkur fræðslu um áhrif lita sem leika um líkamina í hugleiðingariðkun. Ég hef aðeins reynt að gefa ykkur einhverja hugmynd um lit sem blæju er að síðustu verður að svipta burt. Ef til vill tæpi ég á þessu atriði undir fyrirsögninni „Framtíðarnotkun lita“, en það er miklu betra að öðlast skilning á grundvallaratriðum en fá upplýsingar um formúlur til tilrauna.

10. september 1920

Nú komum við að öðru atriði okkar í þessum kafla eða litanotkun til lækninga. Við getum ekki fjölyrt um það efni, vegna þess að það er enn ekki tímabært, og ástæðan fyrir því hve stuttur við verðum að vera er sú, að takmörkuð vitneskja hefur oft hættur í för með sér. Ef litalækningum eru ekki gerð rækileg skil á réttan hátt og af tæknilegri þekkingu, geta afleiðingarnar orðið til illis fremur en góðs. Ef framtíðin fer eins og áformað er munu síðar fást nánari skýringar á þessu atriði, en í þetta sinn get ég einungis bent á nokkra þætti því viðvirkjandi, hvaða skilyrði leiða til velgengni og hvaða leiðir verða sennilega farnar.

Litanotkun til lækninga.

Við erum að ræða málið með hliðsjón af hugleiðingariðkun, svo að við þurfum að líta á allt frá því sjónarmiði. Í hugleiðingu einskorðast lækningar við hugrænar aðferðir. Orkustreymi kemur frá hugrænu þreplögunum, og aðallega verður átt við huglíkama sjúklingsins, en hann verkar á geðlíkamann og geðlíkaminn svo aftur á jarðlíkamann.

Ákveðnar staðreyndir þarf maðurinn eða heildið sem við þessar lækningar fæst þó að ganga úr skugga um. Við skulum athuga þær í stuttu máli til að gera lesandanum þetta ljósara:

1 —Verkið verður svo til eingöngu huglægs eðlis og mun beinast að orsökum en ekki afleiðingum. Höfuðmarkmið lækningaheildisins verður að finna frumorsök meinsemdarinnar, og þegar búið verður að staðsetja hana annað hvort í geðlíkama eða huglíkama sjúklingsins, taka meðlimir heildisins að glíma við afleiðingarnar sem birtast í jarðlíkamanum, annað hvort hinum efnispétta hluta hans eða þeim eterska. Sé meinsemdin líkamlegs eðlis einvörðungu, sé til dæmis afleiðing slyss eða stafi af arfgengum eða meðfæddum sjúkdómi, verða í fyrstu notaðar venjulegar aðferðir hinna hæfustu vísindamanna á jarðneska sviðinu, og starf læknaendanna verður í því fólgið að hjálpa til með fasthygli er beinist að efnisfínni líkómunum.

Þetta á við um breytingatímabil það sem nú er að hefjast hjá mannkyninu. En síðar verður þekking manna á dulfræðilegum lækningum og lögmálum þeim er stjórná fíngerðari starfstækjunum almennari, og þá munu vísindi efnisfínni sviðanna taka við af vísindum jarðneska sviðsins. Áherzla verður lögð á að koma í veg fyrir sjúkdóma, lagfæra ytri aðstæður og móta líkami sem hrinda ósjálfrátt frá sér árásum og eru færir um að vernda sig sjálfir. Menn munu sjá, að lykillinn að bættum lífsskilyrðum og heilbrigðum starfstækjum á öllum sviðum er skilningur á lögmáli sveiflutíðninnar og áhrifum sem mismunandi sveiflur hafa innbyrðis.

En eins og ástatt er á okkar tímum rekumst við hvarvetna á sjúkdóma, skemmdir og meinsemdir af öllu tagi í líkómum manna, og fyrsta skrefið í rétta átt er að líta raunsæjum augum á ástandið, en næsta skrefið að finna leiðir til úrbóta. Og hér komum við að öðru atriðinu:

2—Lækningaheildið þarf að fá tæmandi upplýsingar um sjúklinginn, grundvallaðar á eftirfarandi spurningum:

a—Hverjar eru helztu hugsanavenjur hans? Hvers konar hugsanaformum er hann aðallega umkringdur?

b—Hvaða litblær er ríkjandi í geðlíkama hans? Hver er hin eðlilega sveiflutíðni geðlíkamans? Á sjúklingurinn vanda til að missa skyndilega stjórn á tilfinningum sínum og koma þannig geðlíkamanum í allsherjar uppnám?

c—Hvaða umræðuefni falla sjúklingnum bezt í geð?

- Hver eru helztu áhugamál hans?
 Hvers konar bókmenntir les hann?
 Hvaða tólmstundaiðju hefur hann mesta ánægju af?
 d—Í hvaða ástandi eru orkustöðvar líkama hans?
 Hverjar þeirra eru teknar til starfa?
 Snúast nokkrar orkustöðvar hans með fjórvíðri hreyfingu?
 Hvaða orkustöð er aðalstöð hans?
 e—Í hvaða ástandi er eterski líkaminn?
 Sýnir hann merki um lífsskort eða orkuteppu?
 Skortir sjúklinginn lífsþrótt?
 Hvers virði eru segulmagnaðar verkanir hans á annað fólk?

Þá fyrst er þessum spurningum hefur verið svarað til hlítar mun lækningaheildið hefja nákvæma rannsókn á jarðneska starfstækinu. Þegar fengin er allnokkur hugmynd um þær innri aðstæður sem liggja til grundvallar líkamlegu meinsemdinni verður haldið áfram og eftirfarandi atriði rannsökuð:

- f—Í hvaða ástandi taugakerfi sjúklingsins er og þá einkum og sér í lagi mænugöngin og innri eldurinn.
 g—Ástand hinna ýmsu líffæra líkamans, sérstaklega það eða þau sem óþægindum valda.
 h—Beinabygging sjúklingsins, hold hans og blóð, einkum ástand hins lífgæfa vökva, blóðsins.

Æðri sýn og heilbrigði.

Eins og ykkur hlýtur að vera ljóst, útheimta slíkar lækningar annað hvort beina vísindapekkingu eða innri sýn er sér meinsemdina hvar sem hún kann að vera staðsett í líkómum sjúklingsins. Sá hæfileiki sýnir, að maðurinn hefur þroskað með sér innri máttaröfl er veita þekkingu á heimunum þrem og geta komið í veg fyrir hin hörmulegu mistök sem svo oft eiga sér stað hjá nútímalæknum. Hvað jarðlíkamann snertir verður ekki eins hætt við slíkum mistökum í læknislist framtíðarinnar, en langur tími mun líða áður en jafnmiklum skilningi verður náð á geðlíkamanum og nútímavísindi hafa á jarðlíkamanum.

Maður sem gæddur er innri sýn mun geta skilið, rannsakað og læknað jarðlíkamann. Með skyggni sinni á geðrænu þreplögunum getur hann unnið í samstarfi við upplýstan samtímalækni og hjálpað honum til að komast hjá mistökum, meta meinsemdina rétt, og sjá hvar hún á upptök sín, hversu víðtæk áhrif hennar eru, hvað gera þarf til úrbóta og hvaða verkanir lækningin hefur.

Flestar líkamlegar meinsemdir nú á dögum eiga rætur sínar að rekja til geðrænna truflana sem fá útrás í jarðlíkamanum, og að jafnaði er hægt að finna þessar truflanir og ráða bót á þeim ef hyggilega er farið að. En geðrænar truflanir sem rótfastar eru í efnisfínni líkómunum verður að kljást við ofan af hugrænu þreplögunum, svo að það þarf mann sem hefur dulræna hæfileika á hugræna sviðinu til að fjarlægja þær. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt, hvaða aðferð sem notuð er, að sjúklingurinn hjálpi til með virku meðvituðu samstarfi.

Á sama hátt verður að taka hugrænar meinsemdir til meðferðar beint ofan af orsakatreplögunum, og þá þarf á aðstoð sálarinnar að halda og manns með orsakasýn og vitund. En slíkar lækningar verður ekki farið að stunda fyrir en eftir óralangan tíma, svo að við skulum ekki eyða að þeim mörgum orðum hér. Þó er þegar byrjað að rannsaka að einhverju leyti og lækna líkamlega kvilla sem eiga upptök sín í geðlíkamanum. Næsta skref

læknavísindanna fram á við mun verða á sviði sálfræðinnar og felast í auknum skilningi á taugasjúkdómum og geðflækjum og sambandinu milli þeirra. Tengiliðurinn milli geðlíkamans og jarðlíkamans er eterlíkaminn. Og næsta verkefnið er að rannsaka hann á tvo vegu — annars vegar sem miðlara þrónu, lífsorkunnar, lífsþróttar eða segulmagns, hins vegar sem starfstæki það er tengir saman tilfinningæðlið og þetta efnislíkamann. Jarðlíkaminn beygir sig ávallt undir kröfur geðlíkamans, en þær berast til hans eftir leiðum eterlíkamans.

Við beztu aðstæður myndi stjórnandi lækningaheildis vera maður með orsakavitund sem fær væri um að fást við allar meinsemdir í huglíkamanum og gæti rannsakað samtengingu grófari starfstækjanna við sálina. Auk þess myndu vera í heildinu:

a—Maður eða menn sem gætu skoðað geðlíkamann með dulskyggnum augum.

b—Fólk sem þekkti nokkuð til undirstöðuatriða lögmáls sveiflutíðninnar og gæti hagnýtt mátt hugsunarinnar til að beita sérstökum litabylgjum í lækningaskyni og náð tilætluðum árangri vegna vísindalegs skilnings síns.

c—Einhver meðlimur heildisins væri jafnframt læknir að mennt og gæti fengist við lækningar jarðlíkamans undir handleiðslu manna sem hefðu meðvitaða dulskyggni á valdi sínu. Hann myndi athuga viðnámsþrótt líkamans, beina að honum vissum straumum, litum og sveiflum sem hafa líkamleg áhrif, og með samstarfi við allar einingarnar innan heildisins gæti náðst árangur er raunverulega verðskuldaði nafnið kraftaverk.

d—Í heildinu yrðu einnig allmargir nemar sem kynnu dulfræðilega hugleiðingariðkun og gætu með mætti hugleiðingar sinnar myndað farveginn sem þarf til að miðla lækningakrafti æðra sjálfsins og meistarans.

e—Ennfremur yrði í hverju heildi maður sem gæti tekið að sér að skrifa nákvæmar skýrslur um allt sem fengist væri við. Slíkar skýrslur yrðu síðan undirstöðurit hinnar nýju læknisfræði.

Hér hef ég lýst hugsjón hins fullkomna lækningaheildis. Enn er það aðeins framtíðardraumur, þótt unnt sé að hefja tilraunir með því að hagnýta þekkingu og hæfileika þeirra sem leitast við að þjóna meðbræðrum sínum og meistaratum.

Eins og þið sjáið af ofangreindum upplýsingum verða litir notaðir á tvo vegu:

1—Með því að beita mætti hugsunarinnar á efnisfínni sviðunum.

2—Með því að beina mislitum ljósum að jarðlíkamanum.

Á jarðneska sviðinu verður útræði litblærinn notaður, en á efnisfínni sviðunum sá innræði. Þess vegna mun starfið að mestu leyti hvíla á dulfræðinemum heimsins - unz hið innræða er orðið útrætt — og þeir munu vinna í skipulögðum heildum undir handleiðslu sérfræðinga.

Hvenær geta þessi heildi byrjað að nota liti í ákveðnu augnamiði? Verkefni það sem næst liggur fyrir er að afla sér hinnar nauðsynlegu þekkingar á eterska líkamanum, brýna fyrir fólk að móta hrein starfstæki og rannsaka áhrif hinna ýmsu litbrigða á þetta efnislíkamann. Það mál hefur lítt verið rannsakað hingað til.

Þá mun koma í ljós, að vissir litir hafa óumdeilanleg áhrif á vissa sjúkdóma og geta læknað vissar taugatruflanir, útrýmt vissum hneigðum til taugaveiklunar og stuðlað að vexti nýrra vefja og eyðingu þeirra sem skemmdir eru. Allt þetta þarf að rannsaka.

Einnig má gera tilraunir með lífmögnun og segulmögnun sem verka beint á eterlíkamann, og þar er lausnin enn á ný fólgin í lögmáli lita og sveiflutíðni. Seinna getum við vikið nánar að störfum þessara lækningaheilda þegar þau koma saman til hugleiðingariðkunar.

Hér langar mig aðeins að bæta við, að vissir litir hafa sterk áhrif, þótt ég geti ekki nefnt

nema þrjá að svo stöddu og það í stuttu máli:

1—*Rauðgult* örvar starfsemi eterska líkamans, lækna hvers kyns teppu og eykur prönustreymið.

2—*Rósbleikt* orkar á taugakerfið, lífmagnar það og útrýmir þunglyndi og magnleysi. Það eflir lífsviljann.

3—*Grænt* hefur altæk lækningaáhrif, og það hefur engar hættur í för með sér að nota það við alls konar bólgum og sótthita, en það er hér um bil óhugsandi að svo komnu að skapa viðeigandi aðstæður til notkunar þessa litar eða finna réttan blæ. Hann er einn af aðallitunum sem síðar verða hagnýttir til lækninga á þetta efnislíkamanum, enda er hann grunnlitur náttúrunnar.

Finnst ykkur þetta vera slitróttar upplýsingar og ófullnægjandi? Vissulega er það rétt, jafnvel enn réttara en þið getið gert ykkur grein fyrir. Gleymið samt ekki því sem ég hef margsagt ykkur, að slóðin sem leiðir til uppsprettu allrar þekkingar finnst með því að grípa á lofti hverja smávísbendingu og leitast við að brjóta hana til mergjar.

11. september 1920

Nú komum við að lokakafla okkar um litanotkun í hugleiðingu. Við höfum fjallað þannig um málið, að þeir sem taka eftir vísbendingunum er liggja á víð og dreif innan um fræðsluna og rannsaka þær ofan í kjölinn munu komast að raun um, að þær mynda grundvöll fyrir vissar óhjávæmilegar niðurstöður. Þær niðurstöður munu síðar verða notaðar sem frumhæfingar er læknisfræði og vísindi nýja tímans hafa að hornsteini starfsemi sinnar í framtíðinni. Við getum borið fram nokkrar staðhæfingar sem fela í sér meginþætti þessa máls:

1—Höfuðliti persónuleikans þarf að ummynda í liti þrenndarinnar eða hins þrígreinda anda. Þessu verður áorkað með því að leggja stund á hina sönnu dulfræðilegu hugleiðingariðkun.

2—Litirnir sem byrjandinn mun aðallega fást við eru rauðgult, rósbleikt og grænt.

3—Fjóluliti geislinn geymir leyndardóm núverandi hringrásar.

4—Næsta stig meðvitaðrar þekkingar mun verða lögmálin er stjórna starfsemi eterska líkamans.

5—Þegar innsæið þroskast mun fást vitneskja um innræðu litina handan við blæju hinna útræðu.

6—Í dulfræðilegum skilningi er litur form og orka dygðar í innra lífinu.

Hér hef ég sett fram þau hagnýtu atriði sem þarf að taka til athugunar sem fyrst til að öðlast frekari skilning á málinu. Ef þetta er notað sem rannsóknagrundvöllur má neminn búast við að sjá um síðir algera ummyndun á starfsemi bæði lækna og sálfræðinga. Hér get ég bætt við nokkrum spádómum þeim til fróðleiks sem á eftir koma:

Forspár um framtíðina.

1—Hugtakafræði læknávisindanna mun verða miðuð æ meira við sveiflur, liti og tóna.

2—Trúræn fræðsla í heiminum og siðalærdómar verða einnig tjáðir með litahugtökum. Fólk verður flokkað undir geislaliti sína, og það verður hægt að gera þegar mannkynið þroskar með sér skyggni á árum. Það eru þegar komnir fram fleiri dulskyggnir menn en almennt er gert ráð fyrir, því að þeir sem hafa raunverulega dulargáfu flíka ekki hæfileikum sínum.

3—Talnavísindin sem eru í rauninni vísindi lita og tóna munu einnig gera nokkrar breytingar á hugtakafræði sinni, og litir munu síðar taka við af tölum.

4—Menn munu aftur læra að beita áhrifum hljóðsins til að ná valdi á lögmálum þeim sem ríkja þegar reistar eru voldugar byggingar og miklum þunga lyft. Hringurinn er brátt fullnaður, og aftur mun koma fram sú kunnátta Lemúrúmanna og Atlantisbúa að lyfta gífurlegum þunga — í þetta sinn þó á hærra þrepi vindustigans. Nú munu menn öðlast hugrænan skilning á aðferðinni. Hinir fornu byggjendur notuðu krafta hljóðsins til að mynda tómrúm er þeir hagnýttu síðan í eigin tilgangi.

5—Það mun koma í ljós, að eyðingu má framkalla með notkun sérstakra lita og sameinaðrar hljóðbeitingar. Með þeim hætti verður feiknalegum áhrifum náð. Litur getur tortímt engu síður en læknað, og tónn getur splundrað engu síður en sameinað. Þetta tvennt þurfa vísindin að rannsaka, og þar liggur næsta skref þeirra fram á við. Menn munu rannsaka lögmál sveiflutíðninnar og öðlast skilning á því, og þegar farið verður að hagnýta þá þekkingu á jarðnesku þreplögunum munu ýmsar áhugaverðar nýjungar koma fram. Byrjað verður á að rannsaka styrjaldir og áhrif þeirra, meðal annars sálfræðileg, og það mun leiða til frekari athugana á sveiflum, litum og tönnum. Til dæmis má taka, að hávaðinn sem hinar voldugu fallbyssur framleiða hefur meiri áhrif en kúlurnar úr þeim á jarðneska sviðinu. Þessum áhrifum eru menn lítt farnir að gera sér grein fyrir enn sem komið er, enda eru þau mestmegnis etersk og geðræn.

6—Tónlist verður aðallega notuð til uppbyggingar, og eftir hundrað ár verður hún ómissandi þáttur í sérstökum skapandi störfum. Þetta kann að virðast næsta ótrúlegt, en þannig verður skipulögð tónbeiting hagnýtt til að ná ákveðnum árangri.

Ef til vill spyrjið þið hvað allt þetta komi málinu við í bréfasafni um hugleiðingariðkun? Svarið er, að aðferðin sem beitt verður við hagnýtingu lita og tóna til lækninga, til að efla andlegan vaxtarþroska og til útræðra skapandi starfa á jarðneska sviðinu verður grundvölluð á lögmálum þeim er stjórn huglíkamanum, sem sé eins konar hugleiðing. Mannkynið mun ekki öðlast getu til að notfæra lögmál sveiflutíðninnar hlutlægt fyrr en það hefur þroskað með sér hin virku öfl og eigindir hugsunarinnar, og það gerist einmitt með rétttri þjálfun í hugleiðingu. Þið skuluð ekki halda, að engir aðrir en þróaðir tilbiðendur, launspekingar og nemar hinna svonefndu æðri fræða geti raunbirt máttaröflin sem ávinnast með hugleiðingariðkun. Allir miklir auðjöfrar og æðstu stjórnendur á sviði fjármála og skipulagðrar kaupsýslu eru fulltrúar skyldra afla. Þeir eru lifandi dæmi um einhugula beitingu hugsunar af sérstakri gerð, og þróunarleið þeirra liggur samhliða brautum launspekingsins og dulfræðingsins. Ég vil leggja ríka áherzlu á þessa staðreynd. Þetta eru þeir sem stunda hugleiðingu samkvæmt reglum mahachohansins eða lávarðar siðmenningarinnar. Fullkomin og fastbeitt athygli að hverju verkefni sem fyrir liggur gerir þá að þeim mönnum sem þeir eru, og að ýmsu leyti ná þeir meiri árangri en margur hugleiðingarneminn. Það sem þeir þurfa að gera er að ummynda tilhvatir sínar til starfa, og þá munu þeir skara fram úr öðrum nemum. Þeir munu nálgast eitt af stigum samfjöllunarinnar, og þá bíður þeirra braut reynslunemans.

Smám sannan munu menn öðlast dýpri skilning á lögmáli sveiflutíðninnar og komast að raun um, að það er ríkjandi afl í hinum þrem miklu starfsdeildum manúsins, bodhisattvans og mahachohansins. Höfuðtjáning þess og hugtakafræði verður á sviði lita og tóna. Þá verða geðrænar truflanir skoðaðar sem ómstríðir hljómar, hugrænt dauflyndi sem hægar sveiflur og líkamlegar meinsemdir í tölum. Öll skapandi starfsemi hlýtur tjáningu í hugtökum talna, lita og tóna.

Þetta nægir hvað snertir litanotkun í hugleiðingu, og á þessu stigi hef ég ekkert frekar um það mál að segja. Efnið er torrætt og margslungið, og aðeins þolinmóðar íhuganir geta varpað


einhverju ljósi á það. Geisli innsæisins þarf að rjúfa blæju myrkursins eða fávísina sem hylur alla þekkingu til að vitneskja fái st um formin er geyma í sér huglæga lífið og það geti geislað gegnum þau. Þegar ljós skynseminnar dofna fyrir dýrðarljóma vizkusólarinnar verður hægt að sjá alla hluti eins og þeir eru í raun og veru, og þá munu formin taka á sig sína réttu liti og þekking fást á talnalegri sveiflutíðni þeirra.

8. BRÉF.

SAMBAND VIÐ MEISTARANA Í HUGLEIÐINGU.

- 1—Hvað eru meistararnir?
- 2—Hvað samband við meistarana felur í sér:
 - a—Frá sjónarmiði nemans.
 - b—Frá sjónarmiði meistarans.
- 3—Aðferðir til að nálgast meistarann með hugleiðingu.
- 4—Fimm merki þess, að samband hafi náðst.

HELGISTJÖRNIR SÓLAR OG PLÁNETNA
SÓLARLÓGOSINN



„Táknmynd þessi sýnir í stórum dráttum hluta af helgi-
stjórnninni eins og hún er nú á tímum, en tekur aðeins
þær verundir sem mest koma við sögu í sambandi við
mannlega útþróun. Samsvarandi táknmynd af tivaþró-
uninni yrði allfrábrugðin þessari.“
(Tengilínurnar merkja orkustrauma)

SKÝRINGAR TÁKNMYNDARINNAR AF HELGISTJÓRNUM SÓLAR OG PLÁNETNA

Sólarlogosinn

|

Sólarþrenningin eða Logosarnir þrír

|

- I Faðir.....vilji
II Sonur.....kærleiki-vizka
III Heilagur andi.....athafnarorka-vitsmunir

Geislarnir sjö

Þrír eðlisgeislar

Fjórir eigindageislar

I. Vilji eða máttur

II. Kærleiki-vizka

III. Athafnarorka-vitsmunir

4. Samræmi og fegurð

5. Vísindi eða þekking

6. Trúarhollusta eða
hugsjónastefna

7 Siðalögmál

HELGISTJÓRN PLÁNETUNNAR

Sanat Kúmara, lávarður heimsins (hinn aldraði) (höfuðvígjandinn eini)

|

Þrír kúmarar (Búddhar athafnarorkunnar)

1

2

3

|

Speglanir þriggja eðlisgeisla og fjögurra eigindageisla

Stjórnendur starfsdeildanna þriggja

I. Meginþáttur vilja

II. Meginþáttur kærleika-vizku

III. Meginþáttur vitsmuna

A. Manúinn (Mannkyns-
höfðinginn)

B. Bodhisattvann (Heimsfræðar-
inn) (Kristur)

C. Mahachohaninn
(Lávarður
siðmenningarinnar)

b. Meistarinn Júpíter

b. Evrópskur meistari

e. Meistarinn Morya

c. Meistarinn Koot Hoomi

c. Feneyjameistarinn

d. Meistarinn Dhwyal Khul

4. Meistarinn Serapis

5. Meistarinn Hilarion

6. Meistarinn Jesús

7. Meistarinn Rakocsy

Fjögur stig vígsluhafa

Mörg stig lærisveina

Fólk á braut reynslunemans

Venjulegt mannkyn á öllum stigum

8. BRÉF.

SAMBAND VIÐ MEISTARANA Í HUGLEIÐINGU.

12. september 1920

Leitin að markinu.

Í dag tökum við nýtt efni til meðferðar, þ.e.a.s. meistarana og hvernig unnt er að nálgast þá fyrir atbeina hugleiðingariðkunar. Ég veit, að það er ykkur hjartfólgið mál eins og öllum þeim er fylgja ljósinu hið innra af einurð. Og ég mun leitast við að fjalla þannig um það, að ykkur finnist við lok þessa bréfs, að þeir hafi aldrei fyrir staðið ykkur eins ljóslifandi fyrir hugskotssjónum og þið skiljið betur mikilvægi þess að nálgast þá, aðferðin virðist ykkur einfaldari og afleiðingarnar af sambandi við þá svo augljósar, að þið kostið kapps um að verða þess aðnjótandi sem allra fyrst.

Eins og áður skulum við skipta efninu í nokkra kafla:

1—Hvað eru meistararnir?

2—Hvað felur samband við þá í sér?

a—Frá sjónarmiði nemans.

b—Frá sjónarmiði meistarans.

3—Aðferðir til að nálgast meistarana með hugleiðingu.

4—Fimm merki þess, að samband hafi náðst.

Alls staðar í heiminum kannast menn við hina knýjandi þörf einstaklingsins til að líta upp til einhvers sér æðri og vitrari. Jafnvel þeir sem ekki viðurkenna tilveru meistaranna leita hugsjónar klæddrar í form á jarðneska sviðinu. Ef til vill ímynda þeir sér sjálfa sig sem menn fullkominna athafna eða sjá æðstu hugsjón sína í einhverjum miklum mannvini, afburða vísindamanni eða frægum listamanni. Sjálfur er maðurinn ófullkominn og aðeins brot af stærri heild, og þar af stafar þessi ákafa þrá hans til að leita einhvers sér máttarmeiri. Hún knýr hann aftur til miðbiks verundar sinnar og út á braut heimhvarfsins til alsjálfsins. Ávallt verður glataði sonurinn að rísa upp og snúa aftur til föður síns, og innra með honum blundar ætíð minningin um föðurgarð og dýrðina sem þar er að finna.

En mannshugurinn er þannig í eðli sínu, að leitin að ljósinu og hugsjóninni hlýtur óhjákvæmilega að reynast bæði löng og ströng. „Nú sjáum vér svo sem í skuggsjá í óljósri mynd, en þá augliti til auglitis“ — stöku sinnum bregður fyrir leiftursýn af öðrum og máttugri verum en okkur sjálfum þegar við lítum inn um glugga er við göngum framhjá á leið okkar upp vindustigann. Þær rétta okkur hjálparhönd og hvetja okkur með klingjandi raust til að berjast áfram ótrauð ef við viljum klífa tindinn að fótum þeirra.

Við skynjum umhverfis okkur fegurð og ljóma sem við getum enn ekki notið; þetta hvarflar inn á sjónarsvið okkar, og á háleitum augnablikum snertum við dýrðina, en jafnskjótt missum við aftur af henni og sökkvum á ný ofan í sortann sem hjúpar okkur. En við *vitum*, að fyrir utan og lengra fram undan er eitthvað eftirsóknarvert. Og við lærum að skilja þá leyndardómsfullu þverstæðu, að við getum því aðeins komizt í snertingu við þetta ytra undur, að við leitum inn á við þangað til við finnum vitundarmiðjuna sem sveiflast í samræmi við tíðni þessarar óljóst skynjuðu dýrðar og hinna geislandi sálna er kalla sig eldri bræður okkar. Við náum ekki markinu nema við fótumtroðum ytri hjúpana sem hylja innri kjarnann, og við

finnum ekki guðinn í öllu fyrir en við höfum náð valdi yfir formunum og sveigt þau undir stjórn guðsins hið innra, því að það eru einmitt þessir hjúpar sem dylja innri guðinn sjónum okkar og reisa múr á milli okkar og þeirra er náð hafa því stigi, að guðinn í þeim er orðinn öllum ytri formum yfirsterkari.

Hinn mikli vígsluhafi er lét sér um munn fara orðin sem ég vitnaði til áðan sagði ennfremur: „Nú er þekking mín í molum, en þá mun ég gjörþekkja eins og ég er sjálfur gjörþekktur orðinn.“ Framtíðin gefur það fyrirheit öllum þeim sem leggja sig í líma, þjóna af óeigingirni og ástunda dulfræðilega hugleiðingu, að þeir fái síðar að kynnast þeim er þegar gjörþekkja hvern leitanda. Í þessu felst von hugleiðingarnemans. Meðan hann berst, sigrar og bíður ósigra, þolir og þreyir og leggur á sig dag eftir dag hina örðugu þjálfun í hugstjórn og fasthygli, fylgjast með honum af innri sviðunum þeir sem þekkja hann og veita framförum hans athygli með hlýrri samúð.

Gleymið ekki fyrri hlutanum af boðskap vígsluhafans þar sem hann bendir á leiðina til að dreifa myrkrinu og komast í kynni við hina máttugu. Hann leggur áherzlu á, að brautin til ljóss og þekkingar verði einungis fetuð með kærleika. Hvers vegna? Vegna þess að kærleikurinn er lokamark allra, og það er á braut hans sem samruninn verður að veruleika. Til að fá fræðilegt orðalag yfir það sem oft er aðeins óljós kennd getum við sagt sem svo: — Það er með því að ná hliðstæðri sveiflutíðni við geisla kærleika og vizku eða guðdómsgeislann, að komið er í snertingu við lávarða kærleikans og meisturum samúðarinnar kynnst af eigin raun, og ennfremur verður þá vitundarsamband við hina máttugu og alla bræður okkar á hvaða stigi sem er að raunbirtri staðreynd.

Þetta er brautin sem við verðum öll að feta, og aðferðin til þess er hugleiðingariðkun. Lokamarkið er fullkominn kærleikur og vizka, þrepin í stiganum eru að hefja sig úr einni sviðsdeild í aðra í heimunum þrem, leiðin er dulfræðileg hugleiðing, og launin eru samfelld vitundarþensla sem kemur manningum stig af stigi í samband við sál sína, önnur sjálf, meistarann er bíður hans með eftirvæntingu, samlærisveina og háþroskaðri vígsluhafa sem hann snertir innan áru meistarans unz hann að endingu stendur frammi fyrir höfuðvígjandanum eina, fær inngöngu í hinn leynda stað og hlýtur lausn ráðgátu þeirrar er liggur að baki sjálfri vitundinni.

14. september 1920

Hvað eru meistararnir?

Nú komum við að næsta efni okkar, sambandi við meistarana í hugleiðingu, og þá væri kannski lærdómsríkt að byrja á nokkrum megin staðhæfingum varðandi meistarana og stöðu þeirra á braut þróunarinnar. Þær snerta fyrsta atriðið eða „Hvað eru meistararnir?“ Þannig munu lesendur þessara bréfa fá einhverja hugmynd um stöðu meistaranna, alhliða þroska þeirra og starfsaðferðir. Að sjálfsögðu koma hér ekki fram margar nýstárlegar upplýsingar. En oft hættir okkur til að sjást yfir það sem mestu máli skiptir og við þekkjum bezt, og stundum á skynsemiseigind okkar erfiðast með að gera sér ljósa grein fyrir því.

Meistari vizkunnar er maður sem tekið hefur fimmtu vígsluna. Það þýðir með öðrum orðum, að vitund hans hefur orðið fyrir slíkri þenslu, að hún umlykur nú einnig fimmta ríki náttúrunnar eða ríki andans. Hann hefur unnið sig upp úr fjórum lægri ríkjunum: — steinaríkinu, jurtaríkinu, dýraríkinu og ríki mannsins - og með hugleiðingariðkun og þjónustu hefur hann víkkað vitundarkjarna sinn svo mjög, að hann felur orðið í sér andlega sviðið.

Meistari vizkunnar er maður sem flutt hefur vitundarstillingu sína úr þrem frumkjörnum persónuleikans — sem orsakalíkaminn lykur um - upp í þrjá frumkjarna andlegu

þrenndarinnar. Hann er í meðvitundum skilningi andi-innsæi-óhlutbundinn hugi eða *atma-buddhi-manas*, og þessar eigindir eru ekki lengur blundandi og óvirkjaðar hjá honum, heldur fullþroskaðar og hertar í eldi reynslunnar. Eins og áður er sagt, hefur þessu verið áorkað með hugleiðingariðkun.

Meistari vizkunnar er maður sem hefur ekki einungis fundið þríhljóm sálarinnar, heldur einnig hinn fullnaða samhljóm mónadsins og hefur því náð valdi á öllum tónstiganum frá lægstu lífsstigum upp á mónadsviðið. Þetta þýðir í dulfræðilegri merkingu, að sköpunargeta hans er nú þroskuð til fulls og hann getur ómað tón hvers sviðs og skapað á því. Þessi hæfileiki til að finna tóna mónadhljómsins og hagnýta þá til sköpunarstarfa þroskast fyrst og fremst með því að ástunda dulfræðilega hugleiðingu og þjóna mannkyninu með kærleika.

Meistari vizkunnar er maður sem náð hefur valdi á lögmálum heimanna þriggja og getur stjórnað öllu sem fram fer í sviðsdeildum þeirra. Með því að læra að þekkja lögmál hugarins í hugleiðingariðkun víkkar hann þau smátt og smátt þar til þau renna saman við lögmál alheimshugarins eins og þau raunbirtast á lægri sviðunum. Hann nær valdi á lögmálum hugarins með ástundun dulfræðilegrar hugleiðingar og beitir þeim í þjónustulífinu sem sönn þekking hlýtur óhjákvæmilega að leiða til.

Meistari vizkunnar er maður sem brautskráður er úr sal lærdómsins og sal vizkunnar. Hann hefur lokið hinum fimm námsstigum í sal vizkunnar og ummyndað lægri *manas* í tæran og ómengaðan huga, breytt löngunum í innsæi og geislað vitund sína með Ljósi hins hreina anda. Þetta getur enginn gert nema með aga hugleiðingarþjálfunarinnar.

Meistari vizkunnar er maður sem gengið hefur úr skugga um, að samfjöllun er staðreynd. Þeirrar þekkingar hefur hann aflað sér fyrir tilstuðlan skynfæranna fimm sem hann hefur samfjallað í tvö, og er það hástig þroska í þessu sólkerfi. Í hugleiðingariðkun hefur hann aðhæft hið flatarmálsfræðilega viðmiðunarskyn sitt og lært rétt gildismat, en með því útrýmir hann allri blekkingu og sér raunveruleikann. Hugleiðingariðkun og sú innri fasthygli sem hún leiðir af sér vekur vitundina til skilnings á gildi formsins og rétttri hagnýtingu þess. Þannig kynnist hann raunveruleikanum, og heimarnir þrír geta ekki framar villt honum sýn.

Meistari vizkunnar er maður sem skilur merkingu vitundar, lífs og anda. Hann ratar greiðustu leiðina að „brjósti föður síns á himnum“. Þessa beinu braut finnur hann í hugleiðingariðkun.

Meistari vizkunnar er maður sem hefur umbreytt sjálfum sér úr fimm í þrjá og þremur í tvo. Hann er orðinn að hinni fimmarma stjörnu, og á þeirri stundu sem það gerist sér hann hana leiftra fyrir ofan höfuðvígandann eina og ber kennsl á hana hjá jafningjum sínum. Í dulfræðilegum skilningi hefur hann helgað þrenndina og notað hana sem hornstein að musteri Salómons. Og jafnvel musterið hefur hann skynjað sem takmörkun, brotist úr þrjú þess og komizt upp í þrenndina. Hann hefur jafnan fylgt dulfræðilegu aðferðinni, þ.e.a.s. hann hefur stigið hvert skref vitandi vits og með fullri þekkingu á eðli þess. Hann kynnist merkingu hvers takmarkandi forms, og síðan tekur hann við stjórninni og beitir lögmálunum á sviðunum sem formið nær til. Hann hefur vaxið upp úr hverju forminu af öðru og fleygt hinum gömlu jafnóðum til að taka við nýjum. Þannig hefur fórn og dauði formsins jafnan fylgt þróun hans. Hann lærir að sjá takmarkanir þess, og það verður að deyja og hverfa til að lífið hið innra geti svifið til hæða. Krossfesting og dauði er ævinlega undanfari brautar upprisunnar er síðan liggur að fjallinu þaðan sem uppstigningin á sér stað. Í hugleiðingariðkun lærir hann að meta gildi lífsins og takmarkanir formsins, og fyrir atbeina þekkingar og þjónustu er lífið losað úr öllum viðjum.

Meistari vizkunnar er maður sem valið hefur sér það hlutskipti að dveljast um kyrrt á plánetu okkar í því skyni að hjálpa meðbræðrum sínum. Allir sem tekið hafa fimmtu vígsluna

eru meistarar vizkunnar, en þeir dveljast ekki undantekningarlaust hér áfram til að starfa sem þjónendur mannkynsins. Margir þeirra hverfa á brott til annarra verkefna þýðingarmeiri en veraldarþjónustu eða af ámóta mikilvægi. Í augum almennings hefur hugtakið „meistari vizkunnar“ fengið þá merkingu, að það séu þeir fullnumar sem verða kyrrir á jörðinni og takmarka sig vegna mannkynsins er þokast fram á við í hinni völdugu flóðbylgju þróunarinnar. Með hugleiðingariðkun hefur hinn máttugi náð marki sínu, og með hugleiðingariðkun eða vinnu við hugsanaefni og huglíkama manna afkastar hann starfi því sem hraðar ferlirás þróunarinnar.

Meistari vizkunnar er maður sem tekið hefur fyrstu vígsluna er tengir hann hinu völdugra bræðralagi á Síríusi. Eins og ég hef áður sagt ykkur, er hann vígsluhafi á fyrsta stigi innan stærri stúkunnar. Hann hefur náð vitundarþenslu sem veitir honum snertingu við margar af deildum sólkerfisins. Nú bíða hans gífurlegar vitundarþenslur er um síðir munu hefja hann upp fyrir kerfislega vitund á enn víðfeðmara og völdugra tilverustig. Hann þarf að læra undirstöðuatriði kosmískrar hugleiðingar er opna mun honum aðgang að umlykjandi alvitund sem við höfum engin tók á að skilja eða ímynda okkur.

Meistari vizkunnar er maður sem starfað getur *vitandi vits* sem fruma í líkama þess himneska manns er hann tilheyrir. Hann skilur lögmálin sem stjórna heildum og heildissálum. Sjálfur stjórnar hann heildissál - heildi á braut heimhvarfsins mynduðu úr lífum margra jarðarbarna — og honum er ljóst hvar hann er staðsettur í kerfislíkamanum. Hann veit hvaða orkustöð í líkama himneska mannsins veldur því, að hann og heildi hans hafa samræma sveiflutíðni, og hann fer eftir ákveðnum lögmálum þegar hann á samskipti við önnur heildi innan sama líkama. Hver athugull nemi mun gera sér grein fyrir gildi hugleiðingar til undirbúnings þessara starfa, því að með hugleiðingariðkun hefur maðurinn sig upp yfir aðskilnaðarkenndina og nær dulfræðilegum skilningi á einingu sinni við aðrar lífverur.

Meistari vizkunnar er maður sem treyst hefur verið fyrir vissum máttarorðum sökum starfs þess er hann hefur leyst af hendi. Fyrir tilstuðlan þessara orða getur hann beitt lögmálinu að fleiri þróunarleiðum en hinni mannlegu einni, og með þeim vinnur hann í samstarfi við meginþátt athafnarorku Logossins. Þannig sameinast hann vitund þriðja Logossins. Ennfremur gera máttarorðin honum kleift að aðstoða við sköpunarstarf kerfisins og viðleitni annars Logossins til að ná samruna, og hann lærir að skilja innri verkanir lögmáls þyngdaraflsins (eða aðlöðunar og fráhrindingar) sem liggur að baki allri starfsemi annars meginþáttar Logossins. Og með orðunum vinnur hann í samstarfi við fyrsta Logosinn, og þegar hann tekur sjöttu og sjöundu vígsluna — það gera raunar ekki allir fullnumar — lærir hann merkingu viljans eins og honum er beitt í núverandi sólkerfi. Máttarorðin eru látin í té munnlega og fyrir atbeina dulskyggnigáfunnar, en vígsluhafinn verður sjálfur að finna þau um leið og hann öðlast atmíska vitund. Þegar svo er komið, að atmísk vitund er í þroskun með innsæið til grundvallar opnast vígsluhafanum aðgangur að þekkingarforða mónadsins, og þar lærir hann máttarorðin. Þessi hæfileiki bærir ekki á sér fyrr en lávarður heimsins hefur snortið hann með sprota vígslunnar. Þannig eykur meistari vizkunnar enn þekkingu sína með því að leggja stund á hærri stig dulfræðilegrar hugleiðingar. Vitund hans er ekki kyrrstæð, heldur víkkar hún með degi hverjum. Og hann vinnur markvisst að þenslu hennar.

Meistari vizkunnar er maður sem áunnið hefur sér þann rétt að starfa með æðstu valdhöfum helgistjórnarinnar á þessari plánetu og í tengslum við hliðstæða stjórnendur á tveim öðrum plánetum er samskipti hafa við hnattkeðju okkar. Þegar hann hefur tekið fleiri vígslur getur hann komizt í snertingu við alla sjö Plánetulogosana og starfað með þeim, ekki aðeins þeim þrem er stjórna skyldum hnattkeðjum. Þá lykur vitund hans orðið um allt hlutlæga sólkerfið.

Ég gæti talið upp enn fleiri skilgreiningar og skýrt málið lengur fyrir ykkur, en þetta verður að nægja. Stigið sem meistarinn hefur náð er hátt, en aðeins í afstæðum skilningi, og þið megið ekki gleyma, að honum virðist það sjálfum mjög lágt þegar hann er kominn á það, vegna þess að þá hefur hann samanburð við nýjar víðáttur er birtast sjónum hans. Hver vitundarþensla, hvert þrep í stiganum sýnir vígsluhafanum áður óþekktan heim er hann þarf að sigrast á og herra þrep sem bíður hans. Á sama hátt er hver vígsla einungis undirbúningur annarra og æðri stiga, og aldrei kemur sú stund, að leitandinn geti numið staðar og hafi náð hinztu fullkomnun - hvort heldur hann er venjulegur maður, vígsluhafi, meistari, chohan eða Búddha. Jafnvel sjálfur Logosinn er leitandi, og meira að segja sú hin völduga verund er hann þráir að sameinast sækist eftir annarri sér æðri.

Það sem fer fram innan sólkerfisins á sér einnig stað á alveraldlegu þreplögunum, og allir sigrar sem unnir eru hér verða að vinnast aftur á mælikvarða alveraldarinnar. Þessi hugmynd eflir innblástur og vaxtarþrá, en ekki örvilnun og þreytu. Leitandinn hlýtur umbun erfiðis síns við hvert skref fram á við, fögnuðinn sem fólgin er í vaxandi skilningi.

Á morgun skulum við snúa okkur að hagnýtari hlið málsins og tala um manninn sem stefnir að þessu háleita markmiði.

16. september 1920

Hvað samband við meistarann felur í sér.

Í dag komum við að öðrum kafla þessa áttunda bréfs okkar, og við þurfum að fjalla um efnið frá tveim hliðum — sjónarmiði meistarans í stuttu máli og sjónarmiði nemans er gera þarf fyllri skil.

Við höfum í þessum bréfum gefið nokkra hugmynd um hið umfangsmikla verkefni sem bíður mannsins er ætlar sér að ná lokamarkinu. Mikill hluti fræðslunnar er miðaður við þá sem komnir eru á það stig þróunarinnar er nefnist braut reynslunemans. Og hér komum við að atriði því er varðar innra samband meistarara og lærisveins.

Það skiptist í fjögur stig, og í hverjum áfanga brautarinnar kemst maðurinn nær meistarara sínum en áður. Þessi fjögur stig taka við hvert af öðru frá því að neminn er fyrst tekinn til þjálfunar og þangað til hann er sjálfur orðinn fullnumi.

Þau eru sem hér greinir:

a—Tímaskeiðið þegar hann er reynslunemi.

b—Tímaskeiðið þegar hann er viðurkenndur lærisveinn.

c—Tímaskeiðið þegar hann er orðinn nákominn meistararum eða í innræðum skilningi „sonur meistarans“.

d—Tímaskeiðið þegar þrjár seinustu vígslurnar eru teknar og hann veit, að meistarinn og hann eru eitt. Þá er hann „hinn elskaði lærisveinn meistarans“ — eins og Jóhannes í guðspjöllum biblíunnar.

Þessi tímaskeið stjórnast af tvennu:

a—Áþekkri sveiflutíðni.

b—Karma.

Og í öllum þeirra er aðalatriðið hversu fær maðurinn er um að þroska með sér *heildisvitund*.

Í annarri sviðsdeild æðri hugarins sjáum við spegilmynd þess er birtist á háleitustu

sviðum sólkerfis okkar.

Og hvað er það?

Þar eiga aðsetur sitt hinir sjö máttugu himnesku menn, og frá formrænu sjónarmiði er hver þeirra samsettur úr heildissálum, en þessar heildissálir aftur á móti úr einstökum vitundareiningum manna og engla.

Í annarri sviðsdeild hugræna sviðsins eru heildi þau sem tilheyra meisturunum ef svo má að orði kveða. Þessi heildi eru lífmögnuð frá atómísku sviðsdeildinni þar sem meistarnir eiga aðsetur sitt þegar þeir raunbirtast mannkyninu til hjálpar. Á sama hátt eiga himnesku mennirnir uppsprettu lífs síns á hinu atómíska sviði sólkerfisins er við nefnum *adi* eða fyrsta sviðið.

Heildin eru mynduð umhverfis meistara sem lykurlína um þau með áru sinni, og þau eru hluti af vitund hans. Í þeim er fólk sem er á sama sálargeisla eða mónadageisla og meistarinn. Það þýðir, að tvenns konar nemar koma þar við sögu:

1—Þeir sem eru að búa sig undir fyrstu eða aðra vígsluna, en þær eru teknar á geisla sálarinnar.

2—Þeir sem eru að búa sig undir þriðju eða fjórðu vígsluna, en þær eru teknar á mónadageislanum. Hér sjáið þið orsök þess, að fólk er stundum flutt af einum geisla yfir á annan. Að vísu er þar ekki um raunverulegan flutning að ræða, en það hefur þó í för með sér, að maðurinn fer í heildi annars meistara. Þetta gerist eftir aðra vígsluna.

Þrennt sem reynsluneminn stefnir að.

Á tímaskeiðinu meðan maðurinn er reynslunemi þarf hann að þroska með sér þrennt:

1—Hæfileika til að ná snertingu við heildi sitt eða með öðrum orðum að þjálfna næmi sitt fyrir sveiflutíðni heildisins er hefur einhvern sérstakan meistara sem brennidepil. Í fyrstu nær hann snertingunni sjaldan og með löngu millibili. Á fyrri hluta reynslutímans meðan hann er í athugun getur hann aðeins skynjað og haldið sveiflutíðni heildisins (sem er sveiflutíðni meistarans) örskamma stund í senn. Á háleitum augnablikum tengist hann meistaranum og heildinu, og yfir gervalla verund hans flæða þessar hárfínu sveiflur og svífa síðan til hæða um leið og heildislitur hans gýs upp. Þá slakar hann á, sígur niður aftur og missir sambandið. Líkamir hans eru ekki orðnir nógu fagaðir og sveiflutíðni hans ekki nógu stöðug til að halda þessu lengi.

En með tímanum verða snertingarnar tíðari — það er algerlega undir nemanum sjálfum komið hversu fljótt það gerist — og hann fer að geta haldið háu sveiflutíðninni lengur í senn og rennur ekki eins skjótt aftur niður í venjulegt ástand. Svo kemur að því, að hægt er að treysta honum til að halda snertingunni samsíða stöðugri. Þá flyzt hann upp á annað stigið.

2—Hæfileika til abstrakt hugsunar er honum einnig ætlað að þroska með sér eða getu til að tengjast æðri huganum fyrir milligöngu orsakalíkamans. Hann verður að læra að notfæra lægri hugann aðeins sem tæki er gerir honum kleift að komast upp í æðri hugann þar til vitundarstilling hans er orðin rótföst í orsakalíkamanum. Þá tengist hann óhlutbundnu þreplögunum þaðan. Í rauninni getur hann ekki komizt í snertingu við meistaran fyr en hann er orðinn fær um þetta, því að neminn verður eins og ykkur hefur verið sagt að hefja sig af sjálfsdáðum úr sínum heimi (neðri sviðunum) upp í veröld hinna máttugu (efri sviðin).

Nú, þetta tvennt — hæfileikinn til að ná snertingu við meistaran og heildi hans og hæfileikinn til að flytja vitundarstillingu sína upp í orsakalíkamann og snerta óhlutbundnu

þreplögin þaðan — er óumdeilanlega ávöxtur hugleiðingariðkunar, og það munuð þið hafa séð af fyrri bréfunum í þessu safni. Það er óþarfi að endurtaka fyrri fræðslu nema benda enn einu sinni á, að hæfileikinn til að halda hærri sveiflutíðni stöðugri eykst við einbeitta hugleiðingariðkun og einhugula skyldurækni í daglega lífinu, en í henni koma áhrif hugleiðingarinnar einmitt fram. Aftur og aftur vil ég leggja áherslu á hin einföldu sannindi, að það er einungis *áþekk sveiflutíðni* sem laðar manninn að æðra heildinu er hann tilheyrir, meistarana sem er honum eins konar fulltrúi geisladrottins hans, heimsfræðaranum er leiðir hann inn í launhelgarnar, hinum eina höfuðvígjanda sem leysir hann úr seinustu fjötrunum, og orkustöð þeirri í líkama hins himneska manns sem hann er hluti af. Það eru verkanir lögmáls aðlöðunar og fráhrindingar á öllum sviðum sem hefja guðlega lífið upp úr steinaríkinu, jurtaríkinu og dýraríkinu, leysa hinn blundandi guðdóm úr takmörkunum í ríki mannsins og tengja einstaklinginn guðlegu heildi sínu. Sama lögmálið frelsar hann úr fjötrum efnisfínni forma og kemur í kring samruna hans við lífgæfa frumlind sína, líkama geisladrottinsins sem mónad hans tilheyrir. Af þessum sökum er það hlutverk reynslunemans að samstillja sveiflur sínar tíðni meistarans, hreinsa þrjú grófari starfstæki sín þannig að þau myndi enga hindrun þegar snertingin á sér stað og ná því valdi yfir lægri huga sínum, að hann stífli ekki lengur niðurstreymi ljóssins frá hinum þrígreinda anda. Með þeim hætti leyfist honum að snerta þrenndina og heildið í sviðsdeild þeirri á sviði æðri hugarins er hann tilheyrir með fullum rétti og vegna karma síns. Öllu er þessu áorkað með hugleiðingariðkun, og það liggur engin önnur leið að markinu.

3—Það þriðja sem reynsluneminn þarf að gera er að búa sig þannig úr garði bæði geðrænt og hugrænt, að hann viti og geti sannað, að hann eigi eitthvað til að gefa heildinu sem hann er tengdur í innræðum skilningi. Takið þetta til umhugsunar: — það er stundum lögð of rík áhersla á allt sem nemanum muni falla í skaut þegar hann nái stigi viðurkennds lærisveins. Ég minni ykkur eindregið á það hér, að enginn nær slíkri viðurkenningu fyrr en hann hefur eitthvað að *gefa*, eitthvað fram að færa er auka mun á fegurð heildisins, efla hjálpargetu þess í þágu mannkynsins og auðga litskrúðið sem einkennir það. Þetta má gera á tvo vegu sem hafa gagnvirk áhrif sín á milli:

a—Auka og bæta innihald geðlíkamans og huglíkamans með námsástandan og hagnýtingu þess sem lært er,

b—Notfæra þetta í þjónustu við mannkynið á jarðneska sviðinu og sýna þannig helgistjórninni sem fylgist með nemanum, að hann hafi eitthvað að *gefa*. Hann verður að sýna og sanna, að hann hafi einungis löngun til að þjóna og láta gott af sér leiða, en ekki að hrifsa til sín og eiga allt sjálfur. Aflvaki þessa lífs aðdráttar til að miðla öðrum verður að vera hugsjónir þær sem neminn kemst í snertingu við þegar hann hugleiðir og innblástur þess niðurstreymið frá efri hugrænu þreplögunum og búddhíska sviðinu er dulfræðileg hugleiðing leiðir af sér.

Þegar reynsluneminn hefur þroskað með sér þetta þrennt og háu sveiflurnar sem hann kemst í snertingu við eru orðnar tíðari og stöðugri, þá stígur hann næsta skrefið fram á við og gerist *viðurkenndur lærisveinn*.

Viðurkenndur lærisveinn.

Annað tímaskeiðið þegar maðurinn er orðinn viðurkenndur lærisveinn er sennilega eitt hinna örðugustu á gervallri endurholdgunarbrautinni. Að því stuðlar margt:

Hann er orðinn óaðskiljanlegur hluti af heildi meistarans og þar af leiðandi innan áru

hans, svo að meistarinn umlykur hann sífelld með vitund sinni. Þetta þýðir, að neminn verður að halda hinni háu sveiflutíðni stöðugri. Og ég vildi gjarnan, að þið hugsuðuð nánar út í það atriði. Það er alltaf erfitt að ná föstum tókum á svo hröðum sveiflum, og iðulega hefur það í för með sér mögnun á öllum þáttum í eðli mannsins, enda geta afleiðingar hennar birzt með ýmsum kynlegum hætti, einkum í byrjun. En ef neminn á að verða fær um að veita viðtöku krafti þeim er streymir frá sprota vígslunnar þarf hann að búa sig undir það smám saman og geta staðið stöðugur og fetað brautina ótruflaður þegar sveiflumögnunin beinist að honum frá meistararum.

Hann verður að ná þeim sjálfsaga að hleypra ekki inn í vitund sína neinu sem skaðað getur heildi hans eða er í andstöðu við sveiflutíðni meistarans. Þegar hann fær fyrst inngöngu í heildið innan áru meistarans er honum haldið í yzta hring hennar þangað til hann hefur lært að hrinda samstundis frá sér hverri hugsun og hvöt sem er ósamboðin æðra sjálfinu og því skaðvænleg fyrir heildið. Fyrr getur hann ekki komið í nánara samband, heldur verður að vera hægt að loka umsvifalaust fyrir neikvæð áhrif frá honum.

En með tímanum hreinsar hann sig enn betur, þroskar með sér heildisvitund og fer að hugsa um þjónustu í heildislegum skilningi, og ára hans fær smátt og smátt á sig blæinn sem einkennir áru meistarans unz litir þeirra blandast og neminn hefur áunnið sér rétt til að vera „þrýst að hjarta meistara síns“. Síðar mun ég skýra fyrir ykkur hvað þessi orð þýða í dulfræðilegri merkingu, en það verður ekki fyrr en við komum að kennslustarfi meistarans. Eins og er læt ég nægja að segja, að „viðurkenndur lærisveinn“ þokast jafnt og þétt nær miðbiki heildisins og finnur stöðu sína og hlutverk innan samheildarinnar. Það er þýðingarmeira að finna þjónustuhlutverkið sem manni er ætlað en stöðu sína í þrepstiga þróunarinnar, því að um hana er nemanum nokkurn veginn kunnugt. En þjónustuhlutverkið nær yfir langt tímaskeið og bendir að lokum til þess hvaða braut maðurinn muni feta eftir fimmtu vígsluna.

Sonur meistarans.

Nú komum við að þeim tímamótum í lífi lærisveinsins er hann nær hinu langþráða marki að teljast „sonur meistarans“. Þá er hann orðinn varanlegur hluti af vitund meistara síns og það í *meðvitundum* skilningi. Gagnvirk samskiptin milli meistara og lærisveins fullkomnast óðum, og lærisveinninn er orðinn fær um að tengjast meistararum vitandi vits og hvenær sem hann æskir þess til að ganga úr skugga um hugsanir hans, áform, óskir og vilja. Þetta getur hann vegna þess að sveiflutíðni hans er orðin áþekkt tíðni meistarans, og hinar misræmu sveiflur er áður útilokuðu hann frá nánara sambandi eru nú að mestu horfnar. Hann hefur hreinsað starfstæki sín svo rækilega, að hugsanir hans og hvatir valda meistararum engum óþægindum lengur og raska ekki sveiflutíðni heildisins. Hann hefur þreytt prófið og staðizt það. Þjónustulíf hans á jarðneska sviðinu er orðið einbeittara og fullkomnara, og með degi hverjum eflir hann getu sína og hæfileika til að gefa.

Allt þetta snertir samband hans við meistarann og heildissálina, en kemur ekkert vígslum við. Þær eru annars eðlis. Það er hægt að taka vígslu án þess að vera „sonur meistara“. Aftur á móti er lærisveinstigið persónuleg tengsl er stjórnað af karma og skyldleika, en ekki stöðu mannsins innan helgistjórnarinnar. Gerið ykkur það vel ljóst. Dæmi eru til um menn sem hafa gert sig hæfa til vígslu án þess að tengjast nokkrum meistara.

Þetta síðara stig sambandsins við meistarann að teljast „sonur“ hans er þrungið sérkennilegum unaði og veitir ennfremur viss forréttindi. Lærisveinninn fer þá að geta létt sumum byrðunum af herðum meistarans og losað hann við ýmis ábyrgðarstörf, þannig að hann

geti einbeitt kröftum sínum að stærri verkefnum. Af þessu stafar áherzlan sem jafnan er lögð á þjónustu, því að án hennar tekur maðurinn engum framförum. Hún er lykillinn að sveiflutíðni annars óhlutbundna þreplagsins.

Á þriðja tímaskeiðinu ráðfærir meistarinn sig við „son“ sinn og leggur áætlanir sínar í samráði við hann. Með þeim hætti þroskar hann dómgreind lærisveinsins og felur honum einnig nokkuð af sínum eigin störfum.

Fjórða og seinasta tímaskeiðið á braut lærisveinsins er fátt hægt að segja um. Þá nálgast maðurinn lokamarkið og nær æ nánari snertingu við heildi sitt og helgistjórna. Og nú er hann sjálfur farinn að velja sér nema og mynda heildi. Í fyrstu munu þau eingöngu starfa á geðrænu og jarðnesku þreplögunum og lægra hugræna sviðinu. Eftir fimmtu vígsluna umlykur hann þau með áru sinni og sömuleiðis heildi það er tilheyrir honum á sálrænu þreplögunum. Þetta kemur þó ekki á neinn hátt í veg fyrir, að hann sé áfram eitt með meistara sínum og heildi hans, en aðferðin til að samtvinna allar þessar einingar heyrir undir leyndarmál vígslunnar.

Af þessu munuð þið fá einhverja hugmynd um réttindi þau og máttaröfl sem maðurinn ávinnur sér smám saman á braut reynslunemans og braut vígslunnar. Leiðirnar til þroskunar eru ætíð hinar sömu: — dulfræðileg hugleiðing og þjónusta, innra líf hugbeitingar og ytra líf hagnýtingar, innri hæfileiki til að komast í snertingu við hið æðra og ytri hæfileiki til að leita tjáningar í helgu líferni, innri geislun frá andanum og ytri ljómi frammi fyrir mönnum.

17. september 1920

.Enda þótt efni það sem við höfum verið að ræða undanfarna daga sé ekki eins tæknilegs eðlis og sumt af fræðslunni er ég hef látið ykkur í té í fyrri bréfunum, fylgir því sérstök sveiflutíðni sem gerir að verkum, að þetta áttunda bréf bókarinnar mun höfða einna sterkast til lesandans.

Við höfum borið fram staðhæfingar varðandi meistarana og stöðu þeirra innan kerfisáætlunarinnar, og við höfum minnt lauslega á ýmislegt sem samband við meistara felur í sér frá sjónarmiði lærisveinsins. Við höfum komið að raun um, að samband þetta skiptist í fjögur aðalstig og verður æ nánara allt frá því er neminn fær fyrst snertingu við meistarann og heildi hans stöku sinnum og þar til hann er kominn inn í miðbik árunnar þétt að hjarta kennara síns. Í dag skulum við athuga líttillega hvað þessi stigvaxandi umbreyting útheimtir af hálfu meistarans.

Sambandið milli meistarara og lærisveins.

Eins og ykkur hefur einnig verið sagt, er það birta ídveljandi ljóssins sem beinir athygli meistarans fyrst að væntanlegum nema. Þegar ljósið er komið á visst skærleikastig, efnasamsetning líkamanna hefur náð tilskilinni fágun, áran sérstökum litblæ og sveiflunar ákveðinni tíðni, og þegar líf mannsins byrjar að *óma* í dulfræðilegum skilningi í heiminum þrem (þann óm má greina í þjónustulífi hans), þá byrjar einhver af meisturunum að prófa hann með því að beina hærri sveiflutíðni en hann er vanur að líkómum hans og athuga hvaða viðbrögð hún vekur hjá honum.

Val meistarans á lærisveinum ákvarðast af karmískum tengslum fortíðarinnar, geislunum sem hann og þeir eru á og þörf yfirstandandi tímabils. Starf meistarans er margslungið og áhugavert og byggist á vísindalegum skilningi mannlegs eðlis, en það er ekki hægt að tala nema um vissar hliðar þess í útræðri merkingu.

Hvað er nú það sem meistari þarf að gera við lærisvein sinn? Með því að telja upp nokkur

helztu atriðin fáum við einhverja hugmynd um hversu umfangsmikið verkefnið er:

Hann þarf að venja nemann á að hækka sveiflur sínar þangað til hann getur haldið hárrí tíðni samfellt, og þá þarf hann að aðstoða hann við að staðga þessa sveiflutíðni í líkómum sínum.

Hann þarf að hjálpa nemanum að flytja vitundarstillingu sína úr lægri frumkjörnum persónuleikans upp í æðri frumkjarna andlegu þrenndarinnar. Hann þarf að fylgjast með nemanum meðan hann er að mynda farveginn milli æðri og lægri hugans og læra að nota hann. Þessi farvegur eða *antakarana* tekur síðar við af orsakalíkamanum sem tengiliður hins æðra og lægra. Orsakalíkaminn eyðist að lokum er neminn tekur fjórðu vígsluna, og eftir það er honum frjálst að skapa sér raunbirtingarlíkama.

Hann aðstoðar sérstaklega við lífmögnun orkustöðvanna og sér um, að þær séu vaktar til starfa á réttan hátt, og seinna hjálpar hann nemanum að hagnýta þær vitandi vits og beina straumi innra eldsins í nákvæmri flatarmálsrás frá mænurótinni upp í höfuðstöðina.

Hann hefur umsjón með starfi nemans á hinum ýmsu sviðum og gerir skýrslur um verk þau er hann innir af hendi og hversu langdræg áhrif hins talaða orðs eru af vörum hans. Í dulfræðilegri merkingu má segja, að það séu áhrifin á innri sviðunum af tóni nemans í útræðu lífi.

Hann víkkar vitund nemans á marga vegu og þroskar hæfni hans til að umlykja og snerta aðrar sveiflur en mannkynsins, skilja vitund annarra þróunarleiða en hinnar mannlegu og fara um önnur svið en það jarðneska.

Hann byrjar á að búa nemann undir fyrstu vígsluna. Hún fer fram þegar neminn hefur þroskað með sér getu til að halda vissri sveiflutíðni í ákveðinn tíma, en tímalengdin ákvarðast af því hversu lengi hann þarf að standa frammi fyrir lávarðinum er veitir fyrstu tvö vígslustigin. Þessu er áorkað með þeim hætti, að sveiflutíðni nemans er hækkuð með vissu millibili, sjaldan í fyrstu en síðan æ tíðar unz hann þolir betur þrýstinginn af tíðni meistarans og getur haldið háu sveiflunum lengur. Tímalengdin sem krafizt er heyrir að sjálfsögðu undir leyndarmál fyrstu vígslunnar, en þar að kemur, að neminn verður fær um að halda háu tíðninni nógu lengi í einu til að geta staðið frammi fyrir hinum máttuga drottni meðan vígsluathöfnin fer fram. Þegar hann er snortinn með sprota vígslunnar staðgast þessi háa tíðni, þannig að auðveldara verður fyrir hann að búa sig undir næsta stig og hækka sveiflur sínar enn meira.

Hann þroskar einnig getu nemans til að starfa sem meðlimur heildis. Hann fylgist með verkun hans og gagnverkun innan heildisins og samverkun við aðrar einingar þess. Hann beinir alhygli sinni að orsakalíkama nemans, þenslu hans og þroskun, og hann kennir honum að skilja lögmál síns eigin eðlis og lögmál stórheimsins sem hliðstæður þeirra samkvæmt samsvörunarlögmálinu.

Nú mætti vel fjalla um hvert þessara atriða í löngu máli sem reynzt gæti bæði lærdómsríkt og áhugavert fyrir lesandann, enda þótt ekki séu teknar nema fáar hliðar á starfi meistarans, en fyrir mér vakir aðallega að fræða ykkur um þær sem lúta að fyrri tímaskeiðunum á braut lærisveinsins áður en hann kemst í náið samband við meistara sinn. Þá beinir meistarinn athygli sinni mestmegnis að honum:

a—Á næturnar meðan hann er utan jarðlíkamans.

b—Á hugleiðingarstundum hans.

Hvort meistarinn fær tækifæri til að inna af hendi hið vísindalega verk við lærisvein sinn fer eftir því hversu vel hugleiðingariðkun nemans gengur og að hve miklu leyti honum tekst að loka fyrir áhrif lægri sviðanna og komast í snertingu við hin æðri. Hugleiðingarnemar myndu

verða furðulostnir og ef til vill missa móðinn ef þeir gerðu sér grein fyrir hve sjaldan hugleiðingariðkun þeirra skapar rétt skilyrði til að kennarinn sem fylgist með þeim geti fengið fram viss áhrif. Því oftast sem það gerist, þeim mun meiri verða framfarirnar, og þannig er hægt að leiða hann næsta skrefið áfram. Þetta atriði fræðslunnar þarf að leggja áherzlu á, því að það verður nemanum hvatning til frekari ástundunar. Ef hann skapar ekki sjálfur hin réttu skilyrði getur meistarinn lítið gert. Lykillinn að hverri framför er viðleitni mannsins sjálfs ásamt meðvituðum skilningi á verkinu sem vinna þarf og einbeitingu að því. Þegar neminn leggur sig í líma og gefst aldrei upp fær meistarinn tækifæri til að sjá um sinn þátt starfsins.

Ef neminn iðkar hugleiðingu sína af dulfræðilegri nákvæmni samtengir hann þrjú grófari starfstækin, og ég vil enn vekja athygli ykkar á því, að meistarinn getur ekki farið að beina orku sinni að líkötum nemans fyrr en samtengingu er náð. Jafnvel þótt útgáfa þessa bréfasafns hefði engin önnur áhrif en þau að efla löngun nema til að iðka rétta hugleiðingu, myndi verkið ekki hafa verið unnið fyrir gýg. Sú viðleitni myndar grundvöll fyrir gagnvirk samskipti milli meistara og lærisveins.

Við skulum nú athuga lauslega tímaskeiðin fjögur sem við minntumst á í gær þegar við ræddum sambandið milli meistara og lærisveins:

Meðan maðurinn er á braut reynslunemans er hann að mestu leyti látinn afskiptalaus og verður ekki var við, að meistarinn veiti honum athygli nema stöku sinnum. Enda þótt sálinni sé fullkunnugt um stöðu hans á brautinni er efnisheili hans lítt móttækilegur fyrir æðri snertingu, en hafi hann náð sambandi við sál sína eða meistara jarðvist eftir jarðvist má vera, að honum sé það ljóst í heilavitund sinni. Um þetta atriði er ekki hægt að gefa neina algilda reglu, því að það er algerlega einstaklingsbundið.

Eins og þið vitið, býr meistarinn sér til örsmáa mynd af reynslunemanum og geymir hana í vissum neðanjarðarstöðvum í Himalaja-fjöllum. Myndin er tengd nemanum með segulmagni og sýnir allar sveiflur og tilbrigði í eðli hans. Hún er gerð úr geðrænu og hugrænu efni og endurspeglar hverja hræringu í þeim tveim líkötum og sýnir hvaða litblær er ríkjandi, svo að meistarinn getur gengið úr skugga um framfarir nemans með því að líta á hana og dæmt um hvenær hæfilegt sé að leyfa honum að komast í nánara samband.

Við og við skoðar meistarinn myndina, ekki mjög oft í fyrstu, vegna þess að framfarirnar eru hægfara á byrjunarstigunum, en eftir því sem skilningur hugleiðingarnemans eykst og hann fer að geta hjálpað til vitandi vits gefur meistarinn honum meiri gaum. Um leið og hann athugar myndina beinir hann orku sinni að henni og nær þannig vissum tilgangi, örvar líkami nemans á sama hátt og síðar gerist þegar vígslusprotanum verður beint að orkustöðvum hans og starfstækjum.

Loks rennur upp sú stund er meistarinn sér á myndinni, að neminn getur orðið haldið hinni tilskildu sveiflutíðni og hefur útrýmt óæskilegu efni úr líkötum sínum og náð vissri litadýpt. Þá getur hann hætt á — því að áhætta er það — að hleypa reynslunemanum inn fyrir ummálshring áru sinnar. Við það gerist hann viðurkenndur lærisveinn.

Á tímaskeiðinu þegar maðurinn er viðurkenndur lærisveinn er starf meistarans í sambandi við hann afar athyglisvert. Neminn er fenginn í hendur þroskaðri lærisveinum sem kenna á námskeiðum undir handleiðslu meistarans, og þótt hann sækir enn almennar kennslustundir í fræðslusal meistarans hlýtur hann jafnframt stóraukna þjálfun á öðrum sviðum.

Í fyrstu notar meistarinn einkum fjórar aðferðir:

a—Öðru hverju „þrýstir hann nemanum að hjarta sér“ þegar framfarir hans verðskulda það. Þetta er innræð lýsing á mjög merkilegri reynslu sem neminn verður fyrir. Að lokinni kennslustund í fræðslusalnum eða meðan á óvenju vel heppnaðri hugleiðingu

stendur þegar neminn hefur náð sérstakri sveiflutíðni dregur meistarinn hann að sér frá ummálshring árunnar inn að miðbiki vitundar sinnar. Þannig veitir hann nemanum feiknalega vitundarþenslu um stundarsakir og samstillir hann miklu hærri sveiflutíðni en hann á að venjast.

Af þessum sökum er hugleiðingariðkun bráðnauðsynleg. Og lærisveinninn hlýtur ríkulega umbun erfiðis síns er hann öðlast slíka reynslu.

b—Meistarinn hagnýtir liti þegar hann beinir orku sinni að starfstækjum nemans og gerir honum þannig kleift að hraða mjög framförum sínum. Það er ekki að ófyrirsynju sem áherzla er lögð á litina. Þeir geyma leyndardóm forms og raunbirtingar, og þá gátu verður dulfræðingurinn að ráða. Ennfremur þarf neminn að búa yfir þekkingu á þeim til að geta fylgzt með áhrifum þeirra á líkami sína og aðstoðað meistarann vitandi vits í verki hans. Hugsið um þetta.

c—Með vissu millibili hjálpar meistarinn nemum sínum að ná snertingu við aðrar þróunarleiðir, til dæmis hina máttugu engla og tíva, lágstæðari byggjendurna og formgervisverurnar. Það hefur engar hættur í för með sér þegar nemarnir eru verndaðir af áru meistarans. Eftir að neminn er orðinn vígsluhafi er honum kennt að ná sambandi af eigin rammleik og þá með tilhlýðilegum varúðarráðstöfunum.

d—Meistarinn stjórnar verkinu við að örva orkustöðvarnar í líkómum nemans og vekja innri eldinn. Hann veitir nemanum fræðslu um merkingu og tilgang þeirra og hvernig þær eigi að snúast með fjórvíðri hreyfingu, og hann kennir honum að fást við þær vitandi vits og með fullri þekkingu á lögmálinu þangað til þær eru komnar á það stig, að óhætt er að örva þær með sprota vígslunnar. Fleira er ekki unnt að láta í té varðandi þetta atriði enn sem komið er

Hér hef ég aðeins minnzt lauslega á sumt af því sem meistarinn þarf að gera við lærisveina sína. Ég ræði ekki um lokaáfangana á braut lærisveinsins. Við leiðum alla áfram stig af stigi, og enn er fátt um viðurkennda lærisveina, hvað þá æðri vígsluhafa. En ef hægt er að hraða framförum reynslunema með því að fá þá til að leggja meiri rækt við hugleiðingariðkun, þjónustu og hreinsun líkamanna, þá kemur að því, að frekari fræðsla verður veitt. Hvað þýðir að gefa leiðbeiningar sem neminn getur enn ekki notfært sér? Við sóum ekki tíma okkar í að vekja vitræna forvitni hjá þeim sem við leitumst við að hjálpa. Þegar neminn hefur gert sig hæfan til þess, hreinsað starfstæki sín og hækkað sveiflutíðni sína nægilega, getur ekkert komið í veg fyrir, að hann öðlist alla vitneskju. Um leið og hann opnar dyrnar og víkkar farveginn mun ljós og þekking streyma inn.

Á morgun skulum við byrja á þriðja kafla þessa bréfs, aðferðum til að nálgast meistarann með hugleiðingu. Ég mun fjalla þar um hugleiðingar aðferðir sem auðvelda snertingu, en þið megið aldrei gleyma, að huglægum vaxtarþroska verður ætíð að vera samfara líf hlutlægrar þjónustu. Að öðrum kosti verður samband ekki leyft. Meistarinn hefur einungis áhuga á þeim sem komið geta að gagni innan heildissálarinnar og *hjálpað*.

19. september 1920

Í dag getum við snúið okkur að seinustu tveim köflunum og rætt þá í einu lagi. Þeir fjalla um aðferðir til að nálgast meistarana og hlutlæg merki þess, að samband hafi náðst við þá, þ. e. eins og þau birtast í hinum þrem heimum mannlegrar þróunar. Sumt af því sem vikið verður að er ykkur þegar kunnugt, en annað er venjulegur nemi ef til vill ófróður um.....

Við höfum í bréfasafni þessu talað um nemann sjálfan og skerf hans til viðleitninnar. Við

höfum einnig minnzt á markmið hans og — afar lauslega — form og aðferðir sem stuðlað geta að sigri. Ennfremur höfum við rætt orðið helga, liti og tóna sem hjálpargögn til hugleiðingar og gefið smávísbendingar er leitt geta nemann á rétta slóð ef hann íhugar þær í þögn hjartans. Loks höfum við reynt að auðvelda honum aðgang að meisturunum með því að sýna honum fram á, að þeir séu raunverulega til og nátengdir honum á æðri sviðunum.

Hvað eigum við þá eftir? Að benda á fimm merki um samband við meistarana sem neminn þarf ekki að efast um, að hann fái sjálfur að sannreyna, svo framarlega sem hann leitast við að móta líf sitt samkvæmt reglum þeim er ég hef gefið ykkur í þessum bréfum. Ef hann skapar rétt skilyrði af sinni hálfu, hlítir settum reglum og stefnir ávallt að reglufestu, rósemi og þeirri innri fasthygli er geymir leyndardóm æðri tilverustiga, þá mun hann öðru hverju og æ tíðar vakna til nýs skilnings og vitneskju. Sú vitneskja verður honum ytri viðurkenning innri árangurs og sýnir, að hann er á réttri braut. En ég vil benda á það enn einu sinni, að þessi árangur næst ekki fyrr en eftir langa þjálfun, harða baráttu, stöðugan sjálfsaga hins þrígreinda lægri manns og helgaða þjónustu í þágu mannkynsins.

Aðferðir til nálægingar og afleiðingar hennar.

Aðferðirnar til nálægingar skiptast í þrjá aðalflokka, en fimm merki þess, að hún hafi tekist, getum við bent á. Aðferðirnar þrjár eru þessar:

- 1—Helguð þjónusta.
- 2—Kærleiki er birtist í vizku.
- 3—Vitsmunabeiting.

Að vísu eru þetta aðeins þrjár hliðar á einu og sama máli. Það er virk einhygli sem leitar tjáningar í mannkynsþjónustu með kærleika og vizku. En birting hennar mótast af hverjum einstaklingi. Sumir bera ytri hjúp vitsmuna og aðrir kærleika, en áður en lokamarkinu er náð verða vitsmunirnir að vera grundvallaðir á kærleika og sömuleiðis er hætt við, að kærleikur án hugrænnar þroskunar og dómgreindar reynist jafnvægislaus og óhyggilegur. Bæði kærleikur og vizka þurfa að tjá sig í þjónustu áður en þau ná fullum blóma. Nú skulum við athuga þessar þrjár aðferðir hverja í sínu lagi og minnast á hugleiðingu þá er hæfir hverri þeirra:

Helguð þjónusta.

Þetta er aðferð mannsins sem kann að beita lögmálinu, leið dulfræðingsins, og undirstöðuatriði hennar koma fram í raja-yoga.

Eins og þið vitið, þýðir orðið „helgun“ í frummerkingu sinni, að maðurinn gefur alla verund sína á vald eins drottins eða stjórnanda. Það þýðir, að tilbiðandinn lýtur þeim sem hann þráir að sameinast í algerrri undirgefni. Það þýðir, að hinn þrígreindi maður helgar sig gersamlega verkinu sem vinna þarf. Það þýðir, að maðurinn verður að neyta allrar orku sinnar til að sveigja hvern líkama undir stjórn sálarinnar og ná fullkomnu valdi yfir hverju sviði og sviðsdeild. Það þýðir, að hann þarf að öðlast skilning á öllum þróunarleiðum og formum hins guðlega lífs á þessum sviðum og sviðsdeildum í því eina augnamiði að leggja sitt af mörkum til að hin mikla áætlun helgistjórnar ljóssins nái fram að ganga. Aðferðin felst í að kasta sér af lífi og sál út í það starf að þjálfra og þroska líkamina og gera þá að sem hæfustum tækjum til þjónustu. Ef til vill er þetta torsóttasta leiðin sem til er. Hún hlýtur óhjákvæmilega að snerta hvert einasta svið lífsins. Allt verður að lúta stjórn lögmálsins. Hugleiðingarformið verður þrígreint:

- a—Lögmálin sem stjórna jarðlíkamanum þarf að taka til athugunar. Sú athugun mun leiða af sér stranga ögun hans. Hann verður notaður til þjónustu einvörðungu og þess

vegna samstilltur og þroskaður eins ört og framast er unnt.

b—Neminn rannsakar geðlíkamann vísindalega og öðlast skilning á lögmálum *vatnsins* (í dulfræðilegri merkingu). Hann mun læra að skilja hvað felst að baki orðunum: „Og hafið er ekki framfar til“, og haf storma og ástríðna mun hverfa fyrir glerhafi er endurspeglar þátt innsæisins í sléttri kyrrð. Geðlíkaminn mun einnig notaður til þjónustu einvörðungu, og neminn mun komast að raun um, að staða hans í þrjúgreindum smáheiminum samsvarar stöðu hans innan stórheimsins. Hann mun og skilja dulfræðilega merkingu þess, að geðlíkaminn er eina ódeilanlega einingin í hinu þrjúgreinda lægra eðli og hagnýta þá staðreynd í ákveðnu augnamiði. Hugsíð um þetta.

c—Þá mun neminn rannsaka stöðu lægri hugans innan kerfisáætlunarinnar og þroska með sér dómgreind. Það eru sérstök dulfræðileg tengsl milli dómgreindar og elds, og á sama hátt og Logosinn lætur starf sérhvers manns hljóta eldskírn verður smáheimurinn að gera slíkt hið sama í smærri stíl. Logosinn prófar mennina í fimmtu umferð dóms og aðskilnaðar, og smáheimurinn þreytir sína prófraun í fimmta og seinasta áfanga þróunar sinnar eins og áður er vikið að og lýst í þessum bréfum. Máttaröfl hugarins verða hagnýtt út í yztu æsar til að stuðla að því, að áætlun þróunarinnar nái fram að ganga — fyrst í vaxtarþroska mannsins sjálfs, síðan á starfsvettvanginum þar sem hann leitar tjáningar og loks í samskiptum hans við aðrar einingar mannkynsins þegar hann gerist vegleiðandi þeirra og þjónn.

Sjáið þið hvar samfjöllunin kemur fram? Fyrst er föst einhyglin, aðal dulfræðingsins, blönduð vizku og kærleika er spegla hið æðra líf í skuggsjá geðlíkamans, og síðan eru vitsmunirnir þvingaðir til að þjóna sálinni í einhugulli viðleitni lífmagnaðri af kærleika og vizku. Ávöxtur alls þessa verður hinn sanni yogi.

Og hér vil ég vekja athygli ykkar á því, að sannur yogi er sá sem samtinnar hugleiðinguna smátt og smátt daglegu lífi sínu eftir að hann hefur æft hana reglubundið á ákveðnum tímum og fylgt föstum formum, þannig að hann dvelst að lokum í órofnu hugleiðingarástandi frá morgni til kvölds.

Hugleiðing er aðferðin til að komast í snertingu við æðri vitund. Þegar snertingin er orðin að samfelldu sambandi hefur hugleiðing í þeirri merkingu sem þið skiljið orðið gegnt tilgangi sínum. Með þessari fyrstu aðferð vinnur dulfræðinemin sig frá ummálshringnum að miðjunni, frá hinu hlutlæga til hins huglæga, frá forminu til lífsins innan þess. Af áherzlunni sem raja-yoga leggur á jarðlíkamann og hyggilega stjórn mannsins á honum gerir dulfræðingurinn sér ljóst mikilvægi jarðneska starfstækisins og hversu gagnslaus öll þekking hans er ef hann hefur engan jarðlíkama til að tjá sig í og þjóna mannkyninu. Þetta er leið fyrsta geislans og tengdra eða skyldra geislagreina hans.

Kærleikur og vizka.

Önnur aðferðin er greiðasta leiðin fyrir mannkyn þessarar plánetu. Hún er geislagrein samfjöllunargeisla hliðstæðrar sveiflutíðni er hlýtur hlutlæga raunbirtingu í sólkerfi okkar. En ég vil láta þess getið, að kærleikurinn sem hugleiðingarneminn á annarri brautinni reynir að þroska með sér er ekki hin tilfinningasama kennd sem mest er rætt um undir því nafni. Það er ekki dómgreindarsnaður kærleikur sem hvergi sér takmarkanir og viðurkennir enga galla. Það er heldur ekki sú tegund kærleiks er kemur fram í óhyggilegri afstöðu til allra lifandi vera og reynir ekki að ráða bót á neinu sem aflaga fer. Ekki er það sá kærleikur sem sópar öllu fólki inn í einn þjónustuflokk og lokar augunum fyrir því, að mennirnir eru mishæfir og standa ekki allir á sama þroskastigi. Oft vill það sem kallað er kærleikur ekki viðurkenna þrepstiga

þróunarinnar, heldur skipar öllum í sömu sveit sem jafningjum. Hvað frumeðli snertir eru auðvitað allir jafnir, en ekki á núverandi þroskastigi, og þjónustugeta mannanna er mismunandi.

Sannur kærleikur eða vizka er glöggskyggn á takmarkanir hvers forms og neytir allrar orku sinnar til að hjálpa ídveljandi lífinu að losa sig úr fjötrum. Hann gerir hyggilegan greinarmun á þeim sem aðstoðar þarfnast og hinum er ekki þurfa á henni að halda. Hann hefur næma heyrn og sér hugsanir hjartans, og hann leitast í sífellu við að sameina alla starfendur á sviði veraldarþjónustu í eina heild. Það tekst ekki með því að reika í blindni, heldur krefst það dómgreindar og vizku, hæfileika til að greina sundur gagnstríðar sveiflur og skipa þeim í fleiri en einn flokk. Of mikil áherzla hefur verið lögð á það sem nefnt hefur verið kærleikur - eins og maðurinn túlkar þá kennd á núverandi þroskastigi sínu - en of lítil á vizku sem er kærleikur er leitar tjáningar í þjónustu og tekur tillit til hins dulfræðilega lögmáls, þáttar tímans og stöðu einstaklingsins á braut þróunarinnar.

Þetta er leið annars geislans og tengdra eða skyldra geislagreina hans. Síðar verður hún samfjöllunarleiðin og felur allt í sér, bæði raja-yoga, kristilega dulspeki og aðrar brautir sem liggja að markinu.

Vitsmunabeiting.

Hér er röðin önnur, og neminn sem oftast er vitundarstilltur í huglíkama sínum verður að læra að beita huganum að því að skilja hina tvo líkamina, ná stjórn á þeim og nýta til fullnustu máttaröfl þau sem eru ásköpuð hinum þriggja manni. Ef til vill er þessi aðferð ekki alveg eins erfið og hinar tvær að sumu leyti, en neminn þarf þó að hefja sig yfir takmarkanir fimmta eðlisþáttarins áður en hann nær verulegum árangri. Þessar takmarkanir stafa aðallega af kristöllum og því sem þið nefnið hroka. Hvoru tveggja þarf neminn sem þroskast af vitsmunabeitingu að sigrast á áður en hann getur þjónað meðbræðrum sínum knúinn aflvaka kærleiks og vizku.

Hann verður að læra að meta gildi tilfinningaeðlisins og ná jafnframt valdi yfir áhrifum elds á vatn í dulfræðilegum skilningi. Hann verður að ráða gátu geðræna sviðsins, því að þannig áskotnast honum lykillinn að niðurstreymi hugljómunar frá þrenndinni í orsakalíkamann og þaðan í geðlíkamann. Geðræna sviðið geymir einnig leyndardóm fjórða eterska þreplagsins. Þetta skiljið þið ekki strax, en það er gott umhugsunarefni.

Þetta er leið þriðja geislans og fjögurra eigindageisla hans. Hún einkennist af mikilli athafnarorku, tíðum umbreytingum og virkri hagnýtingu hugans í lægri heimunum.

Neminn sem þroskast af vitsmunabeitingu verður að skilja leyndardóm fimmta sviðsins áður en hann er fær um að lifa lífi helgaðrar þjónustu og samtvinna með þeim hætti geislana þrjá. Samfjöllun þurfa allir að ná, en grunnliturinn eða tónninn breytist samt ekki. Þessi þriðja aðferð nær hástigi sínu í næstu umferð sem verður hin fimmta í röðinni. Það verður umferð hinnar æðstu hugþroskunar, og mónadar er þá verða í þróun munu klífa tinda sem engan getur órað fyrir nú á tímum.

Núverandi umferð markar hástig annarrar aðferðarinnar eða kærleika og vizku. Það er fjórða umferð hnattkeðjunnar, og í henni nær geðlíkaminn hæstri sveiflutíðni, enda eru bein tengsl milli fjórða sviðs samræmis og fegurðar, geðlíkamans eða fjórða eðlisþáttarins, ferndarinnar og fjórða kynstofnsins eða hins atlantíska, en það voru Atlantisbúar sem samstilltu geðlíkamann.

Þið ættuð að íhuga nánar þessar samsvaranir.

21. september 1920

Fimm merki þess, að samband hafi náðst.

Í dag komum við að seinasta kafla þessa bréfs og fjöllum um fimm merki þess, að hugleiðingarneminn hafi náð sambandi við meistara sinn.

Þessi merki gera ekki vart við sig í lífi nemans er umheimurinn sér, til dæmis á þann hátt að hann verði kærleiksríkari, andlegri eða hæfari til þjónustu. Um merki af því tagi ætla ég ekki að ræða í dag. Það sem ég ætla að taka til meðferðar núna eru vísbendingar sem neminn skynjar í efnisheilavitund sinni. en þær bera vitni um, að hann hafi þegar aflokið nokkru af hinum nauðsynlega undirbúningi og sé farinn að nálgast mjög hið langþráða markmið. Þessu þurfið þið að gera ykkur glögga grein fyrir. Ég hef ekki í hyggju að útskýra hin mörgu og mismunandi merki sem í ljós koma þegar neminn iðkar dulfræðilega hugleiðingu með góðum árangri. Ég mun einungis fjalla um einn þátt málsins, sem sé ótvíræða vitneskju þess innan vitundar efnisheilans, að samband við meistarana hafi náðst að meira eða minna leyti.

Umræðuefni okkar einskorðast því við þá reynslu nemans, að hann verði meðvitað var við meistarana eða einhvern sérstakan meistar í efnisheila sínum. Hún fer ekki nema að litlu leyti eftir því hvar hann er staddur á brautinni og hvort hann á langt eða skammt eftir að hliðum vígslunnar. Sumar háþroskaðar sálir geta átt við þetta vandamál að stríða og verið í mjög nánnum tengslum við meistarana sinn án þess að hafa lag á að þrýsta vitneskju um það inn í efnisheila persónuleikans. Sumum tekst það fyrir á brautinni en öðrum. Líkamsgerðin á jarðneska sviðinu ræður miklu um árangur, svo og verkið sem unnið hefur verið í fyrri lífum. Stundum hefur verið hægt að þróa jarðneskt starfstæki sem samsvarar nokkurn veginn innra mannum, en það er algengt, að nemar séu komnir á miklu hærra stig á innri sviðunum en hinu jarðneska. Margir af dugmestu starfendum okkar á þessum aldarhelmingi eru einmitt að vinna af sér illt karma með því að notast við ófullnægjandi líkami. En hvað sem öðru líður kemur að því fyrir eða síðar ef neminn er ötull við störf og þjónustu, einlægur og ósérhlífinn í viðleitni sinni og þolinmóður að hlíta settum reglum, að hann verður skyndilega var við eitthvað — í vitund efnisheilans — sem kemur honum að óvörum. Ef til vill er það óvænt atvik, hugljómun eða sýn sem áður hefur verið óþekkt. Hvað sem það kann að vera fylgir því slík raunveruleikakennd og undrun, að engar síðari efasemdir geta kollvarpað sannfæringu hans. Hann veit, að hann *sá, snerti og fann*.

Eins og ég hef oft sagt ykkur, er ómögulegt að ræða þessi efni nema með því að alhæfa á víðum grundvelli. Sálir þær sem nú eru í þróun eru sextíu milljarðar að tölu, og hver einstök hefur sína keðju af jarðvistum sem eru gerólíkar lífum allra annarra, svo að það er um margt að velja þegar tekið er tillit til þess, að engar tvær sálir hljóta nákvæmlega sömu reynslu. Eigi að síður eru fimm tegundir fyrirbæra það algengar, að ég held, að við ættum að telja þær upp. Við höfum áður vikið lauslega að þeim, en nú get ég gefið nánari útskýringar.

1—*Að sjá meistarann og sjálfíð í holrúmi hjartans.*

Eins og þið vitið, hefur nemanum oft verið sagt að skapa örsmáar hugrænar myndir af sjálfum sér og meistarann innan eterska hjartans. Honum er ráðlagt að ljúka hugleiðingu sinni með því að ímynda sér eterhjartað og innan þess agnarlítil form af meistarana þeim er hann laðast mest að og sjálfum sér. Þetta æfir hann dyggilega á degi hverjum og beitir ímyndunarafli sínu með alúð og umhyggju þangað til myndirnar virðast honum mjög raunverulegar og mótun þeirra næstum ósjálfráður þáttur í hugleiðingu hans. Og loks rennur upp sú stund — oftast þegar áhrif stjarnanna eru hagstæð og tunglið að verða fullt — er hann

verður þess áskynja í heilavitund sinni, að þetta eru ekki lengur litlar brúður, heldur er hann sjálfur kominn inn í táknmyndina af sér og stendur frammi fyrir meistaranum í bókstaflegri merkingu og fullum veruleika. Í fyrstu gerist það mjög sjaldan og með löngu millibili, og hann getur ekki haldið vitund sinni kyrru innan myndarinnar nema nokkrar sekúndur í einu, en með vaxandi framför og alhliða þroskun eðlis hans og þjónustuhæfni verður reynsla þessi tíðari og stendur lengur yfir þar að kemur, að neminn á orðið jafnaðvelt með að tengjast meistara sínum á þennan hátt og áður að móta myndirnar.

Hvað gerðist í raun og veru?

Nemanum tókst að gera þrennt:

1—Að samsama sig myndinni innan hjartans og senda þaðan upp bæn um samband við meistaran.

2—Að mynda farveg milli hjartastöðvarinnar þar sem hann leitast við að rófesta vitund sína og samsvarandi höfuðstöðvar. Eins og þið vitið, á hver hinna sjö orkustöðva líkamans sér samvirka stöð í höfðinu. Þegar stöðin í líkamanum og samstæða hennar í höfðinu tengjast hlýtur maðurinn hugljómun. Í skýringardæmi okkar hefur nemanum tekist að samtengja hjartastöðina og samvirka höfuðstöð hennar.

3—Og það er ekki aðeins þetta tvennt sem honum hefur tekist, heldur hefur hann einnig hreinsað svo vel þann hluta efnisheilans er samsvarar þessari höfuðstöð, að honum er fært að andsvara hinni hröðu sveiflutíðni meistarans og skrásetja réttilega það sem gerst hefur.

2—Að greina sveiflutíðni meistarans.

Þarna er aðferðin önnur. Þegar þráin til hins æðra verður hvað innilegust í hugleiðingariðkun nemans verður hann var við sérstaka kennd eða titring í höfði sínu. Þetta getur komið fram á þrem mismunandi stöðum:

a—Við mænuhöfuðið.

b—Í enninu.

c—Á hvirflinum.

Hér er ég ekki að tala um þá tilfinningu sem gerir vart við sig er dulrænir hæfileikar taka að þroskast með manningum, enda þótt þessi kennd sé henni ekki óskyld, heldur á ég við sérstaka sveiflutíðni sem fylgir snertingu við einn hinna máttugu. Fyrst finnur neminn einungis, að tíðni hans hækkar andartaksstund, og það kemur fram sem gára eða hreyfing innan höfuðsins. Í byrjun geta viss óþægindi verið þessu samfara — ef fundið er til kenndarinnar í enninu getur hún valdið tárarennisli, og ef hún er við mænuhöfuðið eða á hvirflinum er hætt við, að manningum finnist þensla og útvíkkun vitundarinnar verða svo mikil, að höfuðkúpan virðist þrengja að. Þetta jafnar sig við frekari þjálfun, en það stafar af snertingu við einhvern meistaranna. Með tímanum lærir neminn að bera kennsl á þessa sveiflutíðni og greina hvaða meistarar hún tilheyrir, því að hver þeirra hefur sína sérstöku tíðni sem namar hans skynja með ákveðnum hætti.

Oft fylgir ilmur þessari aðferð. Smám saman lærir neminn að hækka sveiflur sínar upp á visst stig, og þar heldur hann þeim stöðugum þangað til hann greinir svartíðni meistarans eða finnur ilminn. Þá leitast hann af fremsta megni við að sameinast vitund kennara síns, ganga úr skugga um vilja hans og skilja það sem hann gefur bendingu um. Seinna fer meistarinn að nota einhverja þessara aðferða til að vekja athygli lærisveins síns eða láta í ljós velþóknun við hann, en það er ekki hægt fyrr en andvarshæfni nemans eykst . . .

23. september 1920

..... Nú eigum við eftir að ræða þrjú seinustu atriðin sem varða merki um samband við meistara. Við höfum þegar vikið að snertingu við meistaran í holrúmi hjartans og hvernig sveiflutíðni hans verður greind. Og enn eru eftir þrjár aðferðir — af mörgum, gleymið því ekki - til að þrýsta inn í efnisheila nemans vitneskjunn um, að hann hafi náð sambandi við meistara sinn.

3—Að þrýsta inn í vitund efnisheilans minningu um fræðslusal meistarans og kennslustundirnar þar.

Með því að ástunda reglubundna hugleiðingu og efla getu sína til að ná rétttri sveiflutíðni myndar neminn braut er leiðir hann beint til meistara síns. Þetta er staðreynd í bókstaflegri merkingu. Ef maðurinn gegnir hlutverki sínu vel veitir það honum réttindi til að hafa samband við meistara sinn öðru hverju. Það útheimtir, að hann nái góðum árangri í hugleiðingariðkun sinni og ástundi virka þjónustu við mannkynið.

Í fyrstu nær hann þessu sambandi sjaldan, en það verður æ tíðara eftir því sem framfarir hans aukast. Hann fer að muna snertinguna við meistara sinn þegar hann vaknar af svefni. Hann sér fyrir sér sal meistarans og samlærisveina sína þar. Orð meistarans rifjast upp fyrir honum, ýmsar uppástungur og ábendingar. Þetta er eitt af fimm merkjum þess, að hann sé að ná stöðugra sambandi við meistara sinn með hæfni er hann þroskar með sér í hugleiðingu.

4—Að ávinna sér orsakavitund.

Neminn sem ávinnur sér orsakavitund þótt ekki sé nema að takmörkuðu leyti hefur þar með öðlast getu til að heimsækja veröld hinna máttugu. Hæfileiki til abstrakt hugsunar og hugleiðslu, til að hefja sig upp yfir takmarkanir tíma og rúms, heyrir undir máttaröfl orsakalíkamans, og þar eð öll sálarheildi lúta stjórn einhvers meistara hefur meðvitað þroskun orsakavitundarinnar ævinlega í för með sér snertingu og samband við meistaran.

Margar sálir komast óvitandi í snertingu við sál sína og sjá smáglampa af orsakavitundinni um stundarsakir, en þegar neminn getur orðið hafið sig upp vitandi vits, magnað sveiflutíðni sína og flutt vitundarstillinguna inn í orsakalíkamann, jafnvel þótt það vari ekki nema andartak, er hann kominn í meðvitað samband og hefur stillt sveiflur sínar til samræmis við tíðni meistarans og heildis hans. Vera má, að fyrst um sinn muni hann ekki greinilega í efnisheila sínum hvernig snertingin átti sér stað, ef til vill gerir hann sér ekki ljóst, að hann sá meistaran og heyrði orð hans, en hann hefur hlítt reglunum vitandi vits og komizt í snertingu við þögn hinna háu sviða, lögmálið bregst aldrei, og hann *er* kominn í samband. Sumir lærisveinar þekkja meistara sína vel á innri sviðunum og starfa þar undir handleiðslu þeirra, en mörg líf geta liðið áður en þeir gera sér grein fyrir verkunum lögmálsins og tekst að mynda farveginn sem leiðir til meðvitaðs sambands.

Með tímanum verður neminn leiknari í að ná sambandi unz hann getur hvenær sem er gengið úr skugga um vilja meistarans og átt aðgang að hjarta hans.

5—Tónninn sýnir leitandanum, að sigur er unninn.

Þessi fimmta aðferð er ekki eins algeng og hinar, en hæfir betur lunderni sumra nema.

Neminn iðkar sína venjulegu hugleiðingu. Hann leggur sig í líma dag eftir dag og leysir af hendi störf sín á öllum þrem sviðunum. Hann hækkar sveiflutíðni sína jafnt og þétt og ástundar kærleiksríka þjónustu í ytra lífi sínu jafnframt því sem hann neytir allra krafta í innri viðleitni.

Svo kemur að því á einhverri sérstakri hugleiðingartund, að hann heyrir allt í einu tón er virðist klingja innan í höfði hans eða óma frá hjartanu. Þetta er ekki bergmál orðsins helga sem

stundum getur vakið andsvar frá sálinni ef maðurinn ómar það í ákveðinni tónhæð, heldur kemur það sem afleiðing eða hástig hugleiðingarinnar, og tónninn mun enduróma innan orkustöðvarinnar svo greinilega, að hann gleymist aldrei aftur. Hann er einnig merki þess, að árangri hafi verið náð. Samband er komið á við meistarann, og hann hefur andsvarað með því að óma sálartón nemans.

Í rauninni er það þetta sem liggur að baki hinum hefðbundna sið, að dyravörðurinn við launhelgar heildisins svari leitandanum er sækir um inngöngu. Þegar rétt er farið að ómar umsækjandinn inngangsorðið í sinni eigin tónhæð og reynir að finna þá tóntegund er særir fram andsvar frá sálinni. Dyravörðurinn tónar svar sitt á sömu klingjandi nóttunni og samtengir þannig með mætti hljóðsins manninn og meistarann er stjórna mun athöfninni. Þannig kemst sérhver meðlimur heildisins í samband við meistarann, sumpart af eigin rammleik og sumpart með aðstoð þriðja aðilans eða dyravarðarins.

Eftir því sem tímar líða munu menn öðlast dýpri skilning á þessu atriði, og þá verður reynt að láta tóninn enduróma milli þeirra sem inn koma og hinna er gæta þröskuldarins. Þegar það tekst fullkomlega þarf ekki aðrar varúðarráðstafanir, en nú á dögum er það ekki hægt.

Heildi verða samsett eftir því sem sálar myndanir og einstakir meistarar segja til um. Sá sem stendur vörð við innganginn mun þekkja heildistóninn, og enginn fær aðgöngu nema hann ómi hann annað hvort í hærri eða lægri októvunni. Hér á ég við heildi sem helga sig innri andlegri þroskun og taka beinan þátt í starfi meistarans við að þjálfa lærisveina sína og reynslunema. Önnur heildi sem mynduð eru úr ólíkum einingum á öðrum geislum og undir handleiðslu annarra meistara munu nota aðrar aðferðir til að verja dyr sínar, en um þær verður fjallað síðar.

Þegar neminn heyrir þennan innri tón í hugleiðingu sinni ætti hann að reyna að leggja hann á minnið og þroska með sér hæfileika til að bera kennsl á hann og beita honum. Það er ekki auðvelt í fyrstu, vegna þess að þá kemur tónninn óvænt og varir stutt. En með tímanum og frekari þjálfun þegar nemanum tekst aftur og aftur að kalla fram andsvar getur hann smám saman lært réttu aðferðina og séð hvaða orsakir valda því, að þessi sveiflutíðni kemst á hreyfingu.

Eins og ég hef áður sagt, er hér aðeins lýst fimm af mörgum merkjum þess, að samband hafi náðst við meistara. Síðar verða gerðar skýrslur um aðferðir til að ná sambandi og hentugustu stundir til þess, og með þeim hætti mun mikil þekking fást, en það verður ekki fyrr en hugleiðingarskólarnir eru teknir til starfa undir stjórn meistara með jarðneska vitund. Að lokum vil ég benda á, að það hlýtur ávallt að verða hlutverk nemans að kalla fram andsvar meistarans, og það fer eftir því hversu alvarlega hann vinnur störf sín, hve helgaður hann er þjónustu og háður karmískum takmörkunum hvenær hin mikla stund rennur upp. Þegar hann verðskuldar orðið andsvar mun það birtast í stjörnum hans, og ekkert getur hindrað eða tafið framgang þess. Og í rauninni getur heldur ekkert flýtt fyrir honum, svo að neminn ætti ekki að sóa tíma sínum í dapurlegar vangaveltur um andsvarsleysi. Hann á að láta sér nægja að hlíta settum reglum, hagnýta formin sem honum hafa verið látin í té, íhuga leiðbeiningarnar og fara eftir þeim, vinna af kappi og þjóna meðbræðrum sínum. Þegar hann hefur gert það eftir beztu getu, greypt finna efni í þrjú grófari starfstæki sín og samtengt þau orsakalíkamanum þótt ekki sé nema andartak, kann svo að fara, að hann sjái, heyri og skynji allt í einu eitthvað nýtt og óvænt, og eftir það getur hann sagt með sannfæringu, að trúin sé ekki lengur blind og þráin til hins æðra ummynduð í þekkingu.

9. BRÉF.

HUGLEIÐINGARSKÓLAR FRAMTÍÐARINNAR.

- a—Stofnskólinn eini.
- b—Þjóðernislegar deildaskiptingar hans.
- c—Staðsetning, starfslið og byggingar skólanna.
- d—Deildir, stig og bekkir.

9. BRÉF.

HUGLEIÐINGARSKÓLAR FRAMTÍÐARINNAR.

26. september 1920

Í dag tókum við fyrir nýtt umræðuefni í bréfasafni okkar um dulfræðilega hugleiðingu, sem sé hugleiðingarskóla framtíðarinnar. Í þessu níunda bréfi mun ég leitast við að sýna fram á hvernig þjálfun sú er ég hef vikið að í fyrri bréfunum verður hagnýtt, og ég mun koma með forspár um framtíðina og lýsa því sem síðar verður að veruleika, enda þótt það sé nánast óhugsandi í framkvæmd enn sem komið er. Það er jafnan nauðsynlegt að eiga sér háleitar hugsjónir, og mannshugurinn leitar ávallt að stefnumarki fram undan. Ef mynd sú er ég dreg upp virðist draumórakennd og fjarstæð stafar það af því að ég reyni að halda á loft slíkri hugsjón og gefa mannkyninu markmið sem er vel þess vert að keppa að því af öllum lífs og sálarkröftum.

Nokkrar athugasemdir i byrjun.

Við skulum staldra við um stund og leggja fram fáeinar frumhæfingar varðandi nútíðina, svo að við getum séð framtíðina í skýrara ljósi:

- 1—Gildi hugleiðingar er smám saman að öðlast almenna viðurkenningu. Skólar sem kenna hugbeitingu og aðferðir til hugrænnar þroskunar auglýsa starfsemi sína iðulega í blöðum og tímaritum.
- 2—Fáir hafa skilning á sannri hugleiðingariðkun að svo komnu. Fasthygli og hugbeiting er aðeins undirstaða starfsemi framtíðarinnar.
- 3—Enn er ekki hægt að hefja hið áformaða verk, einkum af tveim ástæðum:
 - a—Á þessu þroskastigi getur venjulegur maður ekki náð snertingu við orsakasviðið og vitund þess.
 - b—Okkur skortir meistara á jarðneska sviðinu er kennt geta nemum hina sannvísindalegu þroskun sem er tilgangur dulfræðilegrar hugleiðingar.
- 4—Það ríkir slík ringulreið í heiminum nú á dögum, að hún ein nægir til að hindra, að menn leggi almennt á sig þjálfun og vísindalega þroskun starfstækjanna.

Með hliðsjón af þessum forsendum getum við hafið umræður um málið. Að vísu er ekki hægt að neita því, að fáeinir einstaklingar á víð og dreif um veröldina ná settu marki og einstöku menn læra kerfi dulfræðilegrar hugleiðingar og taka tilætluðum framförum, en þeir eru aðeins sárafáir og vart teljandi í samanburði við hinn gífurlega mannfjölda sem er samtímis þeim í holdgun. Þeir ná marki sínu vegna þess að þeir hafa keppt að því um

óralangar aldir og fetað brautina að hliðum vígslunnar í fyrri jarðvistum. En jafnvel venjulegur gáfaður maður nú á tímum — tókum sem dæmi mann er vestræn siðmenning framleiðir — á langt í land þangað til hann er tilbúinn að takast á hendur dulfræðilega þjálfun. Nú standa yfir tilraunir með allmarga einstaklinga, oft án þess að þeir hafi sjálfir hugmynd um það, í því skyni að ganga úr skugga um hvort unnt sé að hraða rás þróunarinnar og leggja margfalda reynslu á manninn unz hann kemst á það stig, að óhætt er að veita honum frekari þjálfun. Í mörgum siðmenntuðum löndum er fólk undir eftirliti, og það er verið að reyna aðferð til örvunar og mögnunar sem við mun nýjum þekkingarforða að hinum máttugu og verða þeim til leiðsagnar við síðari tilraunir þeirra með mannkynið. Einkum beinist athyglin að fólki í Ameríku, Ástralíu, Indlandi, Rússlandi, Skotlandi og Grikklandi. Þá eru og nokkrir í Belgíu, Svíþjóð og Austurríki í athugun, og verði andsvar þeirra eins og vonast er til munu þeir mynda kjarna fyrir víðari þenslu.

Hugleiðingarskólar framtíðarinnar.

Að vanda skulum við skipta efninu í nokkra kafla og ræða þá hvern í sínu lagi:

- 1—Stofnskólinn eini.
- 2—Þjóðernislegar deildaskiptingar hans.
- 3—Staðsetning, starfslið og byggingar skólanna.
- 4—Deildir, stig og bekkir.

Nú vil ég leggja áherzlu á, að allt sem ég mun ræða í þessum kafla er þáttur í tilraunaáætlun er miðar að því að hraða þróun æðri hugarins og neita máttar guðsins hið innra til að ná stjórn á líkómum manna. Áætlun þessi hefur verið gerð til að bæta úr knýjandi þörf heimsins, þar eð hugrænn þroski mannkynsins eykst jafnt og þétt á kostnað geðræns jafnvægis og líkamlegs styrkleika. Hin hraða útbreiðsla almennrar þekkingar og kerfisbundinnar fræðslu er flytur afrakstur víðtækrar hugarstarfsemi jafnvel inn í fátækrahverfin, aukin menntun í löndum eins og Ameríku og meðal annarra engilsaxneskra þjóða þar sem heita má, að hvert mannsbarn kunni að lesa og skrifa — þetta hefur leitt af sér aðkallandi og mér liggur við að segja óvænt vandamál sem hinir máttugu þurfa að leysa.

Markmið allra er hugræn þroskun samhliða geðrænu stöðuglyndi og sterkum hraustum jarðlíkama. En þess í stað hefur útkoman orðið hugræn þroskun samhliða óstöðugum og flöktandi geðlíkama og máttlitlum, vannærðum og illa ræktuðum jarðlíkama. Þar af stafar ringulreið og jafnvægisleysi, depreuð sýn og óhófleg togstreita. Lægri hugarinn er ekki notaður sem leið að marki og vopn til beitingar, heldur er hann að verða að harðstjóra er hindrar áhrif innsæisins og lokar fyrir óhlutbundna hugann.

Af þessum sökum hafa meistararnir í hyggju að reyna að hrinda af stað hreyfingu sem stefnir að því að virkja orku fólksins sjálfs til að ná valdi á lægri hugarinn. Í því augnamiði áforma þeir að hagnýta áhrif hins innkomandi geisla siðalögmáls eða skipulagningar og tímaskeiðsins er hinn máttugi drottinn birtist á ný, til að stofnsetja skólana og vekja athygli manna um heim allan á fjórum grundvallaratriðum:

- a—Þróunarsögu mannkynsins frá hugrænu sjónarmiði.
- b—Sjögreindri eðlisheild stórheims og smáheims.
- c—Lögmálum þeim er stjórna verund mannsins.
- d—Aðferðinni til dulfræðilegrar þroskunar.

Byrjað hefur verið í smáum stíl að hrinda áætluninni í framkvæmd með hinum ýmsu skólum sem teknir eru til starfa. Þegar þeir eru orðnir fastir í sessi og hafa hlotið almenna viðurkenningu, áherzla sú sem þeir leggja á hið *huglæga* er farin að setja svip sinn að nokkru

leyti á veröld manna og úr þeim brautskrást orðið fræðimenn og starfendur, stjórnámálemenn, vísindamenn og uppeldisfrömuðir er móta umhverfi sitt, þá verður ef til vill hægt að stofnsetja raunverulegan dulvísindaskóla í hinum ytra heimi. Með þessu á ég við, að brautryðjendaskólarnir og háskólarnir munu sýna fram á, ef þeir ná tilætluðum árangri, að hin huglæga hlið lífsins er nær veruleikanum en sú hlutlæga og neðri sviðin eru aðeins þrep í stiganum til hinna efri. Þegar þetta hefur verið viðurkennt verður næsta skrefið að stofna innri skóla víða um lönd með fullri vitneskju almennings. Eigi að síður mun ávallt verða þörf fyrir innræðar eða leyndar deildir, vegna þess að viss sannindi og staðreyndir munu aldrei reynast hættulaus hinum óvígðu, en ég vil benda ykkur á að launhelgarnar munu um síðir öðlast alþjóðlega viðurkenningu og verða æðsta markmið og keppikefli allra mannanna barna. Fólk mun búa sig undir inngöngu í þær með því að sækja sérstaka skóla er taka að sér þjálfun nýnema fyrir vígslu undir handleiðslu sérfræðinga.

Slíkir skólar hafa áður verið til á jörðinni, og í næsta hring sem hjólið snýst munu þeir raunbirtast á ný.

Þið spyrjið kannski hvenær það verði? Það er undir mannkyninu sjálfu komið og ykkur öllum sem reynið af fremsta megni að vinna að framgangi áætlunarinnar, innblásin trú og þrá til hins æðra.

Helena Petrovna Blavatsky lagði hornsteininn að fyrsta innræða skólanum á þessu tímabili hringrásarinnar sem er tiltölulega þýðingarmikið af því að það er tengt fimmta kynstofninum og blómaskeiði fimmta eðlisþáttarins. Næsta skrefið er að stofnsetja hugleiðingarskólana eins og ég sagði áðan, og hugræn vísindi eiga þar einnig sinn þátt. Þetta mun takast ef allir sem nú eru að þjálfast sig dulfræðilega leggja sig í líma og keppast af alefli við verkefni sitt. Þá mun starfseminni vaxa ásmegin er hinn voldugi drottinn kemur með meistara sína, og hún mun eflast og breiðast út unz hún er orðin að máttugu afli í heiminum. Og á þeim tíma munu hugleiðingarskólar framtíðarinnar hefja starf sitt.

27. september 1920

Í dag skulum við byrja á fyrsta kaflanum um stofnskólann eina, því að grunnurinn verður að vera traustur áður en hægt er að reisa bygginguna.

I—Stofnskólinn eini.

Það er nauðsynlegt að leggja ríka áherzlu á þá staðreynd, að stofnskólinn eini eða grundvallarskóli dulvísindanna er rótfestur í hinni helgu aðalorkustöð þessa hnattar sem ber nafnið *Shamballa*. Það eru höfuðstöðvar fræðslu- og þjálfunarstarfsemi helgistjórnarinnar undir beinni handleiðslu hins eina höfuðvígjanda sjálfs, en hann er, þótt fáum sé það ljóst, æðsti tjáningarmiðill fræðslugeislans hér á jörð. Í *Shamballa* dvelst *chohaninn* sem er ábyrgur fyrir hinum ýmsu greinum viðleitninnar, en gagnvart honum eru hins vegar ábyrgir meistarar þeir sem taka lærisveina og stjórnendur dulfræðiskólanna. Allt er lögmáli háð.

Annað sem ég vil leggja áherzlu á hér er það atriði, að auk meistaranna í Himalaja-fjöllumunum hefur bræðralag ljóssins fulltrúa á öðrum stöðum, og hafa þeir með höndum sérstök verkefni undir tilhlýðilegu eftirliti. Guðspekifélagar eru of gjarnir á að ætla, að þeir einir geymi vitneskjuna um vizkutúrarbrögðin. En það er röng ályktun. Um þessar mundir er bræðralagið í Himalaja-fjöllumunum megin farvegur viðleitni máttar og ljóss í þeim tilgangi að þroska fimmta kynþáttinn og gefa honum tækifæri. En jafnframt er fylgzt með hinum kynþáttunum og unnið að framkvæmd margra annarra áætlana sem allar eru undirbúnar í höfuðstöðvunum í *Shamballa*. Gerið ykkur glögga grein fyrir þessu, því að það skiptir

töluverðu máli. Skólinn og stúkan í Himalaja-fjöllum beina orku sinni fyrst og fremst að vesturlöndum, og það er undantekningarlaust eini skólinn sem á að hafa umsjón með starfi og framkvæmdum vestrænna dulfræðinema. Hann leyfir engum keppinautum eða öðrum fræðurum að skipta sér af þjálfun þeirra — ekki vegna kennara sinna, heldur til að tryggja öryggi nemanna. Braut dulfræðinemans er hættum stráð, og fullnumarnir í Himalaja-fjöllum eru vel færir um að vernda lærisveina sína, svo framarlega sem þeir reika ekki út fyrir ummálshring sameinaðrar áru þeirra og leita fræðslu í öðrum skólum.

Allir sannir dulfræðiskólar krefjast þessa af nemum sínum, og allir sannir meistara ætlazt til, að lærisveinar þeirra láti sér nægja dulfræðilegu leiðbeiningarnar sem frá þeim koma, en fylgi ekki öðrum aðferðum á sama tíma. Þeir segja ekki: „Aðferð okkar er hin eina rétta og sanna aðferð“, heldur segja þeir: „Meðan þið takið við leiðbeiningum frá okkur er hyggilegra og hættuminnna að vera ekki samtímis í þjálfun hjá öðrum meistara eða í öðrum dulfræðiskóla“. Ef neminn kærir sig um er honum fullkomlega frjálst að skipta um kennara eða fara í annan skóla, en fyrst verður hann að rjúfa tengsl sín við þá sem hann hefur lært hjá áður.

Stofnskólinn eini hefur viss áberandi sérkenni sem hægt er að þekkja hann á:

1—Sannindin sem kennd eru í honum bera sinn sérstaka svip eins og eftirfarandi frumhæfingar vitna um:

a—Eining alls lífs.

b—Stigvaxandi þroski eins og hann birtist í manninum og námsefni sem þyngist stig af stigi og leiðir nemann frá einni vitundarþenslu til annarrar unz hann nær því marki er við nefnum fullkomnun.

c—Skyldleiki smáheims og stórheims og sjögreind birting hans.

d—Aðferðin til þessarar þroskunar og staða smáheimsins innan stórheimsins eins og hún kemur í ljós við rannsókn á tímabilsskiptingu allrar raunbirtingar og frumlögmáli orsaka og afleiðinga.

2—Áherzlan sem lögð er á skapgerðarrækt og andlega þroskun er talin er nauðsynleg undirstaða áður en hafin er þjálfun eiginda þeirra sem áskapaðar eru smáheiminum.

3—Þær kröfur sem undantekningarlaust eru gerðar til allra nema skólans, að líf útræðrar þjónustu verði að vera samfara lífi innri vaxtarþroska.

4—Stigvaxandi vitundarþenslan sem þjálfunin í skólanum leiðir af sér. Þannig þroskast maðurinn stig af stigi allt frá því er hann kemst í snertingu við æðra sjálf sitt, meistaran, sálarheildið, fyrsta vígjandann og höfuðvígjandann eina og þar til hann nær sambandi við geisladrottin sinn og hallar sér að brjósti „föður síns á himnum“.

Þetta eru helztu sérkenni hins eina sanna stofnskóla.

Hann skiptist í þrjár aðaldeildir, en sú fjórða er í undirbúningi. Deildirnar fjórar samsvara fjórum greinum þessarar fjórðu umferðar, og þær eru sem hér segir:

1—Deildin beggja vegna Himalaja-fjallanna.

2—Suður-Indlandsdeildin.

(Þetta eru arískar deildir).

3—Deild sem hefur umsjá með fjórða kynstofninum. Stjórnendur hennar eru tveir fullnumar af sama kynstofni.

4—Deild sem er í undirbúningi. Höfuðstöðvar hennar verða á vesturlöndum, en það er enn ekki tímabært að segja hvar. Megintilgangur hennar er uppfræðsla þeirra sem

tengdir eru hinum komandi sjötta kynstofni.

Allar þessar deildir eru og munu verða nátengdar hver annarri og hafa stöðugt samstarf innbyrðis undir handleiðslu og stjórn *chohansins* í Shamballa. Stjórnendur þeirra hafa tíð samskipti sín á milli, og í rauninni er þetta einna áþekkast gríðarstórum háskóla og deildaskiptingum hans. Stefnumark þeirra allra er þróun mannkynsins og að hver meðlimur þess verði leiddur að því stigi er hann getur staðið frammi fyrir höfuðvígjandanum eina. Aðferðirnar eru í megindráttum hinar sömu, en mótast í smáatriðum af mismunandi kynþáttareinkennum einstaklinga og þjóða og hvaða geisla hver deild fæst mestmegnis við.

Ykkur er kunnugt um nöfn sumra af fullnumum Himalaja-deildarinnar, en aðra fullnuma hennar þekkið þið ekki.

Suður-indverska deildin hefur sérstöku hlutverki að gegna í sambandi við þróun tívanna og annan og þriðja kynþátt aríska kynstofnsins.

Himalaja-deildin tekur að sér fyrsta, fjórða og fimmta kynþáttinn.

Deild fjórða kynstofnsins starfar undir stjórn manús þess kynstofns og bróður hans á fræðslugeislanum. Höfuðstöðvar hennar eru í Kína.

Meistarinn Rakocsy og einn af ensku meisturunum hafa umsjón með undirbúningi fjórðu deildar stofnskólans með aðstoð meistarans Hilarions.

Hugsið um þetta, því að það hefur mikla þýðingu.

Á morgun skulum við ræða framtíðarhorfurnar. Í dag hef ég aðeins talað um það sem þegar eru raunbirtar staðreyndir.

28. september 1920

Í dag byrjum við á öðrum kafla þessa bréfs um hugleiðingarskóla framtíðarinnar og munum ræða þjóðernislegar deildaskiptingar stofnskólans eina. Þá komumst við ekki hjá að víkja að forspám um framtíðina, en ég vil benda ykkur á, að það er ekki víst, að þær rætist nákvæmlega eins og ég lýsi smáatriðum þeirra núna. Aðalatriðið er, að þið gerið ykkur grein fyrir ráðagerðinni í höfuðdráttum. Hvernig henni verður hrundið í framkvæmd fer eftir innsæisgáfu eða æðra skilningi hugsenda mannkynsins og getu hinna holdguðu vitundareininga til að grípa tækifærin og gegna hlutverki því er þeim er ætlað.

Við minntumst í gær á stofnskólann eina og fjórar deildir hans. Í dag ætla ég að fjalla um:

2—*Þjóðernislegar deildaskiptingar stofnskólans eina.*

Ég vil vekja athygli ykkar á því undir eins, að ekki munu allar þjóðir heimsins hafa sína eigin dulfræðiskóla. Það verður ekki hægt að stofna þá fyrr en orsakalíkami hvers þjóðarheildis hefur náð vissri sveiflutíðni. Og sömuleiðis þarf fræðslu og uppeldiskerfi þjóðarinnar að vera komið á ákveðið stig til að unnt sé að hagnýta hugrænan þroska þjóðarinnar sem grundvöll frekari þenslu. Ennfremur mun ekki öðrum þjóðum verða leyft að stofna dulfræðiskóla en þeim sem áður ráku skóla til þjálfunar fyrir launhelgarnar. Á þessu verða þó þrjár undantekningar eða:

1—Bretland.

2—Kanada og Bandaríkin.

3—Ástralía.

Og í raun og veru er undantekningin aðeins Ástralía, því að hin löndin áttu sínar

dulfræðistofnanir á atlantíska tímabilinu er þau voru hluti af hinu forna meginlandi. Við hvern hring sem hjólið snýst endurholdgast jörðin sjálf. Lönd og álfur hverfa í myrkvan og koma fram til raunbirtingar á víxl, en innra með þeim varðveitast frækornin er bera með sér fyrri sveiflur, tjáningarhætti og form.

Síðar mun koma í ljós þegar dulfræðiskólarnir verða stofnaðir, að þeim verða valdir staðir þar sem enn eimir eftir af segulmagni liðinnar tíðar. Og á sumum þessara staða eru gamlir verndargripir sem bræðralagið hefur fólgið þar einmitt í þeim tilgangi að varðveita orkuna.

Eftirtalin lönd munu hafa skóla sem tengdir verða fjórum höfuðdeildum stofnskólans eina:

1—*Egyptaland*. Þar verður einn af seinustu skólunum stofnaður, djúpdulfræðilegur æðri skóli í beinu sambandi við innri stigin. Ég vík nánar að honum síðar.

2—*Bandaríkin*. Þar verður undirbúningsskóli staðsettur einhvers staðar í suðurhluta miðvesturfylkjanna og stór dulfræðiháskóli í Kaliforníu. Þessir skólar verða meðal hinna fyrstu er stofnaðir verða þegar hinn máttugi lávarður kemur á ný til jarðar, og hugsanlegt er, að fyrstu frækornunum verði sáð á næstu fimm árum ef nemar skilja réttilega verkið sem leysa þarf af hendi.

3—*Ítalía eða Suður-Frakkland*. Fyrir rómönsku þjóðirnar verður stofnaður skóli, sennilega annað hvort á Ítalíu eða í Suður-Frakklandi, en það fer að miklu leyti eftir stjórn málaástandi og fræðslustarfsemi næsta áratugs.

4—*Bretland*. Áður en langt um líður mun verða stofnuð deild til dulfræðilegrar þjálfunar á einu af segulmögnum svæðunum annað hvort í Skotlandi eða Wales, og mun hún fást við að kenna námsefni lægri sviðanna. Eftir að hún hefur starfað um nokkurra ára skeið og sannað gagnsemi þjálfunar sinnar verður annar skóli stofnaður fyrir æðri stigin og markvissan undirbúning launhelganna á einu af segulmögnum svæðunum á Írlandi þegar innanríkisörðugleikar landsins hafa verið leystir. Í þeim skóla verða nemar búnir undir vígslur á öðrum geislanum, og mun bodhisattvann fylgjast með starfsemi hans.

Skólinn í *Egyptalandi* verður fyrir vestræna nema sem taka vígslur á fyrsta geislanum.

Framhaldsskólinn á *Ítalíu* verður fyrir nema sem taka vígslur á þriðja geislanum eða í starfsdeild mahachohansins.

Þannig munu vesturlönd fá dulfræðiskóla þar sem virk þjálfun verður veitt samkvæmt reglum hinna þriggja nálgunarleiða og nemar búnir undir innri launhelgarnar.

5—*Svíþjóð*. Þar verður stofnaður undirbúningsskóli í dulfræði fyrir norræna og germanska nema sem leita brautarinnar, og eftir að hann hefur starfað um tíma er ekki ólíklegt, að *Rússland* verði komið í aðstöðu til að stofna framhaldsskóla í tengslum við hann.

Í tengslum við framhaldsskólann í *Egyptalandi* verður hins vegar undirbúningsskóli í *Grikklandi* eða *Sýrlandi*.

Hér sjáið þið töflu yfir áætlaða skóla framtíðarinnar, en þið verðið að hafa hugfast, að undirbúningsskólarnir verða fyrst stofnaðir — annað hvort núna bráðlega eða rétt fyrir komu hins máttuga lávarðar — en framhaldsskólarnir ekki fyrr en hinir hafa gefið góða raun. En það mun hinn voldugi drottinn og meistarar hans dæma þegar starf þeirra er tekið að bera ávöxt hér á jörð.

Undirbúningsskólar verða í:

Framhaldsskólar
tengdir þeim verða í:

1—Grikklandi eða Sýrlandi	Egyptalandi
2—Miðvesturfylkjum Bandaríkjanna	Kaliforníu
3—Suður-Frakklandi	Ítalíu
4—Skotlandi eða Wales	Írlandi
5—Svíþjóð	Rússlandi
6—Nýja-Sjálandi	Ástralíu

Þá er og í ráði að stofna undirbúningsskóla fyrir þroskaðar sálir af fjórða kynstofninum. Hann verður undir stjórn manús þess kynstofns og staðsettur í *Japan*, en innræðasta deild hans í vesturhluta *Kína*.

Með þessu eru komnir sjö skólar sem áformað er að stofna.

Ekki er gert ráð fyrir deildum í Suður-Afríku eða Suður-Ameríku enn sem komið er. Stund þeirra rennur ekki upp fyrir en í næstu hringrás.

Nú vil ég leggja áherzlu á, að skólarnir munu hefja starfsemi sína í smáum stíl og með þeim hætti, að þeim verður ekki veitt nein athygli fyrst í stað. Byrjað verður á tilraunum með nema í ýmsum dulfræðiskólum, svo sem innri skóla Guðspekifélagsins o. fl. Í Bretlandi, Ameríku og Ástralíu er undirbúningur þegar hafinn, og brátt mun röðin koma að Svíþjóð. Seinna taka hin löndin við hvert af öðru.

Leyfð hefur verið birting á þessum hluta áætlunarinnar í því skyni að hvetja ykkur öll til að keppast við og leggja ykkur þeim mun betur fram. Hver og einn getur stuðlað að framgangi hennar ef hann gerir sig til þess hæfan með tilhlýðilegri vinnu. Hann þarf að leitast við að:

1—Sjá guðdóminn innra með öllum lifandi verum. Þannig ræktar hann með sér sanna dulfræðilega hlýðni sem er óhjákvæmilegur þáttur í allri dulfræðiþjálfun, en hún á ekki að vera hlýðni við einhvern persónuleika, heldur grundvallast á skilningi þess hvað meistari er, máttaröfl hans, þekkingardýpt og hreinleiki í lífi og markmiðum þangað til neminn þráir að líkja eftir honum og fylgja sérhverri bendingu hans.

2—Hugsa sjálfstætt og mynda sér eigin skoðanir, hafa hliðsjón af heildinu, en vera ekki háður skýringum annarra.

3—Hreinsa og fága öll starfstækin og gera þau að traustari þjónum æðri vilja.

4—Gera huglíkamann sem bezt úr garði og birgja hann upp af þekkingarforða og staðreyndum sem verða grundvöllur frekari vitneskju.

Gerir hann þetta mun dagur tækifærisins vissulega verða mikill.

2. október 1920

Með ströngum sjálfsaga næst fullkomnun um síðir. Ekkert er of smátt til að gefa því gaum. Það er einmitt með lagfæringum á hverju smáatriði í lífi lægri sviðanna sem lærisveinninn nær lokamarki sínu á endanum. Líf hans verður ekki auðveldara þegar hann nálgast hlið vígslunnar, heldur verður hann að hafa æ meiri gát á sér, gera ávallt hið rétta án þess að skeyta um afleiðingarnar og stríða í sífellu við hvern líkama með öllum hans ágöllum unz honum tekst að sveigja hann undir vilja sinn. Hann verður að vita til fulls hvað orðtakið

„Þekktu sjálfan þig“ merkir áður en hann öðlast þann skilning er gerir honum kleift að hagnýta lögmálið og sjá innri starfsemi kerfisins frá miðbiki þess út að ummálshringnum. Barátta, togstreita, sjálfsagi og glöð þjónusta án annarra launa en misskilnings og hrakyrða þeirra sem á eftir fylgja — þetta er hlutskipti lærisveinsins.

Í dag skulum við byrja á þriðja kafla þessa bréfs:

3—*Staðsetning, starfslið og byggingar dulfræðiskólanna.*

Ég vil láta þess getið strax í byrjun, að margt af því sem hægt væri að segja um þetta efni verð ég að láta ósagt vegna skilningsskorts af ykkar hálfu. Einhverjar tillögur get ég borið fram sem ef til vill verða teknar til greina í lokaframkvæmd áætlunarinnar, en ég set engar reglur sem *verður* að fara eftir. Það væri í andstöðu við lögmál dulvísindanna.

Þegar þessar undirbúnings- og framhaldsdeildir dulfræðiskólanna verða stofnaðar mun starfsemin hefjast á lítt áberandi hátt, og þeir nemar og þroskaðar sálir sem hafa það hlutverk með höndum að sjá um byrjunarframkvæmdir þurfa sjálfir að finna heppilegustu aðferðir til þess, staði og verksmáta. Allt verður að herðast í eldi viðleitni og tilrauna, og það hlýtur að verða dýru verði keypt, en ekkert annað getur myndað kjarna sem frekari starfsemi er unnt að byggja á. Mistök skipta ekki máli; það eru aðeins skammlífir persónuleikarnir sem þjást vegna þeirra. Það sem máli skiptir er, að þrá til hins æðra skorti ekki, að neminn sé ávallt fús að reyna á nýjan leik og læra af mistökum sínum. Þegar litið er á ósigra sem dýrmætar lexíur, mistök sem hættumerki er afstýra óförum og engum tíma sóað í óþarfa örvilnun og gagnslausar sjálfsásakanir, þá vita kennararnir er fylgjast með mannkyninu, að verkið sem sálin leitast við að vinna með tjáningartækjum sínum á neðri sviðunum gengur eins og vonast var til og hlýtur að enda með sigri.

Nú skulum við snúa okkur að næsta kaflanum og taka atriði hans hvert í sínu lagi:

Staðsetning dulfræðiskólanna.

Staðsetning dulfræðiskóla skiptir miklu máli, en það er ekki sama hvort um undirbúningsdeild eða framhaldsdeild er að ræða. Í flestum tilvikum munu undirbúningskólar verða staðsettir í grennd við stór byggðarsvæði eða borgir, en framhaldsskólar í meiri einangrun og lengra frá þéttbýlinu. Þó munu þjóðernislegar aðstæður ráða nokkru um þetta í hverju landi.

Við skulum víkja nánar að þessu. Eitt af því fyrsta sem nýneminn þarf að læra er að finna vitundarmiðjuna innra með sér án þess að láta truflast af aðsteðjandi kringumstæðum. Það þarf hann að vera orðinn fær um áður en hann fær inngöngu í framhaldsskóla. Í undirbúningsdeildunum verður megináherzlan lögð á þroskun hins þrígreinda lægri manns og þjálfun hans til þjónustu. Hins vegar mun framhaldsskólinn búa nemana undir vígslu, og í honum verður fengist við fræðslu um dulvísindi og alveraldleg sannindi, abstrakt þroskun lærisveinanna og starf á orsakareplögunum.

Námið í undirbúningsskólunum verður hentugra að stunda í veröld mannanna og með samskiptum við þá, en námið í framhaldsskólunum útheimtir tiltölulega einangrað umhverfi og laust við truflanir. Við getum orðað það svona: — undirbúningsdeildirnar fjalla um guðsríki hið innra, en framhaldsdeildirnar víkka svið þjálfunarinnar þangað til það felur einnig í sér guðsríki hið ytra. Af þeim sökum verður undirbúningskólinn staðsettur innan um hið starfandi mannkyn, svo að neminn geti lært að þekkja sjálfan sig af gagnverkun og samverkun við meðbræður sína í þjónustu og baráttu. Þegar hann hefur náð nokkrum árangri í því er hann tilbúinn að fara í framhaldsskólann og kynna sér betur aðrar þróunarleiðir og alveröldina. Honum er til dæmis ekki óhætt að starfa með tíva- eða englaþróuninni fyrr en hann hefur náð

töluverðu valdi á sjálfum sér. Í undirbúningsskólanum lærir hann sjálfsstjórn, og þess vegna er hægt að treysta honum til að ná snertingu við ómennskar lífverur eftir að hann er kominn í framhaldsskólann. Í báðum skólunum er aðalnámsefnið hugleiðing á öllum stigum. Hvers vegna? Vegna þess að í dulfræðiskólum eru aldrei gefin bein fyrirmæli og útskýringar eða samsafn staðreynda lagt fyrir nemann né heldur notast við útræðar kennslubókaráðferðir. Allt miðast við að gera honum kleift að afla sér af eigin rammleik þeirrar þekkingar sem hann þarf á að halda. Og hvernig þá? Með því að þroska innsæið í hugleiðingariðkun og ávinna sér þá stjórn á huganum sem leyfir vísdomi þrenndarinnar að streyma niður í efnisheilann með orsakalíkamann að tengilið.

Í undirbúningsskólanum verður því lögð áherzla á þá tegund hugleiðingar sem varðar eðlisþátt hugans, og fræðsla eins og veitt er í þessari bók mun verða notfærð. Þetta útheimtir umhverfi sem auðveldar samskipti við fólk af ýmsu tagi og veitir aðgang að hluthæfri þekkingu mannkynsins — t. d. tónleikum, fyrirlestur og bókasöfnum — því að eitt af fyrstu undirbúningsatriðum sannrar dulvísindapjálfunar er að gera geðlíkama og huglíkama nemans sem bezt úr garði. Þegar það er komið vel á veg og hinn dulskyggni skólastjóri sér, að þensla lægri árunnar nálgast tilskilið mark, flyzt neminn í framhaldsdeild og verður kennt að ná snertingu við alveraldlegu orkustöðina frá sinni eigin vitundarmiðju og víkka hana smám saman út frá því að vera smádepill innra með honum unz hún nemur við ummálshring stórheimskerfisins og umlykur allt sem lifir — *lifir* í dulfræðilegum skilningi. Sú þjálfun krefst næðis í tiltölulegri einangrun, og hana mun framhaldsskólinn geta veitt.

Undirbúningsskólinn verður þess vegna staðsettur í grennd við stórborg, helzt nálægt sjó eða stöðuvatni, en aldrei inni í borginni. Hann verður ekki fjarri háskólahverfi borgarinnar, og það verður auðvelt að komast að honum.

Á hinn bóginn verður framhaldsskólinn staðsettur langt frá þéttbýlinu, helzt í fjalllendi, því að fjöllin hafa bein áhrif á dulfræðinginn og miðla honum af þeirri eigind styrks og stöðuglyndis sem er aðal þeirra og verður einnig að vera aðal dulfræðingsins.

Sjórinn eða stöðuvatnið í grennd við undirbúningsskólann er reynslunemanum stöðug áminning um mikilvægasta verkefni hans, sem sé að hreinsa starfstæki sín, en fjöllin senda lengra komnum lærisveini straum af alveraldlegum styrk og minna hann í sífellu á hinn máttuga tind vígslunnar er hann hyggst brátt klífa.

Á morgun skulum við byrja að ræða hinn þýðingarmikla þátt um starfslið skólanna og byggingar þeirra.

7. október 1920

Í dag snúum við okkur að þeim þætti þriðja kafla bréfs okkar um hugleiðingarskóla framtíðarinnar er fjallar um *starfslið skólanna*.

Þegar ég tala um starfslið skólanna á ég bæði við nema og kennara, svo að efnið er umfangsmikið. Eins og áður er sagt, munu skólarnir skiptast í undirbúningsdeildir og framhaldsdeildir:

- a—Undirbúningsskólar fyrir neðri deildir dulvísindanámsins verða staðsettir í grennd við stöðuvatn eða sjó og nálægt stórborg.
- b—Framhaldsskólar fyrir efri deildirnar munu þjálfa nemana í dulvísindum og búa þá undir vígslu.

Eins og þið munuð sjá af því sem þegar er komið mun starfslið og námsefni undirbúningsdeilda og framhaldsdeilda verða sitt með hvoru móti. Við skulum fyrst ræða undirbúningssskólann og síðan framhaldsskólann og lýsa helztu einkennum kennara og nema í hvorum um sig:

Undirbúningssskóli í dulvísindum.

Í augum umheimsins mun hann ekki virðast óáþekkur venjulegum háskóla. Í fyrstu mun óviðkomandi fólk ekki geta greint neinn mun þar á, enda þótt dulfræðiskólinn verði á ýmsan hátt frábrugðinn öðrum háskólum, jafnt hvað snertir námið sjálft, nemana og starfsemina á innri sviðunum.

Hvað viðvíkur kennurunum eru meginatriðin þessi:

Skólastjórinn verður viðurkenndur lærisveinn, því að það er nauðsynlegt, að meistarinn er umsjón hefur með starfseminni geti hvenær sem er athugað heildisvitund skólans, en lærisveinninn er brennidepill hennar. Hann mun geta starfað sem sambandsmiðill milli nemanna og meistarans og jafnframt brennidepill orkunnar er streymir frá meistarinum til þeirra. Hann þarf að geta starfað vitandi vits á geðræna sviðinu á næturþeli og flutt vitneskjuna inn í efnisheila sinn, vegna þess að það mun heyra til hlutverki hans að vinna með nemunum á geðræna sviðinu og fylgja þeim öðru hverju í fræðslusal meistarans til sérnáms þar. Einnig þarf hann að þjálf þá í að gera þetta með fullri vitund.

Undir stjórn hans munu starfa sex kennarar, og að minnsta kosti einn þeirra verður að hafa dulskyggngífú sem hann getur beitt vitandi vits og aðstoðað þannig skólastjórnann við að fylgjast með árisfri þroskun nemanna. Hann þarf að geta vegið og metið litabreytingar og þenslu í starfstækjum þeirra og unnið með skólastjórnunum að því að samræma þau, staðga og víkka. Kennararnir þurfa að vera komnir á braut reynslunemans og helga sig alhuga þjónustu eins af meisturunum og framkvæmdastarfi þróunarinnar. Þeir verða að vera samvaldir með það fyrir augum að geta myndað eins konar helgistjórn í smækkaðri útgáfu innan skólans og sýnt þannig á jarðneska sviðinu líkingu hinnar dulrænu fyrirmyndar. Þar eð þeirra aðalstarf mun verða að þroska lægri huga nemanna og samtengja hann æðri vitundinni, svo og að stuðla að örum vexti og fágun orsakalíkamans, munu þetta verða hálærðir menn vel heima á öllum þekkingarsviðum er fræðast má um í sal lærdómsins og fullfærir um að kenna og keppa við þaulreynda prófessora í háskólum hinna ýmsu landa heimsins.

Ásamt þessum sjö þjálfuðu kennurum munu í hverjum undirbúningssskóla starfa þrjár konur sem valdar verða fyrir kennsluhæfni sína, innsæisþroska og hin andlegu og trúrænu áhrif er þær munu hafa á líf nema sinna.

Þessum tíu kennurum verður falið það hlutverk að kenna nemunum mikilvægustu undirstöðuatriði dulvísindanna og hafa umsjón með námi þeirra og þroskun í æðra dulnæmi. Sjálfir verða þeir að hafa náð góðum árangri í hugleiðingariðkun, svo að þeir geti kennt nemum sínum grundvallaratriði dulfræðilegrar hugleiðingar eins og þau eru meðal annars sett fram í þessari bók. Þeir munu láta nemunum í té dulfræðilegar leiðbeiningar og staðreyndir ásamt þeim grundvallarlögmálum sem tilvonandi vígslutakar munu læra að beita í framhaldsskólanum. Ennfremur munu þeir kenna æfingar í fjarhrifum, samskipti á orsakaþreplögnum, upprifjun þess sem gerist meðan jarðlíkaminn sefur og minninga um fyrri líf og aðrar hugrænar listir sem þeir eru meistarar í.

Eins og þið sjáið af þessu, munu allir kennararnir helga sig markvissri þjálfun og innri þroskun hins þriggreinda manns.

Auk þeirra munu starfa við skólann ýmsir aðrir kennarar sem hafa umsjón með öðrum þáttum í lífi nemanna. Útræð vísindi munu sérmenntaðir prófessorar kenna og iðka, en yfir

kennararnir tíu munu sjá um að halda lægri huganum í skefjum, þótt hann verði þroskaður eins mikið og unnt er, og vaka yfir alhliða þjálfun nemanna og réttu hugleiðingariðkun.

Samhliða náminu verður þess krafizt af hverjum einasta nema, að hann ástundi þjónustu við mannkynið. Fylgzt verður vandlega með þjónustulífi hans og skýrslur gerðar um það. Hér verður þó ekki um neina þvingun að ræða. Neminn mun vita til hvers ætlazt er af honum og hvað hann þarf að gera áður en hann kemst í framhaldsskólann, og honum verður frjálst að kynna sér skólaskýrslurnar er greina frá framförum hans, þjónustugetu og ásigkomulagi starfstækjanna, þótt enginn annar fái að sjá þær. Hann veit þá nákvæmlega hvar hann stendur, hvað hann á ógert og hverju hann þarf enn að áorka, svo að hann getur lagt sitt af mörkum með nánu samstarfi við kennarana til að ná tilætluðum árangri. Nýir nemar verða valdir með varúð, þannig að ekki þurfi síðar að víkja þeim úr skóla vegna getuleysis eða áhugaskorts, en þetta atriði tala ég um þegar við komum að deildum og stigum dulfræðiskólanna.

Það verða því tíu yfirkennarar, sjö karlmenn og þrjár konur, að meðtöldum skólastjóranum sem verður viðurkenndur lærisveinn. Undir eftirliti þeirra starfa svo aðrir kennarar er munu aðallega fást við lægri hugann, sjá um að þroska hugræn, geðræn og jarðnesk starfstæki nemans og búa þá undir framhaldsnám í æðri deildunum á þann hátt, að þeir geti tileinkað sér fræðsluna sem þar er veitt.

Ég vil vekja athygli ykkar á því, að ég hef lýst skólanum eins og vonast er til, að hann verði með tímanum þegar beztu aðstæður verða fyrir hendi. En eins og í allri dulfræðilegri þjálfun verður byrjað í smáum stíl og lítilvægum á yfirborðinu.

Á morgun skulum við ræða starfslið framhaldsskólans og inntökuskilyrði nemanna.

16. október 1920

..... Í dag skulum við ræða:

Starfslið framhaldsskólans og reglurnar sem gilda um inntöku nemanna bæði í undirbúnings- og framhaldsdeildir dulfræðiskólanna. Seinni hlutinn verður að mestu leyti tæknilegs eðlis.

Ég vil byrja á að taka fram, að í fyrstu munu framhaldsskólarnir verða mjög fáir og það raunar lengi, svo að starfslið þeirra verður þar af leiðandi ekki margmennt.

Skólastjóri framhaldsdeildanna verður ævinlega vígsluhafi af fyrsta eða öðru stigi, vegna þess að tilgangur skólans mun verða sá að búa nema undir fyrstu vígsluna. Af þeim sökum er nauðsynlegt, að skólastjórinn sé sjálfur vígsluhafi.

Þessi vígði skólastjóri verður skipaður í embættið af meistara þeim sem ber ábyrgð á starfsemi skólans, og hann verður æðsti dómstóll og alvaldur innan stofnunarinnar. Of margar hættur eru samfara dulfræðilegri þjálfun til að ráðlegt sé að leika sér að þeim, og skipunum skólastjórans *verður* að hlýða. Að vísu ekki af skyldu, heldur fúsum vilja, enda mun hver nemi skilja nauðsyn þess og hlýðnast fyrirmælum skólastjórans af því að hann gerir sér grein fyrir andlegum yfirburðum hans.

Eins og áður er sagt, verða þessir dulfræðiskólar eiginlega *geislaskólar*, og kennarar og nemar í hverjum um sig verða á sama geisla eða skyldum geislum. Í annars geisla skóla eins og áformað er að stofna á Írlandi verða til dæmis kennarar og nemar á öðrum, fjórða og sjötta geislanum. Að minnsta kosti einn fimmta geisla kennari verður þó í hverjum dulfræðiskóla. Í fyrsta geisla skóla verða kennarar og nemar á fyrsta, þriðja og sjöunda geislanum auk eins eða fleiri fimmta geisla kennara.

Hinum vígða skólastjóra til aðstoðar munu verða tveir aðrir kennarar sem einnig eru

viðurkenndir lærisveinar, og allir nemar þeirra verða að hafa lokið námi í undirbúningsskóla og brautskráðst úr efstu deild hans. Sennilega verða ekki fleiri í kennaraliðinu en þessir þrír viðurkenndu lærisveinar, því að nemarnir verða tiltölulega fáir og starfið fremur fólgið í umsjón og eftirliti en beinni kennslu, enda eru dulvísindi ávallt *sjálfsnám* í innræðum skilningi.

Mikill hluti starfsins er þessir þrír kennarar inna af hendi mun fara fram á innri sviðunum, og þeir munu vinna meira einir í herbergjum sínum en í skólastofunum hjá nemunum. Þeir sem fá inngöngu í framhaldsskóla verða álitnir færir um að vinna sjálfstætt og finna leiðina að hliðum vígslunnar af eigin rammleik. Starf kennaranna verður ráðgefandi, og þeir munu jafnan verða reiðubúnir að svara spurningum og hafa eftirlit með verkum sem nemarnir eiga sjálfir frumkvæði að án þess að kennararnir hafi gefið þeim nein fyrirmæli. Hlutverk kennaranna verður fyrst og fremst í því fólgið að örva sveiflutíðni, samtengja líkami nemanna, hafa umsjón með starfi þeirra á innri sviðunum, beina að þeim orkustreymi, en vernda þá samtímis gegn hættum með dulfræðilegum aðferðum og fylgjast með hugleiðingariðkunum þeirra. Með vissu millibili munu þeir leiða nemana á fund meistarans, hafa samráð við hann um að skipa þeim í hina ýmsu flokka og stig á braut lærisveinsins, gefa honum skýrslur um þjónustugetu þeirra og aðstoða þá við að þroska búddhíska starfstækið sem verður að vera komið í visst horf þegar fyrsta vígslan er tekin.

Þá hafa kennararnir umsjón með sannprófun kenninganna um tívaþróunina er heyra til námsefni undirbúningsskólans, fylgjast með nemunum þegar þeir meðhöndla efni og hagnýta lögmál sköpunarstarfsins, vernda þá af fremsta megni er þeir ná snertingu við undir-mennskar og yfir-mennskar þróunarleiðir og kenna þeim að beita lögmálunum og hefja sig yfir karmískar takmarkanir. Með leiðbeiningum sínum gera þeir þeim kleift að endurheimta þekkingu fyrri jarðvista og lesa *akasa*-annálana, en í þessum skólum eru það nemarnir sem eiga frumkvæðið og vinna verkin, en kennararnir vaka yfir þeim og vernda þá. Framfarir hvers nema og lengd námsdvalar hans í skólanum ákvarðast algerlega af hans eigin dugnaði og framtakssemi.

Inntökuskilyrði í undirbúningsskólana verða eitthvað á þessa leið, þótt ég sé ekki að tala um óhagganlegar ákvarðanir, heldur aðeins líkur:

- 1—Neminn verður að vera laus við karmískar skuldir og geta stundað nám sitt án þess að vanrækja aðrar skyldur eða fjölskyldutengsl.
- 2—Skólagjöld verða engin né peningaviðskipti af neinu tagi. Neminn verður að geta staðið á eigin fótum fjárhagslega og unnið fyrir sér meðan hann er við nám í skólanum. Bæði undirbúningsdeildir og framhaldsdeildir munu njóta fjárhagsstuðnings ýmissa velunnara er styrkja starfsemina með frjálsum framlögum. Ennfremur verður lögmál framboðs og eftirspurnar í dulfræðilegum skilningi hagnýtt í sama tilgangi.
- 3—Neminn verður að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til almennrar menntunar hjá kynslóð hans, og hann verður að sýna sérstaka hæfileika á einhverri hugrænni leið.
- 4—Hann verður að hafa náð vissu stigi samstillingar og samtengingar sem ganga má úr skugga um með dulskyggnri athugun, og áður en hann fær inngöngu verður efnasamsetning orsakalíkama hans að hafa náð sérstökum staðli. Dulfræðikennarar sóa ekki tíma sínum í þá sem enn eru ekki tilbúnir. Neminn getur ekki tileinkað sér fræðsluna fyrr en innra ljósið er farið að skína og orsakalíkaminn hefur öðlast vissa hæfileika. Skólastjórinn mun úrskurða hvort nemi telst hæfur til inngöngu eða ekki, og dómi hans verður ekki áfrýjað, enda ekki kveðinn upp fyrir en neminn hefur verið rannsakaður með dulskyggni og orsakasýn og meistari hans spurður ráða.

5—Hann verður að hafa sýnt og sannað með fyrri þjónustu sinni, að hann geti unnið í samráði við heildi og hugsað meira um aðra en sjálfan sig.

6—Höfð verður hliðsjón af fyrri jarðvistum hans, og vísbendingarnar sem athugun þeirra lætur í té munu hafa sín áhrif á úrskurð skólastjórans.

7—Neminn verður að vera einhvers staðar á aldrinum tuttugu og eins til fjörutíu og tveggja ára.

8—Eterlíkami hans verður að vera í góðu ásigkomulagi og dreifa prönunni vel, og enginn líkamlegur sjúkleiki, bæklun eða vanskapnaður má vera fyrir hendi.

Þetta eru helztu reglur sem unnt er að segja frá að svo stöddu, en þær verða fleiri síðar, og sennilega munu ýmis vandamál skapast þegar farið verður að velja hæfustu nema til inntöku.

Hvað framhaldsskólana snertir verða inntökuskilyrðin miklu færri að tölu og innræðari í eðli sínu. Nemarnir verða valdir úr undirbúningssskólunum eftir að þeir eru brautskráðir úr efstu deildum þeirra. En þá mun valið ekki ákvarðast af hugrænum þroska og söfnun hluthæfrar þekkingar, heldur innræðum og dulfræðilegum skilningi hvers nema, eigind *lífstóns* hans eins og hann ómar á innri sviðunum, birtu og skærleika hins ídveljandi ljóss og hæfni hans til þjónustu.

Þetta nægir í dag, en á morgun skulum við snúa okkur að seinasta atriði þessa kafla eða byggingum skólanna.

17. október 1920


Um efni það sem við byrjum að ræða í dag, byggingar undirbúningsdeilda og framhaldsdeilda dulfræðiskólanna, hef ég fátt eitt að segja og get einungis fjallað um það í stórum dráttum. Stærð skólanna verður afar breytileg eftir aðstæðum í hverju landi, byggingarnar hljóta að miðast við loftslag og veðurlag, og geta því engar algildar reglur átt við.

Byggingarnar sem undirbúningssskólarnir verða starfræktir í munu verða áþekkar venjulegum háskólum í ytra heiminum. Aðeins ein regla verður ófrávíkjanleg — allir nemarnir verða að búa innan umdæmis skólans og hver að hafa sitt sérherbergi. Að öðru leyti skiptir ekki máli hvernig húsakynnin verða. Engar samskiptaleiðir mega vera milli hinna einstöku herbergja, heldur einungis dyr fram að ytra gangi. Hverju herbergi verður skipt í þrennt, þannig að neminn hafi þrjá litla klefa til afnota: einn fyrir nám og störf, annan fyrir bað og þriðja eingöngu fyrir hugleiðingariðkun. Þar verða myndir af hinum máttugu og tjöld dregin fyrir þær þegar neminn er fjarstaddur, mottan sem hann situr á meðan hann iðkar hugleiðingu, legubekkur fyrir jarðneska starfstækið þegar hann stundar sérstakar æfingar og skemill frammi fyrir mynd meistarans sem á stendur reykelsisker og vasi fyrir blómaskreytingu honum til heiðurs.

Heimavistarkennararnir munu búa innan um nemana, og hafa konurnar eftirlit með námsmeyjum en karlmennirnir með lærisveinum. Skólastjórinn mun hafa aðsetur sitt í einbýlishúsi skammt frá, og verða þar auk íbúðarinnar sem hann hefur til einkaafnota lítið móttökuherbergi fyrir einstaka nema er hann þarf að ræða við, stærra herbergi fyrir sameiginlega fundi og helgisalur fyrir alla nemana í senn.

Hvað snertir byggingarnar sem framhaldsskólarnir verða til húsa í mun athugull nemi geta ráðið margt af gerð þeirra og lögun er felur í sér dulfræðilega merkingu. Mest mun bera á hringlaga musteri í miðjunni, og mun hver nemi hafa sinn sérstaka helgidóm sem gengið er inn í um bakdyr, en tjald mun skilja hann frá aðalhelgidóminum þar sem hópfundir verða haldnir.

Þríhyrningur verður greptur í gólf aðalhelgidómsins í byggingunni miðri, og munu nemarnir sitja innan hans, en í hálfmánunum þrem fyrir utan hann verður komið fyrir borðum sem á mun raðað ýmsum táknum, nokkrum helztu ritum um táknafræði og stórum pergamentsörkum með myndum af hinum alveraldlegu táknum.



Liturinn á helgidóminum fer eftir ríkjandi geisla skólans. Tjöldin munu einnig bera lit geislans, og á tjaldinu fyrir hverjum einstökum helgidómi verða stjörnumerki nemans — sólarmerki hans, rísandi merki og sterkustu plánetur. Þessi tjöld munu nemarnir sjálfir eiga og sömuleiðis motturnar á gólfi hvers helgidóms sem á verða letraðar táknanir sálargeisla og persónuleikageisla eigandans.

Á veggjum hins mikla gangs er liggur hringinn í kringum helgidóma nemanna og aðalmusterið munu verða stjörnumerki dýrahingsins, en inngöngudyrnar fjórar tákna hina fjóra *maharaja*.

Umhverfis bygginguna verður garður sem nemarnir rækta sjálfir, girtur múrvegg með einum útgangi til norðurs. Fyrir utan múrinn verða smáhýsi þar sem nemarnir búa, ekki fleiri en þrír í hverju, og hús fyrir kennarana. Hinn innvígði skólastjóri mun hafa einbýlishús til afnota með sívölum turni í öðrum endanum. Turninn mun gegna tvenns konar tilgangi: — annars vegar mun fara fram í honum kennsla í stjarnafræði og stjarnspeki þar sem notuð verða öll nýjustu áhöld til vísindalegra rannsókna á plánetunum og lífi smáheimsins, og hins vegar verður hann öruggt skjól þeim nemum er farið geta vitandi vits úr jarðlíkómum sínum og starfað á öðrum tilverustigum.

Fleira get ég ekki sagt ykkur að sinni. Skrásetjið, fylgist með af athygli og bíðið þeirrar stundar er hugsjónin verður að veruleika.

29. október 1920

Í dag byrjum við á fjórða kafla þessa bréfs um deildir, stig og bekki dulfræðiskólanna. Ég mun veita ykkur allnokkra fræðslu um undirbúningsskólana, en litla um framhaldsskólana.

Deildir, stig og bekkir.

Við höfum þegar vikið að námsefninu í undirbúningsdeildunum og komið að raun um, að það miðaðist að miklu leyti við að þroska lægri hugann, leggja traustan grundvöll fyrir frekara nám og mynda, kynna sér og leggja á minnið fræðikenningar þær og dulræn lögmál sem sannur dulfræðingur hagnýtir síðar í starfi sínu. Við sáum einnig, að margt af fræðslunni var nátegt því sem kennt er í útræðum háskólum heimsins, svo að skólinn þurfti nauðsynlega að vera staðsettur í grennd við miðstöðvar menningar og samtímahugsunar.

Í dag ætla ég að lýsa fyrir ykkur ýmsum þáttum í námskerfi skólanna og sýna hvaða aðferðir verða notaðar til að leiða nemana áfram stig af stigi þangað til þeir teljast hæfir til inntöku í framhaldsskólana.

Eins og venjulega skulum við skipta efninu í kafla, að þessu sinni þrjá:

a—Hvenær námið verður stundað.

b—Að hverju starfað verður.

c—Hvernig óvirkjuðum eigindum verður breytt í virk máttaröfl með skipulagðri þjálfun.

a—*Hvenær námið verður stundað.*

Öll starfsemi skólans verður grundvölluð á dulfræðilegri þekkingu tíma og tíða, og gætt verður vel að tvennu:

1—Skólaárinu verður skipt í tvö missiri. Á fyrri hluta ársins meðan sólin færast norður á bóginn munu nemarnir leggja hart að sér við þekkingaröflun, en á seinna missirinu sem aðskilið verður frá hinu fyrra með sex vikna leyfi munu þeir vinna úr fróðleiknum og hagnýta þá þekkingu sem áunnist hefur. Á fyrra missirinu sökkva þeir sér niður í lestur og rannsóknir og safna hluthæfri þekkingu og staðreyndum. Þeir hlýða á fyrirlestra, lesa bók eftir bók, vinna í rannsóknastofunum og víkka yfirsýn sína með aðstoð smásjár og sjónauka, greypa í huglíkami sína gífurlegan forða vísindalegra fróðleiksatriða.

Meðan á sex vikna leyfinu stendur er þeim ráðlagt að hvíla sig algerlega frá allri hugrænni áreynslu nema iðkun hinnar dulfræðilegu hugleiðingar sem þeim hefur verið kennd. Þeir fylgja þannig hringrás þróunarinnar í hugrænum skilningi og hverfa um stundarsakir inn í myrkvan eða *pralaya*.

Að leyfinu loknu snúa þeir aftur til starfa sinna með það fyrir augum að flokka fróðleiksforða sinn í kerfi, dýpka skilning sinn á staðreyndum þeim er þeir voru áður að kynna sér, og þjálfa sig í þeim þáttum dulvísindanna sem leyft er að gera tilraunir með, svo að þeir geti fundið veikleika sína og náð valdi á vitneskjunni.

Í skammdeginu skrifa þeir ritgerðir, bækur og ritlinga um fræðsluna sem þeir hafa tekið við og tileinkað sér. Beztu bækurnar mun skólinn gefa út ár hvert til almenningsnota. Með þeim hætti þjóna nemarnir samtíð sinni og kynslóð og mennta mannkynið í æðri dulvísindum.

2—Alveg eins verður námi þeirra þannig hagað í hverjum mánuði, að erfiðari verkefni sem varða æðri hugann verða tekin fyrir í þeim helmingi sem nefndur er „bjartur“, en í „dimma“ helmingnum beinist athyglin einkum að lægri huganum og hagnýtingu fræðslunnar er látin var í té fyrri tvær vikurnar.

Jafnframt verður hverjum degi skipt þannig niður, að abstrakt- og dulræn fræðsla

verður veitt fram að hádegi, en síðdeginu eytt í hagnýta úrvinnslu hennar.

Grundvöllur alls dulfræðilegs vaxtarþroska er hugleiðingariðkun eða þessar þöglu stundir er sálin vex í kyrrðinni. Af þeim sökum munu allir nemar skólans iðka hugleiðingu þrívægis á degi hverjum - við sólarupprás, hádegi og sólsetur. Í fyrstu mun neminn iðka hugleiðingu hálf tíma í senn þrisvar á dag. Síðar mun hvert hugleiðingartímabil verða ein klukkustund, og á lokaári hans er ætlað til, að hann eyði fimm klukkustundum daglega í iðkun dulfræðilegrar hugleiðingar. Þegar hann getur orðið gert það með góðum árangri er hann tilbúinn að flytjast upp í framhaldsdeildirnar.

Skólastundirnar munu hefjast um sólarupprás og ljúka um sólsetur. Eftir að sólin er gengin til víðar og í eina klukkustund eftir hvort hinna tveggja hugleiðingartímabilanna er nemanum leyft að slaka á og hvíla sig, matast og skemmta sér. Þess mun krafist af öllum nemum, að þeir fari í rúmið klukkan tíu á kvöldin eftir hálf tíma vandlega upprifjun á starfi dagsins og útfyllingu sérstakra eyðublaða sem verða flokkuð með skólaskýrslum þeirra.

Hversu lengi neminn stundar nám í skólanum veltur algerlega á framförum hans, innri hæfileikum til að tileinka sér fræðsluna og ytra þjónustulífi. Og þetta þrennt er háð þroskastigi hans við inngöngu. Þeir sem eru að stíga fyrstu spor sín á braut reynslunemans dveljast að jafnaði í skólanum fimm til sjö ár og stundum lengur, en gamlir lærisveinar og þeir sem tekið hafa vígslur í fyrri jarðvistum þurfa ekki að vera þar nema stuttan tíma, fara hratt yfir námsefnið og læra að rifja upp þekkingu sem þeir hafa áður aflað sér og hagnýta hana. Venjulegur námstími þeirra er um þrjú ár, en getur verið allt frá einu upp í fimm. Meðfædd vitneskja þeirra verður þroskuð með því að hvetja þá til að kenna yngri bræðrum sínum á brautinni. Nemar verða ekki brautskráðir úr skólanum eftir útræða próftöku, heldur fá þeir tilkynningu þess efnis frá skólastjóranum sem byggir ákvörðun sína á innræðum breytingum í líkómum hvers nema, skírleika litanna í áru hans, tónblæ lífsins og hæð sveiflutíðninnar.

b—*Að hverju starfað verður.*

Þá er fyrst að nefna hugleiðingariðkun eins og henni hefur verið lýst í þessu bréfasafni. Einu sinni eða tvisvar á ári mun hinn vígði skólastjóri framhaldsdeildanna í skóla þeim sem tengdur er undirbúnings-skólanum taka alla nemana til athugunar og velja í samráði við skólastjóra undirbúningsdeildanna hugleiðingarform handa hverjum nema sem er aðhæft þörfum hans. Þá mun meistarinn sem ber ábyrgð á bæði undirbúnings- og framhaldsskólanum einnig beina athygli sinni að nemunum einu sinni á ári og láta skólastjóran vita ef hann telur nokkrar breytingar nauðsynlegar. Ég vil minna ykkur á það hér, að tengsl meistara og lærisveins eru algerlega persónulegs eðlis, og þótt meistarinn geti verið í óslitnu sambandi við lærisvein sinn *persónulega*, breytir það engu um reglubundið eftirlit hans með nemum skólans og samheildarlegrí áru þeirra.

Í öðru lagi er vísindaleg rannsókn á smáheiminum einatt með aðstoð smásjár og annarra nauðsynlegra áhaldna. Eftirfarandi námsgreinar verða kenndar:

Smáheimurinn.

a—Undirstöðuatriði í líffærafræði, lífeðlisfræði og líffræði.

b—Þjóðfræði.

c—Rannsókn á eterlíkamanum og skyldum efnum, svo sem lífsorku og segulmagni.

d—Jarðfræði, grasafæði og dýrafæði eða rannsókn á steinaríkinu, jurtaríkinu og dýraríkinu.

- e—Mannkynssaga og framvinda vísindanna.
- f—Rannsókn á lögmálum smáheimslíkamans.

Stórheimurinn.

- a—Rannsókn á lögmálum rafmagns, *fohat*-orku, þróun og geðheimsljóssins.
- b—Stjarnfræði og stjarnspeki.
- c—Dulræn heimsmyndunarfræði.
- d—Rannsókn á mannlegu helgistjórninni.
- e—Rannsókn á þróun tívanna.
- f—Rannsókn á lögmálum sólkerfisins.
- g—Fjarhrif, hugræn sköpun og hlutskyggni.

Hugurinn.

- a—Rannsókn á hugræna sviðinu.
- b—Rannsókn á lögmálum eldsins.
- c—Rannsókn á orsakalíkamanum.
- d—Rannsókn á fimmta eðlisþættinum.
- e—Rannsókn á litum og tónum.

Samfjöllun.

- a—Andi-efni-hugur.
- b—Tölur og tákfræði.
- c—Æðri stærðfræði.
- d—Lögmál sameiningar.
- e—Lögmál kynlífs.

Þroskun dulnæmis.

- a—Hagnýt dulfræði.
- b—Dulnæmi eða dulrænir hæfileikar.
- c—Geðheimsljósið og *akasa*-annálarnir.
- d—Miðilsgáfa og innblástur.
- e—Fyrri jarðvistir.
- f—Stórheimslegar og smáheimslegar orkustöðvar.

Hagnýt störf.

- a—Þjónusta í þágu mannkynsins.
- b—Heildisstarfsemi.
- c—Endurskoðun og upprifjun.
- d—Vinna við efnisfínni líkamina með það fyrir augum að öðlast samfellda vitund.
- e—Kynngi.
- f—Rannsókn á sjöunda geislanum og áhrifum hans.

Þið munuð sjálf geta dregið þá ályktun, að nemi sem lagt hefur stund á ofangreint námsefni hlýtur að vera undir það búinn að iðka kynngi og ganga í bræðralag ljóssins. Hann getur hvenær sem er flust upp í framhaldsdeildirnar þar sem honum verður kennt að hagnýta þekkinguna er hann hefur þegar aflað sér og orkustöðvar hans vísindalega örvaðar unz hann

getur starfað sem dulvísindamaður með fullri vitund. Ennfremur verður hann þjálfaður í að ná snertingu við óæðri þróunarleiðir og valdi yfir þeim og starfa í samráði við æðri þróunarleiðir eins og tívana. Þá munu og allir líkamir hans verða samtengdir og aðhæfðir, svo að hann verði fær um við lok námstímans sem tekur að jafnaði tvö til þrjú ár að standa frammi fyrir höfuðvígjandanum eina.

c—Óvirkjuðum eigindum breytt í virk máttaröfl.

Þessi þriðja tegund starfseminnar er byggð á fyrrgreindu námsefni og varðar þroskun einstaklingsins. Hún felur í sér þessa þætti:

- a—Samtengingu starfstækjanna með fullnaðarþroska orsakalíkamans fyrir augum.
- b—Mótun *antakarana* farvegsins og þroskun æðri hugarins.
- c—Þroskun innsæisins og andlega vakningu nemans.
- d—Rannsókn á sveiflutíðni hans, geisla, litblæ og tóni.
- e—Meðvitaða fágun allra líkamanna frá jarðneska starfstækinu upp í orsakalíkamann.

Þegar þessi efni hafa verið tilhlýðilega rannsökuð og öll áunnin vitneskja hert í eldi reynslunnar, verða áskapaðir eiginleikar sálarinnar að meðvituðum máttaröflum. Fyrst og fremst verður þó hvítkyngiðkandinn að hagnýta mátt sinn og þekkingu í þágu mannkynsins. Hann verður að tjá innri þroska sinn í þjónustu áður en honum er leyft að halda áfram námi í æðri deildum dulfræðiskólans.

Vísbendingarnar sem ég hef gefið ykkur í þessu bréfi ættu að geta orðið áhugavert umhugsunarefni ef þið leitist við að brjóta þær til mergjar.

10. BRÉF.

HREINSUN STARFSTÆKJANNA.

- a—Jarðlíkamans.
- b—Geðlíkamans.
- c—Huglíkamans.

10. BRÉF.

HREINSUN STARFSTÆKJANNA.

7. nóvember 1919

Nú á dögum er þörf fyrir þrautreynd verkfæri. Þegar vegleiðendur mannlegrar þróunar þessa tímaskiðs svipast um meðal mannkynsins í leit að slíkum verkfærum sjá þeir fáa sem orðnir eru hæfir til að taka að sér þjónustu er fullnægir kröfum helgistjórnarinnar. En samtímis koma þeir auga á nokkra menn sem vel gætu komið til greina ef þeir hlytu vissa þjálfun.

Í rás þróunarinnar breytist vitundarstilling mannkynsins smám saman. Á núverandi tímabili eru allflestir vitundarstilltir í geðlíkömum sínum og láta stjórnast af tilfinningum, hvötum og geðshræringum persónuleikans. Geðlíkaminn er þá brennidepill persónuleikalífsins. Hann myndar tengilið milli hins æðra og lægra og minnir einna helst á stóra járnbrautarstöð þar sem tekið er við farmi úr öllum áttum og honum dreift um hina miklu borg persónulega jarðlífsins.

En með vaxandi þroska flyzt vitundarstillingin hærra og huglíkaminn verður að brennipunkti persónuleikans. Eftir það tekur orsakalíkaminn við sem mikilvægasta einingin, og síðar verður jafnvel honum fórnad, svo að maðurinn er sviptur öllu því er sveiflast í samræmi við heimana þrjá og persónulegu lífi hans lokið — ekkert er eftir annað en líf andans sem hann gefur fúslega heiminum til hjálpar.

Þegar rás þróunarinnar er hraðað er nauðsynlegt að koma í kring vissum hlutum áður en maðurinn telst nothæfur til hjálparstarfa í þágu meðbræðra sinna, áreiðanlegt verkfæri, traustur sem hert stál. Þið megið ekki gleyma því, að venjulega reynist samtímamaður bezta verkfærið — þegar hann hefur þreytt prófið og staðizt það - vegna þess að hann skilur vitund mannkynsins til fullnustu og á auðveldara með að gera sér grein fyrir vandamálum líðandi stundar en sálir frá fyrri tímum. Af þeim sökum vilja meistarnir helst nota ykkur sem nú lifið á jörðinni til að græða sár hinnar þjáðu kynslóðar okkar daga.

Hvað þarf þá að gera? Fræðslan í þessu bréfi mun ekki hafa neitt sérstaklega nýstárlegt inni að halda, en getur þó orðið umhugsunarefni þeim sem hafa raunverulega löngun til að veita öðrum hjálp.

Þegar vegleiðendur mannkynsins búa sál undir þjónustu þurfa þeir að taka öll starfstæki hennar til athugunar:

Þjálfun jarðlíkamans.

Þá þarf að fullnægja vissum skilyrðum:

Greypa í líkamann efni efri sviðsdeildanna og fjarlægja grófari efnistegundir. Þetta er nauðsynlegt vegna þess að þeir sem hafa gróf starfstæki geta ekki komizt í snertingu við háa sveiflutíðni. Það er ógerningur fyrir sálina að miðla persónuleikanum af æðri þekkingu og leiðsögn ef jarðlíkaminn er gerður úr grófu efni. Háleitir hugsanastraumar geta ekki haft nein áhrif á lítt þróaðan efnisheila. Þess vegna er brýn nauðsyn að fága jarðlíkamann. Það má gera með ýmsu móti, og allar eru aðferðirnar gagnlegar:

Með hreinni fæðu. Það þýðir grænmetisneyzlu og skynsamlega valið mataræði. Þá er aðeins borðað grænmeti og ávextir sem fjörmagna. Lærisveinninn þarf að sýna dómgreind í fæðuvali, forðast þungmeltan mat og borða hófsamlega hreinar og hollar fæðutegundir sem meltast auðveldlega. Hverjar? Mjólk, hunang, heilhveitibrauð, allt grænmeti sem þroskast í

sól, appelsínur (þær eru beztar af öllu), banana, rúsínur, hnetur, kartöflur í hófi og hýðishrísgrjón. Og má ég ítreka - hann skyldi ekki borða meira en það sem rétt nægir til að halda líkamanum hraustum og virkum.

Með hreinlæti. Ríkuleg notkun vatns jafnt útvortis sem innvortis er bráðnaudsynleg.

Með svefni. Bezt svefntíminn er milli klukkan tíu á kvöldin og fimm á morgnana, og alltaf skyldi lærisveinninn sofa eins mikið og unnt er úti undir beru lofti.

Með sólskini. Lærisveinninn ætti að sækjast sem mest eftir að drekka í sig sólskinið og fjörmögnun þá er geislarnir veita. Sólin drepur allar sóttkveikjur og varnar sjúkleika.

Ef þessum fjórum skilyrðum er fullnægt mun grófara efnið smám saman hverfa úr líkamanum, og á nokkrum árum flyzt vitundarstillingin upp á við stig af stigi þangað til jarðlíkaminn er algerlega samsettur úr efni atómísku sviðsdeildarinnar.

Það getur að vísu tekið allmargar jarðvistir að fága líkamann til fulls, en þið skuluð hafa hugfast, að í hverju nýju lífi fæðist maðurinn í líkama sem er nákvæmlega sömu gerðar eða efnasamsetningar og sá líkami er hann skildi við þegar andlát hans bar að höndum í lífinu á undan. Þannig heldur fágunarstarfsemin áfram í óslitnu samhengi, og engin fyrirhöfn er unnin fyrir gýg.

Seinna munu bætast við tvær aðferðir til að fága líkamann með skjótara hætti:

Notkun mismiltra ljósa. Þau verða látin leika um líkama lærisveinsins og munu hafa í för með sér, að sumar frumeindirnar hristast burt, en hinar verða fyrir örvun. Þetta er óframkvæmanlegt þangað til frekari fræðsla hefur verið veitt varðandi geislana. Þegar vitað verður á hvaða geisla hver maður er má veita honum örvun með ljósum í hans eigin lit, og verður nýtt efni greytt í líkamann með því að nota samstæðan lit og óæskilegu efni hrundið á brott með andstæðum lit. Þessi þekking verður síðar fengin í hendur kirkjunnar og frímúrarareglunum, hinum völdugu söfnuðum er sjá um varðveislu launhelganna. En þeirra stund er enn ekki komin. Þegar launhelgarnar verða stofnaðar á nýjan leik munu þessir tveir söfnuðir geyma nokkuð af vitneskjunnar er ég ræddi um.

Örvun með hljómlist. Til eru tónar sem splundra og eyða. Aðrir tónar örva og aðlaða. Þegar vitað er um tóntegundina er stjórnar lífi mannsins og óminn sem hann andsvarar, er hægt að beita mætti hljóðsins til fágunar. Þið sem nú leitist við að þjóna getið aðeins haft ofangreind atriði í huga og reynt að ná snertingu við háa sveiflutíðni.

Þá vil ég einnig láta þess getið, að notkun raforkunnar geymir leyndardóminn er snertir lífmögnun starfstækjanna, einkum þó eterlíkamans. Helzta hlutverk sem sólin gegnir er fjörmögnun eterlíkamans. Hiti sólarinnar er raforka aðhæfð þörfum flestra lífvera í öllum ríkjum náttúrunnar. Með vaxandi þroska verður hægt að auka magn þessarar orku hjá einstaklingum. Það er sem stendur eitt af leyndarmálum vígslunnar. Áður fyrr leiddi vígslusprotinn einmitt þennan kraft að orkustöðvum vígslutakans, enda var hann sérstaklega gerður í þeim tilgangi. Nú erum við á hærra þrepi vindustigans og vitundarstilling mannkynsins ekki lengur í jarðlíkamanum. heldur annað hvort geðlíkamanum eða huglíkamanum, svo að sömu aðferð er ekki lengur hægt að beita, þótt þörf og tilgangur sé enn hinn sami. Aðferðin er breytileg eftir því hvar vitundarstillingin liggur, og þess vegna þykir öruggara að halda henni leyndri.

Fágun eterlíkamans.

Hún fer fram samhliða fágun efnisþetta jarðlíkamans. Aðferðin er fyrst og fremst í því fólgin að baða sig í sólskininu, hlífa sér við kulda og taka inn sérstakar samsetningar vítamína

er brátt verða gefnar mannkyninu. Þær munu verða í töfluformi og hafa bein áhrif á eterlíkamann. Þetta verður ekki fyrr en vísindin viðurkenna tilveru eterska starfstækisins og það verður orðið þáttur í venjulegu læknisfræðinámi. Rannsókn etersjúkdóma — teppu og kyrkings — mun áður en langt um líður verða viðurkennd fræðigrein, og þá verður farið að gera tilraunir til lækninga með ákveðnum aðgerðum. En að svo stöddu verðið þið að láta ykkur nægja að auka næmi hins tvígreinda jarðlíkama með því að fylgja þeim reglum er ég hef gefið ykkur og láta tímann um hitt sem eftir er.

Fágun geðlíkamans.

Hér er farið öðruvísi að. Geðlíkaminn er í rauninni ekki annað en stór spegill. Hann tekur á sig lit og hreyfingu frá umhverfi sínu. Hann mótast af hverri flöktandi geðshræringu eða hvöt. Allir duttlungar og ímyndanir hafa áhrif á hann, hvaða straumur sem er gárar yfirborð hans, hvert hljóð vekur enduróm hjá honum — þ.e.a.s. ef eigandinn kemur ekki í veg fyrir það og venur hann á að taka við og sinna þeim skynjunum einum er berast ofan af innsæisþreplögunum eftir leiðum æðra sjálfsins með atómísku sviðsdeildina að millilið.

Markmið leitandans ætti að vera að þjálfra geðlíkama sinn þangað til hann er orðinn kyrr og tær eins og skuggsjá sem gefur fullkomna spegilmynd. Hann á aðeins að endurspeglar orsakalíkamann, litast eingöngu samkvæmt reglum hins máttuga lögmáls, hreyfast einungis að vilja stjórnandans, en ekki við hvern vindblæ hugsunarinnar eða flóð og fjöru geðshræringanna.

Orðin sem lýsa skyldu ástandi geðlíkamans eru þessi: — kyrr, heiðríkur, óhagganlegur, rólegur, friðsamur, tær, áferðarmjúkur — sléttur gljáandi spegill er sýnir ófalsaða mynd af óskum, vonum og æðri þrá sálarinnar en ekki persónuleikans.

Hvernig er hægt að ná þessu marki? Með ýmsu móti, sumu að frumkvæði leitandans, öðru undir handleiðslu meistarans:

a—Með því að fylgjast gaumgæfilega með öllum óskum, löngunum og tilhvötum er hvarfla daglega yfir sjónarsvið nemans, efla þær sem eru jákvæðar og göfugar, en hamlar gegn hinum.

b—Með því að leitast stöðugt við að ná snertingu við æðra sjálfið og framfylgja óskum þess í lífi sínu. Fyrst í stað verður ekki hægt að komast hjá ýmsum mistökum, en smám saman mun finna efni greypast í líkamann og vitundarstillingin flytjast ofar unz komið er upp í atómísku sviðsdeildina.

c—Með því að ætla sér vissan tíma á degi hverjum til að kyrra geðlíkamann. Í hugleiðingariðkun er lögð rík áherzla á að kyrra hugann, en það vill gleymast, að fyrst þarf að kyrra tilfinningalífið. Næsta þrepið í stiganum er svo að kyrra hugann, og það er hyggilegt að taka þau í réttri röð. Hver leitandi verður sjálfur að ganga úr skugga um hvers konar sveiflur setja hann helzt úr jafnvægi, hvort það eru áhyggjur, ótti, hvatir og þrjár persónuleikans, ást lægra eðlisins á einhverju eða einhverjum, kjarkleysi, uppgjöf eða ofurviðkvæmni gagnvart almenningsálitinu. Síðan þarf hann að sigrast á þessum sveiflum með því að vekja hjá sér nýja hrynjandi er útrýmir hinni fyrri.

d—Með því að fást við geðlíkamann á næturnar undir handleiðslu þroskaðri nema sem starfa samkvæmt leiðsögn eins af meisturunum. Sveiflutíðni má örva eða deyfja með notkun sérstakra lita og tóna. Um þessar mundir eru tveir litir notaðir við margt fólk í því skyni að örva hálsstöðina og aðalstöð höfuðsins, sem sé fjólulitt og gyllt.

Minnzt þess, að þetta gerist ekki í einu vefangi, heldur stig af stigi, og hvert sinn er vitundarstillingin flytzt upp í nýja sviðsdeild eru því samfara vissar prófraunir eða minni háttar

vígslur sem lagðar eru fyrir nemann á næturþeli og síðar munu ná hámarki í annarri vígslunni er tákna, að fengin sé fullkomin stjórn á geðlíkamanum.

Fjórar smærri vígslur á geðræna sviðinu sem nefndar eru vígslur jarðar, elds, vatns og lofts ná hámarki í annarri vígslunni. Fyrsta vígslan er sambærilegt stig á jarðneska sviðinu.

Hver vígsla er merki um, að neminn hafi náð ákveðinni hlutfallstölu af atómísku efni í líkómum sínum — einum fjórða við fyrstu vígsluna, helmingi við aðra vígsluna, o.s.frv. Innsæið er eðlisþáttur sameiningarinnar, og við fjórðu vígsluna þegar lægri starfstækin hverfa og orsakalíkaminn leysist upp stendur fullnuminn eftir í innsæislíkama sínum, og frá þeirri stundu skapar hann sér sjálfur raunbirtingarlíkama.

Fágun huglíkamans.

Hún kostar fyrirhöfn og krefst dómgreindar af hálfu leitandans. Áður en neminn kemst upp á svið hugrænu einingarinnar og öðlast orsakavitund eða fulla vitund æðra sjálfsins er þrennt nauðsynlegt:

Skýr hugsun - ekki einungis um efni sem vekja áhuga nemans, heldur öll mál er mannkynið varða. Það þýðir hæfileika til að móta hugsanaefni og skilgreina hugtök, mynda hugsanaform og hagnýta þau öðrum til hjálpar. Sá sem hefur óþroskaðan huglíkama og hugsar ekki skýrt lifir í þoku, og maður í þoku er aðeins blindur sem leiðir blindan.

Hæfileiki til að kyrra huglíkamann, svo að hugsanir ofan af óhlutbundnu þreplögunum og innsæissviðinu geti letrast á hreina og óskrifaða örk. Þetta hefur verið útskýrt í mörgum bókum um fasthygli og hugleiðingariðkun og þarfnast því ekki frekari skilgreiningar frá mér. Umræddur hæfileiki er ávöxtur langrar og örðugrar þjálfunar.

Sérstök athöfn sem meistarinn kemur til leiðar með samþykki lærisveinsins. Þannig er árangur margra erfiðra ára og dýrkeyþtra sigra færður í fast form. Við hverja vígslu er beitt raforku eða segulmagni sem hefur staðgandi áhrif. Með þeim hætti verður árangur lærisveinsins varanlegur líkt og brenndur leirinn úr ofni leirkerasmiðsins. Vígslan staðgar árangur liðinnar tíðar og opnar nemanum nýtt tímasteið frekari viðleitni.

Umfram allt þarf að leggja áherzlu á tvennt:

1—Stöðuga óhagganlega þrautseigju sem lætur ekki bugast við tafir né tálmanir, en heldur áfram eins og ekkert hafi í skorist. Þessi staðfesta skýrir hvers vegna hægfara og hversdagslegir menn verða oft fyrri til að taka vígslu en snillingar og sterkir persónuleikar sem vekja athygli hvarvetna. Hæfileikinn til að seiglast er hinn ákjósanlegasti.

2—Framfarir án ótímabærrar sjálfsathugunar. Slítið ykkur ekki upp með rótum til að ganga úr skugga um, að þið séuð að vaxa. Það er aðeins soun á dýrmætum tíma. Hugið um að hlíta settum reglum og hjálpa öðrum, en gleymið eigin framförum. Þá má vera, að skyndileg uppljómun falli ykkur í skaut og þið gerið ykkur grein fyrir, að því stigi sé náð er höfuðvígjandinn kveður ykkur á sinn fund og veitir ykkur vígslu. Þið hafið lagt ykkur í líma við að hlýðnast ákvæðum lögmálsins og elska allar lifandi verur, og þannig hafið þið greipt í líkami ykkar efnið sem gerir ykkur kleift að standa í návist hans. Hið völduga lögmál aðlöðunarinnar er þar að verki, og enginn máttur getur hindrað framgang þess.

11. BRÉF.

ÞJÓNUSTULÍFIÐ SEM ER ÁVÖXTUR HUGLEIÐINGAR.

- a—Tilhvattir þjónustu.
- b—Kröfur til þjónenda.
- c—Viðhorf að verki loknu.

11. BRÉF.

ÞJÓNUSTULÍFIÐ SEM ER ÁVÖXTUR HUGLEIÐINGAR.

16. september 1919

Í dag er við ljúkum þessu bréfasafni ætla ég að reyna að veita ykkur almenna hagnýta fræðslu. Mig langar að tala við ykkur um þjónustu og hvernig hún verður best leyst af hendi. Minnzt þess ætíð, að augin þekking einstaklingsins veldur stöðnun, teppu, meltingartregðu og þjáningum ef hann miðlar ekki öðrum af henni með skynsamlegri dómgreind. Ef mannlíkaminn meltir ekki fæðu sína og losar sig við úrgangsefni verða afleiðingarnar nákvæmlega hinar sömu á sínu sviði. Nú á dögum veitist mörgum ríkuleg fræðsla, en hún er ekki ætluð þeim einum til gagns og gamans, heldur einnig heiminum er þarf á henni að halda.

Þegar um þjónustu er að ræða er þrennt þýðingarmest:

- 1—Tilhvöt hennar.
- 2—Kröfur til þjónenda.
- 3—Viðhorf að verki loknu.

Um rangar tilhvattir þarf ég ekki að tala. Þið þekkið þær sjálf. Ég bendi á réttu leiðina og ef þið aðhæfið þjónustulíf ykkar leiðbeiningum mínum mun nýr skilningur og innblástur vakna. Margir eru kallaðir til mikillar þjónustu um þessar mundir — gætið þess öll, að byrjunin verði góð, því að rétt byrjun leiðir gjarnan af sér rétt áframhald og styrkir nemann mjög í viðleitninni. En sé byrjunin röng hlýtur hún að leiða til ósigurs og þá þarf maðurinn að endurskoða afstöðu sína frá rótum.

1—Tilhvattir þjónustu.

Þær skiptast í þrjá flokka sem við skulum telja upp í röð eftir mikilvægi:

a—Skilningur á hinni máttugu áætlun þróunarinnar. Maðurinn skynjar brýna þörf heimsins, gerir sér grein fyrir núverandi þroskastigi mannkynsins og neytir allrar orku sinnar til að stuðla að því, að áform Guðs nái fram að ganga.

b—Visst persónulegt markmið sem neminn einsetur sér að ná, háleit hugsjón — t.d. að ávinna sér helga skapgerð — er kallar fram ýtrustu viðleitni sálarinnar, eða hann gerir sér ljóst, að meistara vizkunnar eru til í raun og veru og tekur bjargfasta ákvörðun innra með sér, að hann skuli elska og þjóna og ná sambandi við þá, hvað sem það kunni að kosta. Þegar fenginn er vitrænn skilningur á fyrirætlun Guðdómsins ásamt sterkri þrá til að þjóna hinum máttugu mun þetta leita tjáningar í starfi á jarðneska sviðinu.

c—Þá er að gera sér grein fyrir ásköpuðum eða áunnum hæfileikum sínum og nota þá til að bæta úr þörfum sem skynjaðar eru. Það er hægt að þjóna með ýmsum hætti og maðurinn sem reynir að finna það þjónustusvið er honum hæfir best og leggur sig síðan

allan fram í þágu samheildarinnar er sá sem eykur vaxtarþroska sinn jafnt og þétt, enda þótt persónulegar framfarir séu ekki höfuðtilgangur hans.

2—Kröfur til þjónenda.

Þær eru margar og mismunandi. Ég get aðeins vikið að þeim sem mesta þýðingu hafa.

Þá er fyrst að nefna *dómgreind* eins og ég hef þrásinnis brýnt fyrir ykkur. Sá sem telur sig færán um að takast á hendur hvaða verkefni sem er og lætur sér ekki segjast við neitt, ryðst áfram þar sem vitrari menn fara sér hægt og ástundar þjónustu af eldmóði en engum hyggindum, eyðir orku sinni til ónýtis. Athafnir hans hafa oft neikvæð áhrif, hann sóar tíma sér meiri manna er þurfa að ráða fram úr öngþveitinu sem vel meint glappaskot hans valda og hann kemur engu til leiðar öðru en því að fullnægja eigin löngunum. Ef til vill fær hann sín laun fyrir góðan ásetning, en afleiðingarnar af heimskupörum hans þyngja einatt á vogarskálunum honum í óhag.

Sá þjónar með dómgreind sem gerir sér glögga grein fyrir hlutverki sínu innan allsherjarkerfisins, hvort sem það er smátt eða stórt, metur af raunsæi hugrænt, geðrænt og líkamlegt gildi sitt og kostar kapps um að gegna skyldum sínum svo sem bezt verður á kosið.

Sá þjónar með dómgreind sem lætur stefnu æðra sjálfsins og meistarans ráða mati sínu á eðli og umfangi vandamálsins er leysa þarf, en leiðist ekki á villigötur af óhyggilegum uppástungum, óskum og kröfum annarra.

Sá þjónar með dómgreind sem tekur tillit til þáttar *tímans* í þróuninni og gerir sér ljóst, að hver sólarhringur er aðeins tuttugu og fjórar klukkustundir og að orku hans sjálfs eru takmörk sett, svo að hann samhæfir hyggilega þann tíma og orku sem hann hefur til umráða.

Næst vil ég nefna *skynsamlega meðferð jarðneska starfstækisins*. Góðum þjónanda er treystandi til að fara vel með líkamskrafta sína og gæta hófs í hvívetna, þannig að hann valdi meistaranum engum óróa af þeim sökum og sé ávallt tilbúinn að verða við óskum hans, en bregðist ekki vegna líkamlegs vanmáttar. Hann sér um, að grófasta starfstæki sitt njóti nægilegrar hvíldar og svefnis. Hann fer snemma á fætur og í rúmið á hæfilegum tíma. Hann slakar á hvenær sem tækifæri gefst, neytir hollrar fæðu og forðast óhóf. Létt mataræði er ákjósanlegast, og fæðan þarf að vera vel valin og vel tuggin. Mannkynið borðar um þessar mundir að jafnaði fjórum sinnum meira en nauðsyn ber til. Hann hættir störfum ef líkami hans krefst hvíldar og umönnunar vegna veikinda eða slysa og þá leitar hann lækni, fer að hyggilegum ráðum sérfræðinga, sefur, hvílir sig, gætir að mataræði sínu og gefur sér tíma til bata.

Þá tekur við *stöðugt eftirlit með geðræna starfstækinu*. Enginn líkami er eins erfiður viðureignar og geðlíkaminn, svo sem kunnugt er. Óviðráðanlegum geðshræringum skal ekki leyft að ná tökum á honum, þótt kröftugir kærleiksstraumar til alls sem anda dregur megi flæða um hann. Kærleikurinn er lögmál núverandi sólkerfis og áhrif hans eru skapandi og stillandi. Engar áhyggjur, kvíði eða ótti geta haggað jafnvægi leitandans sem öllum vill þjóna. Hann þroskar með sér heiðríkju og stöðuglyndi og ber óbifanlegt traust til hins guðlega lögmáls. Viðhorf hans til lífsins einkennist af öryggi og glaðværð. Afbrýðisemi hýsir hann ekki í hjarta sér, dimmgráum skýjum þunglyndisins sópar hann á brott úr sinni sínu, ágirnd og sjálfsvorkunn hljóta engan hljómgrunn í sálu hans. Hann gerir sér ljóst, að allir menn eru bræður og eiga allt í sameiningu, og hann gengur sína götu rólegur og æðrulaus.

Eftir það kemur að *þroskun hugræna starfstækisins*. Þegar þjónandinn fæst við geðlíkama sinn hugsar hann mest um að fjarlægja og útrýma. Markmið hans er að gera geðræna starfstækið litlaust, gegnsætt og slétt eins og lygna tjörn á kyrrum sumardeg. En þegar

huglíkaminn á hlut að máli er þveröfug aðferð notuð. Þá þarf leitandinn að greypa í hann fróðleik, birgja hann af þekkingu og staðreyndaforða og þjálfra hann vitrænt og vísindalega, þannig að hann geti með tímanum orðið traustur grundvöllur hinnar guðlegu vizku. Vísdomur er æðri en þekking, en þarfnast hennar eigi að síður sem stökkpalls. Þið megið ekki gleyma því, að þjónandinn fær ekki inngöngu í sal vizkunnar fyrr en hann er brautskráður úr sal lærdómsins. Þess vegna reynir hann að afla sér þekkingar á skipulegan hátt, fylla upp í eyðurnar, ná tökum á hugrænum eigindum sem hann hefur áunnið sér í fyrri jarðvistum og staðga loks lægri hugann unz æðra eðli hans tekur við stjórn og sköpunarmáttur hugsunarinnar starfar í kyrrðinni. Úr þögn hins allsvaldanda kom alheimurinn fram á svið raunbirtingarinnar. Úr myrkri varð ljós, hið huglæga varð hlutlægt. Óvirk kyrrð geðlíkamans gerir hann móttækilegan fyrir áhrif að ofan. Virk kyrrð huglíkamans leiðir til æðri innblásturs.

Eftir að mannkynsunnandinn hefur kappkostað að ná stjórn á öllum þrem starfstækjum persónuleika síns og nota þau hyggilega leitar hann *fullkomnunar í athöfn*. Það eru ekki neindir glæsidraumar um píslarvætti eða hvarflandi hugarórar um dýrlega þjónustu sem halda athygli hans fanginni, heldur beinir hann allri orku sinni að því að rækja skyldustörf daglega lífsins. Hann veit, að fullkomnun í smáatriðum hversdagsverkefna hans mun leiða til heildarmyndar fágætrar fegurðar og göfgi. Lífið þokast áfram eitt skref í senn, en sé það stigið á réttri stund og engu augnabliki kastað á glæ kemst maðurinn langt í jarðvist sinni og hefur varið henni vel. Vegleiðendur mannkynsins prófa alla þá er bjóða sig fram til þjónustu með lítilvægum atvikum daglega lífsins og þeir sem reynast trúir í smáu munu fá stærri og þýðingarmeiri verkefni. Hvernig ættu þeir að geta treyst manni á örlagastund ef hann gerir sig sekan um slóðaskap og dómgreindarskort í daglega lífinu?

Að lokum vil ég nefna *aðlögunarhæfni*. Það þýðir, að þjónandinn dregur sig fúslega í hlé þegar hæfari mönnum er falið að taka við hlutverki hans, en það þýðir einnig, að hann er reiðubúinn að flytjast í ábyrgðarmeiri stöðu þegar sýnt er, að hæfileikaminni maður getur gegnt fyrra starfi hans með jafngóðum árangri. Það er viturlegt af hálfu þjónandans að ofmeta sig hvorki né vanmeta. Ef maðurinn er ekki starfi sínu vaxinn verður útkoman léleg, en það er síst betra, að kunnáttumenn sói kröftum sínum þar sem hæfileikar þeirra fá ekki fullt svigrúm.

Verið því reiðubúin, öll þið er þjónið, að gegna tilkomulitlum og hversdagslegum störfum til dauðadags ef það verður ykkar hlutskipti í lífinu. En verið ekki síður reiðubúin að taka að ykkur það sem virðist þýðingarmeira viðfangsefni ef meistarinn lætur til sín heyra og kringumstæðurnar — ekki ráðagerðir þjónandans — benda til þess, að hin rétta stund sé runnin upp. Hugsið um þessi seinustu orð.

3—Viðhorf að verki loknu.

Hvernig á það að vera? Alger ró, algert sjálfgleymi, alger einbeiting að næsta verkefni. Fullkominn þjónandi er sá sem leggur sig allan fram við að gegna starfi sínu innan hinnar guðlegu áætlunar og fara að vilja meistarans eftir því sem hann skynjar hann. Þegar hann hefur lokið einu verki byrjar hann á öðru, en eyðir ekki tíma í umhugsun um árangur athafna sinna. Hann veit, að vitrari augu en hans sjá endinn frá upphafi, að innsýn, dýpri og kærleiksrikari en hans, metur gildi þjónustunnar sem hann leysir af hendi og að skarpari dómgreind en hans vegur orkumagn og umfang sveiflutíðninnar og samhæfir mátt og tilhvöt. Hann þjáist ekki af oflæti yfir afrekum sínum né heldur óþörfu þunglyndi þegar hann bíður ósigur. Hann vandar sig ávallt af fremsta megni, sóar ekki tíma sínum í heilabrot um það sem liðið er, heldur beinir athygli sinni stöðugt að næsta verkefni sem bíður hans. Það er í samræmi við eðli innþróunarinnar að hugsa um fortíðina og láta hugann dvelja við forn afrek og fyrri sigra, en

þjónandinn leitast við að lifa samkvæmt lögmáli þróunarinnar. Á því tvennu er mikill munur.

Að verki loknu kærir vitur þjónandi sig kollóttan um hvað starfsfélagar hans segja, svo framarlega sem yfirboðarar hans — holdgaðir menn eða hinir máttugu sjálfir — láta í ljós ánægju eða sýna að minnsta kosti enga vanþóknun. Honum stendur á sama þótt árangurinn bregðist vonum hans, svo framarlega sem hann hefur rækt skyldur sínar eftir beztu getu. Honum stendur á sama þótt aðfinnslum og ásökunum rigni yfir hann, svo framarlega sem innra sjálf hans ámælir honum ekki. Honum stendur á sama þótt hann glati vinum sínum, ættingjum og börnum, fyrri vinsældum og virðingu, svo framarlega sem innra samband hans við vegleiðendurna helst óslitið. Honum stendur á sama þótt hann virðist reika í myrkri og verði ekki var við mikinn árangur af erfiði sínu, svo framarlega sem innra ljósið skín æ skærar og samvizka hans hreyfir engum mótbárum.

Skilgreining í fáum orðum:

Tilhvatir þjónustu: — Fórn persónulega sjálfsins til blessunar hinu eina alsjálfí.

Kröfur til þjónenda: — Viturleg stjórn persónuleikans og dómgreind hvað varðar þátt starfs og tíma.

Viðhorf að verki loknu: — Fullkomin ró og sívaxandi ást til hins óséða veruleika.

Og leiðin að markinu er: — stöðug iðkun

DULFRÆÐILEGRAR HUGLEIÐINGAR.

ORÐALISTI MEÐ SKÝRINGUM.

Bók þessi er talin vera rituð eða innblásin af tíbezka meistaranum Dhwyal Khul í samstarfi við frú Alice A. Bailey er skrásetti orð hans. Hún er fyrst og fremst ætluð sem kennslubók í dulfræði og ekki miðuð við lauslegan yfirllestur, heldur vandlega íhugun þar sem hver setning er krufin til mergjar og skoðuð frá mörgum sjónarhornum. Upprunalega voru bréfin send til hugleiðingarnema víða um heim, enda er í þeim gert ráð fyrir nokkurri undirstöðu-þekkingu lesenda.

Í orðalistanum eiga að vera öll nýyrði sem notuð eru í lesmálinu og helztu dulfræðileg hugtök. Skýringarnar eru byggðar á upplýsingum í bókum Alice A. Bailey, Helenu Petrovnu Blavatsky og öðrum dulfræðiritum ýmissa höfunda. Sanskrítarorð eru rituð með *skáletri*.

adi (fyrsta byrjun, frumorsök): fyrsta sviðið, atómíska sviðið, æðst hinna sjö aðalsviða sólkerfisins.

aðgreining: separation

aðhæfa: adjust

aðhæfing: adjustment

aðlaða: attract

aðlaga: adapt

aðlöðun: attraction

aðlögun: adaptation

aðlögunarhæfni: adaptability

aðskilnaðarkennd: sense of separateness

áferðamjúkur: smoot

aflfræði: dynamics

aflvaki: impetus; impulse

afstæði: relativity

afstæður: relative

Agni: eldguðinn í vedunum (helgum bókum Hindúasiðar), elstur og virtastur hinna indversku guða. Eldur er talinn vera kjarni þessa sólkerfis og tákun hugræna sviðsins þar sem *Agni* ríkir í þríeinu veldi.

agnichaitan: eldtívi

áhrifavaldar: Influences

áhugaverður: interesting

ákall: invocation

akasa (eða *akasha*): efni eindarsviðsins, hinn æðsti eter.

akasa-annálar: hinar miklu minniskrár

náttúrunnar varðveittar í eter hinna ýmsu sviða.

Þangað eru fullnumar taldir geta sótt nákvæman fróðleik um allt sem gerst hefur í liðinni tíð.

algjöra, hið: the Absolute (*Parabrahman* Hindúa)

alheimslegur: universal

alheimur: Universe
 alhæfa: generalize
 alhæfing: generalization
 allsvaldanda, hið: the Absolute,
 the Causeless Cause
 alveraldlegur: cosmic
 alveröld: Cosmos
 andi: Spirit (æðsti eðlisþáttur mannsins)
 andlegur: spiritual (í þessari bók er gerður skýr
 greinarmunur á andlegur annars vegar og hugrænn
 hins vegar)
 andstæðir litir: contrasting colours
 andsvar: response
 andsvara: respond
antakarana (einnig ritað *antahkarana* eða
antaskarana). Brúin eða farvegurinn sem neminn
 býr til úr hugrænu efni milli æðri og lægri
 hugarins)
 ára: aura (stundum nefnd „blik“ í öðrum ritum)
 árískur: auric (áriska eggíð og orsaka-líkaminn
 eru eitt og hið sama)
ashram: fræðslusetur eða fræðslusalur meistara
 þar sem nemar og lærisveinar hljóta persónulegar
 leiðbeiningar.
 áskapaður: inherent
atma (eða *atman*): alheimsandinn, hin guðlega
 eind, sjöundi eðlisþáttur bæði smáheims og
 stórheims.
 atmískur: atmic
 atómískur: atomic atómíska sviðið er æðst hinna
 sjö aðalsviða og atómíska sviðsdeildin æðst hinna
 sjö sviðsdeilda hvers aðalsviðs)
 AUM (einnig ritað OM, borið fram óm): orðið
 helga.
 áætlunin: the Plan
 blundandi: latent
 bodhisattva: verðandi Búddha, sá sem aðeins á
 eftir eina jarðvist til að ná æðstu mannlegri
 fullkomnun. Í þessari bók er bodhisattva
 embættisheiti heimsfræðarans sem hefur
 yfirumsjón með öllum trúarbrögðum heimsins.
 braut dulvígslunnar: the Path of Initiation
 braut heimhvarfsins: the Path of Return
 braut lærisveinsins: the Path of Discipleship
 braut reynslunemans; the Path of Probation eða
 the Probationary Path
 brennidepill, brennipunktur: focal point
 buddhi: innsæi, sjötti eðlisþáttur mannsins þar
 sem kærleikur og vizka blandast í fullkomnun.
 búddhískur: buddhic

byggjandi: builder
 dómgreind: discrimination (*viveka* á sanskrít)
 dulfræði: Occultism
 dulfræðilegur: occult
 dulfræðingur: Occultist
 dulheyrn: clairaudience
 dulnæmi: Psychism, psychic faculties
 dulnæmur: psychic
 dulskyggn: clairvoyant
 dulskyggni: clairvoyance
 dulskynjun: psychic faculty/perception
 dulvígja: initiate
 dulvígsla: Initiation
 dulvísindamaður: Esotericist, Occultist
 dulvísindi: Esotericism, Occultism
 eðlisgeislar: Rays of Aspect (1., 2. og 3. geislinn)
 eðlisheild mannsins: the Constitution of Man
 eðlisþáttur: Principle
 efni: Matter
 efnisfínn: subtle
 efnisheili: physical brain
 efnisþéttur: dense
 sál: the Ego (æðra sjálf mannsins eða atma-
 buddhi-manas í hjúpi sínum sem nefndur er
 orsakalíkaminn)

 sálarlíkaminn: the egoic body (eða
 orsakalíkaminn.)
 eigind: quality
 eigindageislar: Rays of Attribute (4., 5., 6. og 7.
 geislinn)
 eiginleiki: faculty
 einbeiting: concentration
 mónad: Monad (hinn eini, þrígreindur andinn á
 sínu eigin sviði)
 einhugull: one-pointed
 einhygli: one-pointedness
 eining: unit; unity
 endurfæðing; rebirth, reincarnation
 endurfæðingareining: reincarnating unit
 endurholdgun: reincarnation
 ennisstöð: pineal gland (heilaköngullinn)
 eter: ether
 eterskur: etheric
 fága: refine
 fágun; refinement
 farvegur: channel
 fastbeittur: intense
 fasthygli: concentration

ferilrás: process
fernd: Quaternary (hið fjörgreinda lægra sjálf í heimunum þrem. Það skiptist í lægri huga, tilfinningar, lífsorku eða þróun og eterlíkamann sem er efnisfínni hluti jarðlíkamans)
fjarhrif: Telepathy
fjarmiðlun: impression
fjórviður: four-dimensional
fjörmagna: vitalize
fjörmögnun: vitalization
fohat: alveraldlegt rafmagn í öllum sínum formum og myndum.
framvinda: evolution
framþróun: evolution
frumeind: atom
formgervi: Element
formgervisverur: elementals (náttúru-andar eða verur sem tilheyra form-gervunum eða höfuðskepnunum fjórum: jörð, lofti, eldi og vatni. Til þeirra teljast álfar og dvergar, vatnadísir, eldandar og aðrar huliðsverur á ýmsum stigum)
frumhæfing: postulate

frumkjarni: permanent atom (frumkjarnarnir eru í rauninni örsmáar orkustöðvar og tiltölulega varanlegir. Þeir eru fimm að tölu, einn á hverju sviði mannglegrar útþróunar, og umhverfis þá eru hjúpar, líkamir eða starfstæki eindarinnar í neðri heimunum búin til)
frumlind: source
frumregla: principle
fræðari: teacher
fræðslusalur: ashram
fullnumi: Adept (meistari sem tekið hefur fimmtu dulvígsluna og lokið þannig skeiði mannglegrar útþróunar í heimunum þrem)
fyrirætlunin: the Plan
gagnháður: interdependent
gagnhæði: interdependence
gagnstríðandi, gagnstríður: conflicting
gagnstæða: opposite
gagnverkun: reaction
gagnvirk tengsl: interrelation, interplay
geðheimurinn: the astral/emotional world
geðræna sviðið: the astral/emotional plane
geðrænn: astral, emotional
geislagrein: subray
geislarnir sjö: the Seven Rays (hinir sjö orkustraumar lógosarins er skiptast í þrjá eðlisgeisla [Rays of Aspect] og fjóra eigindageisla

[Rays of Attribute]

gildismat: sense of values

greiðasta leiðin: the line of least resistance

haldinn: obsessed (haldinn öndum eða lífverum)

haldning: obsession

hálsstöð: throat centre

hamlaður: inhibited

háspeki: Metaphysics

hápekilegur: metaphysical

hástig: apotheosis

heiladingull: pituitary body

heilaköngull: pineal gland

heildi: group

heimsfræðari: World Teacher, Bodhisattva

heimsmyndunarfræði: Cosmology

helgaður: consecrated; sanctified

helgisiðir: ritual

helgistjórnin: the Hierarchy

helgun: consecration; sanctification

hjálpandi: helper

hjártastöð: heart centre

hjúpur: sheath

hlið dulvígslunnar: the Portals of Initiation

hliðstæða: analogy

hliðstæði: lögmál hl.: the Law of Analogy

hliðstæður: analogous

hluthæfur: concrete

hlutlægur: objective

hlutskyggni: Psychometry

hnattkeðja: Planetary Chain

holdgun: incarnation

hringrás: cycle; hin stærri hringrás: the greater cycle

hugareinbeiting: concentration

hugbeiting: concentration

hugæðli: mentality

hugi, hugur: Mind

hugheimurinn: the mental world

hugleiða: meditate

hugleiðing: meditation

hugleiðsla: contemplation

huglíkami: mental body

hugljómun: Illumination

huglægur: subjective

hugræn myndsköpun: visualization

hugræna sviðið: the mental plane

hugrænn: mental

hugsandi: thinker
hugs kynjun: mental concept/conception
hugtakafræði: Phraseology; Terminology
hvirfilstöð: pituitary body (heila-dingullinn)
hvítbræðralagið: the White Brotherhood
hvítkynngi: white magic
hæfur: qualified
höfuðstöðvar: head centres
höfuðvígjandinn eini: the One Initiator
hömlun: inhibition
innræður: esoteric
innsýn: insight
innsæi: intuition (buddhi)
innsæislegur: intuitional
innsæissviðið: the buddhic plane
innþróun: involution
jafnvægi: balance, equilibrium
jafnvægur: balanced
jarðlíkami: physical body

jarðneska sviðið: the physical plane
jarðvist: incarnation, earth life
jíva: sérgreind vitundareining
Kali yuga: „yuga“ merkir tímaskeið, og samkvæmt kenningum indverskrar heimspeki skiptist þróun jarðarinnar í fjögur slík tímaskeið. (Stundum eru þau talin sjö). Kali yuga eða „svarta tímaskeiðið“ einkennist af ósætti, ágreiningi og styrjöldum.
kama: lögmál langananna sem stendur að baki þörf mannsins til endurholdgunar í heiminum þrem.
karma: karmalögmálið eða lögmál orsaka og afleiðinga.
karmískur: karmic
Kenningin leynda: the Secret Doctrine
kerfisáætlun jarðar: the Earth Scheme
kerfislegur: systemic
Kumara: hinir sjö kúmarar eru æðstu verur þessa sólkerfis og ganga undir ýmsum nöfnum, meðal annars: „hugbornir synir Brahma“.
kynngi: magic
kynngiþula: *mantram* (orð eða orða-sambönd með sérstöku hljóðfalli er hrindir af stað ákveðnum sveiflum)
kynstofn: root-race
kynþáttur: subrace
kyrkingur: atrophy
kærleiki-vizka: Love-Wisdom

launhelgar: the Mysteries
launspeki: Mysticism
launspekilegur: mystic, mystical
launspekingur: Mystic
lausn: Liberation
lávarður heimsins: Lord of the World
lávarður siðmenningarinnar: the Lord of
Civilization (Mahachohan)
leiðtogi: guide; leader
leitandi: aspirant, seeker
lífeðlisfræði: Physiology
lífefni: Essence
líffræði: Biology
líffærafræði: Anatomy
lífgandi verundir: informing entities
lífgæfur: life-giving; vital
lífmagna: vivify, animate

lífmögnun: vivification, animation
lífvera: entity
lípíkadrotnarnir: the Lipika Lords (hinar máttugu
verundir er stjórna karma-lögmálinu)
logadrotnarnir; the Lords of the Flame (hinar
máttugu verundir sem taldar eru hafa komið frá
Venusi fyrir milljónum ára til að liðsinna þróun
jarðarinnar)
logos: Logos (hinn raunbirti guðdómur)
lægri sjálf: lower self (persónuleiki mannsins eða
huglíkami, geðlíkami og hinn tvígreindi
jarðlíkami, eterskur og efnisþéttur)
lærisveinn: disciple
magna; intensify
maharajar: fjórar máttugar veru sem starfa undir
stjórn lípíkadrotnanna.
manas: eðlisþáttur hugarins sem greinist í æðri og
lægri huga eða afhæfan og hluthæfan.
manndýr: animal-man
mannkynshöfðinginn: the Manu
mannvera: human being
Manu: mankynshöfðinginn eða faðir
mannkynsins sem holdgast á jörðu í upphafi hvers
nýs kynstofns (fimmta kynstofninum tilheyra
Aríar, en Mongólar hinum fjórða — sjötti og
sjöundi eiga enn eftir að birtast á komandi
tímaskeiðum)
máttaröfl: powers
máttugu, hinir: the Great Ones
máttur: Power
mayavirupa: hugskapaður raunbirtingar-líkami

meðvitaður: conscious
 meginþáttur: Aspect
 meistari: Master
 miðhryggsstöð: Solar plexus centre
 miðhverfing: centralization
 miðhverfur: centralized
 miðlun: transmission; communication
 miðlunarfarvegur: communicating channel
 miðlunartæki: transmitter
 miltisstöð; spleen centre
 mishæfing: maladjustment
 misræmi: disharmony, discord
 misræmur: disharmonious, discordant
 móta: form; build
 myndun: formation
 myrkvan: Obscuration (pralaya)
 mænurótarstöð: base of spine centre
 mögnun: intensification
 nálgun: approach
 nálæging: approach
 nemi: pupil, student
 niðursveigja bogans; the downward arc
 (innþróunin eða leið andans niður í efnið)
nirmanakaya: orkumiðlari (verur sem náð hafa
 fullkonnun, en fórna nirvana á æðsta stigi
 andlegrar alsælu til að geta eytt kröfum sínum til
 hjálpar og verndar mannkyninu innan karmískra
 takmarkana)
 nýnemi: novitiate
 óháður: detached
 óhæði: detachment
 OM: orðið helga
 óma: sound, sound forth
 ónæmi: immunity
 orðið helga: the Sacred Word,
 OM eða AUM, borið fram óm.
 orkustöð: force centre (orkustöðvarnar sjö eða
chakras á sanskrít eru eins konar kraftsveipir í
 orkustraumi sem nefndur er kundalini eða
 slöngueldurinn og talinn renna upp mænugöngin)
 orsakalíkami: causal body (hjúpur æðra sjálfsins
 eða egósins)
 orsakavitund: causal consciousness (vitund æðri
 hugarins)
 óvirkjaður: latent
 óvirkur: inactive; negative
 óvitandi: unconscious
 plánetuandi: Planetary Spirit
 plánetulogos: Planetary Logos

prakrítí: náttúran, persónugervingur
 kvenorkunnar, efnishlið alheimsins.
 pralaya: myrkvan, hvíldartímabil milli hringrása
 raunbirtingarinnar þegar hinn sýnilegi alheimur
 hverfur.
prana: eigind lífsins, grundvallarorka
 alveraldarinnar.
purusha: andlega sjálfíð, persónugervingur
 karlorkunnar, hin andlega hlið alheimsins.
 rákaður: striated
 rás: process
 raunbirta: manifest
 raunbirting: Manifestation (birting andans í
 efninu)
 rétthbygginn: judicious
 reynslunemi: probationer, probationary pupil
 sál: soul
 sálgerð: type
 samband: relationship
 sambræða: fuse
 sameina: unite
 sameining: unity
 samfasa: synchronize; synchronized
 samfelldi: continuity
 samfelldur: continuous
 samfjallaður: synthetic
 samfjöllun: synthesis
 samfösun: synchronization
 samheild: whole, wholeness
 samheildarlegur: collective
 samheiti: synonym
 samhljóðan: unison
 samruni: merging
 samræmi: harmony
 samræmur: harmonious
 samsama: identify
 samstillta: co-ordinate
 samstilling: co-ordination
 samtenging: alignment
 samtengja: align
 samstæða: counterpart
 samstæðir litir: complementary colours
 samsvara: correspond
 samsvörun: correspondence; lögmál samsvörunar:
 the Law of Correspondence
 samsömun: identification
 samtíðis; simultaneously
 Sanat Kumara: lávarður heimsins, æðsta verund
 hnattar okkar, drottnandi helgi-stjórnarinnar.

sannprófa: verify
sannprófun: verification
sannreyna: realize
sannreynsla; realization
sefjun: suggestion
sefjunarhæfur: suggestible
segulsvið: magnetic field
seiður: spell

séreðlismyndun: individualization
sérgreina: differentiate
sérgreining: differentiation
Shamballa: miðstöð helgistjórnarinnar, talin vera staðsett á Góbí eyðimörkinni, en í etersku efni.
siðaathafnir: rites
siðalögmál: Ceremonial Law
siðareglur: ceremonies; ceremonial
siðerni: morality
siðferðislegur: moral
siðfræði: ethics
siðfræðilegur: ethical
siðrænn: moral
sjálfgleymi: self-forgetfulness
sjónarhorn: angle
skapgerðarrækt: character building
skyggn: clairvoyant
skyggni: clairvoyance
skyndihvöt: impulse
slaka á: relax
slökun: relaxation
slöngueldur: serpent fire (*kundalini*)
smáheimslegur: microcosmic
smáheimur: microcosm
staðall: standard
staðga: stabilize
starfandi: worker
starfsdeild, hinar þrjár miklu s.: the three great Departments
starfstæki: vehicle
stígvaxandi: gradual
stjarnfræði: Astronomy
stjarnspeki: Astrology
stofnskólinn eini: the One Fundamental School
stórheimslegur: macrocosmic
stórheimur: macrocosm
strangtrúaður: orthodox
strangtrúnaður: Orthodoxy
streita: stress

stöðgun: stabilization
 stöðugur: steady, stable
 svartbræðralagið: the Dark Brotherhood
 svartkynngi: black magic
 sveiflur: vibrations
 sveiflutíðni: rate of vibration/vibrations
 svið: plane
 sviðsdeild; subplane
 sýn; vision
 sýndarljómi: glamour
 takmörkunarringur: ring-pass-not
 tákn, táknun: symbol
 táknfræði; Symbology
 táknrænn: symbolic
 táknun: symbol
 tálmynd: illusion (maya)
 talsýn: illusion (maya)
 tengdur: affiliated; related
 tengiliður: link
 tengsl; relation
 tilbiðjandi: devotee; worshipper
 tilbrigði: variation
 tilbrigðilegur: variable; different
 tilhvataður: motivated
 tilhvöt: motive
 tímabilsskipting: periodicity
 tímabilsskiptur, tímaskiptur: periodical
 tívi: Deva
 tjáning: expression
 tjáningarhættir: modes of expression
 tjáningarmiðill: medium of expression
 tómrúm: vacuum
 trúarlegur: religious
 trúarhollusta: devotion
 trúrænn: religious
 umferð: round
 umlykjan: inclusion
 umlykjandi: inclusive
 ummál, ummálshringur: periphery
 ummynda: transform
 ummyndun: transformation
 uppljómun: Illumination
 uppsveigja bogans: the upward arc (þróunin eða þegar andinn snýr aftur til uppruna síns með afrakstur reynslu sinnar á hinum ýmsu sviðum efnisins eða raunbirtingarinnar)
 útræður: exoteric þróun: evolution
 vegleiðandi: guide

vera: entity
verund: Being
viðleitni: endeavour
viðmiðunarskyn: sense of proportion
vígsluhafi: Initiate
vindingur: spiral
vindustigi þróunarinnar: the Spiral of Evolution
virkur: active; positive
vitrænn: intellectual
vitsmunir: Intellect
vitund: consciousness
vitundareining: unit of consciousness
vitundarsamfelldi: continuity of consciousness
vitundarstilla: polarize
vitundarstilling: polarization
vökvaefni: fluid
þensla: expansion
þjóðfræði: Ethnology
þjónandi: server
þjónusta: service
þrá til hins æðra: aspiration
þrennd: triad
þrenning: Trinity
þreplög: levels
þrepstigi þróunarinnar: the Ladder of Evolution
þrígreindur: threefold
þrívíður; three-dimensional
þroskun: development; unfoldment
þróun: evolution
þverstæða: paradox
þvertíðni: counter-vibration
æðra sjálf: higher self (sálin eða atma-buddhi-
manas í hjúpi sínum sem nefndur er
orsakalíkaminn)
æðri þrá: aspiration
örva: stimulate
örvun: stimulation